

# Stjórnartíðindi

## 1919 - A-deild

Útgáfa 1.0 af rafræna skjalinu

Þetta PDF skjal er hluti afraksturs skönnunar á prentuðum eintökum af Stjórnartíðindum. Markmið þessarar útgáfu er að veita almenningi færi á að eignast sitt eigið eintak af prentuðum Stjórnartíðindum án endurgjalds. Hvorki dómsmálaráðuneytið né önnur stjórnvöld standa að gerð skjals þessa umfram það að hafa útvegað höfundu skjalsins prenteintök af ritinu.

Skjalið er upprunalega birt á vefnum <https://urlausnir.stuff.is>. Þar má finna rafrænar útgáfur hinna bindanna og verða nýrri útgáfur af skjölunum í boði þar.

### Takmörkun ábyrgðar

Höfundur skjals þessa afsalar sér allri ábyrgð, að því marki sem lög heimila, vegna beinnar og/eða óbeinnar notkunar skjalsins sjálfs eða afurða sem af því leiðir. Þó stefnt hafi verið að því markmiði að skjalið endurspegli sem best innihald upprunalegu bindanna er hvorki hægt að tryggja né ábyrgjast að það hafi tekist. Framangreint á einnig við um efnislegt innihald prentuðu eintakanna sem skönnuð voru.

### Höfundaréttur

Samkvæmt 9. gr. núverandi höfundalaga, nr. 73/1972, njóta landslög og önnur áþekk gögn gerð af opinberri hálfu, ekki verndar höfundalaga.

Hvers kyns höfundaréttur sem höfundur skjalsins gæti hafa skapað sér til handa með skönnuninni sjálfri eða öðru framlagi sínu til sköpunar þess, skal vera meðhöndlaður í samræmi við Creative Commons Zero höfundaleyfið (CC0 1.0 Universal eða síðari útgáfa þess).

### Ábendingar

Séu ábendingar um mögulegar úrbætur á skjalinu er hægt að koma þeim á framfæri við höfund þess.

### Athugasemdir um þessa útgáfu

Á milli bls. 2 og 3 er litmynd af skjaldarmerki á einni bls. ekki í blaðsíðuröðinni.

Gallar á bls. 11, 20, 25, 28-30, 32, 45, 61, 79, 94, 123, 174, 210-211, 215, og 246.

Höfundur skjalsins: Svavar Kjarrval ([svavar@kjarrval.is](mailto:svavar@kjarrval.is))

# STJÓRNATÍÐINDI

FYRIR

# ÍSLAND

ÁRIÐ 1919.

A-DEILD

---

REYKJAVÍK  
ÍSAFOLDARPRENTSMÍÐJA H. F.  
1919.





# Efnisyfirlit

við Stjórnartíðindi fyrir Ísland 1919.

A.

Nr.	Dagsetning.	Fyrirsögn.	Blaðsíðu- tal.
1	12. febr.	Konungsúrskurður um lögum hins klofna fána og um notkun hans, svo og um fána hafnsögumanna .....	1
2	S. d.	Konungsúrskurður um skjaldarmerki Íslands.....	2
3	S. d.	Tilskipun um löggilt mælitæki og vogaráhöld .....	3—14
4	S. d.	Reglugjörð um breyting á reglugjörð 17. júní 1915, um opinber reikningsskil .....	15
5	6. mars	Bráðabirgðalög um innflutningsgjald af síldartunnum og efni í þær .....	16
6	30. apríl	Bráðabirgðalög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka í sínar hendur alla sölu á hrossum til útlanda svo og útflutning þeirra .....	17
7	9. maí	Opið bréf, er stefnir saman Alþingi til reglulegs fundar 1. júlí 1919 .....	18
8	28. maí	Konungsbrjef um setning Alþingis .....	19
9	S. d.	Konungsúrskurður um uppburð laga og mikilvægra stjórnarráðstafana fyrir konungi .....	20
10	S. d.	Tilskipun um tilhögun og starfsemi hinnar dansk-íslensku ráðgjafarnefndar .....	21—22
11	29. júní	Auglýsing um stofnskrá fyrir Sáttmálasjóð Háskóla Íslands ...	23—24
12	12. ágúst	Lög um breytingu á 1. gr. tolllaga fyrir Ísland nr. 54, 11. júlí 1911 .....	25—26
13	S. d.	Lög um aðflutningsgjald af salti .....	27
14	14. ágúst	Lög um viðauka og breytingu á lögum 4. nóv. 1881, um útflutningsgjald af fiski, lýsi o. fl. ....	28—29
15	10. sept.	Lög um mat á saltkjöti til útflutnings .....	30—32
16	1. okt.	Opið brjef um að Alþingi, sem nú er, sje rofið.....	33
17	S. d.	Opið brjef um nýjar óhlutbundnar kosningar til Alþingis .....	34
18	S. d.	Lög um greiðslu af ríkisfje til konungs og konungsættar .....	35
19	S. d.	Lög um breyting á 1. gr. laga nr. 36, 30. júlí 1909, um laun háskólakennara .....	36
20	S. d.	Lög um breytingu á lögum fyrir Ísland nr. 17 frá 8. júlí 1902, um tilhögun á löggæslu við fiskiveiðar fyrir utan landhelgi í hafinu umhverfis Færeyjar og Ísland.....	37
21	6. okt.	Lög um ríkisborgararjett, hversu menn fá hann og missa .....	38—40
22	S. d.	Lög um hestarjett .....	41—53
23	5. nóv.	Bráðabirgðalög um heimild handa ríkisstjórninni til að banna flutning til landsins á varningi, sem stjórnin telur stafa sýkingarhættu af.....	53—54

Nr.	Dagsetning.	Fyrirsögn.	Blaðsíðu- tal.
24	28. nóv.	Fjárlög fyrir árin 1920 og 1921 .....	55—110
25	S. d.	Lög um samþykkt á landsreikningunum 1916 og 1917 .....	111—113
26	S. d.	Fjáráukalög fyrir árin 1916 og 1917 .....	114—119
27	S. d.	Fjáráukalög fyrir árin 1918 og 1919 .....	120—124
28	S. d.	Lög um aðflutningsgjald af kolum .....	125
29	S. d.	Lög um breyting á 1. gr. laga um vitagjald frá 11. júlí 1911 .....	126—127
30	S. d.	Lög um breyting á lögum nr. 22, 14. des. 1877, um hútaskatt .....	127
31	S. d.	Lög um gjald af innlendri vindlagerð og tilbúningi á konfekt og brjóstsykri .....	128—129
32	S. d.	Lög um breyting á 55. gr. laga nr. 16, 11. júlí 1911, um aukatekjur landssjóðs .....	130
33	S. d.	Lög um hækkun á vörutolli .....	131
34	S. d.	Lög um framlenging á gildi laga nr. 30, 22. okt. 1912, laga nr. 44, 2. nóv. 1914, laga nr. 45, s. d., og laga nr. 3, 5. júní 1918 .....	132
35	S. d.	Lög um bráðabirgðainnflutningsgjald af síldartunnum og efni í þær .....	133
36	S. d.	Lög um þingfararkaup alþingismanna .....	134—135
37	S. d.	Lög um breyting á lögum nr. 1, 2. jan. 1917 .....	135
38	S. d.	Lög um samþykktir um akfæra sýslu- og hreppsvegi .....	136—137
39	S. d.	Lög um breyting á hafnarlögum fyrir Vestmannaeyjar, nr. 60 frá 10. nóvember 1913 .....	138
40	S. d.	Lög um forkaupsrjett á jörðum .....	139—140
41	S. d.	Lög um landamerki o. fl. ....	141—146
42	S. d.	Lög um samþykktir um stofnun eftirlits- og fodbirgðafjelaga .....	147—148
43	S. d.	Lög um ákvörðun verslunarlóðarinnar í Hafnarfjarðarkaupstað .....	149
44	S. d.	Lög um sölu á þjóðjörðinni Ögri og Sellóni í Stykkishólms- hreppi .....	150
45	S. d.	Lög um viðauka við lög nr. 24, 12. september 1917, um húsa- leigu í Reykjavík .....	151
46	S. d.	Lög um löggilding verslunarstaðar við Syðstabæ í Hrísey .....	152
47	S. d.	Lög um breyting á lögum nr. 22, 3. nóv. 1915, um fastelgna- mat .....	153—154
48	S. d.	Lög um löggiltar reglugerðir sýslunefnda um eyðing refa o. fl. ....	154—155
49	S. d.	Lög um löggilding verslunarstaðar við Gunnólfsvík .....	156
50	S. d.	Lög um breyting á sveitarstjórnarlögum frá 10. nóv. 1905 .....	157—158
51	S. d.	Lög um takmörk verslunarlóðarinnar á Sauðárkróki .....	158
52	S. d.	Lög um viðauka við og breytingar á lögum nr. 83, 14. nóv. 1917 .....	159
53	S. d.	Lög um breyting á lögum nr. 45, 3. nóv. 1915, um stofnun brunabótafjelags Íslands .....	160—162
54	S. d.	Lög um löggilding verslunarstaðar á Mýramel .....	162—163
55	S. d.	Lög um breyting á lögum um stofnun landsbanka 18. sept. 1885 m. m. ....	163—165
56	S. d.	Lög um skoðun á síld .....	166—168
57	S. d.	Lög um heimild fyrir landsstjórnina til að leyfa Íslandsbanka að auka seðlaupphæð þá, er bankinn má gefa út sam- kvæmt 4. gr. laga nr. 66, 10. nóv. 1905 .....	169—170
58	S. d.	Lög um breyting á lögum nr. 30, 22. nóv. 1918, um bæjar- stjórn á Siglufirði .....	170—178
59	S. d.	Lög um breyting á lögum nr. 59, 10. nóv. 1913, um friðun fugla og eggja .....	179
60	S. d.	Lög um hafnargerð í Ólafsvík .....	180—183
61	S. d.	Lög um bæjarstjórn á Seyðisfirði .....	184—191

Nr.	Dagsetning.	Fyrirsögn.	Blaðsíðu- tal.
62	28. nóv.	Lög um brúargerðir .....	192—195
63	S. d.	Lög um eignarrjett og afnotarjett fasteigna .....	196—198
64	S. d.	Lög um breyting á póstlögum nr. 43, 16. nóv. 1907 .....	199—202
65	S. d.	Lög um stækkun veislunarlóðarinnar á Nesi í Norðfirði .....	203
66	S. d.	Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka í sínar hendur alla sölu á hrossum til útlanda, svo og útflutning þeirra .....	204
67	S. d.	Lög um breytingu á lögum nr. 1, 3. jan. 1890, um lögreglu- samþykktir fyrir kaupstaðina .....	205
68	S. d.	Lög um breyting á löggjöfinni um skrásetning skipa .....	206
69	S. d.	Lög um breytingar á siglingalögum frá 30. nóv. 1914 .....	207—208
70	S. d.	Lög um skrásetning skipa .....	208—217
71	S. d.	Lög um laun embættismanna .....	217—226
72	S. d.	Lög um stofnun lífeyrissjóðs fyrir embættismenn og um skyldu þeirra til að kaupa sjá geymdan lífeyri .....	227—228
73	S. d.	Lög um ekkjutrygging embættismanna .....	229—230
74	S. d.	Lög um húsagerð ríkisins .....	231
75	S. d.	Lög um skipun barnakennara og laun þeirra .....	232—235
76	S. d.	Lög um breyting á yfirsetukvennalögum nr. 14, 22. okt. 1912 .....	236—237
77	S. d.	Lög um sjerstakt læknishjærað í Hólshreppi í Norður-Ísafjarð- arsýslu .....	237
78	S. d.	Lög um landhelgisvörn .....	238
79	S. d.	Lög um heimild til löggildingar á fulltrúum bæjarfógeta til þess að gegna eiginlegum dómaraströfum o. fl. ....	239
80	S. d.	Lög um breyting á lögum nr. 39, 11. júlí 1911, um sjúkrasamlög .....	240
81	S. d.	Lög um sjúkrasamlög .....	241—242
82	1. des.	Opið brjef, er stefnir saman Alþingi til aukafundar 5. febr. 1920 .....	243
83	S. d.	Konungsbrjef um setning Alþingis .....	244
84	13. des.	Bráðabirgðalög um ráðstafanir á gullforða Íslandsbanka og um heimild fyrir ríkisstjórnina til að banna útflutning á gulli .....	245—246
85	28/9 og 28/10	Samningur um póstsambandið milli Íslands og Danmerkur .. Leiðrjetting .....	247—255 255

# Yfirlit

## eftir stafrófsröð.

Nr.	Dagsetning.	Fyrirsögn.	Blaðsíðu- tal.
ALÞINGI.			
7	9. maí	Opið brjef, er stefnir saman Alþingi til reglulegs fundar 1. júlí 1919 .....	18
8	28. maí	Konungsbrjef um setning Alþingis .....	19
16	1. okt.	Opið brjef um að Alþingi, sem nú er, sje rofið .....	33
17	S. d.	Opið brjef um nýjar óhlutbundnar kosningar til Alþingis .....	34
36	28. nóv.	Lög um þingfararkaup alþingismanna .....	134—135
82	1. des.	Opið brjef, er stefnir saman Alþingi til aukafundar 5. febr. 1920 .....	243
83	S. d.	Konungsbrjef um setning Alþingis .....	244
BANKAR.			
55	28. nóv.	Lög um breyting á lögum um stofnun landsbanka 18. sept. 1885 m. m. ....	163—165
57	S. d.	Lög um heimild fyrir landsstjórnina til að leyfa Íslandsbanka að auka seðla upphæð þá, er bankinn má gefa út samkvæmt 4. gr. laga nr. 66, 10. nóv. 1905 .....	169—170
84	13. des.	Bráðabirgðalög um ráðstafanir á gullforða Íslandsbanka og um heimild fyrir ríkisstjórnina til að banna útflutning á gulli .....	245—246
BARNAKENNARAR.			
75	28. nóv.	Lög um skipun barnakennara og laun þeirra .....	232—235
BORÐFJF KONUNGS OG KONUNGSÆTTAR.			
18	1. okt.	Lög um greiðslu af ríkisfje til konungs og konungsættar .....	35
BRUNABÓTAFJELAG ÍSLANDS.			
53	28. nóv.	Lög um breyting á lögum nr. 54, 3. nóv. 1915, um stofnun brunabótafjelags Íslands .....	160—162
DÓMSTÓLAR.			
22	6. okt.	Lög um hæstarjett .....	41—53
79	28. nóv.	Lög um heimild til löggildingar á fulltrúum bæjarfógeta til þess að gegna eiginlegum dómarastörfum o. fl. ....	239


Nr.	Dagsetning.	Fyrirsögn.	Blaðsíðu- tal.
<b>EKKJUTRYGGING sjá lífeyrir.</b>			
<b>FASTEIGNIR.</b>			
40	28. nóv.	Lög um forkaupsrjett á jörðum .....	139—140
41	S. d.	Lög um landamerki o. fl. ....	141—146
47	S. d.	Lög um breyting á lögum nr. 22, 3. nóv. 1915, um fasteignamat	153—154
63	S. d.	Lög um eignarrjett og afnotarjett fasteigna .....	196—198
<b>FÁNAMÁL.</b>			
1	12. febr.	Konungsúrsknrður um lögum hins klofna fána og um notkun hans, svo og um fána hafnsögumanna .....	1
<b>FJÁRLÖG.</b>			
24	28. nóv.	Fjárlög fyrir árin 1920 og 1921 .....	55—110
25	S. d.	Lög um samþykkt landsreikninganna 1916 og 1917 .....	111—113
26	S. d.	Fjáraukalög fyrir árin 1916 og 1917 .....	114—119
27	S. d.	Fjáraukalög fyrir árin 1918 og 1919 .....	120—124
<b>FUGLAFRIDUN.</b>			
59	S. d.	Lög um breyting á lögum nr. 59, 10. nóv. 1913, um friðun fugla og eggja .....	179
<b>HASKÓLINN.</b>			
11	29. júní	Auglýsing um stofnskrá fyrir Sáttmálasjóð Háskóla Íslands ...	23—24
19	1. okt.	Lög um breyting á 1. gr. laga nr. 36, 30. júlí 1909, um laun háskólakennara .....	36
<b>HÚSAGERÐ, sjá landsstjórn.</b>			
<b>KAUPSTAÐIR.</b>			
39	28. nóv.	Lög um breyting á hafnarlögum fyrir Vestmannaeyjar, nr. 60, frá 10. nóv. 1913 .....	138
43	S. d.	Lög um ákvörðun verslunarlóðarinnar í Hafnarfjarðarkaupstað	149
58	S. d.	Lög um breyting á lögum nr. 30, 22. nóv. 1918, um bæjarstjórn á Siglufirði .....	170—178
61	S. d.	Lög um bæjarstjórn á Seyðisfirði .....	184—191
67	S. d.	Lög um breyting á lögum nr. 1, 3. janúar 1890, um lögreglu-samþykktir fyrir kaupstaðina .....	205
<b>LANDBÚNAÐARMÁL.</b>			
15	10. sept.	Lög um mat á saltkjöti til útflutnings .....	30—32
42	28. nóv.	Lög um samþykktir um stofnun eftirlits- og fôðurbirgðafjelaga	147—148
48	S. d.	Lög um löggiltar reglugerðir sýslunefnda um eyðing refa o. fl.	154—155


Nr.	Dagsetning.	Fyrirsögn.	Blaðsíðu- tal.
<b>LANDSSTJORN.</b>			
1	12. febr.	Konungsúrskurður um lögum hins klofna fána og um notkun hans, svo og um fána hafnsögumanna .....	1
2	S. d.	Konungsúrskurður um skjaldarmerki Íslands .....	2
4	S. d.	Reglugjörð um breyting á reglugjörð 17. júní 1915, um opinber reikningsskil .....	15
9	28. maí	Konungsúrskurður um uppburð laga og mikilvægra stjórnarráðstafana fyrir konungi .....	20
10	S. d.	Tilskipun um tilhögun og starfsemi hinnar dansk-íslensku ráðgjafarnefndar .....	21—22
21	6. okt.	Lög um ríkisborgararjett, hversu menn fá hann og missa .....	38—40
74	S. d.	Lög um húsagerð ríkisins .....	231
<b>LAUNALÖG.</b>			
18	1. okt.	Lög um greiðslu af ríkisfje til konungs og konungsættar .....	35
36	28. okt.	Lög um þingfararkaup alþingismanna .....	134—135
37	S. d.	Lög um breyting á lögum nr. 1, 2. júní 1917 .....	135
71	S. d.	Lög um laun embættismanna .....	217—226
75	S. d.	Lög um skipun barnakennara og laun þeirra .....	232—235
76	S. d.	Lög um breyting á yfisetukvennalögum nr. 14, 22. okt. 1912 .....	236—237
<b>LEIÐRJETTING</b> .....			<b>255</b>
<b>LÍFEYRIR.</b>			
72	S. d.	Lög um stofnun lífeyrissjóðs fyrir embættismenn og um skyldu þeirra til að kaupa sjer geymdan lífeyri .....	227—228
73	S. d.	Lög um ekkjutrygging embættismanna .....	229—230
<b>LÆKNASKIPUN.</b>			
77	S. d.	Lög um sjerstakt læknishjarað í Hólshreppi í Norður-Ísafjarðarsýslu .....	237
<b>LÖGGÆSLA.</b>			
20	1. okt.	Lög um breytingu á lögum fyrir Ísland, nr. 17, frá 8. júlí 1902, um tilhögun á löggæslu við fiskveiðar fyrir utan landhelgi í hafinu umhverfis Færeyjar og Ísland .....	37
67	28. nóv.	Lög um breytingu á lögum nr. 1, 3. janúar 1890 um lögreglusamþykktir fyrir kaupstaðina .....	205
78	S. d.	Lög um landhelgisvörn .....	238
<b>MÆLITÆKI OG VOGARÁHÖLD, sjá verslun.</b>			
<b>PÓSTMAL.</b>			
64	S. d.	Lög um breyting á póstlögum nr. 43, 16. nóv. 1907 .....	199—202
85	<sup>28</sup> / <sub>9</sub> og <sup>28</sup> / <sub>10</sub>	Samningur um póstsambandið milli Íslands og Danmerkur .....	247—255

Nr.	Dagsetning.	Fyrirsögn.	Blaðsfdutal.
		RAÐHERRAR, sjá launalög.	
		REYKJAVÍK.	
45	28. nóv.	Lög um viðauka við lög nr. 24, 12. sept. 1917, um húsaleigu í Reykjavík .....	151
		RÍKISBORGARARJETTUR, sjá landsstjórn.	
		SAMGÖNGUMÁL.	
38	S. d.	Lög um samþyktir um aktæra sýslu- og hreppavegi .....	136—137
52	S. d.	Lög um viðauka og breytingar á lögum nr. 83, 14. nóv. 1917 .....	159
62	S. d.	Lög um brúargerðir .....	192—195
		SIGLINGAR, SKIP.	
29	S. d.	Lög um breyting á 1. gr. laga um vitagjald frá 11. júlí 1911 .....	126—127
68	S. d.	Lög um breyting á löggjöfnum um skrásetning skipa .....	206
69	S. d.	Lög um breytingar á siglingalögum frá 30. nóv. 1914 .....	207—208
70	S. d.	Lög um skrásetning skipa.....	208—217
		SÍMAMÁL, sjá samgöngumál.	
		SKATTAR, TOLLAR.	
5	6. mars	Bráðabirgðalög um innflutningsgjald af síldartunnum og efni í þær .....	16
12	12. ág.	Lög um breytingu á 1. gr. tolllaga fyrir Ísland nr. 54, 11. júlí 1911.....	25—26
13	S. d.	Lög um aðflutningsgjald af salti.....	27
14	14. ág.	Lög um viðauka og breytingu á lögum 4. nóv. 1881, um aðflutningsgjald af fiski, lýsi o. fl. ....	28—29
28	28. nóv.	Lög um aðflutningsgjald af kolum.....	125
29	S. d.	Lög um breyting á 1. gr. laga um vitagjald frá 11. júlí 1911 .....	126—127
30	S. d.	Lög um breyting á lögum nr. 22, 14 des. 1877, um húsaskatt.	127
31	S. d.	Lög um gjald af innlendri vindlagerð og tilbúningi á konfekt og brjóstykki.....	128—129
32	S. d.	Lög um breyting á 55. gr. laga nr. 16, 11. júlí 1911, um aukatekjur landssjóðs.....	130
33	S. d.	Lög um hækkun á vortolli.....	131
34	S. d.	Lög um framlenging á gildi laga nr. 30, 22. okt. 1912, laga nr. 45 s. d. og laga nr. 44, 2. nóv. 1914, laga nr. 3. 5. júní 1918. ....	132
35	S. d.	Lög um bráðabirgðainnflutningsgjald af síldartunnum og efni í þær. ....	133
		SKJALDARMERKI ÍSLANDS.	
2	12. febr.	Konungsráskurður um skjaldarmerki Íslands.....	2





Nr.	Dagsetning.	Fyrirsögn.	Blaðsíðu- tal.
<b>SÓTTVARNIR.</b>			
23	5. nóv.	Bráðabirgðalög um heimild handa ríkisstjórninni til að banna flutning til landsins á varningi sem stjórnin telur sýkingarhættu af .....	53—54
<b>SJÚKRASAMLÖG.</b>			
80	28. nóv.	Lög um breyting á lögum nr. 39, 11. júlí 1911, um sjúkrasamlög .....	240
81	S. d.	Lög um sjúkrasamlög .....	241—242
<b>SVEITARSTJÖRN.</b>			
50	S. d.	Lög um breyting á sveitarstjórnarlögum frá 10. nóv. 1905 ...	157—158
<b>VERSLUN, VERSLUNARSTAÐIR.</b>			
3	12. febr.	Tilskipun um löggilt mælitæki og vogaráhöld .....	3—14
6	30. apríl	Bráðabirgðalög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka í sínar hendur alla sölu á hrossum til útlanda svo og útflutning þeirra .....	17
15	10. sept.	Lög um mat á saltkjöti til útflutnings .....	30—32
46	28. nóv.	Lög um löggilding verslunarstaðar við Syðstabæ í Hrísey .....	152
49	S. d.	Lög um löggilding verslunarstaðar við Gunnólfsvík .....	156
51	S. d.	Lög um takmörk verslunarlóðarinnar á Sauðárkróki .....	158
54	S. d.	Lög um löggilding verslunarstaðar á Mýramel .....	162—163
56	S. d.	Lög um skoðun á síld .....	166—168
60	S. d.	Lög um hafnargerð í Ólafsvík .....	180—183
65	S. d.	Lög um stækkun verslunarlóðarinnar á Nesi í Norðfirði.....	203
66	S. d.	Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka í sínar hendur alla sölu á hrossum til útlanda svo og útflutning þeirra .....	204
<b>VÖRUMAT.</b>			
15	10. sept.	Lög um mat á saltkjöti til útflutnings .....	30—32
56	28. nóv.	Lög um skoðun á síld .....	166—168
<b>YFIRSETUKONUR, sjá launalög.</b>			
<b>ÞJÓÐJARÐASALA.</b>			
44	S. d.	Lög um sölu á þjóðjörðinni Ögri og Sellóni í Stykkishólms- hreppi .....	150
















# Konungsráskurður

Nr. 1  
12. febr.

um

lögum hins klofna fána og um notkun hans, svo og um  
fána hafnsögumanna.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda  
og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenberg og Áldinborg,

Gjörum kunnugt: Samkvæmt þegulegum tillögum stjórnarráðs Íslands höfum Vjer  
allramildilegast úrskurðað þannig:

Með tilvísun til konungsráskurðar 30. nóvember f. á., um fánann, skal lögum hins  
klofna fána, sem stofnanir ríkisins einar mega nota, vera þannig: að krossbreidd og gerð  
stangarreita skal hinn klofni fáni vera svo sem hinn almenni fáni, farfáninn, en ytri reitirnir  
skulu vera þrefalt lengri en stangarreitirnir og  $\frac{4}{7}$  af lengd þeirra, oddmyndaðir, skárneiddir  
á innjöðrum alt frá hinni lárjettu rauðu krossálmum, er skal þverskorin; skulu hvítu rendurnar  
beggja vegna við rauðu krossálmuna skáskornar með. Landsímafáni, pósthafní og tollgæslufáni  
skulu vera klofánar með merki í efra stangarreit miðjum þannig: Landsímafáni með stjörnu  
með neistum út frá til allra hliða, pósthafní með horni og tollgæslufáni með stóru tjei (T).  
Skulu merki þessi vera silfurlit og gylt kóróna yfir.

Fáni hafnsögumanna skal vera sem farfáninn en með hvítum jöðrum á alla vegu  
jafnbreiðum krossinum, það er  $\frac{4}{7}$  af breidd bláu reitanna.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

**Gefið á Amalíuborg, 12. febrúar 1919.**

Undir Vorri konunglegu heudi og innsigli.

**Christian R.**

(L. S.)

*Jón Magnússon.*

Nr. 2  
12. febr.

# Konungsúrskurður

um  
skjaldarmerki Íslands.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Samkvæmt þegnlegum tillögum stjórnarráðs Íslands höfum Vjer allramildilegast úrskurðað þannig:

Skjaldarmerki Íslands skal vera kryndur skjöldur og á hann markaður fáni Íslands. Skjaldberar eru hinar alkunnu fjórar landvættir þannig: dreki, gammur, uxi og risi. Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

**Gefið á Amaliuborg, 12. febr. 1919.**

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

**Christian R.**

(L. S.)

*Jón Magnússon.*







# Tilskipun

Nr. 3  
2. feb .

um

## löggilt mælitæki og vogaráhöld.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Samkvæmt lögum nr. 78, 14. nóvember 1917, um mælitæki og vogaráhöld, viljum Vjer skipa svo fyrir um löggilt mælitæki og vogaráhöld, sem nú segir:

### 1. gr.

Hver sú verslun, sem mæla skal varning eða vega, skal til þess nota löggilt mælitæki og vogaráhöld. Löggilt skulu og vera þau mælitæki og vogaráhöld, sem notuð eru til að ákveða upphæð tollgjalda til landsjóðs eða til að byggja á þeim vottorð um vigt eða mæli. En löggilt eru þau mælitæki og vogaráhöld, sem löggildingarstofan hefir löglega stimplað með löggildingarmerkinu, sem er fangamark Kristjáns konungs X. með kórónu, og auk þess merki, er gefi til kynna, hvaða ár löggildingin hafi farið fram, og þau mælitæki og vogaráhöld sem til voru, þegar lög um mælitæki og vogaráhöld frá 14. nóv. 1917 öðluðust gildi og löggilt eru á rjettan og löglegan hátt eftir þeim reglum, er gilt hafa þangað til.

## I. LÖGGILDINGARSTARFINN.

### A. Almenn ákvæði.

#### 2. gr.

Löggildingarstofan í Reykjavík löggildir þessi mælitæki og vogaráhöld: 1) kvarða, 2) mæliker, 3) vogalöð og 4) vogir, svo að nota megi þau til að mæla varning eða vega í verslunum og til að ákveða vigt eða mæli, er vottorð er gefið um eða upphæð tollgjalda til landsjóðs reiknast eftir.

#### 3. gr.

Löggildingarstofan hefir einkasölu á þeim löggiltu mælitækjum og vogaráhöldum, sem talin eru í 2. gr., og löggildir því eigi mælitæki og vogaráhöld, sem aðrir eiga og eigi hafa verið löggilt áður, nema hún sjálf eða útsölumaður hennar hafi eigi til tæki, sem að dómi löggildingarstofunnar er fallin til þeirrar notkunar, sem tækjunum er ætluð. Þó geta þeir, sem nú eru skyldir til að nota löggiltar vogir, krafist þess, að löggildingarstofan löggildi þær vogir, er þeir notuðu, er lög um mælitæki og vogaráhöld frá 14. nóv. 1917 öðluðust gildi, ef þær fullnægja löggildingarskilyrðunum, þó að þær hafi eigi verið löggiltar áður. En beiðni um löggilding slíkra tækja skal samt vera komin til löggildingarstofunnar, áður en hún í fyrsta sinn lætur framkvæma eftirlit hjá þeim, er tækin nota, ella verður beiðnin eigi tekin til greina.

Nr. 3  
12. okt.

## 4. gr.

Mælitæki og vogaráhöld, sem áður hafa verið löggilt, en eru orðin ófullnægjandi, getur löggildingarstofan löggilt af nýju — endurlöggilt — ef þeim hefir verið breytt þannig, að þau fullnægja löggildingarskilyrðunum. Breyting sú eða viðgerð skal gerð undir umsjón löggildingarstofunnar, en kostnaðurinn við hana skal greiddur af notanda mælingartækisins.

Notendur löggiltra mælitækja og vogaráhalda mega hvorki sjálfir eða með aðstoð annara breyta þeim eða gera við þau, nema þeir afmái jafnframt löggildingarmerkin.

## 5. gr.

Löggilding og endurlöggilding fer að jafnaði aðeins fram á löggildingarstofunni í Reykjavík. Þegar löggildingarstofan telur ástæðu til þess, getur hún samt látið löggildinguna fara fram á öðrum stað; þá skal sá, sem löggildingin er gerð fyrir, greiða kostnað við feiðalög og flutning áhalda til og frá staðnum auk venjulegs löggildingargjalds.

Löggildingarstofan má ennfremur, ef hún sjer ástæður til þess, láta framkvæma löggildinguna á þeim vogum, er um ræðir í 3 gr., um leið og hún lætur eftirlitið í fyrsta sinn fram fara á þeim stað.

## 6. gr.

Þeir, sem óska að láta löggilda, endurlöggilda eða eftirlíta mælitæki og vogaráhöld, skulu senda skriflega beiðni um það til löggildingarstofunnar, sem þá ákveður, hvenær koma skuli með tækin á löggildingarstofuna og hvenær þau skuli verða sótt í fótur. Ef tækin eru eigi sótt á tilteknum tíma, getur löggildingarstofan komið þeim til geymslu á kostnað og ábyrgð eiganda; og sje þeirra eigi vitjað að ári liðnu, má selja þau til greiðslu áföllnum kostnaði. Verði afgangur af söluverðinu, fellur hann til löggildingarstofunnar, ef eigandi vitjar hans eigi innan 6 vikna frá sölnunni.

## 7. gr.

Þeir, sem nota löggilt mælitæki eða vogaráhöld við afhendingu eða móttöku vöru, skulu sjá um, að þau sjeu rjett.

Ávalt skal notandi gæta þess, að þær vogir standi rjett, sem hafa lóð (pendúl), hallamæli eða annan útbúnað, er sýnir, hvenær þær standa rjett.

Þeir, sem nota löggilt mælitæki og vogaráhöld, skulu leita endurlöggildingar, er skekkjan á þeim fer út yfir þau skekkjutakmörk við notkun (slitmark), sem tiltekin eru í tilskipun þessari, eða sá frestur er liðinn, sem löggildingarstofan kann að hafa sett á endurlöggildinguna.

## B. Um stærð, efni, gerð o. s. frv. þeirra mælitækja og vogaráhalda, sem löggildast.

## 1. Kvarðar.

## 8. gr.

Kvarðar mega löggildast, þegar mælikvarðarnir á þeim eru að lengd 2 metrar, 1 metri eða  $\frac{1}{2}$  metri. Mælikvörðunum skal að endilöngu skift í sentímetra; þó má skifta einum

eða fleirum sentímetrum við enda mælikvarðans eða öllum mælikvarðanum í millímetra. Eigi Nr. 3 má skifta mælikvarðanum neinstaðar í minni einingar en millímetra. 12. okt.

Allar takmarkalínur eininganna skulu vera glögg strik, mótuð eða högginn í það efni, sem kvarðinn er gerður úr, og skulu strikin liggja í fleti hornrjettum á lengdarlínur kvarðans. Að minsta kosti tífunda hver eining skal vera merkt skýrt með tölu.

Öll lengd mælikvarðans skal vera stimpuð á hann í tölum ásamt einingarnafninu metri eða m., sentímetri eða cm.

### 9. gr.

Kvaðar skulu vera úr efni, er að dómi löggildingarstofunnar veitir næga tryggingu fyrir því, að mælikvarðinn verpið eigi nje á annan hátt breyti lengd sinni út fyrir hin settu takmörk, og skulu kvarðarnir vera svo gildir, að eigi sje hætta á, að þeir bogni til muna, ef þeim er eigi sjerstaklega misboðið í meðferðinni.

Trjekvarðar skulu gerðir úr vel þurrum, beinvöxnum og kvistlausum eskivið, hlyn eða öðrum þeim viðartegundum, sem eigi verpast nje breytast að mun við áhrif hita og raka. Yfirborð kvarðans, sem eigi má hafa hrufur eða sprungur, skal vera gljæð (bónað) eða borð á það lak eða fernis.

Þar sem endi mælikvarðans fellur saman við enda kvarðans sjálfs, skal kvaðaendinn vera þverhúptur, og á trjekvörðum, sem eigi eru sívalir, skulu þá eudabrunir mælikvarðans vera varðir með málmþynnun, sem greipt sje inn í trjed þannig, að yfirborð málmþynnunnar og trjesins í kring sje í beinu áframhaldi. Málmþynnann skal vera fest við trjed á tryggilegan hátt að áliti löggildingarstofunnar og þannig fyrirkomið, að hægt sje að stimpla í einu hana og trjed umhverfis.

Kvarðarnir meiga eigi vera svo bognir, að á beri, og sá hluti af hliðum kvarðans, sem hefir mælikvarða ámerktan, skal vera sléttur. Sívala trjekvarða með einum mælikvarða, sem að eins er skift í sentímetra, má þó löggilda, þó að mælikvarðinn sje merktur á hið sívala yfirborð kvarðans.

## 2. Mæliker.

### 10. gr.

Mæliker löggildast í þessum stærðum: 2 lítrar, 1 lítri, 2 desílítrar og 1 desílítri.

Mælikerin skulu vera úr blikki, aluminium eða öðru efni, sem löggildingarstofan álitur jafn heppilegt, og svo sterk, að eigi sje hætt við, að þau breyti lögun eða stærð með gæti-legrri meðferð.

Mælikerin skulu vera sívöl og jafuvið að ofan og neðan. Hlutfallið milli þvermáls og hæðar að innanmáli skal vera því sem næst eins og 2 : 3.

Þegar mælikerin standa á borði, skulu barmar keranna liggja í fleti samhliða borðfletinum, en hliðarnar vera hornrjett á hann. Mælikerin meiga hafa handarhald.

Á hverju keru skal standa með skýru og óafmáanlegu letri í tölum með einingarnafninu lítri eða l., desílítri eða dl. á eftir, hvað keru tekur barmasljett, og löggildingin nær aðeins til þess, að það rúmtak sje rjett.



Nr. 3  
12. okt.

### 3. Vogarlóð.

#### 11. gr.

Vogarlóð löggildast í þessum stærðum:

20 kílógröm	500 gröm
10 —	200 —
5 —	100 —
2 —	50 —
1 kílógram	20 —
$\frac{1}{2}$ —	10 —
	5 —
	2 —
	1 gram

Á hvert vogarlóð skal vera mótuð þyngd þess með skýrum tölum og einingarnafnið kílógram eða gram neðan undir tölunni. Í stað einingarnafnanna má þó standa skammstafanir þeirra: kg. eða g., og skulu þær þá standa rjett á eftir tölunni.

Á steypujárnslóðum, sem mega vera  $\frac{1}{2}$  kílógram eða þyngi, skal þó þyngd lóðanna sýnd með upphleyptum stöfum, tölu með kg. á eftir, steypum með lóðinu. Á sama fleti og þyngdartalan er á steypujárnslóðunum skal vera hæfilega stór hola með blýfyllingu til að móta í löggildingarkerkin.

### 4. Vogir.

#### 12. gr.

Aðeins má löggilda þær vogir, sem löggildingarstofan álitur að sjeu svo vel gerðar og traustar, að þær haldist nægilega nákvæmar og rjettar um lengri tíma, ef gætilega er með þær farið.

Ennfremur verða vogirnar að fullnægja eftirtöldum skilyrðum til þess að þær megi löggildast:

1) Hinir einstöku partar vogarinnar mega ekki svigna eða á annan hátt breyta lögun við mesta þunga, er leyfilegt er að vega á voginni.

2) Sjerhver vog skal hafa vísi eða vogartungu, er sýni svo glögt, hvenær vogin er í jafnvægi, að auðvelt sje að greina það með berum augum nógu nákvæmlega.

3) Sjerhver vog, sem flytja má til og eigi stendur á sama, hvernig sett er niður, skal hafa lóð (pendúl), hallamæli eða annan útbúnað, er löggildingarstofan telur tryggan, til að sýna, hvort vogin er sett rjett niður. Vogir, sem eru fastar og óflytjanlegar, verða eigi löggiltar, fyr en þær eru settar niður og festar, þar sem þær eiga að vera.

4) Allar vogarstengur skulu gerðar úr málm, og sjeu þær settar út úr jafnvægi, þá skulu þær sveiflast nokkrum sinnum fram og aftur, uns þær stöðvast aftur í hinni upphaflegu jafnvægisstöðu.

5) Allar vogarstengur skulu leika á stálhnífseggjum, sem standa á plötum úr hertu stáli. Plöturnar mega einnig vera úr agat eða öðru hörðu efni, ef löggildingarstofan álitur, að það eigi við gerð vogarinnar. Hnífana má eigi vera hægt að flytja, svo að lengd vogarstanganna breytist. Hið sama gildir um plöturnar, sem hnífarnir standa á, ef það getur haft áhrif á lengd vogarstanganna.

6) Engin áhrif má það hafa á vigtina, hvar lóðin eða það, sem vegið er, stendur á Nr. 3 vogarskálunum. 12. okt.

7) Ef vog er útbúin með stillilóði, skal umbúnaður þess vera þannig, að hann að dómi löggildingarstofunnar fyrirbyggji, að það verði misbrúkað.

8) Á hverri vog skal standa með skýru og áberandi lettri, hvað þungt megi á hana veða.

#### a. Jafnarmaðar vogir.

##### 13. gr.

Ef hægt er að taka af og skifta um skálarnar á jafnörmuðum vogum, þá má jafnvægisstaða vogarinnar eigi breytast, þótt skálarnar sjeu teknar burtu eða skift sje um skálarnar á örmunum.

#### b. Desímalvogir.

##### 14. gr.

Á desímalvogum skal þyngd þess, sem vegið er, vera þyngd lóðanna, sem halda því í jafnvægi, margfölduð með tíu.

Allar desímalvogir skulu hafa útbúnað til að stöðva aðalvogarstöngina. Á desímalvogum skal að minsta kosti mega veða 20 kílógröm.

#### c. Reisluvogir.

##### 15. gr.

Reisluvogir hafa lóð, sem flytja má til eftir arminum eftir því, hve þungt það er, sem vegið er.

Aðalvogarstöngin, sem má myndast af fleirum en einni samblíða stöngum, ef þær eru samfastar, skal vera merkt með glöggum og nákvæmum skerðingum eða strikum, sem sjeu grafin, högginn eða á annan varanlegan hátt merkt á stöngina. Bilin milli merkjanna skulu vera jöfn og að minsta kosti 4 millimetrar. Að minsta kosti fimta hver skerðing eða strik skal vera merkt á varanlegan hátt með skýrum tölum, er tilgreini þungan í kílógrömmum, og aftan við töluna ytst á vogarstönginni skal ennfremur bæta kg. Á sömu vogarstönginni má vera fleiri en ein merkjaröð, ef þeim er svo fyrirkomið, að það að áliti löggildingarstofunnar getur eigi valdið ruglingi. Lóðið skal sjálfkrafa grípa inn í skerðingarnar á vogarstönginni eða hafa fjaðraútbúnað svo að það haldist fast við stöngina, ef því er slept. Lóðið skal vera þannig úr garði gert, ef til vill með föstum vísi, að eigi geti vafi á því leikið að dómi löggildingarstofunnar, hvernig eigi að lesa á vogina.

Á aðallóðinu má vera annað lóð, hreifanlegt fram og aftur, til að sýna finni þyngdarmun, og gilda hin sömu ákvæði um það og aðallóðið með þeim breytingum, sem við eiga.

##### 16. gr.

Löggildingarstofan getur, þegar hún telur þörf á því, löggilt mælitæki og vegaráhöld, sem að efni, stærð eða gerð eru frábrugðin því, sem fyrir er sagt í 8.—15. grein, ef þau að hennar dómi eru til þess hæf.



Nr. 3  
12. febr.

C. Um takmörk fyrir skekkju, sem má vera á mælitækjum og vogaráhöldum, sem eru löggilt.

17. gr.

Skekkjan á mælitækjum og vogaráhöldum er munurinn á milli þess, sem mælingarstærðin í raun og veru er, og þess, sem mælingartækið segir hana vera. Skekkjan er »pósítív« (+) þegar mælingartækið segir mælingarstærðina minni en hún er, en segi það hana of mikla, er skekkjan »negatív« (-).

18. gr.

Mælitæki og vogaráhöld má eigi löggilda, ef skekkjan á þeim fer út yfir þau takmörk, sem nú verða greind:

1) Kvarðar.

Skekkjan á kvörðum má vera jafnt »negatív« sem »pósítív«.

Á 2 metra mælikvarða má skekkjan vera + ÷ 1 mm á allri lengdinni;

- 1 — — — — — + ÷ 0,5 — — — —

- 1/2 — — — — — + ÷ 0,3 — — — —

Skekkjan á lengdinni frá hverju striki til enda mælikvarðans má eigi fara fram úr skekkjutakmörkum alls kvarðans. Á hverjum afmörkuðum sentímetra má skekkjan ekki nema meiru en 0,5 mm, og á hverjum afmörkuðum millímetra eigi meiru en 0,2 mm.

2) Mæliker.

Skekkjan má aðeins vera »pósítív«.

Á 2 lítra mælikeri má skekkjan vera +  $\frac{1}{125}$  úr öllu rúmtakinu;

- 1 — — — — — +  $\frac{1}{125}$  — — — —

- 2 desílítra — — — — — +  $\frac{1}{100}$  — — — —

- 1 — — — — — +  $\frac{1}{60}$  — — — —

3) Vogarlóð.

Skekkjan má aðeins vera »pósítív«.

Á 20 kílógramma lóði má skekkjan vera + 4 gróm;

- 10 — — — — — + 2 —

- 5 — — — — — + 1,25 —

- 2 — — — — — + 600 millígróm;

- 1 kílógrams — — — — — + 400 —

- 1/2 — — — — — + 250 —

- 200 gramma — — — — — + 100 —

- 100 — — — — — + 60 —

- 50 — — — — — + 50 —

- 20 — — — — — + 30 —

- 10 — — — — — + 20 —

- 5 — — — — — + 16 —

- 2 — — — — — + 12 —

- 1 grams — — — — — + 10 —

## 4) Vogir.

Nr. 3  
12. febr.

Skekkjan getur verið til beggja hliða, + og ÷.

Þegar vog, sem löggildast á, er prófuð, og jafnvægi er fengið, þá skal sjást greinilegur munur á jafnvægisstöðunni, þegar lóði er bætt öðru megin á, er samsvarar hinn mestu skekkju.

Skekkjan á vogum má eigi fara fram úr  $\frac{1}{1000}$  úr þyngd þess, sem vegið er, ef það er  $\frac{1}{10}$  eða meira úr hinum mesta þunga, er leyfilegt er að vega á voginni; ef ljettara er vegið, má skekkjan vera alt að  $\frac{1}{500}$  úr þunga þess, meðan hann er meira en  $\frac{1}{100}$  úr hinum mesta leyfilega þunga.

## 19. gr.

Löggilt mælitæki og vogaráhöld má ekki nota, þegar skekkjan á þeim er orðin meiri en tvöföld hin mesta leyfilega skekkja við löggildingu; þó má skekkjan á tækjum, sem verið er að nota, ætíð vera jafnt negatív sem pösítív.

## D. Um stimplun mælitækja og vogaráhalda.

## 1. Kvarðar.

## 20. gr.

Þar sem endi kvarðans og mælikvarðans falla saman, skal stimpla löggildingarmerkið á kvarðaendann, ef hægt er, annars skal stimpla það á mælikvarðann og svo nálægt enda hans, að ytri brún löggildingarmerkisins falli í endamark mælikvarðans. Ef endi trjemælikvarða er varinn með málmþynnu, skal láta löggildingarmerkið ná bæði á málmþynnuna og trjed í kring. Áltí löggildingarstofan það nauðsynlegt, má setja 2 löggildingarmerki á þann enda mælikvarðans. Ætíð skal stimpla báða enda mælikvarðans með löggildingarmerki. Ártal löggildingarinnar skal stimpla á mælikvarðann rjett aftan við stafina, er tilgreina lengd mælikvarðans.

## 2. Mæliker.

## 21. gr.

Á mæliker skal löggildingarmerkið sett á hlið kersins ofan við töluna, er tilgreinir rúmtak þess, og ártal löggildingarinnar þar út undan. Annað löggildingarmerki skal setja á barm kersins eða svo nálægt honum sem hægt er. Eanfremur skal stimpla botn kersins með löggildingarmerki; ef botninn er lóðaður í, skal reynt að láta löggildingarmerkið ná út á samskeytin.

## 3. Vogarlóð.

## 22. gr.

Á steypujárnslóð skal löggildingarmerki ásamt ártali löggildingarinnar mótað í blýmálminn, sem fyllir þar til gerða holu í efri hlið lóðsins.



**Nr. 3** Vogarlóð úr öðrum málmí skulu stimpluð með löggildingarmerkinu á þá hlið þeirra, 12. febr. sem stafirnir eru á, sem tilgreina þyngd þeirra, og ef unt er skal löggildingarmerkið vera ofan við stafina. Ennfremur skal setja á gagustæða (neðri) hlið lóðsins lítið löggildingarmerki og ártal löggildingarinnar, ef unt er.

#### 4. Vogir.

23. gr.

Þar sem aðalvogarstöngin er útbúin með löggildingarholum, fylltara með linum málmí, skal löggildingarmerki ásamt ártali löggildingarinnar stimlast í aðra málmfyllinguna, og fyrir ofan löggildingarmerkið skal stimpla númer það, sem vogin hefir í bókum löggildingarstofunnar. Efst í hina málmfyllinguna er þá stimpluð tala með kg. á eftir, er tilgreini hve þungt megi vega á voginni. En ef vogarstöngin hefir ekki löggildingarholur, þá setur löggildingarstofan áðurgreint löggildingarmerki þar á vogina, sem hún álitur heppilegast annaðhvort með því að stimpla þau í sjálfa vogarstöngina eða með því að brennimerkja með þeim trjegrind vogarinnar.

Auk þess má löggildingarstofan setja annarstaðar á vogina löggildingarmerki, ártal eða númer til að tryggja það, að gerð vogarinnar eigi raskist, án þess að það sjáist á löggildingarmerkjunum.

#### Endurlöggilding.

24. gr.

Mælitæki og vogaráhöld, sem löggilt hafa verið áður á löglegan hátt, má endurlög-gilda, ef þau fullnægja löggildingarskilyrðunum að dómi löggildingarstofunnar. Við endurlög-gildingu er stimplað á mælitæki og vogaráhöld ártal endurlöggildingarinnar og lítið löggild-ingarmerki við ártalið, ef því verður við komið.

Ef hin fyrri löggildingarmerki eru að einhverju leyti sködduð, þá skulu sett nýlög-gildingarmerki í stað hinna sködduðu.

Ef gert er við mælitæki eða vogaráhald, sem hefir brotnað, skal setja löggildingar-merki á hin bæklðu samskeyti.

#### Ónýting löggildingarmerkja.

25. gr.

Löggildingarmerki eru ónýtt annaðhvort með því að afmá merkin eða með því að stimpla ofan í þau kross (×).

## II. UTSÖLUSTARFINN.

26. gr.

Löggildingarstofan hefir einkasölu á þeim löggildingarskyldu mælingartækjum, sem talin eru í 8.—15 gr., og má hún aðeins selja þau löggilt.

Útsöluverðið á þeim mælitækjum og vogaráhöldum, sem löggildingarstofan hefir einkasölu á, skal stjórnarráðið staðfesta.

Stjórnarráðið getur gefið út auglýsingu, er fyrirskipi nánar um efni, gerð og útlit sumra eða allra þeirra mælitækja og vogaráhalda, sem löggildingarstofan hefir einkasölu á.

## 28. gr.

Þegar þau tæki, sem löggildingarstofan hefir einkasölu á, eigi eru fáanleg á löggildingarstofunni nje hjá útsöluhöfðum hennar, er heimilt að kaupa þau annarstaðar, en leita skal löggildingar á þeim, áður en þau eru notuð þar, sem löggildingarskylda hvílir á.

## III. EFTIRLITSSTARFINN.

## 29. gr.

Löggildingarstofan lætur að minsta kosti þriðja hvert ár, en að öðru leyti á þeim tíma er hún sjálf ákveður, framkvæma verklegt eftirlit með öllum löggiltum mælitækjum og vogaráhöldum, sem kaupmenn nota eða stjórnarvöld hafa umsjón með. Sku'u þeir, sem hafa umráð yfir eftirlitsskyldum mælitækjum og vogaráhöldum, láta eftirlitsmönnum löggildingarstofunnar í tje skriflega sundurliðaða skýrslu yfir þau löggilt mælitæki og vogaráhöld, sem þeir hafa undir höndum á þeim tíma, er eftirlitið fer fram. Á skýrslunni skal sjerstaklega tekið fram, hvort tækin eru flytjanleg eða ekki. Að eins þau tæki skoðast óflytjanleg, sem hafa verið löggilt á staðnum, eftir að þau höfðu verið sett niður og fest.

## 30. gr.

Við eftirlitið dæmast þau mælitæki og vogaráhöld nothæf framvegis: 1) sem hafa rjett og óskemd löggildingarmerki, 2) sem hafa eigi tekið svo miklum breytingum vegna slits, elli eða at öðrum ástæðum, að löggildingarskýrðunum sje raskað, og 3) hafa skekkju innan hinna settu skekkjutakmarka, þegar tækið er í notkun.

Þau mælingartæki, sem fullnægja eigi einhverju af þessum 3 skilyrðum, má eigi nota lengur, og skal notandi senda þau við fyrsta tækifæri til löggildingarstofunnar til endurlöggildingar elli afmá löggildingarmerkin í viðurvist eftirlitsmanna.

Þegar eftirlitsmaður álltur, að tæki, sem er nothæft, þegar eftirlitið fer fram, haldist eigi rjett þangað til næsta eftirlit fer fram, getur hann krafist, að það verði sent löggildingarstofunni til endurlöggildingar eftir ákveðinn tíma.

## 31. gr.

Ef eftirlitsmenn geta eigi á eftirlitsferðum, er löggildingarstofan hefir stofnað til, próf að tæki vegna þess, að þau komu eigi í tæka tíð til hins ákveðna staðar, eða af því að eftirlitsmönnum var synjað um aðstoð við eftirlitið eða fyrir þá sök, að þeir fengu ekki tafarlaust aðgang að þeim stöðum, þar sem tækin voru notuð, þá skal það tilkynnt lögreglustjóra, sem þá annast um, að slík tæki verði eigi notuð, fyr en þau hafa verið löglega prófuð af eftirlitsmönnum löggildingarstofunnar. Umráðamaður tækjanna greiðir þá auk eftirlitsgjaldsins kostnaðinn við sendingu tækjanna til og frá löggildingarstofunni, eða ef eftirlitsmaður er sendur á staðinn, kostnaðinn við ferð hans og flutning áhalda.



Nr. 3  
12. okt.

32. gr.

Þegar þess er krafist af einstökum mönnum eða hinu opinbera, er löggildingarstofunni skylt að láta framkvæma verklegt eftirlit á löggiltum tækjum svo fljótt sem því verður við komið. Sá, sem um eftirlitið biður, greiðir þá þann ferðakostnað, sem af eftirlitinu leiðir, og kostnað við flutning tækjanna að og frá löggildingarstofunni, og eftirlitsgjald að auk.

#### IV. UM GJÖLD, SEM SKULU GREIÐAST LÖGGILDINGARSTOFUNNI FYRIR LÖGGILDINGU, EFTIRLIT, M. M.

##### Löggildingargjald.

33. gr.

a. Kvarðar. Fyrir hvern mælikvarða, sem löggiltur er, skal greiða .....	60 aura
og auk þess fyrir hvern óskiftan sentímetra .....	2 —
en ef sentímetranum er skift í millímetra, fyrir sentímetrann .....	10 —
b. Mæliker. Löggildingargjald fyrir hvert mæliker	
að stærð 1 eða 2 desílitrar er .....	75 —
— — 1 eða 2 lítrar er .....	150 —
c. Vogarlóð. Löggildingargjald fyrir hvert vogarlóð	
að þyngd 10—20 kílógröm er .....	100 —
— — 1—5 kílógröm er .....	60 —
— — 100—500 gröm er .....	40 —
— — 1—50 gröm er .....	20 —
d. Vogir. Löggildingargjald fyrir hverja vog er .....	7 kr.
og auk þess fyrir hvert mark eða skerðingu á reisluvogum .....	5 aur.

##### Endurlöggildingargjald.

34. gr.

Fyrir endurlöggildingunni greiðast hin sömu gjöld sem fyrir löggildingunni.

##### Eftirlitsgjald.

35. gr.

Eftirlitsgjaldið er fyrir 1 kvarða .....	100 aurar
— — — 1 mæliker .....	100 —
— — — 1 vogarlóð, 10—20 kg .....	80 —
— — — 1 — $\frac{1}{2}$ —5 kg .....	40 —
— — — 1 — 1—200 gröm .....	20 —
— — — 1 vog .....	6 kr.
Ennfremur aukagjald fyrir hvert fast mælitæki eða vogaráhald .....	8 —

## 36. gr.

Ef löggilding eða eftirlit fer eigi fram á löggildingarstofunni í Reykjavík eða á hinum reglulegu eftirlitsferðum, sem löggildingarstofan lætur fara samkvæmt 29. gr., skal auk hinna tilskipuðu löggildingar- og eftirlitsgjalda greiða löggildingarstofunni eftir reikningi kostnað við flutning hinna nauðsynlegu áhaldna og ferðakostnað starfsmanna löggildingarstofunnar. Með ferðakostnaði skal telja kaup fyrir þann tíma, sem starfsmaður löggildingarstofunnar er í burtu frá löggildingarstofunni. Kaupgjaldið reiknast 1 kr. 50 au. um klukkutímann eða brot úr honum, þó eigi meira en 12 kr. um daginn. Löggildingarstofan getur fyrir fram krafist tryggingar fyrir þessum gjöldum.

Fyrir hreinsun, lagfæringu og viðgerð á mælitækjum og vogaráhöldum skal greiða eftir reikningi.

Fyrir skriflegt vottorð um eftirlit greiðast 45 aurar og þar að auki 5 aurar fyrir hvert tæki, sem nefnt er í vottorðinu.

## 37. gr.

Þegar þau tæki, sem send eru til löggildingar eða endurlöggildingar, reynast óhæf til löggildingar, greiðist eftirlitsgjald fyrir þau.

Við eftirlitið greiðist eftirlitsgjaldið hvort heldur tækin reynast nothæf eða ekki.

## 38. gr.

Stjórnarráði Íslands heimilast að breyta öllum framangreindum gjöldum til löggildingarstofunnar með þar að lútandi reglugjörð.

## 39. gr.

Löggildingarstofan ber enga ábyrgð á, þó að við eftirlit eða löggildingingu verði vart við áður óþekta galla á tækjunum.

Löggildingarstofan ber enga ábyrgð á, þó að eigi verði unt að gera fullnægjandi við tæki, sem gert er við undir hennar umsjón.

## 40. gr.

Hver sá, sem notar löggilt mælitæki eða vogaráhöld lengur en um þann tíma, sem löggildingarstofan eða eftirlitsmenn hafa leyft notkun þeirra án endurlöggildingar, skal sæta sektum allt að 1000 krónum eða fangelsi, nema þyngrri hegning liggi við að lögum.

Að öðru leyti varða brot á móti ákvæðum tilskipunar þessarar sektum til landssjóðs frá 5—200 kr., nema þyngrri hegning liggi við að lögum. Með mál út af brotum gegn tilskipun þessari skal farið sem almenn lögglumál.



Nr. 3

41. gr.

12. febr.

Ákvæði tilskipunar þessarar ná eigi til vogaráhalda lækna og lyfsala; skulu þau vera háð eftirliti landlæknis. Hann getur sett ákvæði um slík vogaráhöld.

Tilskipun þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

**Gefið á Amalínborg, 12. febr. 1919.**

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

**Christian R.**

(L. S)

Sigurður Jónsson.

# Reglugjörð

Nr. 4  
12. febr.

um

breyting á reglugjörð 17. júní 1915, um opinber reikningskil.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvik, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Samkvæmt þegnlegum tillögum Stjórnarráðs Íslands staðfestum Vjer hjermeð eftirfylgjandi reglugjörð:

1. gr.

2. gr. orðist svo:

Reikninga fyrir hvert ár skal gera svo tímanlega, að hægt sje að senda þá með fylgiskjöllum áleiðis til fjármáladeildar stjórnarráðsins fyrir lok febrúarmánaðar þess árs, sem í hönd fer. Sjálfir reikningarnir eiga að vera tvírtaðir, en fylgiskjölín með þeim mega vera einrituð. Ennfremur skal gera tvírtaðan yfirlitsreikning yfir allar tekjur árs hvers, þar með taldar ábyrgðargreiðslur og vangreiðslur fyrri ára, ef nokkrar eru. Skal þetta alt talið tekjumegin en gjaldamegin alt það, er reikningshaldari hefir greitt á árinu. Yfirlitsreikningur þessi skal sendur áleiðis til fjármáladeildar stjórnarráðsins um leið og síðasti reikningur þess árs er sendur. Eftirrit af yfirlitsreikningnum skal samtímis senda ríkisfjehirði.

Að öðcu leyti eru reikningskil hvers árs heild utaf fyrir sig, er ekki má blanda saman við önnur ár. Í reikningana, aðra en yfirlitsreikninginn, skulu því aðeins færðar tekjur þær allar, sem ríkissjóði hafa hlotnast á reikningsárinu, hvort sem þær eru greiddar eða ógreiddar, en eigi eftirstöðvar frá fyrri árum eða fullnæging á reikningsúrskurðum.

2. gr.

5. gr. orðist svo:

Sjerhver fjárhæð, sem greidd er í ríkissjóð, skal fylgja brjef, er sýni hversu há hin senda fjárhæð er, úr hvaða umdæmi hún er og upp í tekjur á hvaða ári hún á að ganga. Ef um ábyrgðargreiðslur er að ræða eða vangreiðslur frá fyrri árum, verður einnig að tilgreina frá hvaða reikningi þær stafa.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

**Gefið á Amaliuborg, 12. febr. 1919.**

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

**Christan R.**

(L. S.)

*Sigurður Eggerz.*



**Bráðabirgðalög**

um

innflutningsgjald af síldartunnum og efni í þær.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Ganta, hertogi í Sljesvik, Ho'tsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Með því að það hefir verið borið upp fyrir Oss, að nauðsynlegt þyki, til þess að vernda atvinnuveg innlendra síldarútvegsmanna, að leggja sjerstakt bráðabirgðainnflutningsgjald á síldartunnur og efni í slíkur tunnur, vegna mikilla og dýrra síldartunnabirgða, sem til eru í ríkinu frá fyrri árum, þá verðum Vjer af þessari ástæðu og með hlidsjón af, að æskilegt er, vegna hins mikla kostnaðar, sem ríkissjóður hefir haft af ýmsum nauðsynlegum ráðstöfunum vegna heimsstyrjaldarinnar og dýrtíðar þeirrar, sem af henni hefir leitt, að ríkissjóði bætist fje, að telja brýna nauðsyn til útgáfu bráðabirgðalaga samkvæmt 6. gr. stjórnarskipunarlega 19. júní 1915, um innflutningsgjald af síldartunnum og efni í þær.

Því bjóðum Vjer svo og skipum:

## 1. gr.

Af hverri síldartunnu af venjulegri stærð, sem flutt er til landsins eða inn í landhelgi til ísöltunar, skal hvort sem hún er í heilu lagi eða stöfum, greiða í ríkissjóð 5 — fimm — króna gjald og hlutfallslega meira eða minna ef tunnan er stærri eða minni, þó þannig að mismunur til eða frá undir  $\frac{1}{4}$  venjulegrar tunnustærðar kemur ekki til greina. Ennfremur skal greiða í ríkissjóð 5 króna gjald af hverjum 20 kílógrömmum af efni í síldartunnur, sem flutt er til landsins eða inn í landhelgi. Ef ágreiningur rís um það, hvað sje síldartunna eða efni í síldartunnu, gefur stjórnarráðið endanlegan úrskurð um það.

## 2. gr.

Um innheimtu gjalds þessa, sektir, málsmeðferð, reikningsskil og alt annað, er þar að lýtur, skal fara eftir ákvæðum laga nr. 30, 22. okt. 1912, um vörutoll, að því vndan-skildu, að innheimtulaun skulu vera 2%.

## 3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað og gilda til 31. desember 1919. Vörutollur sá, sem nú er á síldartunnum og efni í þær, fellur burt.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

**Gefið á Amalíuborg 6. mars 1919.**

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

**Christian R.**

(L. S.)

*Sigurður Eggerz.*

# Bráðabirgðalög

Nr. 6  
30. apríl.

um

heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka í sínar hendur alla sölu á hrossum til útlanda svo og útflutning þeirra.

**Vjer Christian hinn Tíundi**, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvik, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Ef maður vill bera fram ný gögn, nýjar varnir, ný málsatvik eða nýjar kröfur, þá skal hann áskilja sjer rjett til þess í stefnu. Enn fremur skal hann leggja fram ný gögn, eða eftirrit af þeim, og skýrslu um þær nýjar varnir, kröfur eða málsatvik, er hann ætlar að bera fram, á skrifstofu hæstarjettar að minsta kosti 14 dögum áður mál verði þingfest, til afnota handa hinum aðiljanum, nema málflytjendur verði á annað sáttir.

#### 37. gr.

Málsaðiljar eða umboðsmenn þeirra gera ágrip úr dómsgerðum þess máls, er áfrýjað hefir verið, um það, er þeir telja máli skifta, og leggja það fram á skrifstofu hæstarjettar, að minsta kosti 14 dögum áður en mál skal þingfesta, svo mörg eintök sem dóminum nægir, ásamt einu eintaki af dómsgerðum, enda þarf eigi fleiri eintök af þeim, þótt máli sje gagnáfrýjað.

#### 38. gr.

Sókn máls hvers og vörn fyrir hæstarjetti skal munnleg vera, á íslensku og í heyranda hljóði.

Mál skal þó flytja skriflega:

1. Ef stefndur sækir eigi þing, og
2. Ef báðir aðiljar eða umboðsmenn þeirra óska þess, enda telji dómurinn sjerstaka ástæðu til þess, sakir þess að mál er svo margbrotið.

#### 39. gr.

Málsmeðferð hefur á því, að stefna er fram lögð og lesin upp. Síðan heldur áfrýjandi frumræðu sína og lætur lesa upp ágríp dómsgerða; þá svarar stefndur, ef hann vill. Eigi skal hvor aðilja oftara tala en tvisvar. Ef aðili flytur eigi mál sitt sjálfur, er honum þó rjett að tala sjálfur einu sinni.

Þegar mál er skriflega flutt, er rjett, að sókn og vörn sje tvisvar flutt.

#### 40. gr.

Nú er máli gagnáfrýjað, og skal þá steypa saman báðum áfrýjunarmálunum. Um sókn og vörn fer sem í 39. gr. segir.

#### 41. gr.

Fresti skal venjulega enga veita, nema dómari eða málflytjandi forfallist svo skyndilega áður málsmeðferð byrjar, að eigi hafi verið unt að gera nauðsynlegar ráðstafanir nægilega snemma, eða meðan á málflutningi stendur, eða hann verði eigi til lykta leiddur á sama degi. En eigi skal þá byrja á öðru máli, sem munnlega er flutt, fyrr en það mál er til lykta leitt.

Ákvæði 1. málsg. gilda þó eigi, ef hæstirjettur frestar opinberu máli til þess, að nýrra gagna verði aflað.

Aðalsök skal og fresta, ef þess er þörf til þess, að gagnsök verði henni sameinuð.

Nú er mál skriflega flutt, og ákveður hæstirjettur þá fresti til sóknar og varnar.

#### 42. gr.

Ef aðili ætlar að krefjast frávisunar máls frá hæstarjetti, þá skal hann skýra hæstarjettarritara frá því og greina ástæður, að minsta kosti viku áður en mál skal þingfesta. Skal það atriði sótt, varið og dæmt eða úrskurðað sjer.

#### 43. gr.

Dómstjóri stýrir þinghaldi, og er honum rjett að heimta það, að málflytjandi haldi sjer við efnið, og að hefta það, að ræður verði langar úr hófi fram.

Nr. 22

6. okt.

44. gr.

Dóm skal upp kveða jafnskjótt sem unt er, og venjulega má eigi annað mál fyrir taka meðan nokkurt mál, sem undir dóm hefir verið tekið, er ódæmt.

45. gr.

Dómar og úrskurðir skulu vera rökstuddir og byggðir á því, sem fram hefir komið af hendi málflytjenda og sannað er eða viðurkent.

Í opinberum málum er hæstirjettur þó eigi bundinn við kröfur málflytjenda, og er rjett að hækka refsingu eða lækka, sýkna eða sakfella, hvernig sem kröfur eru gerðar og hvort sem dómi er áfrýjað að tilhlutun ríkisvalds eða sökunauts.

Dómsatkvæði skulu rökstudd vera og skrifleg. Þó mega þeir, sem samdóma eru áður fram komnum atkvæðum, samþykkja þau að rökum til eða niðurstöðu. Sá dómari greiðir fyrstur atkvæði, sem síðast var skipaður í dóminn, og svo eftir röð. Ræður afl atkvæða úrslitum. Dómstjóri sjer um samning dómsins.

Hæstarjettarritari undirritar dómseftirrit.

46. gr.

Aðfararfrest skal engan setja í hæstarjettardóma, nema maður sje dæmdur til að vinna verk. Skal þá ákveða hæfilegan frest í dómi.

Ef hæstirjettur kveður upp dauðadóm, skal hann jafnframt gera tillögur um það, hvort dómi skuli fullnægt eða eigi.

47. gr.

Dómsgerðir hæstarjettar skal gefa út í nafni dómsins og með innsigli hans og nafni dómstjóra undir.

VII. kafli.

### Um gjöld, sektir o. fl.

48. gr.

Dómsmálagjöld í hæstarjetti skulu vera sem hjer segir:

Fyrir útgáfu stefnu .....	5	krónur
Fyrir þingfestingu .....	10	—
Fyrir dómsuppsögn .....	20	—
Fyrir úrskurð .....	10	—
Fyrir frest .....	5	—
Fyrir dómkvaðning hvers manns .....	5	—

Greiða skal sama gjald í gagnsökum, framhaldssökum, meðalgöngumál- Nr. 22  
um og sakaukamálum. 6. okt.

Í málum, sem ekki nema 100 kr., greiðast hálf gjöld.  
Gjöldin renna í rikissjóð.

## 49. gr.

Um sektir, er aðili eða málflytjandi bakar sjer fyrir framferði sitt fyrir dómi, fer eftir þeim reglum, sem hingað til hafa gilt um yfirdóminn. Þó skal sekt aldrei lægri vera en 50 krónur. Allar slíkar sektir skulu renna í rikissjóð.

## 50. gr.

Ef áfrýjandi sækir eigi eða lætur sækja dómping, skal hann greiða 50 króna aukagjald til rikissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

## VIII. kafli.

**Ákvæði um stundarsakir.**

## 51. gr.

Dómendur þeir, sem í öndverðu verða skipaðir í hæstarjett, skulu undanþegnir ákvæði 6. gr. 4. liðs.

## 52. gr.

Málflutningsmönnum þeim, sem samkvæmt hingað til gildandi lögum hafa leyfi til málflutnings við yfirdóminn og skrifstofu hafa í Reykjavík og bústað þar eða í grend, skal einnig rjett að flytja mál fyrir hæstarjetti, enda hafi þeir leyst af hendi raun þá, er í 13 gr. 3. lið segir, innan 3 ára frá því er hæstirjettur tók til starfa.

## 53. gr.

Fyrstu 3 starfsár sín er hæstarjetti heimilt að ákveða, í samráði við málflytjendur, skriflega meðferð mála fram yfir það, er í 38. gr. segir, þó þannig, að fyrsta árið verði eigi meira en þriðjungur, annað árið eigi meira en fjórðungur og þriðja árið eigi meira en fimtungur mála fluttur skriflega.



Nr. 22

6. okt.

54 gr.

Lög þessi taka eigi til þeirra einkamála, er stefna hefir verið tekin út í þeim til hæstarjettar Danmerkur, og eigi heldur til þeirra opinberra mála, er stefna þangað hefir verið rituð á dómargerðirnar áður en lögin ganga í gildi.

Þeim málum, er landsyfirdómur hefir dæmt þegar lög þessi ganga í gildi og 1. málsgr. tekur eigi til, má skjóta til hæstarjettar, eftir ákvæðum þessara laga, innan næstu 12 mánaða frá ádurnefndum tíma, en þó eigi lengur en 18 mánuði frá dómsuppsögn eða úrskurðar.

Hæstirjettur tekur við þeim málum, sem áfrýjað hefir verið til landsyfirdóms, þegar lögin ganga í gildi, en eigi hafa verið þar dæmd, í því ástandi, sem þau verða í, þegar hæstirjettur tekur til starfa. Ef málfutningur er byrjaður fyrir yfirdómi, þá skal hann leiddur til lykta fyrir hæstarjetti eftir þeim reglum, sem um málfutning fyrir yfirdómi giltu.

## IX. kafli.

**Niðurlagsákvæði.**

55. gr.

Að því leyti, sem eigi eru fyriræli í lögum þessum um einhver atriði, skal fara eftir eldri lögum og dómvenjum, eftir því sem við verður komið.

56. gr.

Nú er landsyfirdómi, eða einstökum yfirdómara, falið í lögum að framkvæma einhverja ráðstöfun, svo sem þinglýsingar, kvaðning matsmanna, þátttöku í matsgerð eða gerðardómi o. s. frv., og kemur þá hæstirjettur í staðinn. Þar sem í lögum er ákveðin eða nefnd áfrýjun til hæstarjettar Danmerkur eða yfirdóms, eða þeim er skipað að gæta einhvers o. s. frv., þá kemur hæstirjettur í stað þeirra, er lög þessi koma til framkvæmda.

Þeir hæstarjettardómarar, hinir elstu að embættisaldri, skulu eiga sæti í landsdómi.

57. gr.

Lög þessi koma til framkvæmda 1. jan. 1920.

Frá sama tíma eru eftirfarandi lagaákvæði numin úr gildi:

N. L. 1—2—3, um stefnur til undirdómara er málum er áfrýjað, og 11, um varnarþing biskupa.

N. L. 1—6—7, 10, 14, 16 og 19, og N. L. 1—9—14. allar gr. sbr. við kgsbr. 2. maí 1732. tilsk. 19. ág. 1735, 10 gr. og kgsbr. 19. des. 1749, um áfrýjunarfesti, tilsk. 7. júní 1760, um áfrýjun sakamála til hæstarjettar Danmerkur, tilsk. 1. des. 1797, um málskot frá prestastefnum, tilsk. 11. júlí 1800, um landsyfirdóminn, 1.—18, 21 og 22. gr., opið brjef 2. júní 1819, um áfrýjunarleyfi, tilsk. 15. ág. 1832, 16. gr., ákvæðið um áfrýjunarfrest, tilsk. 24. jan. 1838, 16. gr. Lög nr. 19, 2. okt. 1895, 3. gr., um stefnur til hæstarjettar Dana í skiftamálum, lög nr. 15, 20. okt. 1905, um stefnufrest til hæstarjettar Danmerkur, og lög nr. 32, 20. okt. 1905, með viðaukal. nr. 17, 20. okt. 1913, um málfutningsmenn fyrir landsyfirdómi, svo og önnur ákvæði, sem lög þessi brjóta bág við.

Eftir þessu eiga allir hlutadeigendur sjer að hegða.

### **Gefið á Amalíuborg 6. október 1919.**

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

**Christian R.**

(L. S.)

*Jón Magnússon*

## **Bráðabirgðalög**

Nr. 23  
5. nóv.

um

heimild handa ríkisstjórninni til að banna flutning til landsins á varningi, sem stjórnin telur stafa sýkingarhættu af.

**Vjer Christian hinn Tíundi**, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

*Gjörum kunnugt*: Ráðherrann í dóms- og kirkjumálum hefir tjáð Oss, að til landsins hafi nú flust nokkuð af brúkuðum fatnaði, og að hann verði, eins og á stendur, þar sem skæðar farsóttir ganga hjer og hvar, að telja innflutning brúkaðs fatnaðar og ýmislegs annars varnings hættulegan fyrir heilbrigði í land-

Nr. 23 inu. En ráðherra telur sig breyta heimild til að setja alment bann í þessu efni 5. nóv. Teljum Vjer því brýna nauðsyn að heimila ríkisstjórninni, með bráðabirgðalögum samkvæmt 6. gr. stjórnarskipunarlaga 19. júní 1915, að banna innflutning ýmislegs varnings, er stjórnin telur að sýkingarhætta stafi af.

Því bjóðum Vjer og skipum þannig:

1. gr.

Ríkisstjórninni heimilast að banna flutning til landsins á brúkuðum fatnaði, líni og sængurfatnaði, dulum, brúkuðu vatti, hnökraull, pappírsafklippum, hári, húðum og öðrum þeim varningi, er stjórnin telur stafa sýkingarhættu af.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

**Gefið á Amalfuborg, 5. nóvember 1919.**

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

**Christian R.**

(L. S.)

*Jón Magnússon.*

# Fjárlög

fyrir árin 1920 og 1921.

**Vjer Christian hinn Tíundi**, af Guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvik, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg.

*Gjörum kunnugt:* Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

I kaffi.

Tekjur.

1. gr.

Árin 1920 og 1921 er ætlast til, að tekjur ríkisins verði svo sem talið er í 2.—5. gr., og að þeirra verði aflað með tekjugreinum þeim, sem þar eru taldar.

2. gr.

Þessir skattar og tollar er ætlast til að nemi:

	1920	1921	Alls
	kr.	kr.	kr.
1. Ábúðar- og lausafjárskattur . . . . .	100000	100000	
2. Húsaskattur . . . . .	40000	40000	
3. Tekjuskattur . . . . .	400000	400000	
4. Dýrtíðar- og gróðaskattur . . . . .	100000	100000	
			1280000
5. Aukatekjur . . . . .	120000	120000	
6. Erfðafjárskattur . . . . .	17000	17000	
7. Vitagjald . . . . .	100000	100000	
8. Leyfisbrjefagjöld . . . . .	8000	8000	
9. Gjald af Kínalífseelixír . . . . .	10000	10000	
Heimilt er W. Petersen að selja birgðir þær af Kínalífseelixír, sem hann á nú hjer á landi.			510000
10. Útflutningsgjald . . . . .	600000	600000	
11. Áfengistollur (þar með óáfengt öl, áfengislaust vín, ávaxtasafi og limonade) . . .	125000	125000	
Flyt	725000	725000	1790000.

Nr. 24  
28. nóv.

	1920	1921	Alls
	kr.	kr.	kr.
Flutt	725000	725000	1790000
12. Tóbakstollur . . . . .	400000	400000	
13. Kaffi- og sykurtollur . . . . .	525000	525000	
14. Vörutollur . . . . .	750000	750000	
15. Annað aðflutningsgjald . . . . .	60000	60000	
16. Gjald af konfekt- og brjóstsykursgerð . . . . .	10000	10000	
			4940000
17. Stimpilgjald . . . . .	500000	450000	950000
18. Pósttekjur . . . . .	200000	200000	400000
18. Símatekjur . . . . .	550000	550000	1100000
Samtals	.....	.....	9180000

## 3. gr.

Tekjur af fasteignum og skipum ríkissjóðs eru taldar:

	1920	1921	Alls
	kr.	kr.	kr.
1. Eftirgjald eftir jarðeignir ríkissjóðs, alls . . . . .	18000	18000	36000
2. Tekjur af kirkjum . . . . .	100	100	200
3. Tekjur af silfurbergsgjámunum í Helgu- staðafjalli . . . . .	100	100	200
4. Tekjur af skipum . . . . .	350000	350000	700000
Samtals	368200	368200	736400

## 4. gr.

Tekjur af bönkum, Ræktunarsjóði, verðbrjefum o. fl er áætlað:

	1920	1921	Alls
	kr.	kr.	kr.
1. Tekjur af Íslandsbanka . . . . .	120000	70000	190000
2. — - Landsbankanum:			
a. Árgjald . . . . . 7500 7500			
b. Ágóðahluti . . . . . 52000 60000			
	59500	67500	127000
Flyt	179500	137500	317000



	1920	1921	Alls
	kr.	kr.	kr.
Flutt	179500	137500	317000
3. Tekjur af Ræktunarsjóði . . . . .	20000	20000	40000
4. Vextir af bankavaxtabrjefum, keyptum samkvæmt lögum nr. 14, 9. júlí 1909 . .	43000	42000	85000
5. Væntanlega útdregið af þeim brjefum . .	15000	15000	30000
6. Arður af hlutafje (100000 kr.) í Eimskipafjelagi Íslands . . . . .	6000	6000	12000
7. Vextir af innstæðum í bönkum . . . . .	5000	5000	10000
8. Greiðslur frá Landsversluninni . . . . .	154000	. . . .	154000
Samtals . . . . .	422500	225500	648000

## 5. gr.

Óvissar tekjur, ýmislegar greiðslur og endurgjöld er talið:

	1920	1921	Alls
	kr.	kr.	kr.
1. Óvissar tekjur . . . . .	20000	20000	40000
2. Það, sem greitt er frá prestaköllum samkvæmt lögum 27. febr. 1880 . . . . .	1800	1800	3600
Heimilt er prestinum í Breiðabólstaðarprestakalli að verja árgjaldinu af því, 142 kr. 38 a. hvort árið, til túnasljettunar á á staðnum, þó með því skilyrði, að hann sljetti að minsta kosti 5 dagsláttur á þessum 2 árum.			
3. Endurgreidd skyndilán til embættismanna	800	800	1600
4. Endurgreiddar aðrar fyrirframgreiðslur . .	1000	1000	2000
Samtals	23600	23600	47200

Nr. 24  
28. nóv.

## II. KAFLI.

## Gjöld

## 6. gr.

Árin 1920 og 1921 eru veittar til gjalda upphæðir þær, sem tilgreindar eru í 7.—19. gr.

## 7. gr.

Greiðslur af lánnum ríkissjóðs og framlag til Landsbankans er talið 2068743 kr. 37 a.

	1920 kr.	1921 kr.	Alls kr.
I. Vextir:			
1. 4 % lán úr ríkissjóði Danmerkur, 500000 kr. tekið 1908 til 15 ára til símalagninga . . . . .	6333,33	5000	11333,33
2. 4½ % lán tekið 1909 hjá dönskum bönkum, 1500000 kr. til 30 ára til að kaupa III. flokks bankavaxtabrjef Landsbankans . . . . .	43429,14	41176,33	84605,47
3. 4½ % lán hjá lífsábyrgðarstofnuninni í Kaupmannahöfn, 250000 kr., tekið 1912 til 30 ára, til að kaupa III. flokks bankavaxtabrjef Landsbankans . . . . .	8718,75	8343,75	17062,50
4. 4½ % lán hjá dönskum bönkum, 500000 kr., tekið 1912 til 15 ára, vegna sjerstakra útgjalda (Reykjavíkurhöfn o. fl.)	12000	10500	22500
5. Ritsímalánið 1913, 4 % og endurborgun un á 30 árum, tekið hjá mikla norræna ritsímafjelaginu . . . . .	17710,25	17249,72	34959,97
6. Lán til ritsíma, tekið 20. okt. 1916 til 25 ára, með bankavöxtum hjá Landsbankanum, að upphæð 100000 kr. . . . .	5280	5040	10320
7. 5 % lán, tekið til símalagninga 1917 hjá mikla norræna ritsímafjelaginu, til 30 ára 500000 kr. . . . .	23929,71	23503,27	47432,98
Flyt	117401,18	110813,07	228214,25

	1920	1921	Alls
	kr.	kr.	kr.
Flutt	117401,18	110813,07	228214,25
8. Lán hjá Handelsbanken, gegn veði í skipum, 2 milj. kr., tekið 1917 til 10 ára vextir $\frac{1}{2}$ % hærri en forvextir Þjóðbankans danska . . . . .	93000	81000	174000
9. Lán hjá íslenskum botnvörpungaeigendum, tekið 1917, gegn 5 % ársvöxtum .	124126,67	124126,67	248253,34
10. Lán til ritsíma, tekið í Landsbankanum 20. jan. 1918 til 25 ára með bankavöxtum, 85000 kr. . . . .	4692	4488	9180
11. Lán til Landsverzlunarinnar, tekið 2. jan. 1918 með útlánsvöxtum hjá Íslandsbanka, að upphæð 1 milj. kr. . . . .	54000	. . . . .	54000
12. Lán hjá rikissjóði Dana, tekið 1. des. 1918, með 5 % vöxtum $2\frac{1}{2}$ milj. kr. .	125000	125000	250000
13. Lán hjá Háskóla Íslands, tekið 10. jan. 1919 með 5 % vöxtum, afborgunarlaust, að upphæð 1 milj. kr. . . . .	50000	50000	100000
Samtals	568219,85	495427,74	1063647,59
II. Afborganir:			
1. Af láninu frá 1908 . . . . .	33333,33	33333,34	66666,67
2. — — — 1909 . . . . .	50000	50000	100000
3. — — — 1912* . . . . .	8333,34	8333,33	16666,67
4. — — — 1912 . . . . .	33333,33	33333,34	66666,67
5. — — — 1913 . . . . .	11280,77	11741,30	23022,07
6. — — — 1916 . . . . .	4000	4000	8000
7. — ritsímaláni 1917 . . . . .	8423,63	8850,07	17273,70
8. — Skipakaupaláni . . . . .	200000	200000	400000
9. — ritsímaláni Landsbankans . . . . .	3400	3400	6800
10. — Íslandsbankaláni 1918 . . . . .	100000	. . . . .	100000
Samtals	452104,40	352991,38	805095,78
III. Framlag til Landsbankans, 7. og 8. greiðsla	100000	100000	200000

Nr. 24  
28. nóv.

8. gr.

	1920	1921	Alls
	kr.	kr.	kr.
Borðfje Hans Hátignar konungsins . . . . .	60000	60000	120000

9. gr.

Til alþingiskostnaðar veitist 240000 kr., til landsreikninga yfirskoðunar 6000 kr., alls 246000 kr.

10. gr.

Til ráðuneytisins o. fl. er veitt:

	1920	1921	Alls
	kr.	kr.	kr.
A.			
1. Til ráðherra:			
a. Laun . . . . .	24000	24000	
b. Til risnu . . . . .	2000	2000	
	26000	26000	
2. Til utanferða ráðherra . . . . .	6000	6000	
3. Laun þriggja skrifstofustjóra . . . . .	10500	10500	
4. Til aðstoðar og skrifstofukostnaðar . . . . .	43000	42000	
5. Fyrir að gegna ríkisfjehirðisstörfum . . . . .	6500	6500	
6. Til umbóta og viðhalds á stjórnarráðshúsinu og ráðherrabústaðnum . . . . .	2000	2000	
	94000	93000	187000
B.			
Hagstofa Íslands.			
1. Laun hagstofustjóra . . . . .	3500	3500	
2. — aðstoðarmanns . . . . .	2500	2500	
3. Pappír, prentun og hefting hagskýrslna . . . . .	8000	7000	
4. Prentun eyðublaða . . . . .	2000	1500	
5. Húsaleiga, hiti og ljós m. m. . . . .	1500	1500	
6. Aðstoðar- og skrifstofukostnaður . . . . .	3300	4300	
	20800	20300	41100
Flyt . . . . .			228100

		1920	1921	Alls
		kr.	kr.	k.l.
Flutt		.....	.....	228100
C.				
Gjöld í Kaupmannahöfn.				
1. Til sendiherra:				
a. Laun . . . . .	12000 12000			
b. Til húsaleigu . . . . .	2000 2000			
c. — risnu . . . . .	2000 2000			
d. — skrifstofuhalds . . . . .	12000 12000			
		28000	28000	
2. Fyrir meðferð utanríkismála . . . . .		12000	12000	
		40000	40000	80000
Samtals		.....	.....	308100

## 11. gr.

Til gjalda við dómgæsluna og lögreglustjórnina o. fl. er veitt:

		1920	1921	Alls
		kr.	kr.	kr.
A.				
Dómgæsla og lögreglustjórn.				
1. Laun:				
a. Til dómara og sýslumanna	76100 76200			
b. — hreppstjóra . . . . .	18000 18000			
		94100	94200	
2. Skrifstofukostnaður bæjarfógetans í Rvík:				
a. Laun . . . . .	9000 9000			
b. Húsaleiga . . . . .	1200 1200			
c. Hiti, ljós og ræsting . . . . .	1500 1300			
d. Ýms gjöld . . . . .	1000 800			
		12700	12300	
3. Skrifstofukostnaður lögreglustjórans í Rvík:				
a. Laun fulltrúa, 2 skrifara og innheimtumanns . . . . .	8600 8600			
b. Laun 3 tollvarða . . . . .	8800 8800			
Flyt	17400 17400	106800	106500	



Nr. 24  
28. nóv.

	1920	1921	
	kr.	kr.	
Flutt 17400 17400	106800	106500	
c. Húsaleiga . . . . .			
d. Hiti og ljós . . . . .			
e. Ýms gjöld . . . . .			
	25000	24700	
Fastir starfsmenn á skrifstofum bæjarfógeta og lögreglustjóra í Reykjavík njóta dýrtíðaruppbótar eftir reglum launalaganna.			
4. Til hegningarhússins í Reykjavík og viðhaldskostnaðar fangelsa . . . . .	5000	5000	
5. Annar sakamálakostnaður og lögreglumála m. m. . . . .	6000	6000	
6. Borgun til sjódomsmanna . . . . .	600	600	
7 — — setu- og varadómara . . . . .	400	400	
	143800	143200	
			287000
B.			
Ymisleg gjöld.			
1. Til þess að gefa út stjórnartíðindi:			
a. Þóknun fyrir útgáfu tíðinda-anna m. fl. . . . .	900	900	
b Til pappírs og prentunar . . . . .	7000	7000	
c. Til kostnaðar við sending með póstum . . . . .	1200	1200	
	9100	9100	
2. a. Endurgjald handa embættismönnum fyrir burðareyri undir embættisbrjef . . . . .	12000	12000	
b. Fyrir embættiskeyti . . . . .	40000	40000	
	52000	52000	
3. Brunaábyrgðar- og sótaragjald o. fl fyrir nokkrar opinberar byggingar . . . . .	4500	4500	
4. Til embættiseftirlitsferða . . . . .	3500	3500	
5. Þóknun fyrir aðstoð verkfróðs manns við endurskoðun á skipamælingum . . . . .	500	500	
6. Til landhelgisgæslu . . . . .	50000	50000	
7. Gjöld til yfirskattanefnda og fyrir skattvirðingar . . . . .	600	600	
8. Kostnaður við útgáfu fasteignabókar . . . . .	5000	. . . .	
Flyt	125200	120200	287000

	1920	1921	Alls
	kr.	kr.	kr.
Flutt	125200	120200	287000
9. Gjöld samkvæmt 77. og 78. gr. fátækralaga 10. nóv. 1905 . . . . .	33000	30000	
	158200	150200	308400
Samtals	. . . . .	. . . . .	595400

## 12. gr.

Til gjalda við læknaSKIPUNINA er veitt:

	1920	1921	Alls
	kr.	kr.	kr.
1. Laun . . . . .	81500	81500	163000
2. Til skrifstofukostn. landlæknis, eftir reikningi	1000	1000	2000
3. Styrkur til íbúa Ólafsfjarðar í Eyjafjarðar- sýslu, til að launa lækni, er þeir ráða til sín Fjárveiting þessi er því skilyrði bundin, að lækurinn hafi fast aðsetur í hreppnum og að hreppsúar leggi fram eigi minni upp- hæð í sama skyni.	1500	1500	3000
4. Styrkur til hreppsúa í Kolbeinsstaða-, Eyja- og Miklaholtshreppi í Hnappadalssýslu til að vitja lækni til hvers hrepps 200 kr. á ári	600	600	1200
5. Styrkur til hreppsúa í Bæjarhreppi og Ár- neshreppi í Strandasýslu til að vitja lækni, til hvors hrepps 300 kr. . . . . Styrkurinn til Árneshrepps fellur niður þegar lækur sest að í Reykjarfjarðarhjerði	600	600	1200
6. Styrkur til Öræfinga til að leita sjer lækni- hjálpur . . . . .	400	400	800
7. Styrkur til hreppsúa í Kjósarhreppi, til þess að leita sjer læknishjálpur . . . . .	200	200	400
8. Styrkur til Þingvallahreppsúa til að vitja lækni . . . . .	200	200	400
9. Styrkur til Flateyjarhreppsúa í Þingeyjar- sýslu til að vitja lækni . . . . .	100	100	200
Flyt	86100	86100	172200

Nr. 24  
28. nóv.

	1920	1021	Alls
	kr.	kr.	kr. *
Flutt	86100	86100	172200
10. Styrkur til Grimseyinga til að vitja lækni	400	400	800
11. Styrkur til Suðureyrarhrepps í Súgandafirði til að vitja lækni . . . . .	200	200	400
12. Styrkur til Klofnings- og Skarðshreppa til að vitja lækni . . . . .	300	300	600
13. Styrkur til Holts- og Haganeshrepps til að vitja lækni . . . . .	300	300	600
14. Styrkur til Breiðdalshrepps í Suðurmúlasýslu til að vitja lækni . . . . .	300	300	600
Styrkirnir til að vitja lækni greiðist hreppsnefndunum, og eru þeir enn fremur bundnir því skilyrði, að stjórninni sje árlega send skilagrein um það, á hvern hátt þeim sje varið.			
15. Styrkur til Jökuldalshrepps, Hlíðarhrepps, Tunguhrepps og Hjaltastadahrepps í Norðurmúlasýslu og Eiðahrepps í Suðurmúlasýslu til að vitja lækni, til hvers hrepps 300 kr.	1500	1500	3000
16. Til núverandi aukalækni á Ísafirði . . . .	4000	4000	8000
17. a. Styrkur til augnlækni Andrjesar Fjeldsted í Reykjavík 3000 3000			
b. Styrkur til sama manns til lækningaferða kringum landið á helstu viðkomustaði strandskipa, með því skilyrði, að hann hafi á hverri hringferð að minsta kosti hálfsmánaðar dvöl samtals á tveim hinum fjölmennustu viðkomustöðum, eftir samráði við stjórnarráðið, eftir reikningi alt að 500 500			
	3500	3500	7000
18. Styrkur til tannlækni Vilh Bernhöft í Rvík	2000	2000	4000
19. Styrkur til háls- og neflækni Ólafs Þorsteinssonar í Reykjavík. . . . .	2000	2000	4000
Styrkurinn hvort árið til lækna Andrjesar Fjeldsted, Vilh. Bernhöft og Ólafs Þorsteinssonar er bundinu því skilyrði, að þeir,			
Flyt	100600	100600	201200

			1920	1921	Alls	Nr. 24 28. nóv.
			kr.	kr.	kr.	
	Flutt		86100	86100	172200	
	hver um sig, segi stúdentunum í læknadeild háskólans til í sinni sjerfræði og veiti fátæku fólki ókeypis læknishjálp á tilteknum stað, ekki sjaldnar en 3 sinnum á mánuði.					
20.	Til starfrækslu Röntgensáhalda m. m. . . . .		6000	6000	12000	
21.	Til Gunnlaugs Claessens læknis, til að starfrækja ljóslækningastofu . . . . .		2000	2000	4000	
22.	Til Ólafs læknis Ísleifssonar í Þjórsártúni, í viðurkenningarskyni fyrir læknisstörf . . . . .		3000	. . . .	3000	
23.	Holdsvaikraspítalinn . . . . .		73700	64700	138400	
	Sá kostnaður sundurliðast þannig hvort árið:					
	1. Laun . . . . .	9500	9500			
	Þar af 300 kr. persónuleg launaviðbót til núverandi spítalalæknis.					
	2. Viðurværi 74 manna (ca. 100 a. á dag). . . . .	27000	27000			
	3. Klæðnaður . . . . .	2000	2000			
	4. Meðul og sáraumbúðir . . . . .	1800	1800			
	5. Eldsneyti . . . . .	19000	15000			
	6. Ljósmeti . . . . .	1200	1200			
	7. Húsbúnaður og áhöld. . . . .	1200	1200			
	8. Viðhald á húsum . . . . .	1500	2500			
	9. Þvottur og ræsting . . . . .	1000	1000			
	10. Greftrunarkostnaður . . . . .	300	300			
	11. Skemtanir . . . . .	500	500			
	12. Skattar o. fl. . . . .	1500	1500			
	13. Ýmisleg gjöld . . . . .	1200	1200			
	14. Til Ólafs Hjaltesteðs, upp- bót á vinnu við að setja miðstöðvarhitun í spítalann	6000				
		73700	64700			
24.	Geðveikrahælið á Kleppi . . . . .		45100	41600	86700	
	Sá kostnaður sundurliðast þannig hvort árið:					
	A. Laun læknis . . . . .	3600	3600			
	Flyt	3600	3600	230400	214900	445300

Nr. 24  
28. nóv.

			1920	1921	Alls
			kr.	kr.	kr.
	Flutt	3600 3600	230400	214900	445300
B. Önnur gjöld:					
1.	Kaup starfsmanna . .	6860 6860			
2.	Viðurværi 82 manna (ca 100 a. á dag) . .	30000 30000			
3.	Klæðnaður sjúklinga (30 kr.) . . . . .	2500 2500			
4.	Meðul og umbúðir . .	500 500			
5.	Ljós og hiti . . . . .	19000 15500			
6.	Viðhald og áhöld . .	4000 4000			
7.	Þvottur og ræsting . .	1000 1000			
8.	Skemtanir . . . . .	500 500			
9.	Skattar m. m. . . . .	900 900			
10.	Óviss gjöld . . . . .	800 800			
		69660 66160			
Par frá dragast tekjur:					
Meðgjöf með 60 sjúk-					
lingum, 100 a. á dag, 21900					
Meðgjöf með 2 sjúk-					
lingum, 200 a. á dag, 1460					
Tekjur af búinu . . . . .		1200			
		24560 24560			
Mismunur		45100 41600			
25.	Heilsuhælið á Vífilstöðum . . . . .		74040	49330	123370
Sá kostnaður sundurliðast þannig;					
A.	Laun læknis . . . . .	4000 4000			
B.	Laun aðstoðarlæknis. auk fæðis og húsnæðis . . . .	2000 2000			
C. Önnur gjöld:					
1.	Kaup starfsmanna . .	16000 16000			
2.	Viðurværi . . . . .	78840 59130			
3.	Lyf og hjúkrunar- gögn . . . . .	3000 3000			
4.	Ljós og hiti . . . . .	30000 25000			
5.	Þvottur og ræsting . .	4000 4000			
Flyt		137840 113130	304440	264230	568670

	1920	1921	Alls
	kr.	kr.	kr.
Flutt 137840 113130	304440	264230	568670
6. Viðhald húsa . . . . . 3000 3000			
7. Viðhald vjela . . . . . 3000 3000			
8. Skattar og vátrygging . . . . . 2000 2000			
9. Húsbúnaður og áhöld 4000 4000			
10. Flutningskostnaður . 3500 3500			
11. Óviss gjöld . . . . . 1000 1000			
	154340	129630	
Par frá dragast tekjur:			
Meðgjöf með 65 sjúklingum, 3 kr. á dag 71175			
Meðgjöf með 5 sjúklingum, 5 kr. á dag 9125			
	80300	80300	
Mismunur 74040 49330			
26. Til undirbúnings landsspítala . . . . .	7500	7500	15000
27. Styrkur til aðgerðar á sjúkrahúsinu »Gudmands Minde, alt að . . . . .	23000	.....	23000
28. Styrkur til viðgerðar sjúkrahússins á Patreksfirði . . . . .	2500	.....	2500
Styrkurinn er bundinn því skilyrði, að ekki minni upphæð komi annarsstaðar frá.			
29. Önnur gjöld:			
a. Styrkur til sjúkrahúsa og sjúkraskýla . . . . . 8000 8000			
Styrkurinn veitist eftir fjölda legudaga, 60 aurar fyrir hvern dag, gegn því, að hjerað það, sem sjúkrahúsið á, leggi fram eins mikið og styrknum nemur.			
b. Styrkur til þess að koma upp sjúkraskýlum á föstum læknissetrum, alt að þriðj-			
Flyt 8000 8000	337440	271730	609170



Nr. 24  
28. nóv.

			1920	1921	Alls
			kr.	kr.	kr.
	Flutt	8000 8000	337440	271730	609170
	ungi byggingarkostnaðar, þó aldrei meira en nemi 5000 kr. á hverja þúsund hjeradsbúa, og með því skilyrði, að stjórnarráðið samþykki teikningu af húsinu, eftir að hafa fengið álit landlæknis, og að sýslufjelag það eða hreppsfjelag, er sjúkraskýlið heyrir til, taki það að sjer til eignar og rekstar . . . . .	20000			
c.	Bólusetningarkostnaður . .	1500 1500			
d.	Gjöld samkv. 13. gr. í lögum 16. nóv. 1907, um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma . . . . .	8000 4000			
	Af fyrra árs veitingugreiðast bæjarsjóði Vestmannaeyja 4000 krónur til endurgjalds kostnaði við varnir gegu mislingum árið 1916 (eftirgjöf á láni).				
e.	Gjöld samkv. 25. gr. í lögum 6. nóv. 1902, um varnir gegn því, að næmir sjúkdómar berist til Íslands . .	1000 1000			
f.	Kostnaður við heilbrigðis- eftirlit lækna með alþýðuskólum . . . . .	1500 1500			
g.	Styrkur til hjeradslækna til utanferða, í því skyni að afla sjer nýrrar læknispekkingar . . . . .	3000 3000			
	Þennan styrk veitir stjórnarráðið eftir tillögum landlæknis og má hann ekki fara fram úr 250 kr.				
	Flyt	23000 39000	337440	271730	609170

	1920	1921	Alls
	kr.	kr.	• kr.
Flutt 23000 39000	337440	271730	609170
fyrir hverja mánaðardvöl erlendis			
h. Til Halldórs Hansens læknis, utanfararstyrkur . . . 4000			
i. Til Guðmundar Thorodd-sens læknis, til að framast í skurðlækningum erlendis 2000 2000			
j. Styrkur til sjúkrasamlaga 4200 4200			
Af þessum styrk greiðist sjúkrasamlagi Hins íslenska prentarafjelags alt að 200 kr. hvort árið. Styrkur þessi má þó ekki fara fram úr þeim styrk, er almenn sjúkrasamlög fá að lögum.			
k Til sjúkrasjóðs Fellshrepps í Skagafjarðarsýslu . . . 200			
l. Til sjúkrasjóðs Maríu Össurardóttur, í eitt skifti . . 1000			
m. Til sjúkra- og slysasjóðs verkamanna í fjelaginu »Dagsbrún« . . . . . 1000			
n. Til berklahjúkrunarfjelagsins »Líknar«. . . . . 1500 1500			
gegna að minsta kosti 1000 kr. framlagi frá bæjarsjóði Reykjavíkur.			
o. Styrkur handa sjúklingum með hörundsberkla, sem ekki verður átt við hjer á landi, til að leita sjer lækninga erlendis, alt að . . . 3000 3000			
Styrkur til hvers sjúklings nemi að jafnaði ekki meiru en tveim þriðju alls kostnaðar.			
p. Til Kristjáns Símonarsonar			
Flyt 39900 49700	337440	271730	609170

Nr. 24  
28. nóv.

	1920	1921	Alls
	kr.	kr.	kr.
Flutt 39900 49700	337440	271730	609170
á Hraunum til þess að leita sjer lækninga . . . . . 1500	41400	49700	91100
Samtals	378840	321430	700270

## 13. gr.

Til samgöngumála er veitt:

	1920	1921	Alls
	kr.	kr.	kr.
A. Póstmál			
1. Laun:			
a. Póstmeistara . . . . . 4000 4000			
b. 1. Póstafgreiðslumanna (5) í Reykjavík . . . . . 12100 12100			
2. Póstafgreiðslumanna ut- an Reykjavíkur, Ísafjarð- ar, Akureyrar og Seyð- isfjarðar, alt að . . . 30000 30000			
c. Brjefhírðingarmanna . . . 11000 11000			
	57100	57100	
2. Póstflutningur . . . . .	100000	100000	
<p>Af póstflutningsfjerna má verja alt að 12000 kr. hvort árið fyrir að flytja alls konar póstsendingar með skipum, sem hafa ekki fast tillag, milli Íslands og annara landa og milli hafna á Íslandi, váttryggja þær og annast skil á þeim á höfnum, og hagi skipin ferðum sínum eftir fastri fyrirfram auglýstri áætlun.</p>			
3. Annar kostnaður:			
a. Skrifstofukostnaður póst- meistara, eftir reikningi, alt að . . . . . 5000 5000			
Flyt 5000 5000	157100	157100	

				1920	1921	Alls	Nr. 24
				kr.	kr.	kr.	28. nív.
	Flutt	5000	5000	157100	157100		
b.	Skrifföng m. m. . . . .	1500	1500				
c.	Skrifstofukostnaður og aðstoð póstafréiðslumanna á stærri póstafréiðslum utan Reykjavíkur, alt að . . . .	8000	8000				
d.	Húsaleiga á stærri póstafréiðslum utan Reykjavíkur	8000	8000				
e.	Önnur gjöld . . . . .	25000	25000				
f.	Til uppþótar á launum póstmanna (annara en pósta og brjefhírða), sem ekki standa í launalögum, alt að	30000	30000				
				77500	77500		
				234600	234600	469200	
B.							
Vegabætur.							
I. Stjórn og undirbúningur vegagerða:							
1. Vegamálastjóri:							
	a. Laun . . . . .	4000	4000				
	b. Ferðakostnaður og fæðispeningar, eftir reikningi, alt að . . . . .	1500	1500				
	2. Til aðstoðarmanna og mælinga, alt að . . . . .	8000	8000				
	3. Skrifstofukostnaður . . . . .	4800	4800				
				18300	18300		
II. Flutningabrautir:							
	1. Húvetningabraut . . . . .	10000	8000				
	2. Skagfirðingabraut . . . . .	5000	18000				
	3. Grímsnessbraut . . . . .	10000	20000				
	4. Hvammstangabraut . . . . .	10000	20000				
	5. Viðhald flutningabrauta . . . . .	35000	35000				
	6. Til aðgerðar og endurbyggingar Flóabrautarinnar gegn því, að sýslan leggi fram einn þriðja kostnaðar.	25000	25000				
				95000	126000		
Flyt				113300	144300	469200	

Nr. 24  
28. nív.

		1920	1920	Alls
	Flutt	kr.	kr.	kr.
		113300	144300	469200
III. Þjóðvegir:				
1. Stykkishólmsvegur . . . . .	20000 10000			
2. Frá Gljúfurá upp Norð- urárdal . . . . .	20000 20000			
3. Langadalsvegur í Húna- vatnssýslu . . . . .	15000 15000			
4. Hróarstunguvegur . . . . .	20000 10000			
5. Vallavegur í Fljótsdals- hjeraði . . . . .	10000			
6. Vegurinn úr Hrutafjarð- arbotni í Gilsfjarðarbotn (Krossárdalsvegur) . . . . .	6000 6000			
7. Til þjóðvegur í Dalasýslu	6000 6000			
8. Öxnadalsvegur . . . . .	5000 5000			
9. Kjalarnesvegur . . . . .	10000			
10. Suðursveitarvegur í Skaftafellssýslu . . . . .	3000			
11. Aðrar vegabætur og við- hald . . . . .	32500 32500			
		127500	124500	
IV. Fjallvegir . . . . .		12000	12000	
V. 1. Til áhalda . . . . .	15000 15000			
2. Til áhalda við endurbygg- ingu Flóabrautarinnar . . . . .	30000			
		45000	15000	
VI. Tillög til akfærra sýsluvega, alt að gegn að minsta kosti jafnmiklu tillagi annarsstaðar frá og öðrum þeim skilyrð- um, sem sett eru í reglugerð nr. 3, 3. janúar 1916.		50000	50000	
VII. Til þess að ryðja akfæran veg frá Kópa- skersvogi inn að Jökulsárbrú í Öxarfirði, gegn að minsta kosti jafnmiklu tillagi annarsstaðar frá (endurveiting) . . . . .		1000	1000	
VIII. Til dragferjuhalds á Hjeraðsvötnum . . . . .		300	300	
IX. Til dragferjuhalds á Lagarfljóti . . . . .		500	500	
X. Til dragferju á Þverá hjá Hemlu . . . . .			6000	
XI. Til dragferju á Skjálfafljóti hjá Bergs-				
	Flyt	349600	353600	469200

	1920	1921	Alls	Nr. 24 28. nóv.
	kr	kr.	kr.	
Flutt	349600	353600	469200	
staðaeý, gegn því, er til vantar, annars- staðar frá (endurveiting)	.....	1000		
	349600	354600	704200	
C.				
I. Til strandferða:				
1. Til strandferðaskipanna »Sterlings« og »Suður- lands«, eftir áætlunum, er ríkisstjórnin semur með samráði við Eim- skipafjelag Íslands, alt að . . . . .	75000	75000		
2. Til Þorsteins kaupmanns Jónssonar og Co. . . . .	100000	100000		
	175000	175000		
Styrkurinn undir 2. lið veitist með þeim skilyrðum:				
a. Til ferðanna sje haft skip, sem sje minst 250 smálestir (Reg. ton) að stærð, hafi rúm fyrir 40—60 farþega á 1. og 2. farrými og 2—300 farþega á 3. farrými, undir þiljum.				
b. Skipið sigli eftir áætlun, sem þingið samþykkir.				
c. Gjaldskrá fyrir farþega og flutning sje eigi hærrí en hjá Eimskipafjelagi Íslands.				
Landsstjórnin gangi ríkt eftir, að skilyrðum þessum sje fullnægt, og greiði því að eins styrkinn, að enginn misbrestur verði á því.				
II. Til bátaferða á flóum, fjörðum og vötnum:				
1. Til ferða um Faxaflóa veitist h/f Eggert Ólafsson, samkv. framkomnu tilboði, alt að . . . . .	20000	20000		
	Flyt 20000	20000	1173400	
	175000	175000		

Nr. 24  
28. nóv.

	1920	1921	Alls
	kr.	kr.	kr
Flutt 20000 20000	175000	175000	1173400
2. Til ferða um Breiðafjörð, alt að . . . . . 18000 18000			
3. Til ferða um Ísafjarðar- djúp, alt að . . . . . 9000 9000			
4. Til Skafftellingabáts, alt að 18000 18000			
5. Til vjelbátsferða við Rang- ársand, alt að . . . . . 1800 1800			
6. Til vjelbátsferða milli Pat- reksfjarðar og Rauðasands, alt að . . . . . 800 800			
7. Til Lagarflijótsbáts, alt að 800 800			
8. Til vjelbátsferða meðfram Mýrasýslu, alt að . . . . 800 800			
9. Til vjelbátsferða á Hvítá í Borgarfirði, alt að . . . 300 300			
	69500	69500	
	244500	244500	489000
Styrkir þessir veitast með þeim skil- yrðum:			
1. Að hlutaðeigandi hjeradsstjórn sendi stjórnarráðinu, eigi síðar en 6 vikum áður en ferðirnar hefjast, skjöl þau, er hjer greinir:			
a. Vottorð skipaskoðunarmanna um, að bátarnir sjeu traustir, vel útbúnir og hentugir til ferðanna.			
b. Uppkast að ferðaáætlun bátsins eða bátanna.			
c. Uppkast að gjaldskrá fyrir fólks- flutning og vöruflutning.			
d. Áætlun um tekjur og gjöld bátsins eða bátanna.			
2. Að stjórnarráðið samþykki skjöl þau, sem nefnd eru undir tölul. 1. a.—d., án breytinga eða með breytingum, sem hlutaðeigandi hjeradsstjórn síðar fellst á.			
Flyt	.....	.....	1662400



	1920	1921	Alls
	kr.	kr.	kr.
Flutt	.....	.....	1662400
3. Að landssjóðsstyrkurinn nemi ekki meiru fyrir hvern einstakan bát en hálfum rekstrarkostnaði bátsins, samkvæmt reikningi, er stjórnarráðið samþykki fyrir hvert einstakt útgerðartímabil.			
4. Að útgerðarmenn bátanna sjái um, að reikningsfærslan verði samkvæmt fyrir-mælum stjórnarráðsins, og að eyðu-blöð, sem það lætur í tje, verði rjett útfyllt			
5. Að útgerðarmenn sendi stjórnarráðinu reikninga bátanna áður en síðasti, fjórði, hluti styrksins útborgast.			
6. Að þeir bátar undir II lið, sem hafa fasta ferðaáætlun og halda eiga dag-bók, sendi stjórnarráðinu í lok hvers mánaðar, á meðan bátarnir ganga eftir ferðaáætluninni, staðfestan útdrátt úr dagbók sinni, er sýni hvar strandferða-bátur er staddur á hverjum degi og tíma.			
8. Breiðafjarðarbátnum skal skylt að koma við í Skógarnesi og á Búðum í 2 ferð-um frá Reykjavík og til Reykjavíkur.			
D.			
Hraðskeyta og talsimasamband.			
I. Ritsimafjelagið mikla norræna, umsamið árgjald (til 1925) . . . . .	35000	35000	
II. Til viðauka símakerfa, smærri efniskaupa o. fl. . . . .	20000	20000	
III Til lagningar nýrra lína:			
a. Egilsstaðir—Borgarfjörður 60000			
b. Akureyri—Grenivík . . . 28500			
c. Blönduós--Kálfshamarsvík 56000			
Flyt 144500	55000	55000	1662400

Nr. 24  
28. nív.

		1920	1921	Alls
		kr.	kr.	kr.
	Flutt 144500	55000	55000	1662400
d. Hólmavík—Reykjarfjörður (Kúvíkur) . . . . .	75000			
e. Búðardalur—Króksfjarðar- nes . . . . .	90000			
		144500	165000	
<p>Símalínurnar undir stafflið c — e. verði því að eins lagðar, að trygging sje fyrir, að ný lína, lögð fyrir lánsfje, komi jafnframt frá Reykjavík til Borðeyrar. Að öðrum kosti má verja fjárupphæðunum, sem til þeirra eru ætlaðar, til lagningar þeirrar línu.</p>				
IV. Til starfrækslu landsímanna m. m.:				
1. a. Laun landsímastjóra .	3500 3500			
b. Persónuleg launaviðbót	1500 1500			
2. Laun símaverkfræðings .	3200 3200			
3. Aðstoð og annarkostnaður	5000 5000			
4. Ritsímastöðin í Reykjavík	50000 50000			
5. Práðlausa stöðin við Rvík	9000 9000			
6. Áhaldá- og efnisvörður .	3000 3000			
7. Ritsímastöðin á Akureyri ásamt bæjarsímakerfinu .	18000 20000			
8. Ritsímastöðin á Seyðis- firði ásamt bæjarsíma- kerfinu . . . . .	22000 22000			
9. Ritsímastöðin á Ísafirði, ásamt bæjarsímakerfinu .	13000 13000			
10. Símastöðin á Borðeyri .	8000 8000			
11. Símastöðin í Hafnarfirði alt að . . . . .	2500 2500			
12. Símastöðin í Vestmanna- eyjum, alt að . . . . .	3500 3500			
13. Símastöðin í Flatey . .	2500 2500			
14. Símastöðin á Siglufirði .	3500 3500			
15. Til aukaritsímaþjónustu .	2000 2000			
16. Til símastöðvarstjóra á Siglufirði, uppbót á laun- um . . . . .	1200			
	Flyt 151400 152200	1995000	220000	1662400

	1920	1921	Alls
	kr.	kr.	kj.
Flutt 151400 152200	199500	220000	1662400
17. Gjöld til eftirlitsstöðvar og aðrar talsímastöðvar. 18000 18000			
18. Til uppbótar á launum símafólks, sem ekki stendur í launalögum, alt að 49000 49000			
	218400	219200	
V. Eyðublöð, prentkostnaður, ritföng m. m.	25000	25000	
VI. Viðbót og viðhald stöðvanna . . . . .	10000	10000	
VII. Kostnaður við ferðalög vegna starfrækslunnar, eftir reikningi, alt að . . . . .	6000	6000	
VIII. Viðhald landsímanna . . . . .	50000	50000	
XI. Tillag til alþjóðaskrifstofunnar í Bern . . . . .	550	550	
	509450	530750	1040200
E.			
Vitamál			
I. Stjórn og undirbúningur vitamála:			
1. Laun vitamálastjóra . . . . .	4000	4000	
Hann sje umsjónarmaður vitanna og einnig ókeypis til verkfræðilegrar aðstoðar landsstjórnar, hjeradsstjórnnum og bæjarstjórnnum, eftir ákvæðum landsstjórnar.			
2. Til verkfróðrar aðstoðar . . . . .	3000	3000	
3. Til skrifstofuhalds, eftir reikningi, alt að . . . . .	3000	3000	
4. Ferðakostnaður og fæðispeningar, eftir reikningi, alt að . . . . .	1500	1500	
	11500	11500	
II			
1. Laun vitavarða eftir launalögum áætlað . . . . .	5000	5000	
2. Laun vitavarða, sem ekki standa í launalögum . . . . .	9100	10550	
	14100	15550	
Flyt	25600	27050	2702600

Nr. 24  
28. nóv.

	1920	1921	Alls
	kr.	kr.	kr.
Flutt	25600	27050	2702600
III. Reksturskostnaður vitanna . . . . .	28200	31200	
IV. Bygging nýrra vita:			
1. Svalvogaviti . . . . . 17500			
2. Galtarviti . . . . . 23500			
Þar í kaupverð jarðarinnar Keflavíkur í Suðureyrarhreppi og bygging húss handa vitaverði			
3. Gjögurviti . . . . . 35300			
4. Hríseyjarviti . . . . . 19000			
Fjárveitingin er bundin því skilyrði, að annarsstaðar frá komi fje það, er nauðsynlegt er til að reisa jafnframt vita á Hjalteyri og Svalbarðseyri, enda skal framkvæma það eftir fyrirsögn vitamálastjóra.			
5. Kambanesviti . . . . . 20000			
6. Strætishornsviti . . . . . 20000			
7. Papeyjarviti . . . . . 19000			
Fjárveitingarnar til Strætishorns og Papeyjarvita eru bundnar því skilyrði, að annarsstaðar frá komi það fje, sem þarf til þess að reisa jafnframt vita á Karlsstaðatanga, Djúpavogi og Hrómundarey.			
8. Stokksnesviti . . . . . 35300			
9. Hvanneyjarviti . . . . . 6000			
	140300	55300	
V. Sjómerki, þar með talið viðhald sæluhúsa	3000	3000	
VI Ýmislegt . . . . .	5000	5000	
	202100	121550	323650
Samtals	. . . .	. . . .	3026250

Til kirkju- og kenslumála er ætlað:

		1920	1921	Alls
		kr.	kr.	kr.
A.				
Andlega stjettin.				
a.	1. Laun biskups . . . . .	5000	5000	
	2. Skrifstofukostnaður, eftir reikningi . . . . .	1000	1000	
		6000	6000	
b.	Önnur útgjöld:			
	1. Til prestakalla samkvæmt lögum 27. febrúar 1880, 1. gr. . . . .	1006,41	1006,41	
	2. a. Til bráðabirgðauppbótar á braudum . . . . .	4000	3500	
	b. Uppbót á árið 1919. . . . .	500		
	3. Til Björns Stefánssonar prests, uppbót á húsbótarkostnaði . . . . .	1200		
	4. Til Jónmundar prests Halldórssonar á Stað í Grunnavík, uppbót á byggingarkostnaði á prestssetrinu . . . . .	10000		
	Veitingarnar undir 3. og 4. lið eru bundnar því skilyrði, að hús og mannvirki verði jarðar eign.			
	5. Viðbót við eftirgöngu þau, er fátækir uppgjafaprestar og prestsekkjur njóta samkvæmt lögum . . . . .	5000	5000	
	6. Framlag til prestlaunarsjóðs . . . . .	35000	35000	
	7. Til útgáfu ársskýrslu fyrir hina íslensku þjóðkirkju . . . . .		400	
	8. Ferðastyrkur handa			
Flyt		56706,41	44906,41	
		6000	6000	

Nr. 24  
28. nóv.

	1920	1921	Alls
	kr.	kr.	kr.
Flutt 56706,41 44906,41	6000	6000	
prestum til að sækja			
Synodus . . . . . 1200 1200			
	57906,41	46106,41	
Styrkurinn greiðist, eftir tillögum biskups, þeim prestum, er Synodus sækja og heima eiga utan Rangárvalla-, Arnes-, Kjalar-ness-, Borgarfjarðar og Mýrprófastsdæma, þó aldrei meira en 100 kr. til hvers.			
	63906,41	52106,41	116012,82
B.			
Kenslumál			
I. Til háskólans:			
a. Laun . . . . .	45350	46633,33	
b. Til prófessors Einars Arnórssonar, viðaukalaun . . . . .	2550	2400	
c. Styrkur til dócents Magnúsar Jónssonar til rannsókna á kirkjusögu Íslands . . . . .	1500	1500	
d. Aukakensla:			
1. Til hjeraðslæknisins í Reykjavík . . . . . 1500 1500			
2. Til kennarans í laga- legri læknisfræði . . . . . 500 500			
3. Til kennara í Got- nesku, engilsaxnesku og germönskum fræð- um . . . . . 3500 3500			
	5500	5500	
e. Styrktarfje:			
1. Námsstyrkur . . . . . 15000 15000			
2. Húsaleigustyrkur . . . . . 7000 7000			
	22000	22000	
Húsaleigustyrk og námsstyrk má að eins veita reglusömum og efna- litlum stúdentum, 175 kr. mest um árið í húsaleigustyrk og 560 kr. mest í námsstyrk. Húsaleigustyrk má			
Flyt	76900	78033,33	116012,82

	1920	1921	Alls
	kr.	kr.	kr.
Flutt venjulega að eins veita utanbæjarstúdentum.	76900	78033,33	116012,82
f. Til læknadeildar:			
1. Kaup kensluáhalda . . . . . 800 800			
2. Umbúðir við ókeyppis klinik . . . . . 200 200			
	1000	1000	
g. Fyrir starf við gerlarannsókn og kenslu í efnafræði . . . . .	2000	2000	
h. Hiti, ljós, ræsting og vjalgæsla . .	1500	1500	
i. Önnur gjöld:			
1. a. Laun ritara . . . . . 800 800			
b. Dýrtíðaruppbót . . . . . 500 500			
2. a. Laun dyravarðar, auk hlunninda, sem hann hefir áður notið . . . . . 1600 1600			
b. Dýrtíðaruppbót . . . . . 1000 1000			
3. Einkalaunabót núver. dyravarðar, er hann lætur af leikfimi- kenslu við Mentaskól- ann . . . . . 1200 1200			
4. Ýms gjöld . . . . . 1500 1500			
	6600	6600	
	88000	89133,33	177133,33
II. Námsstyrkur til íslenskra stúdenta í erlendum skólum . . . . .	8000	8000	16000
þó ekki yfir 1200 kr. handa hverjum. Sækja mega þeir hvern viðurkendan háskóla á Norðurlöndum og í helstu menningarlöndum öðrum, en senda verða þeir stjórninni hjer skilríki fyrir því, að þeir stundi nokkurt það háskólanám, sem þeir fá eigi kenslu í við Háskóla Íslands. Af þessu fje fær Anna Bjarnadóttir,			
Flyt	.....	.....	309146,15



Nr. 24  
28. nóv.

		1920	1921	Alls
	Flutt	kr.	kr.	kr.
Sæmundssonar, jafnan styrk sem aðrir stúdentar.		.....	.....	309146,15
III. Mentaskólinn almenni:				
a. Laun . . . . .		22000	22000	
b. Aðstoðarfje:				
1. Handa fimleikakennara . . . . .	1200 1200			
Hann kennir auk þess leikfimi og líkamsfræði í Kennaraskólanum.				
2. Til dyravarðar . . . . .	1000 1000			
3. a. Til söngkennara . . . . .	600 600			
b. Dýrtíðaruppbót . . . . .	400 400			
		3200	3200	
c. Önnur gjöld:				
1. Til bókasafns skólans . . . . .	400 400			
2. Til bókasafns skólapilta . . . . .	200			
3. Til eldiviðar, ljósa og ræstingar . . . . .	6500 5000			
4. Til skólahússins utan og innan . . . . .	3000 2000			
5. Til tímakenslu og til prófdómenda, alt að . . . . .	11500 11500			
6. Húsaleigustyrkur handa 36 lærisveinum, 50 kr. handa hverjum . . . . .	1800 1800			
7. Námsstyrkur . . . . .	2000 2000			
8. Læknispóknun . . . . .	200 200			
9. Til visindalegra áhalda við kensluna . . . . .	300 300			
10. Ýmisleg útgjöld . . . . .	2000 2000			
11. Til þess að gefa út kenslubækur handa				
Flyt 27900 25200		25200	25200	309146,15

	1920	1921	Alls
	kr.	kr.	kr.
Flutt 27900 25200	25200	25200	309146,15
Mentaskólanum, alt að 80 kr. fyrir örk- ina . . . . . 1000 1000			
12. Til áhalda við fim- leikakenslu . . . . . 100 100			
13. Til verðlaunabóka . . . . . 100 100			
	29100	26400	
Húsaleigustyrk og námsstyrk má að eins veita efnilegum, reglusömum og efnalitlum nemendum. Húsaleigu- styrkur sje venjulega að eins veittur utanbæjarmönnum, og að námsstyrk gangi utanbæjarmenn fyrir innanbæjar- mönnum, að öðru jöfnu. Finni stjórn- in, í samráði við kennara skólans, aðra leið til að afla skólanum fjár í þessu skyni, t. d. með skólagjöldum, má þessi styrkur lækka að því skapi.			
	54300	51600	105900
IV. Gagnfræðaskólinn á Akureyri:			
a. Laun . . . . .	9600	9600	
Af þessari upphæð eru persónuleg- ar launaviðbætur til núverandi 1. kennara 400 kr., 2. kennara 200 kr. og 3. kennara 400 kr.			
b. Önnur gjöld:			
1 a. Til aukakennara þriggja . . . . . 2400 2400			
b. Dýrtíðaruppbót . . . . . 1600 1600			
2. Tímakensla . . . . . 1800 1800			
3. Til bóka og kenslu- áhalda . . . . . 1000 1000			
4 Til eldiviðar og ljósa 2000 2000			
5. Námsstyrkur . . . . . 800 800			
Utanbæjarnemendur gangi að styrk fyrir			
Flyt 9600 9600	9600	9600	415046,15

Nr. 24  
28. nóv.

		1920	1921	Alls
		kr.	kr.	kr.
	Flutt 9600 9600	9600	9600	415046,15
	innanbæjarnemendur að öðru jöfðu.			
6. a.	Til dyravörslu . . . . . 600 600			
b.	Dýrtíðaruppbót . . . . . 400 400			
7.	Til skólahússins utan og innan . . . . . 6000 2000			
8.	Til ýmislegra gjalda 1000 1000			
		17600	13600	
		27200	23200	50400
<b>V. Kennaraskólinn:</b>				
a.	Laun . . . . .	7000	7000	
	Par af persónulegar launaviðbætur handa 1. og 2. kennara 200 kr. til hvors.			
b.	Önnur gjöld:			
1.	Tímakensla . . . . . 2500 2500			
2.	Eldiviður og ljós . . . . . 4000 3600			
3.	Bókakaup og áhöld . . . . . 300 300			
4.	Námsstyrkur . . . . . 3000 3000			
	Utanbæjarnemendur gangi að styrk fyrir innanbæjarnemendum að öðru jöfðu.			
5.	Til viðhalds . . . . . 1000 1000			
6.	Ýmisleg gjöld . . . . . 2000 2000			
		12800	12400	
		19800	19400	39200
<b>VI. Stýrimannaskólinn:</b>				
a.	Laun . . . . .	4400	4400	
b.	Önnur gjöld:			
1.	Til tímakenslu . . . . . 8600 8600			
2.	Til útgáfu íslenskrar siglingafræði . . . . . 2000 2000			
		4400	4400	504646,15
	Flyt 10600 10600			

	1920	1921	Alls
	kr.	kr	kr.
Flutt 10600 10600	4400	4400	504646,15
3. Til eldiviðar og ljósa 4000 3500			
4. Ýmisleg gjöld . . . 2000 2000			
	16600	16100	
	21000	20500	41500
VII. Til vjelstjóráskólans:			
a. Laun . . . . .	2400	2400	
b. Önnur gjöld:			
1. Til tímakenslu . . . 1500 1500			
2. Húsnæði m. m. . . . 1200 1200			
3. Ljós og hiti . . . . 1000 800			
4. Ýmiss kostnaður . . . 500 500			
	4200	4000	
	6600	6400	13000
VIII. Til bændakenslu:			
1. Til bændaskólans á Hólum:			
a. Laun . . . . .	2700	2700	
b. 1. Til aðstoðarkennara 1000 1000			
2. Dýrtíðaruppbót . . . 600 600			
	1600	1600	
c. Til smíða- og dráttlistarkenslu . .	1000	1000	
d. Önnur gjöld:			
1. Til verklegs náms, alt að . . . . . 1400 1400			
2. Til kensluáhalda . . . 500 500			
3. Tileldiviðar og ljósa 3000 2500			
4. Ýmisleg gjöld . . . 1000 1000			
5. Til undirbúnings raforkuveitu . . . . . 5000			
	5900	10400	
	11200	15700	26900
2. Til bændaskólans á Hvanneyri:			
a. Laun . . . . .	2700	2700	
b. 1. Til aðstoðarkenslu 1000 1000			
2. Dýrtíðaruppbót . . . 600 600			
	1600	1600	
Flyt	4300	4300	586046,15

Nr. 24  
28. nóv.

	1920	1921	Alls
	kr.	kr.	kr.
Flutt	4300	4300	586046,15
c. Til smíða- og leikfímiskenslu . . .	800	800	
d. Önnur gjöld:			
1. Til verklegs náms,			
alt að . . . . . 1400 1400			
2. Til kensluáhalda . . . . . 500 500			
3. Til eldiviðar og ljósa . . . . . 3000 2500			
4. Ýmisleg gjöld . . . . . 1500 1500			
	6400	5900	
<p>Styrkurinn til verklegs náms við bændaskólana á Hólum og Hvanneyri veitist nemendum, sem stunda verknám, samkvæmt samningi, eigi skemur en 6 vikur á ári og skila skólanum dagbókum um vinnubrögðin yfir námstímann, og nemi styrkurinn aldrei hærri upphæð á hvern nemanda en 12 kr. fyrir hverja viku námstímans.</p> <p>Styrkinn má að eins greiða eftir á, samkvæmt skýrslu um námið, og sje í henni getið, hve háan vikustyrk hver nemandi skal fá.</p>			
	11500	11000	22500
3. Til skólahalds á Eιδum:			
a. Laun . . . . .	4600	4600	
b. Til aðstoðarkenslu . . . . .	2000	2000	
c. Önnur gjöld:			
1. Til búnaðarnáms . . . . . 1200 1200			
2. Til kensluáhalda . . . . . 500 500			
3. Til eldiviðar og ljósa . . . . . 3000 2500			
	4700	4200	
	11300	10800	22100
Flyt	.....	.....	630646,15

	1920	1921	Alls
	kr.	kr.	kr.
Flutt	.....	.....	630646,15
IX. Til iðnfræðslu:			
25. Við D. IV. 6. Til uppbótar á launum áhalda- og efnisvarðar landsímans . . . . .	—	1200,00
26. Til að kaupa sæ- og jarðsíma til vara . . . . .	—	43832,59
27. Við E. II. Launaviðbót handa vitavörðum 1919 . . . . .	—	2000,00
28. Til að reisa Straumnesvita . . . . .	—	22000,00
29. Til þokulúðurs á Dalatanga og aðgerðar á íbúðarhúsi þar 1918 . . . . .	—	4472,77
30. Til að reisa Selvogsvita . . . . .	—	21000,00
	Samtals	kr. 313124,21

## 6. gr.

Sem viðbót við 14. gr. fjárlaganna (kirkju og kenslumál)	veitast	128989
kr. 12 a.		
1. Við A b. 5. Til Sigurðar prests Guðmundssonar, verðbætur á húsi hans á Vatnsenda . . . . .	kr.	1000,00
2. Við B. I e. 1. og 2. 50 % uppbót á náms- og húsaleigustyrk nemenda háskólans 1917—1918 . . . . .	—	6500,00
3. Við B. IV. Fyrir móófna handa kennaraskólanum 1918 . . . . .	—	1781,92
4. Við B. IV. Til útgáfu uppeldisfræði . . . . .	—	800,00
5. Við B. VI. Til forstöðumanns vjelst.skólans til utanfarar 1919 . . . . .	—	3000,00
6. Við B. VII. 2. Til viðgerðar skólahúsi o. fl. á Hvanneyri 1918 . . . . .	—	9094,58
7. Við B. VII. 2. Til að reisa íbúðarhús þar 1919 . . . . .	—	60000,00
8. Við B. VII. 3. Til ýmsra aðgerða til undirbúnings skólahaldi á Eiðum o. fl. 1919 . . . . .	—	16000,00
9. Styrkur til Hólmfríðar Árnadóttur til að afla sjer kennaramentunar í Vesturheimi . . . . .	—	1500,00
10. Við B. XIV. a. Viðbótarstyrkur til ungmennaskólans á Núpi í Dýrafirði 1919 . . . . .	—	750,00
11. Við B. XVI. Andvirði húseignarinnar Sólheima, að frádregnum veðskuldum, 1918 . . . . .	—	20925,31
12. Við B. XVI. Viðgerð á sama húsi 1918 . . . . .	—	330,19
13. Við B. XIX. Viðbótarstyrkur til Stefáns Eiríkssonar trjeskera 1919 . . . . .	—	500,00
14. Til dómkirkjunnar í Reykjavík 1918 . . . . .	—	2074,12
15. Fyrir land undir kirkjugarð í Reykjavík 1918 og 1919 m. m. . . . .	—	4733,00
	Samtals	kr. 128989,12

## 7. gr.

Nr. 27  
28. nóv.

Sem viðbót við 15. gr. (vísindi, bókmentir og listir) veitast 64500 kr.

1. Við 3. c. Til húsgagnakaupa . . . . .	kr.	1200,00
2. Við 3. d. Til að gera umgerð um málverk . . . . .	—	600,00
3. Við 3. g. Viðb. við styrk til þjóðmenjavarðar til utanfarar 1918 . . . . .	—	1000,00
4. Við 21. a. Viðbótarstyrkur til Guðm. Magnússonar skálds 1918 . . . . .	—	400,00
5. Við 21. a. ——— - Guðm. Guðmundss. skálds 1918 . . . . .	—	400,00
6. Við 21. f. Til byggingar listasafns Einars Jónssonar . . . . .	—	20000,00
7. Við 41. Viðbótarstyrkur til Helga H. Eiríkssonar til fullkomnunar í námufraeði og til framhaldsnáms . . . . .	—	2000,00
8. Til Trausta Ólafssonar til efnafræðisnáms . . . . .	—	1200,00
9. Við 46. Til landmælinga á Íslandi . . . . .	—	10000,00
10. Styrkur til útgáfu íslensk danskra orðabókar . . . . .	—	15000,00
11. Til Guðbrands Jónssonar til rannsóknar kirkjugrunna 1918 . . . . .	—	1000,00
12. Til utanfarar tveggja lögfræðinga á lögfræðingafund Norðurlanda . . . . .	—	5000,00
13. Til utanfarar læknis á fund berklalækna . . . . .	—	2500,00
14. Utanfararstyrkur guðfræðings á guðfræðingafund . . . . .	—	1200,00
15. Utanfararstyrkur til organleikara Sigfúsar Einarssonar . . . . .	—	3000,00
	Samtals kr.	64500,00

## 8. gr.

Sem viðbót við 16. gr. fjárlaganna (verkleg fyrirtæki) veitast 39247 kr. 60 a.

1. Fyrir sendiferð björgunarskipisins »Geir« til Skaftáróss vegna Kötlugossins 1918 . . . . .	kr.	22752,00
2. Til vatnsleitar og undirbúnings vatnsveitu í Vestmannaeyjum (endurveiting), gegn því er til vantar annarsstaðar frá, alt að . . . . .	—	5000,00
3. Til verkfræðingafjelags Íslands til námsskeiðs fyrir mælingamenn 1918 . . . . .	—	855,60
4. Launaviðbót handa Þorsteini Guðmundssyni yfirfiskimatsmanni, frá 1. jan. 1919 . . . . .	—	600,00
5. Við 44. Viðbótarstyrkur til bryggjunnar á Húsavík . . . . .	—	800,00
6. Til að fullgera akfæran veg frá kolanámunni í Gunnarsstaðargróf í Strandasýslu og til verkfæraakaupa . . . . .	—	1200,00
7. Við 40. Til brimbrjóts í Bolungarvík, alt að . . . . .	—	8000,00
	Samtals kr.	39247,60

## 9. gr.

Sem viðbót við 18. gr. fjárlaganna (eftirlaun og styrktarfje) veitast 2366 kr. 67 a.

1. Eftirlaun V. Claessens landsfjehirðis frá 1. sept. til 31. des. 1918 . . . . .	kr.	400,00
	Flyt kr.	400,00

Nr. 27		Flutt	kr.	
28. nóv.	2. Viðbót við styrktarfje frú Elinborgar Kristjáns­son í okt. og nóv. 1918 . . . . .	—	400,00	
	3. Styrkur handa ekkju dr. Björns Bjarnasonar frá Viðfirði, Gyðriði Þorvaldsdóttur, og 3 börnum þeirra . . . . .	—	66,67	
	4. Styrkur handa ekkju Guðm. skálds Magnússonar, Guðrúnu Sigurðardóttur, 1919 . . . . .	—	600,00	
	5. Styrkur handa ekkju Jóhanns Kristjáns­sonar ættfræðings, Petreu Jónsdóttur, 1919 . . . . .	—	300,00	
	6. Styrkur handa ekkju síra Lárusar Halldórssonar, Arnbjörgu Einar­sdóttur, 1919 . . . . .	—	300,00	
	7. Eftirlaun til Eliesers Eiríkssonar pósts, 1919 . . . . .	—	500,00	
			200,00	
		Samtals	kr.	2366,67

## 10. gr.

Sem viðbót við 19. gr. fjárlaganna (óviss útgjöld) veitast 10543 kr. 69 a.

1. Uppbót á dýrtíðarkolum til Akureyrarkaupstaðar . . . . .	kr.	9847,69
2. Til Patrekshrepps til endurgreiðsla á nokkrum hluta vörutolls fyrir vatnsleiðslupípur . . . . .	—	696,00
	Samtals	kr. 10543,69

## 11. gr.

Landsstjórninni veitist heimild til að ábyrgjast alt að 2 miljón kr. lán fyrir Reykjavíkurbæ til fyrirhugaðrar rafveitu.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

**Gefið á Amalíuborg, 28. nóvember 1919.**

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

**Christian R.**

(L. S.)

*Sig. Eggerz.*

**Lög**Nr. 27  
28. nóv.

um

**aðflutningsgjald af kolum.**

**Vjer Christian hinn Tíundi**, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,  
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvik, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,  
Láenberg og Aldinborg,

*Gjörum kunnugt*: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki voru:

## 1. gr.

Landsstjórninni er heimilt að halda áfram einkasölu á kolum fyrst um sinn meðan henta þykir, en er einkasala hættir skal greiða 10 kr gjald í ríkissjóð af hverri smálest kola sem flutt er til landsins. Brot úr smálest, er nemur helmingi eða meiru, telst heil smálest, en minna broti skal slept.

## 2. gr.

Um innheimtu gjalds þessa, reikningsskil, viðurlög við röngum skýrslum og annað, er lýtur að gjaldi þessu, fer eftirir ákvæðum vörutollslaganna.

## 3. gr.

Lög þessi falla úr gildi við næstu áramót eftir það, að unninn er upp halli sá, er stafar af kolakaupum landsstjórnar vegna styrjaldarinnar.

Meðan gjald það er greitt, sem ræðir um í 1. gr., fellur niður vörutollur sá, sem nú er á kolum.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

**Gefið á Amalúborg, 28. nóvember 1919.**

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

**Christian R.**

(L. S.)

*Sig. Eggerz.*

# Lög

um

breyting á 1. gr. laga um vitagjald frá 11. júlí 1911.

**Vjer Christian hinn Tíundi**, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,  
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettismerki,  
Láenberg og Aldinborg.

*Gjörum kunnugt*: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

## 1. gr.

Fyrsta grein laga um vitagjald frá 11. júlí 1911 skal vera sem hjer segir:

Fyrir hvert skip, sem hefir fullkomið þilfar eða gangvjel og tekur höfn á Íslandi eða haldið er úti frá landinu, skal greiða vitagjald, 1 kr. af hverri smálest af rúmmáli skipsins, og skal hálf lest og þaðan af stærra brot talin heil, en minna broti slept. Skemtiferðaskip, sem flytja engan farm fyrir borgun, annan en farþega, skulu greiða 40 aura í vitagjald af hverri smálest.

Undanþegin gjaldi þessu eru herskip og skip, sem leita hafnar í neyð, en taka engan farm úr landi nje úr öðrum skipum, nje heldur flytja farm í land eða önnur skip, enda hafi sannast í sjóprófi eða annari lögfullri sönnun, að þau hafi verið í nauðum stödd af árekstri eða sjóskemmdum, af veikindum eða farmskekkju eða ófriði.

Vitagjald skal greiða í hverri ferð, sem skip kemur frá útlöndum, og skal það int af hendi á fyrstu höfn, er skipið tekur hjer við land. Skip, sem að eins eru höfð til innanlandssiglinga eða haldið er úti til fiskjar af landsmönnum, greiða vitagjald einu sinni á ári, þó aldrei minna en 10 kr. Árgjaldið greiðist í byrjun útgerðartímans, þar sem skipið er skrásett.

Stjórnarráð Íslands hefir heimild til að semja við stjórnir annara ríkja um vitagjald fyrir fiskiskip, er þaðan eru gerð út til fiskveiða hjer við land.

## 2. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 55, 26. okt. 1917, um breyting á 1. grein laga um vitagjald frá 11. júlí 1911.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1920.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

**Gefið á Amaliuborg, 28. nóvember 1919.**

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

**Christian R.**

(L. S.)

*Sig. Eggerz.*

**Lög**

um

breyting á lögum nr. 22, 14. des 1877, um húsaskatt.

**Vjer Christian hinn Tíundi**, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvik, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettsmerki, Láenborg og Aldenborg.

*Gjörum kunnugt*: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Í stað orðanna »1½ króna« í 1. gr. laga nr. 22, 14. des. 1877, um húsa-skatt, komi: 3 krónur.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1920 og gilda til ársloka 1921.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

**Gefið á Amaliuborg, 28. nóvember 1919.**

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

**Christian R.**

(L. S.)

*Sig. Eggerz.*

# Lög

um

gjald af innlendri vindlagerð og tilbúningi á konfekt og brjóstsykri.

**Vjer Christian hinn Tíundi**, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenberg og Aldinborg,

*Gjörum kunnugt*: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

## 1. gr.

Enginn má reka innlenda vindlagerð nje tilbúning á konfekt og brjóstsykri til sölu, hve rrar tegundar sem er, nema tekið hafi leyfisbrjef hjá lögreglustjóra, þar sem framleiðslan fer frum. Fyrir leyfisbrjefið skal gjalda 100 kr. til bæjarsjóðs eða sveitarsjóðs. Akvæði þetta gildir einnig um þá, sem nú reka vindla-, konfekt- eða brjóstsykursgerð.

## 2 gr.

Fyrir hvert tví pund (kg.) af tóbaksvindlum eða vindlingum, sem eru tilbúnir hjer á landi, skal greiða í ríkissjóð gjald, er nemi helmingi aðflutningsgjalds af vindlum eða vindlingum eftir tollögum þeim, er í hvert sinn gilda. Fyrir hvert tví pund (kg.) af brjóstsykri og konfekt, sem er tilbúið hjer á landi, skal greiða í ríkissjóð gjald, sem nemi þriðjungi aðflutningsgjalds þess, sem af þeim vörutegundum ber að greiða samkvæmt tollögum.

## 3. gr.

Framleiðandi skal greiða gjaldið til hlutaðeigandi lögreglustjóra áður en varan er látin burt frá honum, seld eða send til umboðssölu.

Af birgðum þeim, sem fyrir liggja af innlendum konfekt og brjóstsykri þegar lög þessi öðlast gildi, skal gjaldið einnig greitt, og skal hver sá, sem slíkan varning hefir til sölu, senda lögreglustjóra sínum innan viku drengskaparvottorð um það, hve miklar birgðir hann hefir, og greiða jafnframt gjaldið.

## 4. gr.

Vörugerðarmenn mega ekki selja minna í einu af vörum þeim, er ræðir um í lögum þessum, en nemi 25 kr. virði. Að öðru leyti setur stjórnarráðið reglugerð um vörugerðina og afhendingu og sölu varanna, að svo miklu leyti, sem þurfa þykir til að tryggja gjaldheimtu á þeim.

## 5. gr.

Brot gegn fyrirmælum 1., 3. og 4. greinar, eða reglum þeim, er stjórnarráðið setur samkvæmt 4. gr., varða sektum, alt að 500 krónum. Stjórnarráðinu er heimilt, auk hegningarsekta, að leggja dagsektir við brotum á reglugerðinni. Nú verður vörugerðarmaður uppvís að því, að hafa sagt rangt til um vörugerð sína eða birgðir, eða selt er af birgðum. Án þess að gjaldið sje greitt, og varðar það þann, sem brotið hefir, sektum frá 100—1000 krónum, og gjaldi auk þess þrefalda upphæð gjalds þess, er hann hefir reynt að draga undan. Heimta má gjaldheimtumaður æru- og samviskuvottorð vörugerðarmanns um framtal vöru.

## 6. gr.

Vörur þær, sem gjaldskyldar eru samkvæmt lögum þessum, skulu vera að veði fyrir gjaldinu og sektum. Sjeu rjett skil ekki gerð, getur lögreglustjóri selt þær birgðir, sem fyrir finnast, án undangengins lögtaks eða fjárnáms, til lúkningar gjaldi og sektum. Það skal gera á uppboði, er boðað sje með viku fyrirvara, og má lögreglustjóri krefjast borgunar við hamarshögg. Nú næst eigi til þeirrar vöru, er gjaldið átti af að greiða, og má þá, án undanfarandi birtingar, gera lögtak fyrir gjaldi og sektum í öðrum eignum gjaldanda.

## 7. gr.

Mál, er rísa út af brotum gegn lögum þessum, skal fara með sem almenn lögreglumál. Sektir allar renna í rikissjóð. Þó skal sá fá helming sektar, sem veldur því með frásögn sinni, að uppvís verður undandráttur á gjaldi.

## 8. gr.

Fyrir gjaldheimtum og sektum eftir lögum þessum skal lögreglustjóri gera reikning samkvæmt þeim reglum, sem settar eru eða settar verða um op-inber reikningsskil.

## 9. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 41, 16. nóv. 1907.

## 10. gr.

Lög þessi öðlast gildi jafnskjótt og út er gefin reglugjörð sú, er um ræðir í lögum þessum.

Eftir þessu eiga allir hlutadeigendur sjer að hegða.

**Gefið á Amalfuborg, 28. nóvember 1919.**

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

**Christian R.**

(L S.)

*Sig. Eggerz.*



# Lög

um

breyting á 55. gr. laga nr. 16, 11. júlí 1911, um aukatekjur landsjóðs.

**Vjer Christian hinn Tiundi**, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,  
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvik, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,  
Låenberg og Aldinborg,

*Gjörum kunnugt*: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

55. gr. aukatekjulaganna orðist svo:

Fyrir að rita á skjöl verslunarskipa og vöru- og mannflutningaskipa og fyrir að láta af hendi þau skilríki, er skipin eiga að fá á Íslandi, skal greiða 1 kr. af hverri smálest af rúmi skipsins, þannig að  $\frac{1}{2}$  smálest eða þar yfir ber að telja heila lest, en sleppa því, sem minna er en  $\frac{1}{2}$  smálest; skal greiða gjald þetta á hinni fyrstu höfn á Íslandi, er skipið kemur á til þess að taka á móti vörum eða fólki, eða til þess að skipa upp vörum eða skjóta fólki á land. Nú kemur skipið á aðrar hafnir í sömu ferðinni, og skal þá eigi gjald greiða á þeim höfnum fyrir að rannsaka og rita á skjöl þess, eða fyrir nýjar farmskrár, þar með talin löggilding vöruskoðunarvotta.

Skip, sem eru 30 smálestir eða meira og að eins höfð til innanlandssiglinga, eða haldið er úti til fiskjar af landsmönnum, greiða gjald þetta einu sinni á ári. Skal það goldið í byrjun útgerðartímans, þar sem skipið er skrásett.

Skip, sem skrásett eru í Danmörku og koma hingað eingöngu til fiskveiða, skulu greiða 1 kr. af hverri smálest á fyrstu höfn, er þau taka, þó eigi nema einu sinni á ári.

Önnur útlend skip, sem koma hingað eingöngu vegna fiskveiða, skulu greiða 50 au. af hverri smálest á fyrstu höfn, er þau taka, þó eigi nema einu sinni á ári.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1920.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

**Gefið á Amalíuborg, 28. nóvember 1919.**

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

**Christian R.**

(L. S.)

*Sig. Eggerz.*

# Lög

um

hækkun á vörutolli.

**Vjer Christian hinn Tíundi**, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,  
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvik, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,  
Láenberg og Aldinborg,

*Gjörum kunnugt*: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki voru:

## 1. gr.

Gjald það, er ræðir um í lögum nr. 30, 22. okt. 1912, lögum nr. 45, 2. nóv. 1914, og lögum nr. 3, 5. júní 1918, skal hækka um 50%.

## 2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1920.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

**Gefið á Amalúborg, 28. nóvember 1919.**

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

**Christian R.**

(L. S.)

*Sig. Eggerz.*

Nr. 34  
28. nóv.

# Lög

um

framlenging á gildi laga nr. 30, 22. okt. 1912, laga nr. 44, 2. nóv. 1914, laga nr. 45, s. d. og laga nr. 3, 5. júní 1918.

**Vjer Christian hinn Tíundi**, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

*Gjörum kunnugt*: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

## 1. gr.

Lög nr. 30, 22. okt. 1912, um vörutoll, ásamt lögum nr. 44 og 45 frá 2. nóv. 1914 (sbr. lög nr. 43 s. d.), svo og lög nr. 3, 5. júní 1918, um hækkun á vörutolli, skulu vera í gildi til ársloka 1921, með þeim viðauka, að fiskumbúðir úr striga, sem eru endursendar, skulu taldar með vörum þeim, er samkvæmt 1. gr. laga nr. 30, 22. okt. 1912, eru undanþegnar vörutolli.

## 2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1920.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

**Gefið á Amalúborg, 28 nóvember 1919.**

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

**Christian R.**

(L S.)

*Sig. Eggerz.*

# Lög

Nr. 35  
28. nóv.

um

bráðabirgðainnflutningsgjald af síldartunnum og efni í þær,

**Vjer Christian hinn Tíundi**, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,  
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvik, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,  
Láenberg og Aldinborg,

*Gjörum kunnugt:* Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki voru.

1. gr.

Af hverri síldartunnu af venjulegri stærð, sem flutt er til landsins eða inn í landhelgi til ísöltunar, skal, hvort sem hún er í heilu lagi eða stöfum, greiða í ríkissjóð 5 — fimm — króna gjald, og hlutfallslega meira eða minna ef tunnan er stærri eða minni, þó þannig, að mismunur til eða frá undir  $\frac{1}{4}$  venjulegrar tunnustærðar kemur ekki til greina. Enn fremur skal greiða í ríkissjóð 5 króna gjald af hverjum 20 kílógrömmum af efni í síldartunnur, sem flutt er til landsins eða inn í landhelgi. Ef ágreiningur ris um það, hvað sje síldartunna eða efni í síldartunnu, gefur stjórnarráðið endanlegan úrskurð um það.

2. gr.

Um innheimtu gjalds þessa, sektir, málsmeðferð, reikningsskil og alt annað, er þar að lýtur, skal fara eftir ákvæðum laga nr. 30, 22. okt. 1912, um vöru-toll, að því undanskildu, að innheimtulaun skulu vera 2 $\frac{1}{2}$ %.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað og gilda til 31. desember 1919. Vöru-tollur sá, sem nú er á síldartunnum og efni í þær, fellur burt.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

**Gefið á Amaluborg, 28. nóvember 1919.**

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

**Christian R.**

(L. S.)

*Sig. Eggerz.*

Nr. 36  
28. nóv.

# Lög

um

## Þingfararkaup alþingismanna.

**Vjer Christian hinn Tíundi**, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slesvik, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenberg og Aldinborg,

*Gjörum kunnugt*: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru.

### 1. gr.

Alþingismenn skulu hafa 12 kr. þóknun daglega, bæði fyrir þann tíma, sem þeir sitja á Alþingi, og þann tíma, sem fer til ferða að heiman til þings og heim af þingi.

### 2. gr.

Ferðakostnað fá alþingismenn, sem búsettir eru utan Reykjavíkur, endurgoldinn ettir reikningi.

Sameinað Alþingi kýs nefnd, sem úrskurðar þingfararkaupsreikninga alþingismanna, en forsetar þingsins ávísar upphæðunum.

### 3. gr.

Auk hinnar daglegu þóknunar fá alþingismenn samskonar uppbót á henni eins og embættismenn landsins fá á launum sínum samkvæmt launalögum.

### 4. gr.

Gjöld samkvæmt lögum þessum greiðast úr rikissjóði.

### 5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1920. Þó skal dýrtíðaruppbót sú, er um getur í 3. gr., greiðast frá 1. júlí 1919 af núverandi kaupi, og ferðakostnaður alþingismanna 1919 eftir ákvæðum 2. gr.

6. gr.

Nr. 36  
28. nóv.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 10, 22. okt. 1912, um þingfararkaup alþingismanna.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

**Gefið á Amalíuborg, 28. nóvember 1919.**

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

**Christian R**

(L. S.)

*Jón Magnússon.*

**Lög**

um

breyting á lögum nr. 1, 2. jan. 1917.

Nr. 37  
28. nóv.

**Vjer Christian hinn Tíundi**, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmaeri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg.

*Gjörum kunnugt:* Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru.

Fyrri málslíður 2. gr. hljóði svo:

Ráðherrar hafa 10000 kr. í árslaun. Auk þess skal sá ráðherrann, sem er forseti ráðuneytisins, hafa leigulausan bústað og 4000 kr. í risnufje á ári.

Launaákvæði laga þessara skulu gilda frá 1. júlí 1919.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða

**Gefið á Amalíuborg, 28. nóvember 1919.**

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

**Christian R.**

(L. S.)

*Jón Magnússon.*

# Lög

um

samþyktir um akfæra sýslu- og hreppavegi.

**Vjer Christian hinn Tíundi**, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,  
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvik, Holtsetalands, Stórmæri, Þjettmerski,  
Láenberg og Aldinborg,

*Gjörum kunnugt*: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

## 1. gr.

Heimilt er sýslunefndum að gera samþyktir, fyrir stærri eða minni svæði innan sýslu, um akfæra sýslu- og hreppavegi.

## 2. gr.

Þegar sýslunefnd þykir þörf á eða fær óskir um það frá einni sveitarstjórn eða fleirum innan sýslu, samkvæmt álit og tillögum vegamálastjóra, að gera samþyktir fyrir sýslu eða nokkurn hluta hennar, skal hún, með nægum fyrirvara, kveðja til fundar á svæði því, sem ætlast er til að samþyktin nái yfir. Eiga atkvæðisrjett á þeim fundi allir, er á því svæði búa og kosningarrjett hafa til Alþingis. Sýslunefnd kveður á um fundarstað, en oddviti hennar eða sá, er nefndin hefir kjörið til þess, tiltekur fundardag og stjórnar fundi. Skal hann hafa kjörskrá við hendina.

## 3. gr.

Á fundi þeim, er getur um í 2. gr., leggur fundarstjóri fram frumvarp til samþyktar, er áður hefir verið samþykkt af sýslunefndinni. Fallist fundarmenn á frumvarpið óbreytt með  $\frac{2}{3}$  hlutum atkvæða, sendir sýslumaður það stjórnarráðinu til staðfestingar og löggildingar. Eins fer um frumvarpið, þótt fundurinn geri við það breytingar, ef þær eru samþyktar með  $\frac{2}{3}$  hlutum atkvæða og sýslunefnd fellst á þær. En vilji sýslunefndin ekki fallast á breytingartillögur, er fundurinn gerir, skal kveðja til fundar á ný. Fallist þá fundurinn á frumvarpið óbreytt með  $\frac{2}{3}$  hlutum atkvæða, fer um það sem fyr segir.

Frumvarp til samþyktar, er eigi hefir náð  $\frac{2}{3}$  hlutum atkvæða á samþyktarfundi, er fallið og má eigi koma fram að nýju í sýslunefnd fyr en á næsta aðalfundi sýslunefndar.

## 4. gr.

Nr. 38  
28. nóv.

Nú er samþykkt gerð eins og fyrir er mælt og send stjórnarráðinu til staðfestingar. Virðist stjórnarráðinu hún koma í bága við grundvallarreglur laga eða rjett manna, er samþykktin endursend án staðfestingar. Fylgja henni þá synjunarástæður stjórnarráðsins. Að öðrum kosti staðfestir stjórnarráðið samþykktina, skipar fyrir um birting hennar og tiltekur, hve nær hún öðlist gildi. Gildir hún upp frá því fyrir alla þá, er á því svæði búa, er hún nær yfir.

Samþykkt, er stjórnarráðið hefir staðfest, má eigi breyta á annan hátt en hún var stofnuð

## 5. gr.

Í samþykkt skulu vera ákvæði um stjórn vegamála á samþyktarsvæðinu og hreppsvegagjöld, sem eigi þurfa að vera bundin við hámark vegalaganna. Heimilt er að áskilja í samþykkt framlög til vega eftir jarðardýrleika eða lausafjáreign, eða hvorutveggja, eftir því sem hentast þykir.

## 6. gr.

Gjöldum til vega samkv. samþykktum fylgir lögtaksrjettur eftir lögum nr. 29, 16. des. 1885.

## 7. gr.

Fyrir brot gegn samþykkt má ákveða sektir, alt að 200 kr., er renna í sveitarsjóð þar sem brotið er framið, og fer um mál út af slíkum brotum sem um almenn lögreglumál.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

**Gefið á Amalfuborg, 28. nóvember 1919.**

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

**Christian R.**

(L. S.)

---

*Sigurður Jónsson.*



Nr. 39  
28. nóv.

# Lög

um

breyting á hafnarlögum fyrir Vestmannaeyjar, nr. 60,  
frá 10. nóvember 1913.

**Vjer Christian hinn Tíundi**, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,  
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvik, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,  
Láenberg og Aldinborg,

*Gjörum kunnugt*: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

## 1. gr.

Til hafnargerðar í Vestmannaeyjum, eftir áætlun, er landsstjórnin samþykkir, veitast úr ríkissjóði alt að 350000 — þrjú hundruð og fimtíu þúsund — krónur, gegn þreföldu fjárframlagi úr hafnarsjóði Vestmannaeyja. Fjárhæð þessi greiðist bæjarstjórn Vestmannaeyja að sömu tiltölu og hafnarsjóður leggur fram til fyrirtækisins árlega.

## 2. gr.

Landsstjórninni veitist heimild til að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs alt að 1050000 — tíu hundruð og fimtíu þúsund — króna lán, er bæjarstjórn Vestmannaeyja kann að fá til hafnargerðar.

Tillagið úr ríkissjóði og ábyrgð ríkissjóðs er bundið því skilyrði, að yfirmsjón með verkinu og reikningshaldinu sje falin manni, sem stjórnarráðið samþykkir.

## 3. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi númin 1. og 2. gr. í hafnarlögum fyrir Vestmannaeyjar, nr. 60, 10. nóv. 1913, og lög nr. 63, frá 3. nóv. 1915, um breytingu á þeim lögum.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

**Gefið á Amalfuborg, 28. nóvember 1919.**

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

**Christian R.**

(L. S.)

*Sigurður Jónsson.*

# Lög

um

## forkaupsrjett á jörðum

**Vjer Christian hinn Tíundi.** af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,  
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvik, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,  
Láenberg og Aldinborg,

*Gjörum kunnugt:* Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

### 1. gr.

Þegar jarðeign sem er í bygging, gengur kaupum og sölum, skal hún fyrst boðin til kaups leiguliða. Vilji hann framhalda ábúðinni og borga jafnmikil verð fyrir jörðina eins og aðrir, þá skal hann hafa rjett til að ná kaupum á henni fyrir það verð, enda sje honum eigi gerð erfðari borgunarkjör, eða aðrir skilmálar, en í raun og veru standa til boða hjá öðrum.

Nú hefir ábúandi sagt jörð lausri, eða honum verið löglega bygt út frá næstu fardögum, og heldur hann þá forkaupsrjetti, það sem eftir er af ábúdartíð hans, meðan jörð er óbygð. En frá þeim tíma á sá forkaupsrjettinn, sem ætlar að taka jörðina til ábúðar næsta fardagaár og hefir fengið bygging fyrir henni.

Nú eru ábúendur á jarðeign þeirri, er selja skal, fleiri en einn, og skal þá bjóða hana alla sjerhverjum þeirra til kaups. Vilji fleiri en einn þeirra kaupa þá skal sá ganga fyrir, sem áður kann að eiga eitthvað í jörðinni, en annars ræður eigandi hverjum þeirra hann selur.

### 2. gr.

Nú er jörð til sölu, sem er í sjálfsábúð, og á enginn þeirra, er í 1. gr. getur, forkaupsrött; á þá sveitarfjelag það, er hún liggur í, forkaupsrjettinn, að öðru jöfnu. Hið sama gildir, ef afrjettarlönd eða óbygð lönd, er nota má til afrjetta, eru seld út af fyrir sig, að þá á sveitarfjelag eða sveitarfjelög þau, er landið liggur undir, forkaupsrjettinn.

### 3. gr.

Nú eru ítök, skógar vatnsnot eða önnur jarðargögn, sem skilin eru eða skilin verða frá jörðu, önnur en laxveiði og silungsveiði, seld eða leigð út af fyrir sig, og á þá sá forgangsrjett til kaups eða leigu, er land á undir.

Nr. 40

28. nóv.

4. gr.

Nú afsalar sá sjer forkaupsrjetti, er hann hefir samkvæmt 1. eða 2. gr., og öðlast þá sveitarfjelag það, er jörð eða jarðargögn liggja í, forkaupsrjettinn.

5. gr.

Sá, er neyta vill forkaupsrjettar, skal segja til þess innan hálfis mánaðar frá því er honum voru boðin kaupin, ella má öðrum selja. Sama er og um leigurjett samkvæmt 3. gr.

Rjett er að bjóða sveitarfjelagi kaup, að frágengnum þeim, er forkaupsrjettinn á, þótt hann sje enn eigi búinn að afsala sjer forkaupsrjettinum.

Yfirlýsing þess, er forgangsrjett á samkvæmt 1., 2. og 3. gr., um að hann afsali sjer forgangsrjettinum, gildir eigi lengur en 6 mánuði.

6. gr.

Ef eigi er gætt fyrirmælanna í 1.—7. gr., getur sá, er forgangsrjettur hans er fyrir borð borinn, krafist þess, að gerningur sá, sem í bága fer við ákvarðanir þessar, sje ógildur metinn gagnvart honum, og á hann rjett á að ganga inn í kaupin eða leiguna, enda sje lögsókn til þess hafin innan 6 mánaða frá því, er hann fjekk vitneskju um misfelluna, og málinu fram haldið með hæfilegum hraða. Auk þess ber seljanda að bæta rjetthafa tjón það, er hann kann að hafa beðið af broti gegn ákvæðum laga þessara.

7. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 30, 20. okt. 1905, um forkaupsrjett leiguliða o. fl.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

**Gefið á Amalúborg, 28 nóvember 1919.**

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

**Christian R.**

(L. S.)

*Sigurður Jónsson*

## Lög

um

## landamerki o. fl.

**Vjer Christian hinn Tíundi**, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,  
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvik, Holtsetalandi, Stórmæri Þjettmerski,  
Láenborg og Aldinborg,

*Gjörum kunnugt*: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

## I. kafli.

*Um gerð landamerkja, merkjalýsing og viðhald.*

## 1. gr.

Þar, sem eigi eru af völdum náttúrunnar glögg merki milli jarða, er eigendum þeirra eða fyrirvarsmönnum skylt að setja slik merki, svo sem með girðingum, skurðum eða vörðum með hæfilegu millibili, enda hafi eigi áður verið sett greinileg merki, er löglega sje við haldið. Sama er um merki milli jarða og afrjetta eða annara óbygðra lendna, ef sá krefst þess, er land á að afrjetti eða lendu. Með sama hætti skal og setja merki um lönd hjáleigna, húsmannabýla og þurrabúða utan kaupstaða og löggiltra kauptúna, ef skift land fylgir þeim, svo og um aðrar lendur eða landhluta, sem skift er úr landi jarðar.

Skylt er mönnum, er lönd þeirra liggja saman, að leggja vinnu og efni til merkjagerða, en eigi nær sú skylda lengra en til að gera merki glögg.

Nú skilur menn á um það, hversu hver skuli leggja til merkjagerðar, og skulu þá úttektarmenn skera úr. Nú ris ágreiningur um merkjagerð, og er sitt land í hvorum hreppi, en þó í sama lögsagnarumdæmi, og nefnir sýslumaður þá 2 lögráða, valinkunna og óhlutdræga menn til að skera úr. Ef lönd liggja í sínu lögsagnarumdæmi hvort, þá skal sýslumaður (bæjarfógeti) í hvoru þeirra nefna sinn manninn hvor, en ef þá greinir á, nefnir ráðherra oddamann.

## 2. gr.

Eigandi lands eða fyrirvarsmaður skal gera glöggva skrá um landamerki, eins og hann veit þau rjettust. Skal þar og getið ítaka og hlunninda í land það, svo og þeirra ítaka og hlunninda, er því landi fylgja í lönd annara manna. Merkjalýsingu þessa skal hann sýna hverjum þeim, sem land á til móts við hann, eða fyrirvarsmanni hans, svo og aðiljum ítaka og hlunninda samkvæmt framan-skráðu. Rita skulu þeir samþykki sitt á merkjaskrá, nema þeir telji hana ranga,

Nr. 41 enda skal þess þá getið, ef einhver þeirra vill eigi samþykkja. Að þessu loknu 28.nóv. skal merkjaskrá afhent hreppstjóra ásamt þinglýsingar og stimpilgjaldi. Skal hann athuga, hvort allir aðiljar hafi ritað á hana samþykki sitt, og geta þess á skránni, og síðan fá sýslumanni hana til þinglýsingar á næsta manntalsþingi.

Nú hefir merkjaskrá verið löglega gerð og þinglesin áður en lög þessi koma til framkvæmdar, og þarf þá eigi að gera hana að nýju, enda sjeu merki þau glögg og ágreiningslaus, er þá voru sett.

### 3. gr.

Eiganda lands, eða fyrirsvarsmanni þess, er skylt að halda við löglega settum merkjum að sömu tiltölu sem í 1. gr. segir um merkjagerð. Ef ágrein- ingur verður um hluttöku í viðhaldi landamerkja, fer um hann samkvæmt regl- um, sem í 1. gr. getur.

### 4. gr.

Nú er landamerkjum breytt með samningi, landskiftum eða á annan lög- mætan hátt, og fer þá um merkjagerð, merkjaskrá, þinglýsingu hennar og við- hald merkja samkvæmt 1.—3. gr.

Dóm um landamerki skal dómhafi láta þinglýsa sem merkjaskrá á næsta manntalsþingi eftir dómsuppsögn, enda hafi dóminum eigi áður verið áfrýjað. Nú hefir dómi eigi orðið þinglýst á næsta manntalsþingi eftir dómsuppsögn, og skal honum þá lýst á næsta manntalsþingi þar frá.

### 5. gr.

Í lögsagnarumdæmi hverju skal vera löggilt landamerkjabók, og skal valdsmaður í hana rita alla þinglýsta gerninga og dóma um landamerki. Ráð- herra getur sett nánari fyrirmæli um skipulag landamerkjabóka.

### 6. gr.

Jafnskjótt sem lög þessi koma til framkvæmda skulu valdsmenn, hver í sínu umdæmi, rannsaka það, hvort merkjaskrár þar hafi þinglýst verið. Nú kemur það í ljós, að merkjaskrár hefir eigi verið þinglýst eða að samþykki sumra aðilja vantar á þinglýsta merkjaskrá, og skal valdsmaður þá bjóða land- eiganda, eða fyrirsvarsmanni hans, að gera merkjaskrá innan ákveðins tíma og að láta þinglýsa henni lögum þessum samkvæmt.

Á manntalsþingum skulu valdsmenn grenslast eftir því, hvort ákvæðum laga þessara um merkjagerð, merkjaskrár og viðhald merkja sje fylgt. Svo skal hreppstjóri, hver í sínum hreppi, hafa gætur á hinu sama og skýra valdsmanni frá því, ef hann kemst að misbresti í þeim efnum.

### 7. gr.

Nú hefir maður eigi fullnægt ákvæðum 1.—3. gr laga þessara á næstu

2 árum frá því, er þau komu til framkvæmda, eða hann gerist síðar sekur Nr. 41 um brot á þeim, og skal hann þá sæta sektum, alt að 200 krónum, er renni 28. nóv. í sveitarsjóð. Sömu eru viðurlög, ef maður brýtur ákvæði 4. gr. og 6. gr. 1. málsgr. 2. málsl.

Mál út af brotum á 1.—4. og 6. gr. 1. málsgr. 2. málsl. laga þessara skulu sæta sömu meðferð sem almenn lögglumál.

## II. kafli.

### *Um meðferð landamerkjamála.*

#### 8. gr.

Nú fær valdsmaður ábyggilega vitneskju um, að ágreiningur, er hann telur máli skifta, sje um landamerki eða ítaks, eða merkjaskrá er eigi afhent til þinglýsingar samkvæmt fyrirmælum laga þessara, og kveður valdsmaður þá aðilja þeirrar sakar á dómþing, er haldið skal í þinghá, þar sem bæði löndin eða annaðhvort þeirra liggur. Á því þingi skulu aðiljar lýsa kröfum sínum, og skulu þær bókaðar. Síðan skal valdsmaður leita sátta með aðiljum. Nú kemst sáttt á, og skal þá bóka hana, enda skulu landamerki þar tilgreind, og skal sátttinni síðan þinglýst lögum þessum samkvæmt. Valdsmaður ákveður, hversu fer um greiðslu á þóknun til hans og ferðakostnað, ef aðiljar verða eigi ásáttir um það.

Ef lönd liggja hvort í sínu lögsagnarumdæmi, ákveður ráðherra, í hvoru þeirra fari skuli með málið.

#### 9. gr.

Ef sáttatilraun samkvæmt 8. gr. verður árangurslaus, þá skal valdsmaður þegar nefna í dóm 4 lögráða, óvilhalla og valinkunna menn. Ryðja aðiljar sínum hvor úr dómi, en hinir 2, er eftir verða, skipa merkjadóm með valdsmanni, og stýrir hann dóminum. Nú ryður aðili eigi dóm að sínum hluta, og skal þá valdsmaður gera það í hans stað.

Nú kemur krafa um það, að dómandi víki úr dómarsæti, eftir að dómruðning hefir farið fram, og skal þá dómstjóri úrskurða þá kröfu.

Nú missir meðdómanda við síðar, og skal valdsmaður þá nefna 3 menn í stað hans í dóm, enda fer um ruðning sem áður greinir.

Ef meðdómanda verða forföll, þá skal hann skýra dómstjóra frá því svo fljótt sem unt er.

Hver maður, sem er yngri en 60 ára og sjálfum sjer ráðandi, heill og hraustur, er skyldur að taka sæti í merkjadómi.

Um viðurlög og bætur fyrir afbrot merkjadómenda fer eftir sömu reglum sem um afbrot embættis- og sýslunarmanna.

Nr. 41 Dómstjóri kveður á um, hvor aðilja skuli greiða kostnað af dómsathöfn  
28. nóv. hverri, og greiðist hann þegar að athöfn lokinni. Kostnað þennan má taka lögtaki.

Þóknun og ferðakostnaður fyrir hvern dag eða hluta úr degi, er dómandi  
er að merkjadómsstörfum, skal ákveðin í dóminum, og má skjóta því ákvæði til  
hæstarjettar sjerstaklega.

#### 10. gr.

Nú er merkjadómur skipaður, og skal þá dómstjóri ákveða næsta þing-  
hald í málinu og tilkynna meðdómendum þá ákvörðun. Eigi má það þinghald  
síðar vera en 9 mánuðum eftir fyrsta þinghald. Skulu aðiljar í öðru þinghaldi  
leggja í dóm gögn sín, leiða vitni og útlista mál sitt. Þá skulu og dómendur og  
aðiljar, og einnig vitni, ef nauðsyn þykir, enda sje þingið háð á varnarþingi  
vitnanna, ganga á merki og athuga landsháttu og landsnytjar, eftir því sem þörf  
og kostur er á. Skal jafnan svo til haga, að jörð sje auð, ef mál er svo vaxið,  
að annars kostar komi skoðunargerðin eigi að fullum notum. Skal málf lutningi  
lokið á því þingi, nema dóminum þyki aðilja nauðsyn bera til þess að fá frest  
til að afla gagna, enda hafi hann eigi áður mátt gera það. Skal dómur upp  
kveðinn þegar eftir að málf lutningi er lokið, og ávalt áður en liðnir eru 3 sól-  
hringar þar frá.

#### 11. gr.

Merkjadómi ræður afl atkvæða. Í dómi skal skýrt ákveðið um landa-  
merki eða merki ítaka, sbr. 8. gr., og er hann gild merkjaskrá. Í merkjadómi  
skal og ákveðið, hvernig fara skuli um greiðslu málskostnaðar. Fullnægja má  
merkjadómi sem öðrum dómi.

#### 12. gr.

Skylt er eiganda lands eða fyrirsvarsmanni, búsettum utan þess sýslu-  
fjelags, þar sem land liggur, að tilnefna umboðsmann, er búsettur sje í því sýslu-  
fjelagi, og er rjett að stefna þeim umboðsmanni í landamerkjamáli. Tilkynna  
skal valdsmanni, hver umboðsmaður sje, og skal það skrá í fasteignaskrá.

Nú er vanrækt að tilkynna valdsmanni, hver umboðsmaður sje, sam-  
kvæmt 1. málsg., og skal valdsmaður þá skipa aðilja einhvern lögráðan, valin-  
kunnan mann til þess að taka við stefnu og halda uppi málstað hans í merkja-  
máli. Skylt er hverjum manni, sem er yngri en 60 ára, sjálfum sjer ráðandi,  
heill og hraustur, að hlíta slíkri skipun.

#### 13. gr.

Nú sækir aðili eða umboðsmaður hans eigi merkjadómþing, og skal þá  
valdsmaður skipa honum einhvern skynsaman og valinkunnan mann til þess að  
fara með mál hans, enda skal þing heyja engu að síður. Skal valdsmaður svo  
sem kostur er á, skipa aðilja talsmann þann, er málinu sje kunnugur og aðilja  
hlyntur. Um skyldu til að hlíta slíkri skipun fer eftir 12. gr. 2. málsg.

## 14. gr.

Frestir allir í merkjamálum skulu vera sem í gestarjettarmálum, nema öðruvísi sje sjerstaklega um mælt í lögum þessum. Reglan um, að óstefndur skuli vera ónefndur, og N. L. 1—13—13, gildir ekki.

Um meðferð merkjamála fer annars eftir almennum málfutningsreglum einkamála, að svo miklu leyti sem við á og eigi er öðruvísi um mælt í lögum þessum.

## 15. gr.

Merkjadómi má skjóta til hæstarjettar áður liðnir sjeu 6 mánuðir frá dómsuppsögn. Áfrýjunarleyfi má eigi veita eftir að liðnir eru 12 mánuðir frá sama tíma. Hæstirjettur gerir annaðhvort að staðfesta merkjadóm eða fella hann úr gildi, sbr. þó 9. gr. síðustu málsgr., og skal málinu þá vísað heim og merkjadómur skyldaður til að taka málið upp af nýju. Hæstirjettur kveður á um greiðslu kostnaðar af málskotinu.

Eigi þarf að stefna dómendum í merkjadómi, þegar honum er áfrýjað, nema gerð sje krafa á hendur þeim til ábyrgðar fyrir málsmeðferð þeirra eða dóm.

## III. kafl i.

*Um áreiðar og vettvangsmál.*

## 16. gr.

Nú verður ágreiningur um ítök, önnur en þau, er í 8. gr. getur, eða um önnur slík afnot lánða, um vatnsveitu og afnot vatns, um lóðarmerki í kaupstöðum eða löggiltum kauptúnum, um kvaðir á húseignum eða lóðum, þakrennur, ræsi, stjettir eða þesskonar, og skal dómari þá, áður en málið er tekið undir dóm nefna 4 meðdómendur, enda telji hann nauðsyn bera til að skoða þrætustaðinn. Um meðdómendur og dómruðning gilda ákvæði 9. gr. Skulu dómendur allir skoða þrætustaðinn, og skal veita aðiljum kost á að vera viðstaddir skoðunargerðina. Skyld er vitnum og að ganga á þrætustaðinn undir sama skilorði, sem áður segir í 10. gr. Um dómsuppsögn skal og fara sem í 10. gr. er mælt.

## 17. gr.

Nú telur dómari nauðsynlegt, að gerður sje uppdráttur af þrætustaðnum, og skal hann þá kveða upp úrskurð um það. Síðan nefnir hann, ef aðili óskar þess, mann til þess að gera uppdráttinn, er síðan skal staðfesta fyrir dómi á venjulegan hátt, ef annar hvor aðilja vefengir hann.

Nú hefir uppdráttur eigi verið gerður samkvæmt 1. málsgr., og á þá að vísa málinu frá dómi, nema sakaratriði það, er uppdrátturinn skyldi hafa skýrt, sje alt að einu nægilega ljóst.



Um höfðun og meðferð mála þeirra, sem í þessum kafla greinir, fer að öðru eftir almennum reglum. Þó skulu ákvæði 14. gr. 1. málgr. og 15. gr. síðari málgr. einnig gilda í þessum málum.

## IV. kafla.

*Almenn ákvæði.*

## 19. gr.

Pegar málum þeim er í II. og III. kafla laga þessara getur, er áfrýjað til æðra dóms, skal uppdráttur af þrætulandi eða þrætustað fylgja dómsgerðum málsins.

Nú fylgir enginn slíkur uppdráttur, og æðri dómur telur sjer eigi unt að leggja dóm á málið þess vegna, og skal hann þá kveða upp úrskurð um það, að málinu skuli fresta ákveðinn tíma, er nægilegur sje eftir mati dómsins til þess að afla uppdráttarins. Að frestinum liðnum tekur dómurinn málið fyrir af nýju, og ef uppdráttur, gerður og staðfestur samkvæmt 17. gr., er þá eigi lagður fram, skal vísa málinu frá dómi.

## 20. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1920. Með öll þau mál, sem í II. og III. kafla greinir, skal fara samkvæmt þeim, ef stefna er útgefin eftir 1. jan. 1920.

## 21. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin N. L. 1—7—1. sbr. tilsk. 3. júní 1796, 24. gr., að því leyti sem hann varðar óðals- og eignaprætur, og 1—16, sbr. kgsbr. 2. maí 1732, tilsk. 31. mars 1719, 4. gr. tilsk. 11. júlí 1800, 20. gr., lög nr. 5, 17. mars 1882, og lög nr. 31, 2. des. 1887, svo og öll önnur ákvæði í lögum, er koma í bága við lög þessi. Þó skulu lög nr. 35, 2. nóv. 1914, um mælingu og skrásetningu lóða og landa í lögsagnarumdæmi Reykjavíkur, vera framvegis í gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

**Gefið á Amalífuborg, 28. nóvember 1919.**

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

**Christian R.**

(L. S.)

*Sigurður Jónsson.*

# Lög

Nr. 42  
28. nóv.

um

## samþyktir um stofnun eftirlits- og fóðurbirgðafjelaga.

**Vjer Christian hinn Tíundi**, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,  
Vinda og Gauta, hertogi af Sljesvik, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,  
Láenberg og Aldinborg,

*Gjörum kunnugt*: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

### 1. gr.

Heimilt er sýslunefnd að gera samþyktir fyrir einn eða fleiri hreppa, innan sýslu, um eftirlits- og fóðurforðafjelög.

### 2. gr.

Nú vilja menn koma á samþykt fyrir eftirlits- og fóðurbirgðafjelag í sínu sveitarfjelagi, og skulu þeir þá semja uppkast til samþyktarinnar og gera það öllum hlutaðeigendum kunnugt. Sendist það svo sýslunefnd, er semur frumvarp til samþyktar. Skal svo með nægum fyrirvara kvatt til fundar í hreppi þeim, sem samþyktin er gerð fyrir.

Atkvæðisrjett á þeim fundi eiga allir þeir, sem búfjenað hafa á fóðrum. Sýslunefnd tiltekur fundarstað, en oddviti hennar eða sá, er nefndin hefir kosið til þess, boðar fundinn með nægum fyrirvara og stjórnar honum.

### 3. gr.

Á fundi þeim, sem getur um í 2. gr., leggur fundarstjóri fram frumvarp það til samþyktar, sem sýslunefndin hefir samið. Fallist fundurinn á frumvarpið óbreytt með  $\frac{2}{3}$  greiddra atkvæða, sendir sýslumaður það stjórnarráðinu til staðfestingar, Eins fer um frumvarpið, þótt fundurinn geri við það breytingar, ef þær eru samþyktar með  $\frac{2}{3}$  atkvæða og sýslunefnd fellst á þær. En vilji sýslunefnd ekki fallast á breytingartillögurnar, sem fundurinn hefir gert, skal kveðja til nýs fundar. Fallist þá fundurinn á frumvarp sýslunefndar óbreytt með  $\frac{2}{3}$  atkvæða, fer um það sem fyr segir.

Frumvarp til samþyktar, sem hefir ekki náð  $\frac{2}{3}$  atkvæða á samþyktarfundi, er fallið, og má ekki bera það upp af nýju í sýslunefndinni fyrir en á næsta aðalfundi hennar.

### 4. gr.

Nú er samþykt gerð eins og fyrir er mælt og send stjórnarráðinu til

Nr. 42 staðfestingar. Virðist stjórnarráðinu hún koma í bága við grundvallarreglur laga 28. nóv. eða rjett manna, er samþykktin endursend án staðfestingar. Fylgja henni þá synjunarástæður stjórnarráðsins. Að öðrum kosti staðfestir stjórnarráðið samþykktina, skipar fyrir um birting hennar og tiltekur, hve nær hún skuli öðlast gildi.

Gildir hún upp frá því fyrir alla þá, er í þeirri sveit eða sveitum búa, er hún nær yfir.

Samþykkt, er stjórnarráðið hefir staðfest, má eigi breyta á annan hátt en hún var stofnuð.

#### 5. gr.

I samþykktum þessum skal tekið fram um stjórn fódurbirgðafjelaganna, fódurmatið, fódrunina, útvegum aukafóðurs, fjársamlög til fjelagsþarfa, verðlauna-veitingar, bókhald, skýrslugerð og fleira, enda skal stjórn Búnaðarfjelagsins semja frumvarp til samþykktar handa sveitarfjelögum, er útbýtt sje til sveitarstjórna, og stjórnarráðið hefir einnig til hliðsjónar, þegar það staðfestir eða synjar samþykkt staðfestingar. Árlega skal stjórn eftirlits- og fódurbirgðafjelagsins senda Búnaðarfjelagi Íslands skýrslu um hag og framkvæmdir fjelagsins ásamt ársreikningi þess.

#### 6. gr.

Gjöldum til eftirlits- og fódurbirgðafjelaga samkvæmt samþykktum fylgir lögtaksrjettur eftir lögum nr. 29, 16. des. 1885.

#### 7. gr.

Fyrir brot gegn samþykkt má ákveða sektir, alt að 200 krónum, er renna í sjóð eftirlits- og fódurbirgðafjelags þess, þar sem brotið er framið, og fer um slik brot sem um almenn lögreglumál.

#### 8. gr.

Þá er sveitarfjelag hefir komið á hjá sjer samþykkt um eftirlits- og fódurbirgðafjelag samkvæmt lögum þessum og farið er að fullnægja henni, þá er það sveitarfjelag undanþegið ákvæðum forðagæslulaganna frá 10. nóv. 1913.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

**Gefið á Amalíuborg, 28. nóvember 1919.**

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

**Christian R.**

(L. S.)

*Sigurður Jónsson.*

# Lög

Nr. 43

28. nóv.

um

ákvörðun verslunarlóðarinnar í Hafnarfjarðarkaupstað.

**Vjer Christian hinn Tíundi**, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,  
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvik, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,  
Láenberg og Aldinborg,

*Gjörum kunnugt*: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

Í Hafnarfjarðarkaupstað skal svæði það, sem reisa má verslunarhús á, vera ákveðin með þessum takmörkum:

Bein lína frá takmörkum Svendborgarlóðar við Krosseyrarmalir á Reykjavíkurvegin, 100 metra frá mótum hans og Vesturbrúar; þaðan beina línu í Raf-ljósastöð; þaðan beina línu í túngarð Jófríðarstaða að norðaustan; þá meðfram túngarðinum og úr honum að vestan beina línu að norðvesturhorni Brandsbæjar-túngarðs og þaðan beina línu í Skipból.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

**Gefið á Amalúborg, 28. nóvember 1919.**

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

**Christian R.**

(L. S.)

*Sigurður Jónsson.*

# Lög

um

sölu á þjóðjörðinni Ögri og Sellóni í Stykkishólmshreppi.

**Vjer Christian hinn Tíundi**, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvik, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettsmerski, Láenborg og Aldinborg,

*Gjörum kunnugt*: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Landsstjórninni veitist heimild til að selja hreppsnefndinni í Stykkishólmshreppi þjóðjörðina Ögur og eyðiþjóðjörðina Sellón.

2. gr.

Um söluna fer að öðru leyti eftir reglum um sölu þjóðjarða til handa ábúendum.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

**Gefið á Amalfuborg, 28. nóvember 1919.**

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

**Christian R.**

(L. S.)

*Sigurður Jónsson.*

**Lög**Nr. 45  
28. nóv.

um

viðauka við lög nr. 24, 12. september 1917, um húsaleigu  
í Reykjavík.**Vjer Christian hinn Tíundi**, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,  
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,  
Láenberg og Aldinborg,*Gjörum kunnugt*: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með  
samþykki Voru:

## 1. gr.

Bæjarstjórn Reykjavíkur skal heimilt að taka til sinna umráða auðar  
íbúðir og ráðstafa þeim til afnota handa húsnæðislausu fólki, enda komi fult  
endurgjald fyrir. Áður en þetta sje gert, skal Húsaleigunefnd rannsaka málið og  
síðan úrskurða, hvort íbúð skuli tekin, og ákveða leigu-upphæð, tímalengd og  
annað, er þörf þykir að taka ákvörðun um og málsaðiljum kemur ekki saman  
um Úrskurður Húsaleigunefndar er fullnaðarúrskurður.

Með sömu skilyrðum skal bæjarstjórninni heimilt að taka til sinna um-  
ráða annað ónotað húsnæði og útbúa það til íbúðar.

## 2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

**Gefið á Amalíuborg, 28. nóvember 1919.**

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

**Christian R.**

(L. S.)

*Sigurður Jónsson*

Nr. 46  
28. nóv.

# Lög

um

löggilding verslunarstaðar við Syðstabæ í Hrísey.

**Vjer Christian hinn Tíundi**, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,  
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvik, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,  
Låenborg og Aldinborg,

*Gjörum kunnugt*: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Við Syðstabæ í Hrísey skal vera löggiltur verslunarstaður.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar stjórnarráðið hefir ákveðið takmörk verslunar-  
arlóðarinnar, samkv. lögum nr. 61, 10. nóv. 1905, og birt þau í B-deild Stjórnar-  
tíðindanna.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

**Gefið á Amaliuborg, 28. nóvember 1919.**

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

**Christian R.**

(L. S.)

*Sigurður Jónsson.*

# Lög

um

breyting á lögum nr. 22, 3. nóvember 1915, um fasteignamat.

**Vjer Christian hinn Tíundi**, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,  
 Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvik, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,  
 Láenborg og Aldinborg,

*Gjörum kunnugt:* Alþingi hefir fallist á lög þessi, og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

## 1. gr.

Fasteignamatsnefndir þær, sem eigi hafa lagt fram mat sitt hinn 1. ágúst 1918, samkvæmt 13. gr. laga um fasteignamat, 3. nóvember 1915, skulu leggja það fram hinn 1. janúar, 1. febrúar, 1. mars eða 1. apríl 1919, og skulu kærur yfir matinu komnar til formanns yfirmatsnefndar innan 30 daga frá því matið var lagt fram.

## 2. gr.

Yfirmatsnefnd skal innan 3 mánaða frá því matsgerðirnar voru lagðar fram hafa sent stjórnarráðinu öll hin lögboðnu skjöl um matið.

## 3. gr.

Stjórnarráðið skipar yfirmatsnefnd til þess að endurskoða og samræma hið nýframkvæmda mat allra fasteigna í landinu. Í nefndinni eiga sæti 5 menn, og er einn þeirra formaður, er stjórnarráðið skipar. Nefndin getur krafist allra upplýsinga um matið frá matsnefndum, er hún telur nauðsynlegar, og skulu nefndarmenn láta þær í tje ókeypis. Yfirmatsnefnd skal hafa lokið störfum sínum svo snemma, að hún hafi sent stjórnarráðinu hið endurskoðaða mat fyrir 1. júlí 1920. Stjórnarráðið setur nánari reglur um starf nefndarinnar.

## 4. gr.

Eftir að yfirmatsnefnd landsins hefir endurskoðað fasteignamatið, lætur landsstjórnin semja fasteignamatsbók fyrir alt landið. Gildi hún frá 1. apríl eftir að matinu er lokið, í fyrsta sinn frá 1. apríl 1921 til þess tíma, er nýtt fasteignamat kemur í gildi. Fasteignabókin skal löggilt af stjórnarráðinu, prentuð og send ókeypis öllum þeim, er fá Stjórnartíðindin kauplaust. Breytingar þær, sem verða á mati fasteigna milli þess, sem lögákveðið mat fer fram, skalbirta í A-deild Stjórnartíðindanna.



Nr. 47  
28. nóv.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

**Gefið á Amalúborg, 28. nóvember 1919.**

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

**Christían R.**

(L. S.)

*Sig Eggerz.*

Nr. 48  
28. nóv.

## Lög

um

löggiltar reglugerðir sýslunefnda um eyðing refa o. fl.

**Vjer Christian hinn Tíundi**, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,  
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,  
Láenberg og Aldinborg,

*Gjörum kunnugt:* Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Þá er sýslunefnd vill fá löggilta reglugerð um eyðing refa eða önnur þau málefni, er sýslunefndir eiga að setja reglugerðir um, samkvæmt 71. gr. sveitarstjórnarlaga 10. nóv. 1905, skal hún senda frumvarp sitt stjórnarráðinu til samþykta og löggildingar. Fallist stjórnarráðið á frumvarpið, þá löggildir það reglugerðina og fyrirskipar, hve nær hún skuli í gildi ganga, og er hún upp frá því skuldbindandi sem lög. Stjórnarráðið sjer um, að reglugerðin sje prentuð í Stjórnartíðindunum, B-deildinni.

2. gr.

Kostnaður við eyðing refa greiðist úr sveitarsjóði. Þó má sýslunefnd

ákveða í reglugerð, að veita megi úr sýslusjóði verðlaun fyrir framúrskarandi Nr. 48 dagnað við eyðing refa, svo og að kostnaður við grenjaleitir og grenjavinslu 28. nóv. skuli, þegar sjerstaklega stendur á, greiðast af fleiri sveitarsjóðum en einum, eða af einstökum mönnum, sem land eiga þar, sem grenjaleit eða grenjavinsla fer fram, eða njóta hagsmuna af því.

## 3. gr.

Skýrslur um eyðing refa og útlagðan kostnað við hana skulu gerðar af framkvæmdarstjórn refaeyðingarsvæða, hvers fyrir sig, eftir fyrirmynd, er stjórnarráðið semur, og sendar sýslumanni eða bæjarfógeta fyrir lok hvers árs.

Eftir að sýslunefnd eða bæjarstjórn hefir átt kost á að athuga skýrslur þessar og leiðrjetta þær, ef þurfa þykir, skulu þær sendar stjórnarráðinu, er síðan annast um, að þær verði birtar á sama hátt og aðrar skýrslur um landshagi.

## 4. gr.

Í reglugerð er heimilt að ákveða sektir fyrir brot gegn löggiltri reglugerð, frá 10—500 krónur. Sektir renna í sveitarsjóð, þar er brot er framið. Alt að 2 króna dagsektum má beita fyrir hvern þann, er tregðast við að gefa skýrslu samkvæmt 3. gr., og renna dagsektir í viðkomandi sýslusjóð eða bæjarsjóð.

## 5. gr.

Með brot gegn löggiltum reglugerðum skal farið sem almenn lögreglumál.

## 6. gr.

Með lögum þessum eru lög nr. 11, 22. mars 1890, og lög nr. 36, 24. nóv. 1893, úr gildi numin.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

**Gefið á Amaliuborg, 28. nóvember 1919.**

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

**Christian R.**

(L. S.)

*Sigurður Jónsson*

Nr. 49  
28. nóv.

# Lög

um

löggilding verslunarstaðar við Gunnlaugsvík.

**Vjer Christian hinn Tíundi**, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,  
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,  
Láenberg og Aldinborg,

*Gjörum kunnugt*: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Við Gunnlaugsvík, sunnan megin Hvammsfjarðar, skal vera löggiltur verslunarstaður.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar stjórnarráðið hefir ákveðið takmörk verslunarlóðarinnar, samkv. lögum nr. 61, 10. nóv. 1905, og birt þau í B-deild Stjórnartíðindanna.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

**Gefið á Amaluborg, 28. nóvember 1919.**

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

**Christian R.**

(L. S.)

*Sigurður Jónsson.*

# Lög

um

## breyting á sveitarstjórnarlögum frá 10. nóv. 1905

**Vjer Christian hinn Tíundi**, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,  
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,  
Láanborg og Aldinborg,

*Gjörum kunnugt*: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru.

### 1. gr.

36. gr. og fyrri málgr. 37. greinar sveitarstjórnarlaganna orðist svo:

Hreppsnefnd skal á ári hverju í októbermánuði gera áætlun um allar tekjur og útgjöld hreppsins yfirstandandi fardagaár, og að því leyti, sem aðrar tekjur hreppsins hrökkva eigi fyrir útgjöldum, jafna niður eftir efnun og ástæðum sem aukaútsvari því, sem vantar, á alla þá, sem eiga lögheimili eða hafa fast aðsetur í hreppnum eigi skemur en þrjá mánuði. Þeir skulu greiða þar fult gjald eftir öllum efnahag sínum, nema þeir á gjaldárinu hafi líka haft fast aðsetur annarsstaðar og goldið þar útsvar; þá skal frá ársútsvarinu draga tiltölulega við þann tíma, er þeir dvöldu annarsstaðar, þó ekki meira en þeir guldu þar.

Ef rekin er í hreppnum atvinna, sem talin er sjerstaklega arðsöm, svo sem verslun, kaupskapur, þilbátaútgerð eða bátfiski, þá má leggja á þá atvinnu aukaútsvar, þótt ekki sje rekin nema 4 vikur og atvinnurekandinn eigi heimili annarsstaðar. Einnig má leggja útsvar á hvalveiði, síldveiði með nót, á atvinnu útlendra skipa við verkun á síld á höfnum inni eða í landhelgi, laxveiðaafnot, ábúð á jörð eða jarðarluta, leiguliðanot af jörð, svo sem slægjuafnot, þótt engin ábúð fylgi, og lóðarafnot, sem einhvern arð gefa, þótt sú atvinna sje rekin enn styttri tíma. Útsvör þessi skulu vera hæfileg eftir tímalengd og í samanburði við innsveitarmenn, og skal formaður hafa greitt útsvar fyrir skip sitt áður en hann fer brott. Ekki er heimilt að leggja aukaútsvar á útvegsmenn úr öðrum hreppi í sama sýslufjelagi eða við sama fjörð eða flóa, sem útræðið er í, ef á þá er lagt útsvar í sveitarfjelagi þeirra.

Á kaupfjelög og pöntunarfjelög má leggja aukaútsvar, ef þau hafa leyst borgarabryf og hafa sölubúð og vörur til sölu, svo sem hæfa þykir eftir árlegri veltu og arði í söludeild fjelagsins.

### 2. gr.

Sýslunefnd getur enga ályktun gert, nema meira en helmingur allra nefndarmanna (að oddvita meðtöldum) sje viðstaddur. Á nefndarfundum ræður afl atkvæða.

Nr. 50

3. gr.

28. nóv. Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 33, 2. nóv. 1914, og lög nr. 48, 3. nóv. 1915.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða

**Gefið á Amaliuborg, 28. nóvember 1919.**

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

**Christian R.**

(L. S.)

*Sigurður Jónsson.*

Nr. 51

28. nóv.

**Lög**

um

takmörk verslunarlóðarinnar á Sauðárkróki.

**Vjer Christian hinn Tíundi**, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

*Gjörum kunnugt:* Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru.

Takmörk verslunarlóðarinnar á Sauðárkróki skulu vera þau, er hjer segir: Að norðan Gönguskarðsá, að vestan Nafabrún frá Gönguskarðsá að Sauða í Sauðargili, að sunnan bein lina úr Sauðargili til sjávar, þar sem eru landamerki Sauðár og Sjávarborgar, og að austan sjávarströndin.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

**Gefið á Amaliuborg, 28. nóvember 1919.**

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

**Christian R.**

(L. S.)

*Sigurður Jónsson.*

# Lög

Nr. 22  
28. jún.

um

viðauka við og breytingar á lögum nr. 83, 14. nóv. 1917.

**Vjer Christian hinn Tíundi**, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,  
Vinda og Gauta, hertogi í Slesvik, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,  
Láenberg og Aldinborg,

*Gjörum kunnugt*: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru.

Í stað orðanna í 2. gr. »Til Snæfjalla . . . að Höfn á Hornströndum« komi:  
Loftskeytasamband milli Ísafjarðar, Hesteyrar og Hafnar við Hornvík;  
frá Hesteyri landsímalínan að Látrum í Aðalvík; enn fremur land- og sæsimi frá  
Ísafirði um Ögur til Snæfjallastrandar og þaðan að Ármúla og Grunnvík.

Aftan við greinina bætist.

Einnig lína frá Blönduósi að Bólstaðarhlíð, með stöð í Langadal og  
Svínadal; frá Sauðárkróki að Viðimýri og Silfrastöðum, með stöð á Stóru-Ökrum  
og í Lýtingsstaðahreppi. Lína úr Glæsibæjarhreppi í Eyjafirði í Skriðuhrepp;  
lína frá Akureyri inn Eyjafjörð, með stöð í Öngulsstaðahreppi. Lína að Brekku í  
Fljótsdal; lína frá Svignaskarði að Stafholtsey. Lína til Skógarness og lína frá  
Patrekshreppi til Saurbæjar og Breiðuvíkur í Rauðasandshreppi. Lína frá Miðey  
til Hallgeirseyjar í Austur-Landeyjahreppi og frá Eyrarbakka til Þorlákshafnar  
út í Selvog.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

**Gefið á Amalíuborg, 28. nóvember 1919.**

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

**Christian R.**

(L. S.)

*Sigurður Jónsson.*

**Lög**

um

breyting á lögum nr. 54, 3. nóv. 1915, um stofnun  
brunabótafjelags Íslands.**Vjer Christian hinn Tíundi**, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,  
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,  
Láenberg og Aldinborg.*Gjörum kunnugt*: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau  
með samþykki Voru:

## 1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Landstjórnin gengst fyrir því, að á stofn sje sett brunabótafjelag með gagnkvæmri ábyrgð. Fjelagið nefnist Brunabótafjelag Íslands. Það tekur að sjer brunabótatryggingar á húseignum á Íslandi, utan Reykjavíkur, sem eigi eru tryggingarskyldar í brunabótasjóði stofnuðum eftir lögum nr. 26, 20. okt. 1905, sbr. lög nr. 71, 14. nóv. 1917.

Enn fremur getur fjelagið trygt lausafje á Íslandi gegn eldsvoða, þó þannig, að samanlögð upphæð lausafjár, sem trygt er í fjelaginu, nemi aldrei meiru en  $\frac{1}{3}$  samanlagðra vátryggingarupphæða húsa í fjelaginu, og að engin ein vátryggingarupphæð lausafjár nemi meiru en upphæð, sem stjórnarráð Íslands ákveður að fengnum tillögum Brunabótafjelags Íslands.

Stjórnarráðið semur reglugerð fyrir fjelagið, ákveður flokkunarreglur, iðgjöld og vátryggingarskilyrði og setur yfir höfuð allar reglur um starfsemi fjelagsins, þó svo, að gætt sje ákvæða þeirra, er hjer fara á eftir.

## 2. gr.

2. gr. laganna orðist svo:

Fjelagið er gagnkvæmt brunabótafjelag með ábyrgð landssjóð fyrir alt að 800000 kr. og tekur að sjer:

- A. Trygging á  $\frac{5}{6}$  hlutum verðs, með hluttöku sveitarfjelaga í eldsvoða-ábyrgðinni, á húseignum í kaupstöðum, utan Reykjavíkur, og í kaup-túnnum með 300 íbúum eða fleirum.
- B. Trygging á  $\frac{5}{6}$  tjóns af eldsvoða á húseignum þeim, utan Reykjavíkur, sem ekki verða trygðar eftir staflíð A með hluttekning sveitarfjelaga, þó eigi þeim, er teljast tryggingarskyldar í brunabótasjóði, er hreppur hefir stofnað.
- C. Trygging á lausafje í kaupstöðum þeim eða kauptúnnum, sem getið

er undir stafið A, og í Reykjavík. Fjelagið getur trygt slíkt lausa- Nr. 53  
fje fullu verði. 28. nóv.

## 3. gr.

Orðin í 3. gr. »að undanskildum húseignum landssjóðs« falli burtu.

## 4. gr.

Orðin í 5. gr. «og lausafjár» falli burtu.

## 5. gr.

6 gr. orðist þannig:

Ef endurtrygging eða samtrygging fæst með viðunanlegum kjörum, að dómi stjórnarráðsins og fjelagsstjórnarinnar, skal fjelagið endurtryggja hjá öðrum brunabótafjelögum eða samtryggja með þeim það, sem einstakar váttryggingar, er fjelagið tekur að sjer, eru hærri en hjer segir:

- A. Með hluttöku sveitarfjelaga í ábyrgðinni, trygging á húsi eða húsum í sameiginlegri brunahættu 10000 kr. og lausafjártryggingarupphæð, sem stjórnarráðið ákveður, að fengnum tillögum brunabótafjelagsins.
- B. Án hluttöku sveitarfjelaga í ábyrgðinni, trygging á húsi 7500 kr. og lausafjárupphæð, sem stjórnarráðið ákveður, að fengnum tillögum brunabótafjelagsins.

## 6. gr.

10. gr. laganna orðist svo:

Fjelagið getur tekið í brunabótaábyrgð hús og lausafje annarsstaðar en í kaupstöðum þeim og verslunarstöðum, sem eftir framanskráðum reglum taka þátt í áhættunni Slíka ábyrgð tekur fjelagið þó ekki að sjer á húsum, nema með því eina skilyrði, að  $\frac{5}{6}$  af skaðanum endurgjaldist og að sá  $\frac{1}{6}$  hluti, sem ekki verður endurgjaldinn, sje ekki trygður annarsstaðar.

## 7. gr.

11. gr. laganna orðist svo:

Fjelagið má ekki, nema samþykki stjórnarráðsins komi til, taka í ábyrgð byggingar, sem eru tryggingarskyldar í brunabótasjóði eftir lögum nr. 26, 20. okt. 1905, sbr. lög nr. 71, 14. nóv. 1917.

## 8. gr.

2. málsgrein 20. gr. orðist svo:

Öll iðgjöld til fjelagsins, virðingargjöld og skirteinagjöld má innheimta með lögtaki.

## 9. gr.

2. málsgrein 23. gr. orðist svo:



Nr. 53 Hinn sameiginlegi brunabótasjóður eftir lögum nr. 26, 20. okt. 1905,  
28. nóv. sbr. lög nr. 71, 14. nóv. 1917, skal hafa sömu stjórn og Brunabótafjelag Íslands  
og vera yfirleitt í samvinnu við það, þannig, að stjórnarkostnaður milli þeirra  
skiftist eftir ákvæði stjórnarráðsins. Annars er fjelagið og brunabótasjóðurinn  
reikningslega alveg óháð hvort öðru.

10. gr.

26. gr. laganna falli burtu.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

**Gefið á Amalífuborg, 28. nóvember 1919.**

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

**Christian R.**

(L. S.)

*Sigurður Jónsson.*

Nr. 54  
28. nóv.

**Lög**

um

**löggilding verslunarstaðar á Mýramel.**

**Vjer Christian hinn Tíundi**, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,  
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,  
Láenberg og Aldinborg,

*Gjörum kunnugt:* Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau  
með samþykki Voru:

1. gr.

Á Mýramel í Dýrafirði skal vera löggiltur verslunarstaður.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar stjórnarráðið hefir ákveðið takmörk verslun-

arlóðarinnar, samkvæmt lögum nr. 61, 10. nóv. 1905, og birt þau í B-deild Nr. 54 Stjórnartíðindanna. 28. nóv.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

**Gefið á Amaliuborg, 28 nóvember 1919.**

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

**Christian R.**

(L. S.)

*Sigurður Jónsson*

## Lög

Nr. 55  
28. nóv.

um

breyting á lögum um stofnun landsbanka 18. sept, 1885, m. m.

**Vjer Christian hinn Tíundi**, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri Þjettmerski, Láenberg og Aldinborg,

*Gjörum kunnugt*: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Í stjórn Landsbankans eru þrjú bankastjórar, er stjórnarráðið skipar. Skal einn þeirra hafa leyst af hendi próf í lögfræði, er veiti rjett til embætta þeirra á Íslandi, er lögfræðingar skipa.

Stjórnarráðið getur vikið bankastjórum frá um stundarsakir, einum eða fleirum, þegar því þykir brýn nauðsyn til bera, og að fullu og öllu, ef miklar sakir eru, enda geri þeim skriflega grein fyrir, hvað veldur.

Stjórnarráðið setur mann til að gegna bankastjórastarfi um stundarsakir, ef bankastjóri forfallast eða sæti hans verður óskipað að sinni.

2. gr.

Aðsetur bankans er í Reykjavík og þar skulu bankastjórar eiga heima.

Nr. 55  
28. nóv.

## 3. gr.

Bankastjórar annast daglag störf bankans. Nákvæmari fyrirmæli um samband þeirra sín á milli getur ráðherra sett.

## 4. gr.

Stjórnarráðið skipar bókara og fjehirði bankans og, ef þörf krefur, að stoðarfjehirði, og vikur þeim frá, hvorttveggja að fengnum tillögum bankastjórnar. Ef aðstoðarfjehirðir verður skipaður, fer um verkaskifting milli hans og fjehirðis eftir ákvörðun stjórnarráðsins, að fengnum tillögum bankastjórnar. Aðra sýslunarmenn skipar bankastjórnin og vikur þeim frá. Hún ræður starfstíma þeirra o. s. frv. Tveir bankastjórar skulu undirskrifa, svo að skuldbindi bankann, ef gefa skal út eða framselja vixla, önnur verðbrjef eða aðrar skriflegar skuldbindingar. Þó er bankastjórn heimilt að veita einum af starfsmönnum bankans umboð til þess að skuldbinda bankann í þessum efnum með undirskrift sinni ásamt einum af bankastjórunum.

Kvittanir frá bankanum eru því að eins fullgildar, að fjehirðir eða aðstoðarfjehirðir hafi ritað undir þær og að þeim fylgi áritun bókara um, að þær sjeu athugaðar. Fjehirðir bankans eða aðstoðarfjehirðir má eigi greiða neina fjárhæð úr bankanum, sem samþykki bankastjórnar þarf til, nema með samþykki tveggja bankastjóra, eða eins bankastjóra og þess starfsmanns, sem hefir umboð það frá bankastjórn, er að ofan greinir.

Verði ágreiningur milli bankastjórnanna um eitthvert mál er bankann varðar, ræður meiri hluti bankastjórnar.

## 5. gr.

Bankastjórar hafa í árslaun 6000 krónur hver og auk þess 5% af ársarði bankans, þó aldrei af meiri ársarði en 300 þús. kr., sem skiftist jafnt milli þeirra.

Bókari og fjehirðir hafa að launum 5000 krónur hvor og aðstoðarfjehirðir 4000 kr. Auk þess hafa hinir síðarnefndu 1000 kr. í mistalningarfje hvor á ári, enda skulu þeir setja hæfilegt veð, er stjórnarráðið tiltekur.

Þessir starfsmenn bankans og bankastjórar njóta dýrtíðaruppbótar eftir sömu reglum og starfsmenn rikissjóðs.

Bankastjórar mega ekki hafa embættisstörf á hendi nje reka sjálfir aðra atvinnu.

## 6. gr.

Stjórn bankans er ávalt skylt að veita ráðherra alla þá vitneskju um hag bankans, sem honum þurfa þykir. Ráðherra getur og, hve nær sem er, látið skoða allan hag bankans.

## 7. gr.

Eigi mega bankastjórar nje sýslunarmenn vera skuldskeyttir bankanum, hvorki skuldunautar nje ábyrgðarmenn annara.

Allar opinberar stofnanir og opinberir sjóðir, er hafa handbært fje á sjóðvöxtum, skulu geyma það í Landsbankanum eða útibúum hans, nema sjerstakar ástæður banni, svo sem staðhættir. Sama er um ríkisfje og embættisfje, er opinberir starfsmenn hafa undir höndum. Landsbankinn með útibúum sínum hefir einn, að því er við verður komið, heimild til að taka við tryggingargeymslufje (depositum).

Ákvæði greinar þessarar taka ekki til Söfnunarsjóðs Íslands, nema að því leyti, sem hann hefir handbært fje á sjóðvöxtum. Sparisjóðir skulu halda rjettindum þeim, er þeir hafa samkvæmt lögum nr. 44, 3. nóv. 1915, um sparisjóði.

## 9. gr.

Stofna skal styrktarsjóð handa starfsmönnum bankans, ekkjum þeirra og ómegð, og skal bankinn leggja fram til stofnunar hans 25000 kr. í eitt skifti fyrir öll. Allir, sem fá fasta atvinnu í bankanum eftir að lög þessi öðlast gildi, skulu skyldir til að greiða í sjóðinn 3% af árslaunum sínum, enda öðlast þeir þá rjett til styrks úr honum eftir þeim reglum, sem þar um gilda. Sama rjett öðlast þeir, sem eru starfsmenn bankans, er lögín öðlast gildi, ef þeir greiða gjald þetta frá þeim tíma.

Ráðherra sá, er bankamál bera undir, ákveður með reglugerð, að fengnum tillögum bankastjórnar, um fyrirkomulag sjóðsins, skilyrði fyrir styrkveitingu úr honum og annað, sem þar að lýtur.

Þessi grein tekur ekki til bankastjórnanna.

## 10. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1920. Með lögum þessum eru numín úr gildi lög nr. 12, 9. júlí 1909, um breyting á lögum um stofnun landsbanka 18. sept. 1885 m. m., og lög nr. 80, 14. nóv. 1917, um breyting á lögum nr. 12 9. júlí 1909, um breyting á lögum um stofnun landsbanka 18. sept 1885 m. m.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða

**Gefið á Amalfuborg, 28. nóvember 1919.**

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

**Christian R.**

(L. S.)

*Sigurður Jónsson.*

**Lög**

um

## skoðun á síld.

**Vjer Christian hinn Tíundi**, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,  
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,  
Láenborg og Aldinborg,

*Gjörum kunnugt*: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

## 1. gr.

Skoðun skal fram fara á allri nýveiddri síld, sem ætluð er til útflutnings, hversu sem hún er veidd, ef hún er söltuð á landi hjer eða hjer við land.

Hafi síld eigi verið flutt út innan 3 vikna eftir að hún er söltuð, en er ætluð til útflutnings, skal hún skoðuð á ný og endurmetin.

## 2. gr.

Nú vill útflytjandi senda síld til útlanda áður en endurmat hefir fram farið, og skal þá vottorð yfirmatsmanns engu að síður fylgja sendingunni.

Skal í vottorðinu tekið fram, að síldin sje að eins frummetin.

Eigi má merkja slíka síld með sömu merkjum og endurmetna síld.

Afrit af vottorðinu skal rita á farmskrána.

## 3. gr.

Skoðun þessa og endurmat skulu framkvæma lögskipaðir matsmenn, undir umsjón yfirmatsmanns.

Allri síld, sem send er hjeðan á erlendan markað eða seld hjer á landi til útflutnings, skal fylgja matsvottorð yfirmatsmanns eða þess matsmanns, sem hann kann að gefa umboð til þess, ef hann, einhverra orsaka vegna, eigi getur verið á staðnum þegar vottorð þarf að gefa.

## 5. gr.

Yfirmatsmenn skulu vera fjórir, skipaðir af ráðherra. Hefir einn þeirra aðsetur á Akureyri og hefir til yfirsóknar svæðið milli Ólafsfjarðarmúla og Langaness. Annar hefir heimili á Siglufirði og hefir til yfirsóknar svæðið milli Ólafsfjarðarmúla og Hornbjargs. Þriðji hefir aðsetur á Ísafirði og hefir yfirsókn á svæðinu milli Hornbjargs og Reykjaness. Fjórdi hefir aðsetur á Seyðisfirði og hefir til yfirsóknar svæðið milli Langaness og Reykjaness. Stjórnarráð Íslands gefnr þeim erindisbrjef.

Laun þessara yfirmatsmanna eru, hvers um sig, 1600 kr. á ári, og fá þeir Nr. 56 dýrtíðaruppbót eftir sömu reglum og aðrir starfsmenn ríkisins. Auk þess skal 28. nóv. þeim greiddur ferðakostnaður, eftir reikningi, og 3 kr. í fæðispeninga á dag, ef þeir þurfa að takast ferð á hendur vegna starfa síns.

Laun, ferðakostnaður og fæðispeningar, svo og dýrtíðaruppbót greiðist úr ríkissjóði.

Undirmatsmenn skal setja þar, sem yfirmatsmenn telja þörf á og eftir tilögum þeirra, en lögreglustjóri skipar þá. Stjórnarráð Íslands gefur þeim erindisbrjef, en yfirmatsmenn ákveða starfssvið þeirra. Kaup undirmatsmanna ákveða yfirmatsmenn, og skal það greitt af þeim, er síldina á.

Allir matsmenn skulu rita undir eiðstaf um, að þeir vilji hlýða ákvæðum þeim, sem sett eru um starf þeirra, og rækja stöðu sína með alúð og kostgæfni.

#### 4. gr.

Matsmenn skulu hafa eftirlit með þæklun og allri meðferð sildar, frá því er hún er endurmetin og til þess er hún er flutt út.

Borgun fyrir slíkt eftirlit greiðir síldareigandi, eftir samkomulagi við matsmenn. Stjórnarráðið sker úr, ef ágreiningur verður milli þeirra um það efni.

#### 6. gr.

Nú efast yfirmatsmaður um, að síld hafi verið svo vel hirt sem skyldi, og skal hann þá, áður en hann skrifar undir vottorð með síldinni, opna og athuga svo margar tunnur sem honum þykir hæfilegt, og getur jafnvel stöðvað útflutning, ef mikil brögð eru að vanhirðunni.

Sje ekkeri athugavert við hirðingu síldarinnar, greiðir ríkissjóður kostnað þann, er leiðir af slíkri skoðun; ella greiðist hann af síldareiganda.

#### 7. gr.

Áður en síldveiði byrjar ár hvert skulu skipstjórar á síldveiðaskipum skyldir til þess að fá matsmann út á skip sín. Skal hann gefa ráð um, hvernig skipið skuli búð út, svo að hagfelt sje fyrir geymslu síldarinnar.

#### 8. gr.

Landsstjórnin sjer um, að til sje eyðublöð, hæfilega mörg handa hverju síldveiðaskipi, og ber skipstjórum að fylla þau út. Skulu þeir í hvert skifti tilgreina mánaðardag og klukkustund, þegar byrjað er að taka síldina úr sjó, og hve mikil veiði er í hvert skifti. Eyðublöð þau, sem út hafa verið fyllt, skulu í hvert skifti afhent matsmanni þeim, er skoðar síldina, áður en byrjað er á skoðun hennar.

Nú gefur skipstjóri ranga skýrslu um, hve gömul síldin hafi verið, er hann kom með hana til söltunar, og varðar það sektum samkv. 12. gr.

Nr. 56  
28. nóv.

9. gr.

Nú kemur sildveiðaskip að landi með nýja sild, og skal þá flytja hana þangað, sem matsmaður er fyrir, og ber skipstjóra þegar að tilkynna honum komu sína, og má eigi byrja á söltun sildarinnar fyr en matsmaður hefir skoðað hana.

Meðan á söltuninni stendur ber matsmanni að gæta þess, að ekki blandist saman skemd vara og óskemd. Þann hluta sildarinnar, sem matsmaður kann að telja skemda vöru, má ekki senda til útlanda.

10. gr.

Sje veiði svo lítil, að skipstjóra þyki ekki svara kostnaði að flytja hana til lands til söltunar, má þó salta hana í skipinu eða án þess hún sje sýnd matsmanni. Þessi sömu ákvæði gilda einnig ef veður eða önnur ófyrirsjáanleg atvik banna sildveiðaskipi að komast nægilega fljótt að landi þar, sem matsmaður er fyrir. Sild þá, sem hjer ræðir um, ber þó að sýna matsmanni áður en hún er flutt til útlanda, og má, ef ástæða er til, banna útflutning hennar.

11. gr.

Þegar endurmat á sild fer fram, og matsmaður telur hana vel verkaða og óskemda vöru, er hann skyldur til að merkja ílát þau, sem sildin er í. Stjórnarráðið ákveður hvernig merkja skuli.

Sildarilát með hinum ákveðnu vörumerkjum má ekki nota á ný til útflutnings sildar, nema merkið sje áður afmáð.

12. gr.

Brot á ákvæðum laga þessara varða 50—5000 kr. sekt, er renni í ríkissjóð, nema þyngri refsing liggji við samvæmt hinum almennu hegningarlögum.

13. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 26, 11. júlí 1911, lög nr. 37, 20. okt. 1913, og lög nr. 46, 3. nóv. 1915, um skoðun á sild.

1. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. apríl 1920.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

**Gefið á Amaliuborg, 28. nóvember 1919.**

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

**Christian R.**

(L. S.)

*Sigurður Jónsson.*

# Lög

Nr. 57  
28. nóv.

um

heimild fyrir landsstjórnina til að leyfa Íslandsbanka að auka seðlaupphæð þá, er bankinn má gefa út samkvæmt 4. gr. laga nr. 66, 10. nóv. 1905.

**Vjer Christian hinn Tíundi**, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvik, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

*Gjörum kunnugt*: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

## 1. gr.

Landsstjórninni veitist heimild til að auka seðlaupphæð þá, er Íslandsbanki má gefa út samkvæmt lögum nr. 66, 10. nóvember 1905, 4. gr., svo sem viðskiftaþörfin krefur að dómi landsstjórnarinnar. Þessa viðbót við seðlaútgáfunna má þó því að eins leyfa, að:

1. að minsta kosti helmingur forðans til tryggingar seðlaupphæð þeirri, sem úti er í hvert skifti og fer fram úr  $2\frac{1}{2}$  miljón króna, sje málmforði, samkvæmt 5. gr. nefndra laga.
2. bankinn við lok hvers mánaðar greiði vexti, 2% á ári, af upphæð þeirri, er seðlaupphæð sú, sem úti er í mánaðarlok, fer fram úr  $2\frac{1}{2}$  miljón króna og málmforðinn nægir ekki til.
3. bankinn greiði ókeypiss og eftir þörfum í Reykjavík, samkvæmt brjefi eða símskeyti, fjárhæðir, sem Landsbankinn borgar inn í reikning Íslandsbanka við viðskiftabanka hans í Kaupmannahöfn, og flytji á sama hátt og ókeypiss það fje, sem Landsbankinn þarf að flytja frá Reykjavík til Kaupmannahafnar, að svo miklu leyti sem innieign Íslandsbanka þar leyfir.

## 2. gr.

Bankanum er skylt, að viðlögðum missi seðlaútgáfurjettar sins, að innleysa alla þá seðla, er hann hefir gefið út samkvæmt lögum þessum, jafnskjótt og landsstjórnin eða löggjafarvaldið krefst þess, og með þeim fyrirvara, er settur verður.



Nr. 57  
28. nóv.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. desember 1918 og gilda til 1. maí 1921.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

**Gefið á Amalúborg, 28. nóvember 1919.**

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

**Christian R.**

(L. S.)

*Sigurður Jónsson.*

Nr. 58  
28. nóv.

## Lög

um

breytingar á lögum nr. 30, 22. nóv. 1918, um bæjarstjórn  
á Siglufirði.

**Vjer Christian hinn Tíundi**, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,  
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,  
Láenberg og Aldinborg,

*Gjörum kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau  
með samþykki Voru:

1. gr.

Lögreglustjórinn í Siglufjarðarkaupstað er bæjarfógeti í kaupstaðnum og er launaður úr rikissjóði. Hann hefir á hendi öll hin sömu störf, sem sýslumönnum og bæjarfógetum eru falin, hverjum í sínu umdæmi, dómstjórn, lögreglustjórn, gjaldheimtu á öllum tekjum rikissjóðs og önnur störf, alt gegn þóknun þeirri, er sýslumönnum og bæjarfógetum er ákveðin að lögum, og stjórn málefna kaupstaðarins.

2. gr.

Málefnum kaupstaðarins skal stjórnað af bæjarstjórn. Í henni eru kjörnir bæjarfulltrúar og bæjarfógeti. Hann er oddviti og hefir atkvæðisrjett á fundum. Fyrir oddvitastarfið hefir hann þóknun úr bæjarsjóði eftir ákvæðum bæjarstjórnar, þó ekki minna en 500 kr.

## 3. gr.

Forstaða bæjarmálefna og framkvæmd ákvarðana þeirra, sem bæjarstjórn tekur, er á hendi oddvita.

Með samþykkt má setja fastar nefndir til að fara með einstök bæjarmál, og má í samþykkt kveða á um skipun, verksvið og vald þeirra nefnda. Þó má bæjarstjórn fela einum eða fleirum fulltrúanna framkvæmd einstakra bæjarstarfa, eftir reglum, sem hún þar um setur. Allir bæjarfulltrúar eru skyldir að taka að sjer þau sjerstöku bæjarstörf, sem þeim verða falin á hendur.

Fyrir nefndarmenn, kosna utan bæjarstjórnar, gilda sömu synjunarástæður og starfstímatakmörk og um bæjarfulltrúa.

## 4. gr.

Bæjarfulltrúar eru sex. Tölu þeirra má stjórnarráðið breyta eftir tillögum bæjarstjórnar. Bæjarfulltrúana kjósa kaupstaðarbúar, sem kosningarrjett hafa eftir lögum þessum.

## 5. gr.

Kosningarrjett hafa allir kaupstaðarbúar, konur og karlar, sem eru 25 ára að aldri og hafa átt lögheimili í kaupstaðnum 1 ár þegar kosning fer fram, og fullnægja að öðru leyti skilyrðum fyrir kosningarrjetti til Alþingis.

Kjörgengur er hver sá, er kosningarrjett hefir; þó mega hjón aldrei sitja samtímis í bæjarstjórn, foreldrar og börn, nje heldur móðurforeldrar eða föðurforeldrar og barnabörn þeirra. Konum er jafnan heimilt að skorast undan kosningu.

## 6. gr.

Bæjarfulltrúarnir skulu kosnir til sex ára. Af þeim, sem kosnir eru í fyrsta sinni, fara tveir frá að tveimur árum liðnum, og svo ávalt tveir annaðhvert ár. Hverjir fari frá í fyrsta og annað skifti, skal vera komið undir samkomulagi eða hlutkesti.

Fari fulltrúi frá á kjörtímabilinu af öðrum ástæðum en þeim, að kjörtímabil hans sje útrunnið skal þegar kjósa í hans stað fyrir þann tíma, sem eftir er af því.

## 7. gr.

Almennar fulltrúakosningar fara fram einhvern fyrsta virkan dag eftir nýár. Svo skal kosningu undirbúa, að skrá sje samin um þá, er kosningarrjett hafa. Skrá þá skal kjörstjórn semja; en kjörstjórar eru oddviti bæjarstjórnar og tveir fulltrúanna, er bæjarstjórn kýs. Kjörskrá skal liggja kjósendum til sýnis á hentugum stað um hálfan mánuð á undan kjördegi. Kærur gegn kjörskrá á að bera upp fyrir kjörstjórn í síðasta lagi þrem dögum á undan kjördegi, og leggur hún þá úrskurð sinn á kærurnar.

Nr. 58  
28. nóv.

## 8. gr.

Formaður kjörstjórnar skal boða stað og stund, er kosningar skulu fram fara, að minsta kosti viku á undan kosningu, á þann hátt, sem þing eða fundir eru alment boðaðir í kaupstöðum.

## 9. gr.

Innan sextugs aldurs er hver kjörgengur karlmaður skyldur að taka við kosningu, hafi hann ekki sennilega ástæðu til að skorast undan. Kjörstjórn sker úr þessu, en úrskurði hennar má skjóta til bæjarstjórnar.

Sá, sem gegnt hefir fulltrúastörfum sex ár eða lengur, er eigi skyldur að takast á hendur þann starfa aftur, fyr en eftir jafnlangan tíma og hann hefir verið fulltrúi.

## 10. gr.

Kærur yfir kosningargerð eða úrskurðum kjörstjórnar verður að bera skriflega undir bæjarstjórnina innan átta daga eftir að kosning fór fram. Leitar bæjarstjórn áhlits kjörstjórnar um kærana og leggur úrskurð sinn á málið innan átta daga. Innan fjórtán daga má kæra úrskurð bæjarstjórnar fyrir stjórnarráðinu.

Þurfi uppkosning að fara fram, skal þegar til hennar stofnað og við hana nota hinar síðast leiðrjettu kjörskrár.

Eftir almennar kosningar fara bæjarfulltrúar þeir, er frá eiga að fara, þá fyrst úr bæjarstjórn, er fullnaðarúrskurður er lagður á framkomnar kærur.

## 11. gr.

Nú vill bæjarfulltrúi ganga úr bæjarstjórn áður en kjörtími hans er liðinn, og ákveður hún þá, hvort taka skuli beiðni hans til greina. Bæjarstjórn ákveður enn fremur, hvort bæjarfulltrúi skuli fara frá, eða honum vikið úr bæjarstjórn um stund, sakir atvika, er svipta hann kjörgengi. Hún ákveður og, hvort bæjarfulltrúi skuli fara frá, eða honum vikið úr bæjarstjórn um stund, af því að hann hefir vanrækt eða færst undan að gera það, sem hann er skyldur til sem bæjarfulltrúi. Þó má sá, er vikið er úr bæjarstjórn, kæra til stjórnarráðsins á þann hátt, sem segir í næstu grein á undan.

## 12. gr.

Oddviti stjórnar umræðum á fundum og sjer um, að það, sem ályktað er, sje rjett ritað í gerðabókina.

Fundur bæjarstjórnar skulu fram fara í heyranda hljóði Einstök mál má þó ræða innan luktra dyra, þegar bæjarstjórn ákveður.

Til þess að lögmæt ákvörðun sje gerð, verður auk oddvita minst helmingur bæjarfulltrúa að vera á fundi. Atkvæðamagn skal ávalt ráða. Sjeu jafnmörg atkvæði með og móti, fellur atkvæðisefnið, nema við kosningar; þá ræður hlutkesti.

Það skal kunnbert bæjarbúum, hve nær og hvar bæjarstjórnin heldur

almenna fundi. Aukafundi má halda þegar oddvita þykir nauðsyn til bera eða Nr. 58  
minst helmingur bæjarfulltrúa æskir þess. 28. nóv.

Oddviti skal á undan fundum, ef því verður við komið, skýra bæjarfulltrúum frá, hver málefni komi fyrir. Allir bæjarfulltrúar, sem eru á fundi, skulu rita nöfn sín undir gerðabókina við fundarlok, og á sjerhver fulltrúi rjett á að fá ágreiningsatriði sitt stuttlega bókað. Við nefndarkosningar skal viðhafa hlutfallskosningu, er þess er krafist.

Bæjarstjórnin setur sjálf þingsköp sín, en stjórnarráðið staðfestir þau.

### 13. gr.

Virðist oddvita einhver ákvörðun bæjarstjórnarinnar ganga út yfir valdsvið hennar, sje gagnstæð lögum eða skaðleg fyrir kaupstaðinn, eða miði til að færast undan skyldum þeim, er á kaupstaðnum hvíla, má hann fella ályktunina úr gildi að sinni, með því að rita álit sitt um það í gerðabókina. Um þetta skal hann, svo fljótt sem verða má, senda stjórnarráðinu skýrslu, er svo leggur úrskurð á málið. Eftirrit af skýrslu oddvita skal jafnframt rita bæjarstjórninni, svo að hún geti gert athugasemdir sínar við hana áður en hún fer til stjórnarráðsins.

### 14. gr.

Í málum um uppeldi og fræðslu barna hefir formaður skólanefndar sæti og tillögurjett á fundum bæjarstjórnar, en atkvæðisrjett því að eins, að hann sje bæjarfulltrúi.

### 15. gr.

Bæjarstjórn ræður byggingarmálefnum bæjarins en byggingarnefnd annast framkvæmd þeirra. Skipa hana oddviti, sem er formaður hennar, og fjórir menn, er bæjarstjórn kýs, tvo úr sínum flokki.

Þyki lóðareiganda eða lóðarhafa rjetti sínum hallað með úrskurði bæjarstjórnar eða byggingarnefndar, má skjóta honum til stjórnarráðsins.

Nú þykir bæjarstjórn rjett, að sett verði fyllri ákvæði um byggingarmál bæjarins en þá eru í lögum, og má setja þau með byggingarsamþykt, er bæjarstjórn semur eftir tillögum byggingarnefndar og stjórnarráðið sstaðfestir. Í byggingarsamþykt má ákveða sektir fyrir brot, svo og setja reglur um greiðslu þess kostnaðar, er ákvæði byggingarsamþykta hafa í för með sjer; svo má þar og ákveða hæfileg gjöld fyrir leyfi þau, sem bæjarstjórn eða byggingarnefnd veitir.

Nú er byggingarfulltrúi skipaður samkvæmt byggingarsamþykt, og má þá ákveða hæfileg gjöld fyrir þau störf hans, er hann leysir af hendi sem byggingarfulltrúi í þarfir einstakra manna eftir beiðni þeirra. Gjöld fyrir byggingarleyfi og störf fyrir einstaka menn skulu hafa lögtaksrjett, og renna þau í bæjarsjóð.

### 16. gr.

Bæjarstjórn ræður hafnarmálum bæjarins samkvæmt hafnarlögum.

## 17. gr.

Mr. 58.  
28. nóv.

Bæjarstjórn skipar bæjargjaldkera og aðra embættismenn og sýslunar menn bæjarins og veitir þeim lausn. Lögregluþjóna og næturverði skipar bæjarstjórnin eftir tillögum bæjarfógeta, er veitir þeim lausn. Hún gerir og tillögur um skipun yfirsetukvenna og kýs sáttamannsefni.

## 18. gr.

Almanaksárið telst reikningsár kaupstaðarins. Innan 1. nóvember skal bæjarstjórnin semja áætlun yfir tekjur og gjöld næsta árs. Því, sem á vantar til að standa straum af þörfum kaupstaðarins, skal jafnað niður á kaupstaðarbúa eftir eignum og ástæðum. Áætlun þá, sem þannig er samín, skal bæjarstjórnin ræða á tveim fundum með viku bili. Við síðari umræðu skal ihuga áætlunina grein fyrir grein og greiða atkvæði um hverja greiu hennar. Skal áætlunin síðar vera regla fyrir hæð bæjargjalda og fjárstjórn allri á næsta ári. Hún skal lögð fram innan 15. nóvember kaupstaðarbúum til sýnis í hálfan mánuð. —

Án samþykkis stjórnarráðsins má eigi nokkurt ár leggja hærri bæjargjöld samtals á kaupstaðarbúa en svari meðaltali allra bæjargjalda þrjú síðustu árin, að fimtungi viðbættum.

## 19. gr.

Niðurfjfnun eftir eignum og ástæðum nær til allra, sem hafa fast aðsetur í kaupstaðnum eigi skemur en þrjá mánuði. Þeir skulu greiða þar fult gjald eftir öllum efnahag sínum, nema þeir á gjaldárinu hafi líka haft fast aðsetur annarsstaðar og goldið þar útsvar. Þá skal draga frá útsvarinu títölulega við þann tíma, er þeir dvöldu annarsstaðar, þó ekki meira en þeir guldu þar.

Ef rekin er í kaupstaðnum atvinna, sem talin er sjerstaklega arðsöm, svo sem verslun eða einhver kaupskapur, eða þilbátaúngerð, þá má leggja aukaútsvar á þá atvinnu, þó ekki sje hún rekin nema átta vikur og atvinnurekandi eigi heimili annarsstaðar.

A hvalveiði, selveiði, síldveiði, síldarkaup og síldarsölu, allskonar bræðslu og allskonar verksmiðjuíðnað, á atvinnu útlendra og innlendra skipa við síldarverkun á höfninni, á ábúð á jörð eða jarðarhluta, á leiguliðaafnot af jörð, þótt engin ábúð fylgi, og á lóðarafnot, ef lóðarafnotin gefa einhvern arð, má leggja útsvar, þótt sú atvinna sje rekin enn styttri tíma.

Á kaupfjelög og pöntunarfjelög má leggja útsvar, ef þau hafa leyst borgarabryf og hafa sölubúð og vörur til sölu, svo sem hæfa þykir eftir árlegri veltu og arði í söludeild fjelagsins.

## 20. gr.

Heimilt er niðurfjfnunarnefnd að krefjast þess, að kaupstaðarbúar sendi henni, á þar til gerðum eyðublöðum, skýrslu um árstekjur sínar og aðrar upp-

lýsingar um efni þeirra og ástæður. Skylt er nefndinni og bæjarstjórn að halda Nr. 58 þessum upplýsingum leyndum. 28. nóv.

## 21. gr.

Niðurfjöfnunarnefnd skipa fimm menn, og skulu þeir kosnir í októbermánuði á sama hátt og bæjarfulltrúar. Þeir skulu kosnir til 6 ára. Af þeim, sem kosnir eru í fyrsta skifti, fara tveir frá að þremur árum liðnum eftir samkomulagi eða hlutkesti. Um setu í niðurfjöfnunarnefnd gildir að öðru leyti sama og fyr segir um bæjarstjórn, að því er við getur átt. Enginn má á sama tíma sitja í niðurfjöfnunarnefnd og bæjarstjórn.

Niðurfjöfnunarnefnd kýs formann úr sínum flokki, og gildir hið sama um ályktanir hennar og atkvæðagreiðslu og um bæjarstjórn, (sbr. 12. gr.).

Niðurfjöfnunarnefnd skal hafa lokið niðurfjöfnun í lok nóvembermánaðar.

Niðurfjöfnunarskráin skal liggja kaupstaðarbúum til sýnis 1.—15. desember á hentugum stað, er niðurfjöfnunarnefnd auglýsir.

Kærur yfir niðurfjöfnun skulu sendar niðurfjöfnunarnefnd skriflega innan hálfis mánaðar frá því, að niðurfjöfnunarskrán var til sýnis. Innan hálfis mánaðar þar á eftir skal nefndin skriflega tilkynna kæranda, hvort eða að hve miklu leyti krafa hans hafi verið tekin til greina. Ályktun niðurfjöfnunarnefndarinnar má svo innan hálfis mánaðar þar á eftir bera upp fyrir bæjarstjórn, sem leggur úrskurð sinn á málið innan hálfis mánaðar.

Hverjum, sem bæjargjald er ge t, er heimilt að kvarta yfir skattgjaldi því, sem lagt hefir verið á hann eða aðra, sem á niðurfjöfnunarskránni standa, svo og yfir því, að einhverjum er slept af skránni. Ef kvartað er yfir gjaldi annars manns, eða yfir því, að manni sje slept, skal honum gefinn kostur á að segja álit sitt um það efni áður en niðurfjöfnunarnefnd eða bæjarstjórn fella úrskurð sinn.

Eigi má bæjarstjórn bæta manni á niðurfjöfnunarskrá, nema gjald hans nemi að minsta kosti hinu lægsta gjaldi, sem þegar hefir verið lagt á einhvern annan á niðurfjöfnunarskránni.

Enginn getur, með því að bera sig upp við bæjarstjórnina um skattgjald sitt, komist hjá því að greiða þann hluta skattsins, sem falinn er í gjalddaga; en verði gjaldið lækkað, skal greiða aftur úr bæjarsjóði það, sem ofgildið er.

## 22. gr.

Aukaniðurfjöfnun fer fram þegar bæjarstjórnin ákveður, og skulu skattar þá lagðir á þá, sem flutst hafa til kaupstaðarins eftir að aðalniðurfjöfnun fór fram og skattskyldir eru samkvæmt því, er áður segir. Aukaniðurfjöfnun skal lögð fram til sýnis vikutíma á sama hátt sem fyr greinir.

## 23. gr.

Verði ágreiningur milli Siglufjarðarkaupstaðar og annars sveitar- eða

Nr. 58 bæjarfjelags um það, hvernig skifta beri skattgjaldi manns, skal stjórnarráðið skera úr því.

28. nóv. Þykist einhver ekki vera skattskyldur í kaupstaðnum, má hann skjóta máli sínu til dómstólanna.

#### 24. gr.

Öll bæjargjöld eftir aðalniðurjöfnun skulu goldin að helmingi fyrir 1. febrúar og að helmingi fyrir 1. ágúst. Þó skulu þeir, er eiga ekki heima í kaupstaðnum, en fara burt á gjaldárinu, hafa greitt útsvar sitt áður en þeir fara á brott; en útsvör eftir aukaniðurjöfnun skulu goldin eftir ákvæðum bæjarstjórnar í hvert sinn og ber bæjargjaldkera að innheimta þau, eins og líka allar aðrar tekjur kaupstaðarins. Sju gjöldin eigi greidd innan mánaðar frá gjalddaga, ber að taka þau lögtaki.

Flytji gjaldskyldur maður sig alfarinn úr kaupstaðnum innan ársloka, fellur alt það gjald niður, sem er lagt á hann sjálfan fyrir það ár, sem fer í hönd, ef maðurinn hefir greitt útsvar hjer á landi fyrir gjaldárið á undan. Sá, sem flytur sig úr kaupstaðnum einhvern tíma á árinu, er að eins skyldur til að greiða skatt til loka þess ársfjórðungs, er hann flytur sig. Sá, sem flytur sig inn í kaupstaðinn á árinu og er settur á aukaniðurjöfnunarskrá, er að eins skyldur að greiða skatt frá þeim tíma, er hann fluttist inn.

#### 25. gr.

Bæjarstjórn og sjerstaklega oddviti bæjarstjórnar skal hafa nákvæmar gætur á fjárstjórn kaupstaðarins og sjá um, að skattar og aðrar tekjur sju rjett heimtar og í tækan tíma og teknar lögtaki, ef þess þarf við; enn fremur gæta þess, að geymt sje tryggilega, og eftir atvikum ávaxtað fje bæjarins, þangað til á því þarf að halda til þess að borga útgjöld hans.

Bæjarstjórnin hefir ábyrgð á innstæðum, skuldabrefum og öðrum eignum kaupstaðarins.

#### 26. gr.

Gjaldkeri skal, þegar þess er krafist, gefa bæjarstjórninni nákvæma sjóðskýrslu, er sýni bæði, hvað goldist hafi í bæjarsjóð og hvað úr honum hafi verið greitt, og hver sje hinn handbæri peningaforði. Eigi má gjaldkeri greiða neitt, nema eftir ávísun bæjarstjórnar. Oddviti ávísar útgjöldum, og skulu þau áður samþykkt af fulltrúa þeim, er þau eiga undir.

#### 27. gr.

Fyrir opinber uppboðsþing, sem kaupstaðurinn lætur halda í sínar þarfir, svo sem á lendum, smíðum, vegavinnu o. fl., skal ekkert gjald greiða í ríkissjóð.

#### 28. gr.

Bæjarstjórnin er skyld að útvega og láta stjórnarráðinu eða hagstofunni

í tje skýrslur þær, sem beðið er um, svo sem um fólkstal, skepnuhöld, atvinnu-Nr. 58 vegi og annað ástand kaupstaðarins. 28. nóv.

## 29. gr.

Bæjarstjórnin má ekki, án samþykkis stjórnarráðsins, takast á hendur neina skuldbindingu til langframa, sem hvílir ekki beinlínis á henni samkvæmt lögum, ekki taka af innstæðufje kaupstaðarins, ekki selja nje veðsetja fasteignir hans nje kaupa nýja fasteign, ekki taka stærri lán nje til lengri tíma en svo, að þau verði borguð aftur af tekjum þess árs, sem í hönd fer, nje heldur endurnýja slik lán eða fresta greiðslu þeirra.

## 30. gr.

Þegar við lok hvers reikningsárs skal gjaldkeri semja reikning yfir allar tekjur og gjöld kaupstaðarins hið umliðna ár, svo og skýrslu um eignir og skuldir í árslokinn, og senda oddvita bæjarstjórnar fyrir lok janúarmánaðar. Lætur oddviti bæjarstjórnar reikninginn liggja kaupstaðarbúum til sýnis hálfan mánuð á vanalegum, hentugum, áður auglýstum stað.

Yfirskoðunarmenn reikninga kaupstaðarins eru tveir, og kýs bæjarstjórn þá hlutfallskosningu. Starf það hafa þeir á hendi þrjú ár, og mega ekki eiga sæti í bæjarstjórn þann tíma. Þeir hafa þóknun úr bæjarsjóði fyrir starfa sinn. Auk reikninga bæjarsjóðs skulu þeir og rannsaka reikninga þeirra sjóða og stofnana, er bæjarstjórnin hefir umsjón með.

Yfirskoðunarmenn skulu hafa lokið rannsókn sinni á reikningi bæjarsjóðs innan mánaðar frá því að þeir fengu hann.

Þegar gjaldkeri hefir svarað athugasemdum yfirskoðunarmanna, en það skal hann hafa gert innan hálfis mánaðar, skal leggja reikninginn fyrir bæjarstjórnina, sem úrskurðar hann og veitir gjaldkera kvittun. Þó má enginn taka þátt í úrskurði, sem snertir þau bæjarstörf, er honum hafa verið sjerstaklega á hendur falin.

Nú vill reikningshaldari eða annar, sem hlut á að máli, eigi viðurkenna, að úrskurður bæjarstjórnar sje rjettur, enda honum lögð peningaábyrgð á hendur, og má hann skjóta máli sínu til dómstólanna.

Þegar lagður hefir verið úrskurður á reikning gjaldkera, á að birta á prenti ágrip af honum, er oddviti bæjarstjórnar semji; á það ágrip að vera svo fullkomið, að til sjeu greind öll aðalatriði í tekjum og gjöldum kaupstaðarins.

## 31. gr.

Innan loka septembermánaðar ár hvert skal senda stjórnarráðinu reikning fyrir hið liðna reikningsár með athugasemdum, svörum og úrskurðum. Komi það fram, að bæjarstjórnin hafi greitt ólögmat gjöld, neitað að greiða þau gjöld, sem löglega hvila á kaupstaðnum, eða á annan hátt ranglega beitt valdi sínu, skal stjórnarráðið gera þær ráðstafanir, er með þarf, og ef nauðsyn ber til getur



Nr. 58 stjórnarráðið með lögsókn komið fram ábyrgð á hendur þeim bæjarfulltrúum, 28. nóv. sem hafa átt þátt í þessum ályktunum.

## 32. gr.

Hið fyrsta eftir að lög þessi öðlast gildi skal stofna slökkvilið á Siglufirði. Bæjarstjórnin semur reglugerð fyrir slökkviliðið, en stjórnarráðið staðfestir hana, og má ákveða sektir fyrir brot gegn ákvæðum reglugerðarinnar, og renna þær í bæjarsjóð. Með mál út af brotum gegn þeirri reglugerð skal farið sem almenn lögreglumál.

## 33. gr.

Bæjarstjórnin hefir yfirumsjón með rafleiðslu og vatnsleiðslu bæjarins, en falið getur hún sjerstökum mönnum alla nánari stjórn og umsjón stofnana þessara.

Purfi að taka vatn eða vatnsafl í landareign einstakra manna, skulu landeigendur skyldir til að láta í tje nægilegt vatn úr uppsprettum, ám og lækjum í landareign þeirra, þó svo, að þeir sjeu eigi með því sviftir nægilegu vatni til heimilisparfa fyrir þá sjálfa. Svo skal þeim og skylt að láta af hendi lóð og landsafnet til hvers kyns mannvirkja, er í þessu skyni þarf, þar með talið grjóttak, malartaka og torfrista, og að þola þær eignarkvaðir, óhagræði og takmörkun á afnotarjetti, sem slík mannvirki hafa í för með sjer, alt gegn því, að fult endurgjald komi fyrir. Bætur fyrir jarðrask í óræktuðu landi skulu því að eins greiddar, að álitid verði, að landeigandi biði skaða við það. Verði ekki samkomulagi náð um bætur þessar, skal eignarnám fram fara samkvæmt lögum.

## 34. gr.

Með samþykkt þeirri, sem getur um í 3. grein og stjórnarráðið staðfestir, má setja nánari reglur um sjerhvert atriði í stjórn kaupstaðarins, samkvæmt grundvallarreglum laga þessara, þar á meðal um brot á þeim.

## 35. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1920, og eru þar með úr gildi numdar 4.—37. gr. laga um bæjarstjórn á Siglufirði, nr. 30, 22. nóvember 1918.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

**Gefið á Amalúborg, 28. nóvember 1919.**

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

**Christian R.**

(L. S.)

*Sigurður Jónsson.*

# Lög

um

breyting á lögum nr. 59, 10. nóv. 1913, um friðun fugla og eggja.

**Vjer Christian hinn Tíundi**, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,  
Vinda og Gauta, hertogi af Sljesvik, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,  
Láenberg og Aldinborg,

*Gjörum kunnugt*: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Framan af annari málsgr. 2. gr. laga nr. 59, 10. nóv. 1913, falli »valir«.

2. gr.

e-liður 3. gr. laganna orðist svo:

Ernir skulu friðaðir til 1940. Valir skulu friðaðir til 1930, en síðan skulu hvortveggi þessar fuglategundir ófriðaðar, og teljast þá undir 2. gr.

3. gr.

4. gr. laganna orðist svo:

Fyrir hvern fugl, sem friðlýstur er í lögum þessum, skal sá, er brotlegur verður, gjalda 10. kr. sekt, sem tvöfaldast við ítrekun brotsins, alt að 80 kr. Brot gegn 3. gr. e. varðar 500 kr. sekt.

4. gr.

Fyrir »10 kr. sekt« í 6. gr. laganna komi:  
500 kr. sekt.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

**Gefið á Amalíuborg, 28. nóvember 1919.**

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

**Christian R.**

(L. S.)

*Sigurður Jónsson.*

# Lög

um

## hafnargerð í Ólafsvík.

**Vjer Christian hinn Tíundi**, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

*Gjörum kunnugt*: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

### 1. gr.

Til hafnargerðar í Ólafsvík veitist úr landssjóði einn fjórði hluti kostnaðar, eftir áætlun, sem stjórnin hefir samþykkt, þegar fje er veitt til þess í fjárlögum, þó ekki yfir 175000 — eitt hundrað sjötíu og fimm þúsund — krónur, gegn þreföldu framlagi úr hafnarsjóði Ólafsvíkur. Fjárhæð þessi greiðist hreppsnefnd Ólafsvíkur að sömu tiltölu og hafnarsjóður leggur fram til fyrirtækisins árlega.

### 2. gr.

Landsstjórninni veitist heimild til að ábyrgjast fyrir hönd landssjóðs alt að 525000 — fimm hundruð tuttugu og fimm þúsund — króna lán, er hreppsnefnd Ólafsvíkur kann að fá til hafnargerðar, gegn ábyrgð sýslunefndarinnar í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu.

Tillagið úr landssjóði og ábyrgð landssjóðs er bundið því skilyrði, að yfirmsjón með verkinu og reikningshaldi sje falin manni, sem stjórnarráðið samþykkir.

### 3. gr.

Sjerhver er skyldur til að láta af hendi mannvirki og land, er þarf til að gera höfnina, eða undir brautir og vegi í þarfir hafnarinnar, svo og leyfa, að tekið verði í landi hans, hvort heldur er grjót, mól eða önnur jarðefni, og þola þær eignarkvaðir, óhagræði eða takmörkun á afnotarjetti, sem hafnargerðin hefir í för með sjer, alt gegn því, að fullar bætur komi fyrir. Náist ekki samkomulag um bæturnar, skulu þær ákveðnar með mati tveggja dómkvaddra manna, að tilkvöddum báðum málsaðiljum. Kostnaður við matið greiðist úr hafnarsjóði Ólafsvíkur. Nú vill annarhvor málsaðilja ekki una mati, og getur hann heimtað yfirmat, en gera skal hann það innan 14 daga frá því að matsgerð er lokið. Yfirmatið skal framkvæmt á sama hátt af 4 dómkvöddum mönnum. Kostnaðinn við yfirmatið greiðir sá, er þess hefir krafist, ef matsupphæðinni verður ekki breytt

meira en sem nemur 10% af hinni ákveðnu endurgjaldsupphæð. Ella greiðist Nr. 60 kostnaðurinn úr hafnarsjóði Ólafsvíkur. Landssjóði ber ekki endurgjald fyrir þær 28. r. óv. eignarkvaðir, óhagræði eða takmörkun á afnotarjetti, sem umræðir í grein þessari.

## 4. gr.

Meðfram strandlengjunni umhverfis höfnina má ekki gera í sjó fram neina bryggju eða önnur mannvirki, nje fylla upp eða dýpka út frá landi nema samþykki hreppsnefndar og stjórnarráðs komi til.

Sá, sem vill gera eitthvert slíkt mannvirki, skal senda hafnarnefndinni beiðni um það, og skal beiðninni fylgja lýsing á því, svo og uppdráttur, ef með þykir þurfa, í tvennu lagi, og heldur hafnarnefndin öðru eintakinu af hvoru þeirra eftir. Hafnarnefndin afgreiðir síðan málið til hreppsnefndar, sem ákveður hvort leyfið skuli veitt. Skjóta má þó þeirri ákvörðun undir úrskurð stjórnarráðsins.

Sá, sem fengið hefir leyfi til að gera slíkt mannvirki, skal skyldur að halda því svo við, að engin hættu stafir af því.

Brot gegn þessari grein varðar sektum frá 10—200 krónum, og hafnarnefndin getur látið nema burtu mannvirkið á kostnað eiganda.

Nú hefir bryggja eða annað mannvirki í sjó fram legið ónotað í 5 ár samfleytt, og er þá hafnarnefnd heimilt að láta taka það burt án endurgjalds til eiganda.

## 5. gr.

Hreppsnefnd Ólafsvíkur hefir á hendi stjórn hafnarmálefna undir yfirmumsjón stjórnarráðs Íslands.

## 6. gr.

Framkvæmd hafnarmála og eftirlit með höfninni skal fela hafnarnefnd, er hreppsnefndin kys til eins árs í senn.

Í hafnarnefnd sitja 5 menn, 2 úr hreppsnefnd og 3 utan hreppsnefndar; þar af 2 úr tölu sjómanna og 1 úr tölu kaupmanna. Geta þeir ekki skorast undan endurkosningu fyrri en þeir hafa setið í nefndinni 6 ár samfleytt.

Nefndin sjer um viðhald og endurbætur á höfninni, stýrir öllum framkvæmdum, er þar að lúta, og annast fjárhald hafnarinnar og reikningsskil fyrir hönd hreppsnefndar.

## 7. gr.

Hreppsnefndin skipar starfsmenn hafnarinnar eftir tillögu hafnarnefndarinnar.

## 8. gr.

Eigum hafnarsjóðs má að eins verja í þarfir hafnarinnar. Hreppssjóður

Nr. 60 ábyrgist skuldir hafnarsjóðsins og hreppsnefndin hefir ábyrgð á eigum og fje 28. nóv. hafnarinnar.

9. gr.

Hreppsnefndin má ekki án leyfis stjórnarráðsins selja eða veðsetja fasteignir hafnarsjóðsins, eða kaupa nokkrar nýjar fasteignir, taka stærri lán eða lán til lengri tíma en að þau verði borguð aftur af tekjum þess árs, sem fer í hönd, nje endurnýja slík lán eða fresta borgunartímanum, og ekki heldur gera nein þau mannvirki við höfnina sem eru svo stórvaxin, að árstekjurnar hrökkvi ekki til að koma þeim í framkvæmd.

10. gr.

Til þess að standa straum af kostnaði við byggingu og viðhald hafnarvirkja og til árlegs rekstrarkostnaðar hafnarinnar er heimilt að innheimta gjöld þau, er hjer segir, af skipum og bátum, er hafna sig á hinni löggiltu höfn Ólafsvíkur, eins og takmörk hennar verða ákveðin með reglugerðinni, svo og af farmi þeirra:

1. Lestagjald.
2. Vitagjald.
3. Vörugjald. Undanskildar skulu þó vörur þær, er samkvæmt farmskrá skipsins eiga að fara til annara hafna á landinu, ef þær eru ekki settar á land.
4. Bryggjugjald af skipum, er leggjast við bryggjur hafnarinnar.
5. Festargjald af skipum, er nota festar hafnarsjóðs.

Gjöld þessi, sem og gjöld fyrir afnot af öðrum eigum hafnarinnar, skal ákveða í reglugerð, er hreppsnefnd Ólafsvíkurhrepps semur og stjórnarráð Íslands staðfestir, og skal í henni ákveða, hver sknlí greiða þau og innheimta.

Herskip og skemtiskip skulu vera undanþegin gjöldum samkv. 1.—3. lið greinarinnar.

11. gr.

Nú má álíta, að tekjurnar af gjaldstofnum þeim, sem heimilaðir eru í 10. gr., hrökkvi ekki fyrir árlegum útgjöldum hafnarinnar, og getur þá hreppsnefndin, með sjerstöku samþykki ríkisstjórnar fyrir hvert ár, ákveðið að leggja megi aukatoll á að- og útflutningsskyldar vörur. Gjaldið má þó aldrei fara fram úr 4% af tolli þeim, er greiða ber í landssjóð. Gjald þetta innheimtir hreppstjóri, og fær hann í innheimtulaun 2%. Gjald þetta, sem og gjöldin samkvæmt 10. gr., má taka lögtaki.

12. gr.

Reikningsár hafnarsjóðsins er almanaksárið.

13. gr.

Fyrir 1. nóvember ár hvert ber hafnarnefnd að leggja fyrir hreppsnefnd

frumvarp til áætlunar um tekjur og gjöld hafnarinnar á komandi ári. Áætlun Nr. 60 þessi skal fullsamin fyrir lok nóvembermánaðar. Áætlunin sendist stjórnarráðinu 28. nóv. til samþykktar fyrir árslok, ásamt nauðsynlegum skýringum á einstökum gjaldliðum og tekjuliðum.

## 14. gr.

Nú hefir hreppsnefndin í hyggju einhverjar meiri háttar aðgerðir við höfnina, eða hún vill gera einhverjar þær ráðstafanir, er samþykki stjórnarráðsins þarf til, og skal hún þá senda stjórnarráðinu sjerstaka tillögu um það efni. Skal það gert svo timanlega, ef kostur er, að samþykki stjórnarráðsins geti komið til, áður en hún lætur fjárhagsáætlun hafnarinnar fara frá sjer.

## 15. gr.

Komi það í ljós þegar fram á árið liður, að óumflýjanlegt sje að sinna einhverjum aðgerðum utan áætlunar, eða fara fram úr áætludum fjárupphæðum, ber hafnarnefnd að tilkynna það hreppsnefnd í tæka tíð. Fallist hún á tillögur hafnarnefndar, skal þegar leita samþykkis stjórnarráðsins til þess, að vikja megi frá áætluninni. Fyr má eigi framkvæma verkið nje stofna til tekjuhalls.

## 16. gr.

Við lok hvers reikningsárs, og ekki síðar en fyrir lok febrúar, skal gera reikning yfir tekjur og gjöld hafnarinnar á hinu liðna ári og efnahagsreikning hennar. Reikningana skal endurskoða á sama hátt og hreppsreikninga, en úrskurða af stjórnarráðinu.

## 17. gr.

Að öðru leyti skal ákveðið með reglugerð, er hreppsnefndin semur og stjórnarráðið staðfestir, alt það, er lýtur að greiðri og hættalausri umferð um höfnina, góðri reglu og öðru höfninni viðvíkjandi, er við þykir eiga. Í reglugerðinni má ákveða sektir fyrir brot gegn henni, 10—500 krónur.

Sektir samkvæmt lögum þessum renna í hafnarsjóð.

## 18. gr.

Sem almenn lögreglumál skal með þau mál farið, sem rísa út af brotum gegn 4. gr. laga þessara og reglugerðum þeim, er settar verða samkvæmt þeim.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

**Gefið á Amalíuborg, 28. nóvember 1919.**

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

**Christian R.**

(L. S.)

*Sigurður Jónsson.*

# Lög

um

## bæjarstjórn á Seyðisfirði.

**Vjer Christian hinn Tíundi**, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,  
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvik, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,  
Láenberg og Aldinborg,

*Gjörum kunnugt*: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

## 1. gr.

Fjarðaralda með Búðareyri og Vestdalseyri og jarðirnar Vestdalur og Fjörður með Fjarðarseli og Odda er lögsagnarumdæmi út af fyrir sig með kaupstaðarrjettindum.

Verslunarlóð bæjarins er svæðið frá Grýta norðan fjarðarins með sjó fram kringum fjörðinu að Borgartanga sunnan fjarðarins og svo langt upp frá sjó, sem þurfa þykir.

## 2. gr.

Sýslumaðurinn í Norður-Múlasýslu er jafnframt bæjarfógeti kaupstaðarins. Hann er oddviti bæjarstjórnar.

Bæjarstjórnin kýs bæjarstjóra í stað bæjarfógeta til 6 ára í senn, ef kjósendur með leynilegri atkvæðagreiðslu samþykkja það með  $\frac{2}{3}$  greiddra atkvæða. Hann skal launaður úr bæjarsjóði.

## 3. gr.

Málefnum bæjarins stjórnar bæjarstjórn, og eru í henni bæjarfógetinn og 9 bæjarfulltrúar, kosnir af bæjarbúum, sem kosningarrjett hafa eftir lögum þessum. Tölu bæjarfulltrúa má stjórnarráðið breyta, ef þörf gerist, eftir tillögum bæjarstjórnar. Oddviti bæjarstjórnar hefir því að eins atkvæðisrjett á fundum, að hann sje bæjarfulltrúi.

## 4. gr.

Kosningarrjett hafa allir bæjarbúar, konur og karlar, sem eru 25 ára að aldri og hafa átt lögheimili í bænum 1 ár, þegar kosning fer fram, og fullnægja að öðru leyti skilyrðum fyrir kosningarrjetti til Alþingis.

Kjörgengur er hver sá, er kosningarrjett hefir; þó mega hjón aldrei sitja samtímis í bæjarstjórn nje foreldrar og börn.

Innan 60 ára aldurs er hver kjörgengur maður skyldur að taka við kosningu, hafi hann eigi gildar ástæður til að skorast undan. Sker kjörstjórn úr þessu, en úrskurði hennar má skjóta til bæjarstjórnar. Sá, sem gegnt hefir fulltrúastörfum 3 ár eða lengur, er eigi skyldur til að takast á hendur þá sýslu

aftur jafn langan tíma og hann hefir verið fulltrúi. Konur hafa jafnan heimild Nr. 61 til að skorast undan kosningu.

28. nóv.

## 5. gr.

Bæjarfulltrúar skulu kosnir til 3 ára, þriðjungur árlega. Þeir bæjarfulltrúar, sem nú eru í bæjarstjórn, skulu sitja í henni kjörtímabil sitt, samkvæmt eldri bæjarstjórnarlögum. Skal í fyrsta sinni kjósa eftir lögum þessum 5 fulltrúa í ársbyrjun 1920 og ganga tveir þeirra úr bæjarstjórn eftir hlutkesti, annar í árslok 1920, en hinn í árslok 1921. Fari fulltrúi frá á kjörtímabili sínu, skal þegar kjósa mann í hans stað fyrir þann tíma, sem eftir er af því.

## 6. gr.

Almennar fulltrúakosningar skulu fara fram einhvern fyrsta virkan dag eftir nýár.

Í kjörstjórn eru oddviti bæjarstjórnar og 2 fulltrúar, er bæjarstjórn kýs. Kjörstjórn skal semja kjörskrá fyrir hver árslok, og gildir hún fyrir almanaksárið næsta á eftir.

Kjörskrá skal liggja öllum bæjarbúum til sýnis á hentugum stað í 15 daga á undan kjördegi.

Kærur gegn kjörskrá verða ekki teknar til greina, sjeu þær eigi bornar upp fyrir kjörstjórn í síðasta lagi 3 dögum á undan kjördegi, og skal hún þá leggja úrskurð sinn á þær.

## 7. gr.

Formaður kjörstjórnar boðar stund og stað, er kosningar skulu fram fara, með eigi minna en vikufresti og á þann hátt, er kjörþing er vant að boða.

## 8. gr.

Kærur yfir kosningargerð eða úrskurðum kjörstjórnar verður að bera skriflega undir bæjarstjórnina innan 8 daga eftir að kosningin fór fram. Leitar bæjarstjórn álitis kjörstjórnar um kærurnar og leggur úrskurð sinn á málið innan 8 daga. Innan 15 daga eftir að slíkur úrskurður er uppkveðinn má kæra hann fyrir stjórnarráðinu.

Eftir almennar kosningar fara bæjarfulltrúar þeir, er frá eiga að fara, þá fyrst úr bæjarstjórn, er fullnaðarúrskurður er lagður fram á komnar kærur.

Purfi uppkosning að fara fram, skal þegar til hennar stofnað og við hana að nota hina síðast leiðrjettu kjörskrá.

## 9. gr.

Nú vill bæjarfulltrúi ganga úr bæjarstjórn áður en kjörtími hans er liðinn, og ákveður hún þá, hvort taka skuli beiðni hans til greina. Bæjarstjórn ákveður enn fremur, hvort bæjarfulltrúi skuli fara frá, eða honum vikið úr bæjar-



Nr. 61 stjórn um stund, sakir atvika, er svifti hann kjörgengi. Hún ákveður og, 28. nóv. hvort bæjarfulltrúi skuli fara frá, eða honum vikið úr bæjarstjórn um stund, af því að hann hefir vanrækt eða færst undan að gera það, er hann var skyldur til sem bæjarfulltrúi (sjá 12. gr.). Þó má sá, er vikið er úr bæjarstjórn, kæra fyrir stjórnarráðinu á þann hátt, sem segir í næstu grein á undan.

## 10. gr.

Oddviti stjórnar umræðum á fundum og sjer um, að það, sem ályktað er, sje rjett ritað í gerðabókina

Fundur bæjarstjórnar skulu fara fram í heyranda hljóði. Einstök mál má þó ræða innan luktra dyra, þegar bæjarstjórn ákveður.

Til þess að lögmæt ákvörðun sje gerð, verður auk oddvita meira en helmingur bæjarfulltrúa að vera á fundi. Atkvæðamagn skal ávalt ráða. Sjeu jafnmörg atkvæði með og móti, fellur atkvæðisefnið, nema við kosningar; þá ræður hlutkesti. Við nefndarkosningar skal viðhafa hlutfallskosningar, ef þess er krafist.

Það er kunnert bæjarfulltrúum, hvar og hve nær bæjarstjórnin heldur almenna fundi. Aukafundi má halda, þegar oddvita þykir nauðsyn til bera eða þegar minst helmingur bæjarfulltrúa æskir þess.

Oddviti skal á undan fundum, ef því verður við komið, skýra bæjarfulltrúum frá, hver málefni koma fyrir.

Allir bæjarfulltrúar, sem eru á fundi, skulu rita nöfn sín undir gerðabókina strax og bókun er lokið, og á sjerhver fulltrúi rjett á að fá ágreiningsatriði sitt stuttlega bókað.

Bæjarstjórnin setur sjálf þingskóp sín, en stjórnarráðið samþykkir þau.

## 11. gr.

Oddviti bæjarstjórnar hefir á hendi framkvæmd ákvarðana þeirra, er bæjarstjórnin gerir, og bæjarmálefna yfir höfuð.

Virðist oddvita einhver ákvörðun bæjarstjórnar ganga út yfir valdsvið hennar, vera gagnstæð lögum eða skadleg fyrir bæjarfjelagið, eða miði til að færast undan skyldum þeim, er á því hvila, má hann fella hana úr gildi um sinn, með því að rita álit sitt um hana í gerðabókina. Um þetta skal hann, svo fljótt sem verða má, senda stjórnarráðinu skýrslu, og leggur það úrskurð á málið. Eftirrit af skýrslu oddvita skal jafnframt senda bæjarstjórninni, svo að hún geti gert athugasemdir við hana áður en hún fer til stjórnarráðsins.

## 12. gr.

Með samþykkt, sem stjórnarráðið staðfestir, skal setja fastar nefndir til að fara með einstök bæjarmál, og skal í henni kveðið á um skipun, verksvið og vald þeirra. Þó má bæjarstjórn fela einum eða fleirum fulltrúanna framkvæmd einstakra bæjarstarfa, eftir reglum, er hún setur um það.

Allir bæjarfulltrúar eru skyldir að taka að sjer þau sjerstöku bæjarstörf, Nr. 61 er þeim eru falin á hendur. 28. nóv.

Fyrir nefndarmenn, kosna utan bæjarstjórnar, gilda sömu synjunarástæður og starfstímatakmörk og um bæjarfulltrúa, sjá þó 17. gr.

## 13. gr.

Í málum, er snerta uppeldi og fræðslu barna, hefir formaður skólanefndar sæti og tillögurjett á fundum bæjarstjórnarinnar, en atkvæðisrjett því að eins. að hann sje bæjarfulltrúi.

## 14. gr.

Bæjarstjórn skipar embættismenn eða sýslunarmenn bæjarins og veitir þeim lausn.

Lögregluþjóna og næturverði skipar bæjarstjórnin eftir tillögum bæjarfógeta, en hann getur veitt þeim lausn án samþykkis bæjarstjórnar. Bæjarstjórnin gerir tillögur um skipun yfirsetukvenna og sáttasemjara.

## 15. gr.

Almanaksárið telst reikningsár bæjarins. Innan 1. dags októbermánaðar ár hvert skal bæjarstjórnin semja áætlun yfir tekjur og gjöld bæjarins næsta ár. Í áætluninni skal tilgreina tekjur þær, sem til eru, til þess að borga með gjöldin án þess að skattur sje lagður á bæjarbúa. Því sem ávantar til þess að standa straum af bæjarþörfum, skal jafna niður eftir efnun og ástæðum. Áætlun þá, sem þannig er samin, skal ræða á 2 fundum með minst viku millibili. Við síðari umræðu skal íhuga áætlunina grein fyrir grein og greiða atkvæði um hverja grein hennar fyrir sig. Skal áætlunin í þeirri mynd, sem bæjarstjórnin samþykkir hana, vera regla fyrir hæð bæjargjalda og fjárstjórn allri á næsta ári. Áætlun þessa skal leggja fram innan 1. dags nóvembermánaðar, og skal hún vera öllum til sýnis í 15 daga.

Án samþykkis stjórnarráðsins má ekkert ár leggja hærri bæjargjöld samtals á bæjarbúa en svári meðaltali allra bæjargjalda 3 síðustu árin, að fimtungi viðbættum.

## 16. gr.

Af öllum útmældum byggingarlóðum í bænum, bygðum og óbygðum, svo og grunnnum þeirra húsa, sem notuð eru við ábúð á jörð, skal greiða gjald í bæjarsjóð, er nefnist lóðargjald og nemi 1—2 krónum af hverjum 100 krónum af virðingarverði lóðarinnar sjálfrar eða grunnsins, án tillits til mannvirkja þeirra, sem gerð hafa verið á þeim. Þó skal af engri lóð greiða minna gjald en 8 krónur.

Lóðargjaldið greiðist af verði því, sem lóðirnar eru metnar 10. hvert ár af lögskipaðri fasteignamatnefnd — sbr. lög nr. 22, 3. nóv. 1915.

Ef lóðir eru mældar út að nýju milli tveggja reglulegra fasteignamata, skal verð þeirra ákveðið til bráðabirgða af fasteignanefnd bæjarins. Skal leggja

Nr. 61 það mat til grundvallar fyrir upphæð lóðargjaldsins þar til lokið er næsta reglu-  
28. nóv, lega fasteignamati. Fasteignanefnd bæjarins metur einnig verð grunna þeirra  
húsa, sem notuð eru við ábúð á jörðum. Þar sem svo hagar til, að byggingar-  
lóð og tún er metið í einu lagi af hinni lögskipuðu fasteignamatsnefnd, ákveður  
fasteignanefnd bæjarins, hve mikið af verði lóðarinnar skuli talið til túnsins.  
Mati fasteignanefndar bæjarins má skjóta til bæjarstjórnarinnar innan 3 mánaða,  
er leggur úrskurð sinn á matið.

## 17. gr.

Niðurfjöfnun eftir efnun og ástæðum nær til allra, sem hafa lögheimili  
eða fast aðsetur í bænum eigi skemur en 3 mánuði. Þeir skulu greiða þar fult  
gjald eftir öllum efnahag sínum og ástæðum, nema þeir hafi líka á gjaldárinu haft  
fast aðsetur annarsstaðar og goldið þar útsvar; þá skal draga frá útsvarinu til-  
tölulega eftir þeim tíma, er þeir dvöldust annarsstaðar, þó eigi meira en þeir  
guldu þar.

A hverskonar atvinnu, sem rekin er í bænum og talin er sjerstaklega  
arðsöm, svo sem verslun, kaupskap eða þilbátaútgærd, má gjald leggja, þótt ekki  
sje rekin nema 8 vikur og atvinnurekandi eigi heimili annarsstaðar. Á sildveiði  
og sildarverkun í bænum eða á höfninni, á allskonar bræðsl og allskonar verk-  
smiðjuíðnað, á ábúð á jörð eða jarðarluta, á leiguliðaaafnot af jörð, þótt engin  
ábúð fylgi, og lóðarafnot eða húseignir, er einhvern arð gefa, má leggja útsvar,  
þótt sú atvinna sje rekin skemri tíma.

Á kaupfjelög og pöntunarfjelög, er hafa leyst borgarabrjef, hafa sölubúð  
og vörur til sölu, má leggja útsvar, svo sem hæfa þykir eftir árlegri veltu og  
arði í söludeild fjelagsins.

Heimilt er niðurfjöfnunarnefnd að krefjast þess, að borgarar bæjarins sendi  
henni, á þar til gerðum eyðublöðum, skýrslu um árstekjur sínar og aðrar upplýs-  
ingar um efni þeirra og ástæður. Skylt er nefndinni og bæjarstjórn að halda  
þessum upplýsingum leyndum.

## 18. gr.

Niðurfjöfnunarnefnd skipa 5 menn, og skulu þeir kosnir í septembermán-  
uði til 6 ára. Á hverjum 3 ára fresti fara frá 3 og 2 nefndarmenn til skiftis.  
Um kosningarrjett þeirra og kjörgengi gildir hið sama og ákveðið er um kosning-  
arrjett og kjörgengi til bæjarstjórnar, svo og um kosningaraðferðina; einnig um  
ályktanir nefndarinnar og atkvæðagreiðslur.

Enginn sem kjörgengur er í bæjarstjórn, getur skorast undan kosningu í  
niðurfjöfnunarnefnd; þó má enginn samtímis sitja í niðurfjöfnunarnefnd og bæjarstjórn.

Hver sá, er verið hefir 6 ár í nefndinni eða lengur, er undanþeginn end-  
urkosningu næstu 6 ár.

Niðurfjöfnunarnefndin kys formann úr sínum flokki.

Niðurfjöfnunarnefnd skal hafa lokið niðurfjöfnun í lok nóvembermánaðar.  
Til þess að áætluð upphæð gjaldanna eftir efnun og ástæðum náist full

og rýrist eigi við lækkun bæjargjalda, burtför gjaldenda úr bænum eða árangurs- Nr. 61  
laust lögtak o. s. frv., er nefndinni heimilt að jafna niður alt að 10 af hundraði 28. nóv.  
meira en tekið er til í áætluninni.

Niðurfjöfnunarskráin skal liggja til sýnis 1.—15. desember á hentugum stað, sem nefndin auglýsir.

Hverjum sem bæjargjald er gert, er heimilt að kæra yfir skattgjaldi því, sem lagt hefir verið á hann eða aðra, sem á niðurfjöfnunarskránni standa, svo og yfir því, að einhverjum hafi verið slept.

Kæur yfir niðurfjöfnuninni skulu sendar nefndinni skriflega innan 15 daga frá því er niðurfjöfnunarskráin var til sýnis. Innan 15 daga þar á eftir skal nefndin skriflega tilkynna kæranda, hvort eða að hve miklu leyti kæra hans hafi verið tekin til greina. Ályktun nefndarinnar má svo innan 15 daga þar á eftir bera upp fyrir bæjarstjórn, sem leggur úrskurð sinn á málið innan 15 daga.

Ef kvartað er yfir gjaldi annars manns, eða að einhverjum hafi verið slept, skal þeim manni gefinn kostur á að segja sitt álit um það efni áður en niðurfjöfnunarnefnd eða bæjarstjórn fellir úrskurð sinn.

Kæur, sem koma fram eftir hinn tiltekna tíma, verða eigi teknar til greina.

Enginn getur, með því að kæra skattgjald sitt, komist hjá því að greiða gjaldið á rjettum gjalddaga, en verði það lækkað, skal greiða aftur úr bæjarsjóði það, sem ofgildið er.

#### 19. gr.

Aukaniðurfjöfnun skal fara fram í síðari hluta ágústmánaðar, og skulu skattar þá lagðir á þá, sem flutst hafa til bæjarins eftir að aðalniðurfjöfnun fór fram, eða skattskyldir eru samkvæmt því, sem áður segir. Aukaniðurfjöfnun skal lögð fram til sýnis viku tíma á sama hátt og fyr greinir.

#### 20. gr.

Verði ágreiningur á milli Seyðisfjarðarkaupstaðar og einhvers annars sveitarfélags um, hvernig skifta beri skattgjaldi manns, sker stjórnarráðið úr því.

Þykist einhver eigi vera skattskyldur í bænum, má hann skjóta máli sínu til dómstólanna.

#### 21. gr.

Öll bæjargjöld skulu goldin fyrir 1. apríl og 1. október ár hvert, og ber bæjargjaldkera að innheimta þau eins og aðrar tekjur bæjarins. Sjeu þau eigi greidd innan eins mánaðar frá gjalddaga, þá ber að taka þau lögtaki.

Flytji gjaldskyldur maður sig úr bænum alfarinn fyrir nýár, þá fellur alt það gjald burtu, sem lagt er á hann sjálfan fyrir það ár, sem í hönd fer.

Sá sem flytur sig úr bænum einhvern tíma á árinu, er að eins gjaldskyldur til loka þess ársfjórðungs, er hann flytur sig.

Nr. 61 Sá, sem flytur sig í bæinn á árinu og er settur á aukaniðurjöfnunarskrá, 28. nóv. er gjaldskyldur frá þeim tíma, er hann fluttist inn.

## 22. gr.

Bæjarstjórnin, og oddviti bæjarstjórnar sjerstaklega, skal hafa nákvæmar gætur á fjárstjórn bæjarins og sjá um, að skattar og aðrar tekjur sjeu rjett heimtar og í tækan tíma og teknar lögtaki, ef þess þarf við; enn fremur gæta þess, að geymt sje, og eftir atvikum ávaxtað, fje bæjarins, þangað til á því þarf að halda til þess að greiða útgjöld hans. Bæjarstjórnin hefir ábyrgð á innstæðum, skuldabrefum og öðrum eignum bæjarins.

## 23. gr.

Gjaldkeri skal, þegar þess er krafist, gefa bæjarstjórninni nákvæma sjóðskýrslu, er sýni bæði, hvað goldist hafi í bæjarsjóð og hvað úr honum hafi verið greitt

Eigi má bæjargjaldkeri greiða neitt úr bæjarsjóði nema eftir ávísun oddvita. Oddviti ávísar útgjöldum, og skulu þau áður samþykkt af tveimur bæjarfulltrúum, er þau eiga undir.

## 24. gr.

Fyrir opinber uppboðsþing, sem bærinn lætur halda í sínar þarfir, svo sem á smiðum, vegavinnu, útvegum á verknaði og varningi o. fl. skal ekkert gjald greiða í rikissjóð.

## 25. gr.

Bæjarstjórninni er skylt að láta rikisstjórninni og hagstofunni í tje skýrslur þær, sem beðið er um, svo sem um fólkestal, skepnuhald, atvinnuvegi og annað ástand.

## 26. gr.

Bæjarstjórnin má ekki, án samþykkis stjórnarráðsins, takast á hendur neina skuldbindingu til langframa, sem ekki beinlínis hvílir á henni samkvæmt lögum, ekki taka af innstæðufje bæjarins, ekki selja nje veðsetja fasteignir hans, nje kaupa nýja fasteign, ekki taka stærri lán eða til lengri tíma en svo, að þau verði borguð aftur af tekjum þess árs, sem í hönd fer, nje heldur endurnýja slík lán eða fresta greiðslu þeirra.

## 27. gr.

Þegar við lok hvers reikningsárs skal gjaldkeri semja reikning yfir allar tekjur og gjöld bæjarins umliðið ár og senda oddvita bæjarstjórnar fyrir lok marsmánaðar. Lætur oddviti reikninginn liggja bæjarbúum til sýnis í 15 daga á hentugum, auglýstum stað.

Endurskoðunarmenn bæjarreikninga eru 2, kosnir til 3 ára í senn. Skulu Nr. 61 þeir kosnir samtímis og á sama hátt og niðurfjöfnunarnefnd. Ekki mega þeir eiga 28. nív. sæti í bæjarstjórn. Þeir skulu hafa lokið rannsókn sinni á reikningnum innan mánaðar frá því er þeir fengu hann.

Þegar gjaldkeri hefir svarað athugasemdum endurskoðunarmanna, en það skal hann hafa gert innan 15 daga, skal leggja reikninginn fyrir bæjarstjórnina, er úrskurðar hann og veitir gjaldkera kvittun. Þó má enginn taka þátt í úrskurði, er snertir þau bæjarstörf, er honum hafa verið sjerstaklega á hendur falin.

Nú vill reikningshaldari, eða annar, sem hlut á að máli, eigi viðurkenna, að úrskurður bæjarstjórnar sje rjettur, enda sje honum lögð peningábyrgð á hendur, og má hann skjóta málinu til dómstólanna.

Þegar lagður hefir verið úrskurður á reikning gjaldkera, á að birta í blaði ágrip af honum, er oddviti bæjarstjórnar semji. Á það ágrip að vera svo fullkomið, að í því sjeu tilgreind öll aðalatriði í tekjum og gjöldum bæjarins.

#### 28. gr.

Innan loka septembermánaðar ár hvert skal senda stjórnarráðinu reikning yfir umliðið reikningsár með öllum fylgiskjölum.

Komi það fram, að bæjarstjórn, hafi greitt ólögmat gjöld, neitað að greiða gjöld, er hvíla á bænum að lögum, eða á annan hátt ranglega beitt valdi sínu, skal stjórnarráðið gera þær ráðstafanir, er við þarf, og, ef nauðsyn ber til, með lögsókn koma fram ábyrgð á hendur þeim bæjarfulltrúum, sem átt hafa þátt í þessum ályktunum.

#### 29. gr.

Með samþykkt þeirri, er um getur í 12. grein, má setja nánari reglur um sjerhvert atriði í stjórn bæjarins ssmkvæmt grundvallarreglum þessara laga, þar á meðal um brot á þeim.

#### 30. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög um bæjarstjórn á Seyðisfirði, frá 8. maí 1894, og lög um breytingar á sömu lögum frá 11. nóvember 1899.

#### 31. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1820.

Eftir þessu eiga allir hlutadeigendur sjer að hegða.

**Gefið á Amalfuborg, 28. nóvember 1919.**

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

**Christian R.**

(L. S.)

*Sigurður Jónsson.*

# Lög

## um brúargerðir.

**Vjer Christian hinn Tíundi**, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

*Gjörum kunnugt*: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

### 1. gr.

Landsstjórninni er heimilt að láta framkvæma, eftir því sem vinnukraftur sá, sem vegamálastjórnin hefir á að skipa, og önnur atvik og ástæður leyfa, byggingu brúa þeirra, sem 2. gr. ákveður.

Bygging brúnna framkvæmist eftir þeirri röð, er landsstjórninni með ráðum vegamálastjóra þykir rjett.

Allar brýr, er gerðar verða samkvæmt lögum þessum, skulu gerðar úr varanlegu efni, svo sem járneiða eða járnþentri steinsteypu.

### 2. gr.

Brýr þær, er landsstjórninni heimilast að láta gera, eru yfir vatnsföll þau, sem hjer greinir:

#### A. Brýr yfir 10 metra haf og lengra:

##### I. Nýjar brýr á þjóðvegum:

1. Ártúnsá á Kjalarnesi.
2. Kiðafellsá.
3. Laxá í Kjós.
4. Grímsá í Borgarfirði.
5. Reykholtisdalsá.
6. Norðurá í Borgarfirði, á Krókshyl.
7. Bjarnadalsá í Borgarfirði.
8. Sanddalsá í Borgarfirði.
9. Laxá í Hnappadalssýslu.
10. Núpá - —
11. Bakkaá í Snæfellsnessýslu.
12. Glerá í Dalasýslu.
13. Geiradalsá.
14. Hvalsá í Strandasýslu.

15. Krossá í Strandasýslu.
16. Miðfjarðará í Húnavatnssýslu.
17. Víðidalsá í —
18. Gljúfurá - —
19. Auðólfstaðaá í Langadal.
20. Hjeraðsvötn.
21. Svartá.
22. Norðurá í Skagafirði.
23. Eyjafjarðará.
24. Djúpa í Suður-Pingeyjarsýslu.
25. Reykjadalásá.
26. Eskifjarðará.
27. Kolgríma.
28. Djúpa í Vestur-Skaftafellssýslu.
29. Ásakvislar.
30. Jökulsá á Sólheimasandi.
31. Bakkakotsá undir Eyjafjöllum.

## II. Endurbygging trjebrúa á þjóðvegum:

1. Leirvogsa.
2. Flóka.
3. Tunguá í Miðdölum.
4. Haukadalsá.
5. Laxá í Dalasýslu.
6. Laxá í Strandasýslu.
7. Kotá.
8. Valagilsá.
9. Glerá í Eyjafirði.
10. Skjálfandafjót.
11. Gilsá í Jökuldal.
12. Rjúkandi í Jökuldal.
13. Teigá í Jökuldal.
14. Jökulsá í Jökuldal.
15. Eyvindará.
16. Skaftá.
17. Ásavatn.
18. Hólmsá á Mýrdalssandi.
19. Brúará.
20. Kópavogslækur.

## III. Nýjar brýr á flutningabrautum:

1. Reynistaðará á Skagafjarðarbraut.
2. Grófargilsá á —



Nr. 62  
28. nóv.

3. Brúará á Grímsnesbraut.
4. Bakkárholtssá í Ölfusi, á Suðurlandsbraut.
5. Gljúfurholtssá í Ölfusi, á —

IV. Endurbygging trjebrúa á flutningabrautum, sem viðhaldsskylda hvílir á rikissjóði:

1. Elliðaár á Suðurlandsbraut.
2. Hólmsá á —
3. Torfdalslækur á Þingvallabraut.

V. Endurbygging trjebrúa á öðrum vegum, sem kostað er viðhald á úr rikissjóði:

1. Tungufljót á Gullfossvegi.
2. Hvítá á Brúarhlöðum.

VI. Endurbygging trjebrúa á flutningabrautum og þjóðvegaköflum, þar sem viðhaldsskylda hvílir á hlutaðeigandi sýslusjóðum:

1. Álftá á Mýrum.
2. Hítará á Mýrum.
3. Gríshólsá í Helgafellssveit.
4. Gufuá á Borgarfjarðarbraut
5. Skarðslækur á Borgarfjarðarbraut.
6. Fagradalsá - — —
7. Kaldakvisl - — —
8. Þverá á Fagradalsbraut.
9. Rauðilækur í Holtum.

Kostnaður við endurbygging þeirra brúa, sem taldar eru í VI. lið, greiðist úr rikissjóði.

VII. Til nýrra brúa og endurbyggingar trjebrúa á öðrum vegum en þjóðvegum og flutningabrautum má verja árlega allt að 50000 kr. úr rikissjóði. Um greiðslu kostnaðar brúargerða, sem teljast á þessum lið, fer samkvæmt eftirfarandi ákvæðum:

- a. Brýr á fjallvegum gerast að öllu fyrir fje úr rikissjóði.
- b. Brýr á sýsluvegum má kosta að  $\frac{2}{3}$  hlutum af rikissjóði, gegn  $\frac{1}{3}$  hluta annarsstaðar frá. Þó má tillag rikissjóðs til brúargerða, er kosta 40 þús. kr. eða meira, nema  $\frac{3}{4}$  hlutum, gegn  $\frac{1}{4}$  annarsstaðar frá.
- c. Brýr á öðrum vegum má kosta að helmingi af rikissjóði, gegn því, sem á vantar, annarsstaðar frá.

Verði upphæðin ekki notuð öll eitt árið, heimilast að nota afganginn með tillagi næsta árs.

B. Brýr yfir 4 metra haf eða lengra, alt að 10 metra:

Nr. 62

Til þess að gera nýjar brýr slíkar, eða endurbyggja gamlar trjebryr, má verja árlega alt að 20000 krónum, og skulu þær brýr kostaðar að öllu úr rikissjóði á þeim vegum, er rikissjóður heldur við að  $\frac{2}{3}$  hlutum á flutningabrautum þeim og þjóðvegaköflum, sem afhentir hafa verið hlutadeigandi sýslufjelögum til viðhalds, og til helmings móts við tillag annarsstaðar frá á öðrum vegum. Verði upphæðin ekki notuð öll eitt árið, heimilast að nota afganginn með tillagi næsta árs.

28. nóv.

C. Brýr yfir styttra en 4 metra haf:

- a. Á vegum, er rikissjóður heldur við eða gerðir eru að öllu eða einhverju leyti á kostnað rikissjóðs, telst kostnaður við slíkar brýr með kostnaði við veg þann, sem brúin er á.
- b. Á flutningabrautum og þjóðvegaköflum, sem afhentir hafa verið hlutadeigandi sýslufjelögum til viðhalds, greiðist kostnaður við endurbyggingu slíkra smátrjebraúa að  $\frac{2}{3}$  hlutum úr rikissjóði.

3. gr.

Viðhald brúa, sem gerðar verða samkvæmt 2. gr., skal telja með viðhaldskostnaði þess vegar, sem brúin er á.

4. gr.

Til brúargerða þeirra, sem taldar eru í 2. gr., A, B og C, b. og til annara mannvirkja, er þar að lúta, þar með talin kaup á nokkrum vjelum, til fullkomnunar brúarsmiðju rikissjóðs, heimilast landsstjórninni að taka nægilega stór lán á ábyrgð rikissjóðs, er endurgreiðist á 20—30 árum. Vexti og afborgun af láni þessu eða lánum skal telja með öðrum gjöldum rikissjóðs.

5 gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1920.

Eftir þessu eiga allir hlutadeigendur sjer að hegða.

**Gefið á Amaliuborg, 28. nóvember 1919.**

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

**Christian R.**

(L. S.)

*Sigurður Jónsson.*

# Lög

um

eignarrjett og afnotarjett fasteigna.

**Vjer Christian hinn Tíundi**, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,  
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvik, Holtsetalandi, Stórmæri Þjettmerski,  
Láenberg og Aldinborg,

*Gjörum kunnugt*: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

## 1. gr.

Enginn má öðlast eignarrjett eða notkunarrjett yfir fasteignum á landi hjer, hvort sem er fyrir frjálsa afhending eða nauðungarráðstöfun, hjónaband, erfðir eða afsal, nema þeim skilyrðum sje fullnægt, sem nú skal greina:

1. Ef einstakur maður er, þá skal hann vera heimilisfastur hjer á landi.
2. Ef fleiri menn eru í fjelagi, og ber hver fulla ábyrgð á skuldum fjelagsins, þá skulu þeir allir vera heimilisfastir hjer á landi.
3. Ef fjelag er, og bera sumir fulla, en sumir takmarkaða, ábyrgð á skuldum fjelagsins, þá skulu þeir, er fulla ábyrgð bera, allir vera hjer heimilisfastir, enda skal fjelagið hafa hjer heimili og varnarþing og stjórnendur allir vera hjer heimilisfastir.
4. Ef fjelag er, þar sem enginn fjelaga ber fulla ábyrgð á skuldum fjelagsins, eða stofnun, þá skal fjelagið eða stofnunin eiga hjer heimilisfang og varnarþing og stjórnendur allir vera hjer heimilisfastir.

Nú eru skilyrði þau eigi fyrir hendi, er í 1.—4. tölulið segir, og er ráðuneytinu þá rjett að veita leyfi, ef ástæða þykir til. Eigi þarf þó leyfi til leigu á fasteign eða rjettinda yfir henni um 3 ára tímabil, eða ef uppsögn er áskilin með eigi lengri en árs fyrirvara.

Ákvæði laga þessara ná til hverskonar afnotarjettar fasteigna, þar á meðal veiðirjettar og vatnsrjettinda, að þvl leyti sem sjerleyfislög láta eigi öðruvisi um mælt.

Námurjettindi, svo og hagnýting vatns og vatnorku í þarfir námuvinslu einvörðungu, getur ráðherra undanþegið ákvæðum laga þessara.

## 2. gr.

Eigi verður krafist afsals á eign eða rjettindum, sem leyfis þarf til samkvæmt 1. gr., nema leyfið sje áður fengið. Ef það fæst eigi, er ráðstöfunin ógild, enda á kaupandi þá rjett til að fá þegar endurgoldið það, er hann kann að hafa greitt.

## 3. gr.

Nr. 63.  
28. nóv.

Nú er krafist þinglýsingar eða innritunar fyrirfram á skjali, er snertir afhending, sem leyfis þarf til samkvæmt 1. gr., og eigi er um leið sannað, að leyfið sje þegar fengið, og skal þá skrá athugasemd um þetta og því næst skýra ráðherra tafarlaust frá málavöxtum.

## 4. gr.

Nú hefir ráðherra borist skýrsla samkv. 3. gr., eða hann hefir á annan hátt fengið vitneskju um, að maður, sem eigi fullnægir skilyrðum laga þessara, hafi öðlast rjettindi þau yfir fasteign, er getur í 1. gr., og skal hann þá setja honum frest til að koma málinu í löglegt horf, með því að fá leyfi það, er vantar, eða annars kostar með því að fá rift kaupunum (2. gr.) eða með því að láta rjettindin af hendi til annars manns, er öðlast megi þau að lögum, ef seljandi heldur fast við samninginn. Frestur þessi má eigi styttri vera en 6 mánuðir og eigi lengri en 3 ár.

Ákvörðun sína um þetta lætur ráðherra innrita fyrirfram eða þinglesa, svo fljótt sem unt er, á varnarþingi fasteignarinnar. Frestinn skal telja frá þinglýsingardegi.

## 5. gr.

Nú hefir kaupandi eigi sýnt full skilríki fyrir því, að málið sje komið í löglegt horf, áður en fresturinn er út runninn, og lætur ráðherra þá selja eignarrjettinn eða afnotarrjettinn á nauðungaruppbóði á kostnað kaupanda, og er hann bundinn við þá sölu og heimildarmaður hans og allir þeir, er rjettindi eiga í eigninni. Um uppbóðið fer eftir fyrir mælum 10. gr. í tilskipun um fjárforráð ómyndugra 18. febr. 1847, eftir því sem þeim verður við komið. Uppbóðsauglýsingin skal í þessum málum í stað skuldunauts birt kaupanda, og sje hann eigi fyrir á fasteigninni, má birta hana, svo að nægir, hverjum manni öðrum, er þær er fyrir, og sje enginn þær fyrir, þá næstu grönnum.

Kaupandi fær borgaðan þann hluta uppbóðssöluverðsins, sem honum hefði borið, ef hann hefði verið löglega kominn til eignar eða afnota.

## 6. gr.

Nú er kona eigandi fasteignar eða afnota hennar, og giftist manni, sem fullnægir ekki skilyrðum þessara laga fyrir því að mega öðlast þess konar eignarrjett eða notkunarrjett, og verður hann þá eigi gerður eign fjelagsbúsins fyrir en maður hennar fullnægir og þessum skilyrðum, en er á meðan sjereign konunnar, ef hún fullnægir skilyrðum laga þessara. Ella fer svo, sem í 8. gr. segir.

## 7. gr.

Nú erfir maður eignarrjett yfir fasteign eða notkunarrjett, sá er eigi getur orðið löglegur eigandi að honum nema með sjerstöku leyfi, og skal skifta-

Nr. 63 ráðandi þá gera ráðherra viðvart. Fer síðan um þetta mál sem segir í 4. og 5. 28. nóv. gr., með afbrigðum eftir atvikum.

## 8. gr.

Nú verður sú breyting á, að maður, er öðlast mátti rjettindi yfir fasteign án þess að fá leyfi samkv. 1. gr., missir þar greind skilyrði, og skal þá fara eftir ákvæðum 4. og 5. gr., með afbrigðum eftir atvikum.

## 9. gr.

Nú hefir maður heimilisfastur erlendis fengið leyfi það, er getur í 1. gr., og skal honum þá skylt að hafa umboðsmann heimilisfastan í þinghá eignarinnar, og skal hann vera fyrirsvarsmáður eiganda í öllum málum, er eignina varða, svo að jafngilt sje sem hann hefði það sjálfur gert, og skal dómara í þeirri þinghá skýrt frá nafni og heimili umboðsmanns og það þinglesið. Að öðrum kosti nefnir dómariinn honum umboðsmann á hans kostnað, er hann sje bundinn við, og lætur þinglesa og skrá það umboð.

## 10. gr.

Nú hefir maður, sem eigi fullnægir skilyrðum 1. gr., eignast þar greind rjettindi yfir fasteign áður en lög þessi öðlast gildi, og skal honum þá settur 5 ára frestur frá 1. jan. 1920 til þess að koma málinu í löglegt horf með þeim hætti að öðru leyti, er segir í 4. gr. Ef málinu er eigi komið í löglegt horf áður frestur sje liðinn, fer eftir ákvæðum 5. gr.

## 11. gr.

Lög þessi taka eigi til:

1. umboðsmanna ríkisins, þótt búsettir sjeu erlendis, nje til námsmanna, sjúklinga eða annara, sem líkt er ástatt um.
2. annara ríkja, sem kaupa hjer á landi embættisbústað handa umboðsmönnum sínum.
3. þegna annara ríkja, að því leyti, sem þau kynnu að koma í bága við milli-rikkjasamninga.

## 12. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1920.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

**Gefið á Amalfuborg, 28 nóvember 1919.**

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

**Christian R.**

(L. S.)

*Sigurður Jónsson*

um

breyting á póstlögum nr. 43, 16. nóvember 1907.

**Vjer Christian hinn Tíundi**, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,  
Vinda og Gauta, hertogi í Slesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,  
Láenborg og Aldinborg,

*Gjörum kunnugt:* Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru.

## 1. gr.

Í stað 1. gr. komi:

- a. Hinum íslensku póstmálum skal stjórnað af aðalpóstmeistara, sem hefir umsjón með rekstri póststarfanna.  
Aðalpóstmeistari stendur undir ráðherra þeim, sem póstmálin heyra undir, án nokkurra milliliða
- b. Til aðstoðar aðalpóstmeistara skal skipa póstritara, póstfulltrúa og aðra aðstoðarmenn.
- c. Í Reykjavík, Akureyri, Ísafirði og Seyðisfirði skulu skipaðir póstmeistarar, og skulu þeir og póstafgreiðslumenn, sem hafa sjálfstæða reikningsfærslu, standa beint undir aðalpóstmeistara.

## 2. gr.

Í stað 2. gr. c, 2. málgr. komi:

Undir fylgibrjef með böggjum má að eins nota eyðublöð þau, sem póststjórnin gefur út.

## 3. gr.

Í stað 7.—9. málgr. 9. gr. komi:

Póststjórnin greiðir fyrir flutning sendinga þeirra, er hjer um ræðir, sanngjarna borgun, miðað við flutningsgjald á öðrum vörum.

## 4. gr.

Í stað 11. gr. komi:

Burðargjald fyrir póstsendingar þær, sem nefndar eru í 2. gr., er svo sem nú skal greina:

## a. Fyrir laus brjef:

1. Almenn brjef, sem borgað er undir fyrirfram með frimerkjum,  
ef þau vega 20 grömm eða minna . . . . . 15 aurar  
ef þau vega yfir 20 grömm að 125 grömmum . . . , . . . 30 --

Nr. 64  
28. nóv.

ef þau vega yfir 125 grömm að 250 grömmum . . . . . 45 aurar  
Burðargjald undir þyngri brjef er hið sama eins og til landa ut-  
anríkis, sem er:

Fyrir hin fyrstu 20 grömm 20 aurar, og svo 10 aurar fyrir hver  
20 grömm, sem þar eru fram yfir.

Spjaldbrjef . . . . . 10 aurar  
Spjaldbrjef með borguðu svári . . . . . 20 —

Sjeu frímerki eigi viðhöfð eða eigi næg frímerki, skal auk hins  
ógreidda burðargjalds taka 10 auru fyrir hverja sendingu, þó aldrei meira  
en burðargjaldið tvöfalt.

2. Prentað mál í krossbandi eða einbrugðnu bandi, eða að eins samanbrotið  
eða þá opið spjaldblað, sýnishorn af vöru eða snið, þegar frímerki eru  
höfð, 5 aurar fyrir hver 50 grömm eða minni þunga.

Ef á póstsendingar þessar er skrifað eitthvað, sem eigi er leyft  
af póststjórninni, ef umbúðirnar, sem eiga að vera þannig lagaðar, að  
hægt sje að kanna, hvað í þeim er, eru með öðru móti en hún hefir  
fyrir lagt, eða ef þyngdin er meiri en 2. gr. póstlaga 16. nóv. 1907  
ákveður, þá fer um borgunina sem fyrir er mælt um almenn brjef, þegar  
frímerki eru ekki viðhöfð.

3. 15 aurar greiðist enn fremur fyrir ábyrgð hvernar sendingar, sem talin  
er í 1. og 2.

b. Fyrir peningabrjef:

10 aurar í ábyrgðargjald fyrir hverjar 100 krónur eða minni upp-  
hæð, sem tilfærð er utan á brjefinu, þó ekki minna en 30 aurar, og þar að  
auki burðargjald eins og fyrir almenn brjef.

Sje þess krafist, að talið sje í peningabrjefi á pósthúsinu, þar sem það  
er afhent, hvort heldur er gjaldgeng mynt eða brjefpeningar, handhafaskulda-  
brjef eða önnur slík brjef, skal borgunin fyrir það vera:

Fyrir 500 kr. upphæð eða minna . . . . . 10 aurar  
og fyrir hverjar 1000 kr. eða minna af því, sem fram yfir er . . . 5 —

Borgun fyrir talning fellur til hlutaðeigandi pósthúss.

c. Fyrir böggla:

20 aurar fyrir hvern böggul, og að auki 10 aurar fyrir hvert  $\frac{1}{2}$   
kilógramm eða minni þunga.

Eigi að senda böggla með landpóstum, skal þar að auki greiða:

Frá 15. apríl til 14. október, að báðum dögum meðtöldum, undir hvert  $\frac{1}{2}$   
kilógramm eða minni þunga . . . . . 40 auru

Frá 15. október til 14. apríl, að báðum dögum meðtöldum, undir  
hver 125 grömm eða minni þunga . . . . . 40 —

Fyrir böggla, sem rúmfrekir eru í hlutfalli við þyngd sína, svo og  
böggla, sem eftir ásigkomulagi sínu útheimta, að varlega sje með þá farið,  
skal borgað allt að 100% meira.

Sje verð tilgreint á bögglinum, skal enn fremur greiða ábyrgðargjald Nr. 64 það, sem ákveðið er í staflið b. 28. nóv.

Sje í bögglinum gjaldgeng mynt, brjefpeningar, handhafaskuldabrfjef eða önnur slík verðbrjef, og sje beiðst tölu á því fje, þá skal borga fyrir talning sem um peningabrfjef segir, en ekki er hægt að heimta tölu á stærri upphæð en 2000 kr. í mótuðum peningum í einni sendingu.

Undir fylgibrjef á ekki að borga sjerstaklega.

d. Fyrir póstaðvisanir:

25 kr. eða minni upphæð . . . . . 15 aurar  
yfir 25 kr. alt að 100 kr. . . . . 30 —  
og 15 aurar fyrir hverjar 100 kr. eða minni upphæð af því, sem fram yfir er.

e. Fyrir póströfur

greiðist sama gjald og fyrir póstaðvisanir, og 10 aurar að auki fyrir hverja sendingu.

f. Fyrir blöð og tímarit:

Á tímabilinu frá 15 apríl til 14. október, að báðum dögum meðtöldum, undir hvert  $\frac{1}{2}$  kílógram eða minni þunga . . . . . 25 aurar.

Á tímabilinu frá 15. október til 14. apríl, að báðum dögum meðtöldum, undir hvert  $\frac{1}{2}$  kílógram eða minni þunga . . . . . 50 aurar.

Það skal alt vegið í einu, sem í einu er látið á pósthúsið af sama blaði eða tímariti, þótt sendingar sjeu margar og til ýmissa.

Póststjórnin setur nánari reglur um þessar sendingar, og má ákveða sjerstakt innritunargjald fyrir blöð og tímarit.

Sje miði látinn fylgja ábyrgðarbrjefum, peningabrfjefum eða bögglum, til kvittunar af hálfu viðtakanda, verður undir hann að borga sem fyrir alment brjef.

Þegar peningabrfjef eða böggulsendingar, sem eigi hafa farið úr vörslum póststjórnarinnar, verða sendar aftur frá þeim stað, sem þær áttu að fara til, eða þeim verður komið lengri veg, gjaldast í aukagjald fyrir þann flutning 5 aurar fyrir hverjar 100 kr., ef peningar eru sendir eða verðmætir munir, og fyrir böggulsendingar hálfur burðareyri, eins og hann er ákveðinn í staflið c.

## 5. gr.

12. gr. orðist svo:

Borgun sú, sem ákveðin er í 4. gr. þessara laga, skal greiðast fyrirfram fyrir:

1. Ábyrgðarbrjef.
2. Peningabrfjef.
3. Böggla.
4. Póstaðvisanir.
5. Póströfur.
6. Móttökukvittanir.



Nr. 64 7. Krossbandssendingar og blöð og tímarit, sem flutt eru samkv. 4. gr. f.  
28. nóv. þessara laga.

8. Sendingar til konungs og konungsættingja.

9. Sendingar til stjórnarvalda og sveitar- eða bæjarstjórna, að undanskildum almennum brjefasendingum, sem eru frá öðrum en þesskonar mönnum, þegar þær að eins eru umbeðnar eða krafðar skýrslur eða umsagnir, og sendandi hefir með eigin handar undirskrift vottað það á sendingunni.

10. Spjaldbrjef og brjef, sem eru opin, eða utan á þau er ritað svo, að móttakandi getur ályktað af því, hvað þau hafa inni að halda.

Einstakir menn, sem senda eitthvað með pósti, eru skyldir til að borga eftir á ógold-a póstpeninga fyrir sendingar, sem eigi eru leystar inn af þeim, sem við á að taka, ef þess verður krafist af póststjórninni.

6. gr.

Í stað síðustu málsgreinar í 13. gr. komi:

Frimerki, spjaldbrjef, opin og þau, sem loka má, er póststjórninni heimilt að láta búa til með þeim verðupphæðum, sem hún álitur haganlegt, og verða þau til sölu á öllum póststöðvum. Fyrir sölu á frimerkjum og spjaldbrjefum, samkvæmt reglum, sem póststjórnin setur, greiðast 4 af hundraði. Póststjórnin lætur og búa til eyðublöð undir spjaldbrjef, póstávisanir, póstkröfur, fylgibrjef, póstkvittanabækur m. m, og tiltekur verðið á þeim.

7. gr.

Í stað »20« í 21. gr. komi: 200.

8. gr.

Í stað »stjórnarráð« í 27. gr. komi: póststjórn.

9. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1920.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

**Gefið á Amaliuborg, 28. nóvember 1919.**

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

**Christian R.**

(L. S.)

*Sigurður Jónsson.*

**Lög**Nr. 65  
28. nóv

um

stækkun verslunarlóðarinnar á Nesi í Norðfirði.

**Vjer Christian hinn Tíundi**, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,  
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,  
Láenberg og Aldinborg,

*Gjörum kunnugt:* Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

Löggilt verslunarlóð á Nesi í Norðfirði skal vera 330 stikur á breidd frá flóðmáli til fjalls á strandlengjunni frá Bakkalæk að Naustalæk, en að öðru leyti með þeim ummerkjum, sem til eru tekin í lögum nr. 19, 22. október 1912.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

**Gefið á Amalfuborg, 28. nóvember 1919.**

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

**Christian R.**  
(L. S.)

---

*Sigurður Jónsson.*

Nr. 66

28. nóv.

**Lög**

um

heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka í sínar hendur alla sölu á hrossum til útlanda, svo og útflutning þeirra.

**Vjer Christian hinn Tíundi**, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenberg og Aldinborg,

*Gjörum kunnugt*: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

## 1. gr.

Ríkisstjórninni heimilast að taka í sínar hendur alla sölu á hrossum til útlanda, svo og útflutning þeirra, á yfirstandandi ári.

Ríkisstjórnin getur sett með reglugerð eða reglugerðum nánari ákvæði hjer að lútandi.

## 2. gr.

Refsingar fyrir brot gegn ráðstöfunum þeim, sem ríkisstjórnin gerir með heimild í lögum þessum, ákveður ríkisstjórnin á þann hátt, sem henni þykir við eiga, um leið og hver ráðstöfun er gerð.

## 3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

**Gefið á Amalfuborg, 28. nóvember 1919.**

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

**Christian R.**

(L. S.)

*Sigurður Jónsson.*

# Lög

Nr. 67  
28. nóv.

um

breytingu á lögum nr. 1, 3. janúar 1890, um lögreglusamþyktir fyrir kaupstaðina.

**Vjer Christian hinn Tíundi**, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvik, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

*Gjörum kunnugt*: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

## 1. gr.

Í staðinn fyrir fyrri málsgrein 5. gr. laga nr. 1, 3. janúar 1890, um lögreglusamþyktir fyrir kaupstaðina, komi:

Brot gegn samþyktunum varða sektum, alt að 1000 krónum. Heimilt er að ákveða í samþykt, að hagnaður sá, er sökunautur kann að hafa haft af brotinu, og enginn einstakur maður á löglegt tilkall til, skuli upptækur ger og renna auk sekta í bæjarsjóð.

Ef kenna má yfirsjón, er barn innan 14 ára drýgir, skorti á hæfilegri umsjón foreldra eða annara, sem börnum ganga í foreldra stað, þá skal refsa þeim fyrir yfirsjónina.

## 2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

**Gefið á Amalfuborg, 28. nóvember 1919.**

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

**Christian R.**

(L. S.)

---

*Jón Magnússon.*

**Lög**

um

breyting á löggjöfinni um skrásetning skipa.

**Vjer Christian hinn Tíundi**, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,  
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,  
Láenberg og Aldinborg,

*Gjörum kunnugt*: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru.

## 1. gr.

Síðasti liður í 2. gr. laga nr. 31, 13. desember 1895, um skrásetning skipa, orðist svo:

Ekkert íslenskt skip má hjer eftir hafa neinn annan fána fyrir þjóðfána en hinn íslenska fána.

Í stað orðanna »danskt flagg« annarsstaðar í lögunum komi »íslenskan fána«.

## 2. gr.

Atvinnu- og samgöngumálaráðherrann setur ákvæði þau, sem nauðsynleg eru, til að skift verði um þjóðernis- og skrásetningarskirteini þau, er hingað til hafa verið í gildi, með nýjum skirteinum, sem bera með sjer íslenskt þjóðerni skipsins.

## 3. gr.

Lög nr. 50, 30. nóvember 1914, eru úr gildi numin.

## 4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. desember 1918; atvinnu- og samgöngumálaráðherrann getur þó veitt undanþágu frá ákvæðum þeirra.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

**Gefið á Amalúborg, 28. nóvember 1919.**

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

**Christían R.**

(L. S.)

*Sig Eggerz.*

# Lög

um

breytingar á siglingalögum frá 30. nóv. 1914.

**Vjer Christian hinn Tíundi**, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,  
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvik, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettsmerski,  
Láenberg og Aldinborg,

*Gjörum kunnugt:* Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

## 1. gr.

1. gr. í siglingalögum, nr. 56 frá 30. nóv. 1914, orðist þannig:

Þau skip mega hafa íslenskan fána, sem fullnægja þeim skilyrðum, er hjer segir:

1. Ef einstakur maður á skip, þá skal hann hafa íslenskt ríkisfang og hafa verið heimilisfastur á Íslandi að minsta kosti 1 ár, eða hafa haft heimilisfestu samfleytt hjer á landi 5 síðustu árin.
2. Ef skip er eign fjelags, þar sem hver fjelagi ber fulla ábyrgð á skuldum fjelagsins, þá skulu  $\frac{2}{3}$  þeirra fjelaga fullnægja skilyrðum 1. tölul. um ríkisfang og búsetu.
3. Ef skip er eign fjelags, þar sem sumir fjelagar bera fulla ábyrgð á skuldum fjelagsins, þá skulu þeir fullnægja skilyrðum 2. tölul., en þar að auki skal heimili fjelagsins og varnarþing vera hjer á landi og stjórnendur þess eiga hver hlut í fjelaginu og fullnægja skilyrðum 1. tölul. um ríkisfang og búsetu.
4. Ef skip er eign fjelags með takmarkaðri ábyrgð, eða stofnunar, þá skal heimili fjelagsins, eða stofnunarinnar, og varnarþing vera á Íslandi, og stjórnendur skulu enn fremur fullnægja skilyrðum 1. tölul. um ríkisfang og búsetu, og ef fjelag er, þá skulu þeir að auki hver eiga hlut í fjelaginu.

## 2. gr.

11. gr. í sömu lögum orðist þannig:

Nú missir skip rjett til að sigla undir íslenskum fána, eða er af öðrum ástæðum strikað út úr skránum yfir íslensk skip, og hefir þetta engin áhrif á þinglesin eignarhöft samkvæmt 5. og 6. gr. Þó fellur í gjalddaga skuld, sem trygð er með þinglesnu veði í skipi eða skipshluta, um leið og skipið er strikað út úr skránni yfir íslensk skip.

Nr. 69  
28. nóv.

3. gr.

Fyrir »danskt flagg« í sömu lögum kemur alstaðar: íslenskur fáni, og fyrir »danskur konsúll« kemur: íslenskur ræðismaður eða sá, sem fer með slíkt vald fyrir Íslands hönd.

4. gr.

Þau skip, sem löglega hafa verið tekin upp á skipaskrá yfir íslensk skip fyrir 1. des. 1918, skulu ekki strikuð út úr skránni, þó að skilyrðum um búsetu eigenda eða stjórnarnefndarmanna hlutafjelaga, er skip eiga, og ákvæðunum um heimilisfang fjelags samkvæmt 1. gr laga þessara sje ekki fullnægt, og skulu skip þessi hafa rjett til að nota íslenskan fána.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða

**Gefið á Amalíbörg, 28. nóvember 1919.**

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

**Christian R.**

(L. S.)

*Sig. Eggerz.*

Nr. 70  
28. nóv.

# Lög

um

skrásetning skipa.

**Vjer Christian hinn Tíundi**, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

*Gjörum kunnugt*: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Til þess að skip geti orðið skrásett á Íslandi og öðlast rjett til að hafa íslenskan fána, verða þau að fullnægja þeim skilyrðum, er hjer segir:

1. Ef einstakur maður á skip, þá skal hann hafa íslenskt ríkisfang og hafa Nr. 70 verið heimilisfastur á Íslandi að minsta kosti 1 ár, eða hafa haft heimilisfestu samfleytt hér á landi 5 síðustu árin.
2. Ef skip er eign fjelags, þar sem hver fjelagi ber fulla ábyrgð á skuldum fjelagsins, þá skulu  $\frac{2}{3}$  þeirra fjelaga fullnægja skilyrðum 1. tölul. um ríkisfang og búsetu.
3. Ef skip er eign fjelags, þar sem sumir fjelagar bera fulla ábyrgð á skuldum fjelagsins, þá skulu þeir fullnægja skilyrðum 2. tölul., en þar að auki skal heimili fjelagsins og varnarþing vera hér á landi og stjórnendur þess eiga hver hlut í fjelaginu og fullnægja skilyrðum 1. tölul. um ríkisfang og búsetu.
4. Ef skip er eign fjelags með takmarkaðri ábyrgð, eða stofnunar, þá skal heimili fjelagsins, eða stofnunarinnar, og varnarþing vera á Íslandi, og stjórnendur skulu enn fremur fullnægja skilyrðum 1. tölul. um ríkisfang og búsetu, og ef fjelag er, þá skulu þeir að auki hver eiga hlut í fjelaginu.

Þau skip, sem löglega hafa verið tekin upp í skipaskrá yfir íslensk skip fyrir 1. des. 1918, skulu þó hafa rjett til að standa í skránni og nota íslenskan fána, þó að skilyrðum um búsetu eigenda eða stjórnarnefndarmanna hlutafjelaga, er skip eiga, og ákvæðunum um heimilisfang samkvæmt þessari grein sje ekki fullnægt.

## 2. gr.

Um öll skip yfir 12 smálestir brúttó, sem eiga heima hér í ríkinu og heimilt er að hafa íslenskan fána, skulu haldnar skipaskrár. Á aðalskrá skal færa þau skip, sem eru yfir 30 smálestir brúttó, og skal um skrásetningu skips af þeirri stærð gefið út þjóðernis- og skrásetningarskirteini, og er það ásamt merkjum þeim, sem sett eru á skipið (3. gr.), fullkomin sönnun um þjóðerni þess og rjett nafn. Skip sem ekki eru yfir 30 smálestir brúttó og ekki undir 12 smálestum brúttó, skulu sett á skrá sjer og eru undanþegin ákvörðunum hér að framan um þjóðernis- og skrásetningarskirteini, en fá að eins mælingarskirteini; þó skulu þau fá þjóðernisskirteini, ef þau eru ætluð til siglinga til annara landa (sbr. 4. gr.). Ekkert íslenskt skip má hafa annan fána en hinn íslenska þjóðfána, sem skipað er fyrir um í konungsúrskurði 30. nóvember 1918, sbr. konungsúrskurð 12. febrúar 1919.

## 3. gr.

Á hvert skip, sem skrásett er samkvæmt 2. gr., skal marka nettó-smálestatal þess og skrásetningarstafina á þiljubitann við aðallestaropið að aftanverðu, eða ef því verður ekki komið við, þá annarsstaðar, þar sem hægt er að koma auga á það og fer vel á því. — Þegar merki þessi sjást ekki lengur á skipi, verður það ekki viðurkent sem skrásett íslenskt skip.

## 4. gr.

Skrásetning og mæling skipa er undir stjórn og umsjón fjármáladeildar stjórnarráðsins, að svo miklu leyti, sem sjerstök atriði ekki eftir eðli sínu



Nr. 70 heyrir undir dómsháttal-álaráðuneytið (sbr. 28. gr.), og heldur fjármálaeildin aðal-  
 28. n.ó.v. skrá yfir skip þau, sem skrásett eru í ríkinu, og skulu skrásetningar- og  
 þjóðernisskrifstofu þau, sem um getur í 2. gr., gefin út á þeirri skrifstofu.

## 5. gr.

Ríkinu er skift í skrásgagnarumdæmi, og er hvert lögsagnarumdæmi skrásetningarumdæmi fyrir sig, en lögreglustjórar hafa lögskráningarstörf á hendi, hver í sínu umdæmi. Í skrásetningarumdæmi hverju skulu skip, er þar eiga heima, sett á skrá, og tala við hvert skip í þeirri röð, sem þau eru skrásett. Sjá hver skipseigandi á rjett á að fá skip sitt skrásett í hverju umdæmi sem hann vill, og skal það umdæmi álitid heimili skipsins. Skrárnar skulu ritaðar í bækur, sem eru löggiltar til þess, og skulu þær geymdar á skrifstofu skráningarstjóra. Skrána yfir skip, sem ekki eru yfir 30 smálesir og ekki undir 12 smálestum, sbr. 2. gr., og rjett hafa til að sigla undir íslenskum fana, skal halda á skrásetningarskrifstofu í því umdæmi, þar sem eigandinn á heima.

## 6. gr.

Stöfum þeim, sem skipið fær á aðalskránni, sem nefnd er í 4. gr., má ekki breyta, meðan skrásetningin er gild, og verða þeir skrásetningarstafir skipsins, sem eiga að vera markaðir á það.

## 7. gr.

Skrásetningarbækur fyrir hvert skrásetningarumdæmi eiga að skýra frá í sjerstökum dálkum: 1) skrásetningargröfnum skipsins, nafni þess, hvar það eigi heima og hvar það sje smiðað; 2) hverskonar skip það sje, og skal nákvæmar lýst lögun þess og afmáli (lengd, dýpt og breidd); 3) smálestatali skipsins, og skal greint, með hverri aðferð það er reiknað út; 4) nafni, stöðu og heimildarbrjefi eiganda þess eða þeirra, sem skrásettir eru — Sjeu fleiri en einn eigandi skrásettir, skal einnig greint hversu mikinn hluta hver eigi í skipinu. — Sje skipið hlutafjelagsseign, skal bóka nafn fjelagsins, aðaladsetur stjórnar þess og nafn útgerðarmanns þess eða þeirra, sem hafa stjórn þess á hendi. — Um hvert skip skal greina ár og dag, er það var fært inn í skrásetningarbókina.

## 8. gr.

Þegar skrásett skip er strikað út úr skrásetningarbókinni, skal bóka í hana orsökina til þess, og hvar og hve nær skilríki þau sjeu dagsett, sem eru því til sönnunar, annaðhvort að skipið sje ekki lengur til, eða að það hafi mist rjett til að vera talið íslenskt skip, eða að það sje flutt í annað skrásetningarumdæmi (16., 17. og 19. gr.).

## 9. gr.

Eigandi skipa, sem á að skrásetja, skal tilkynna það skriflega skrásetningarskrifstofunni í undæmi, þar sem skipið á heima, eða þar sem það er, þegar á að skrásetja það.

Beiðr á um skrásetning á skipi skulu fylgja þessi skjöl og skilríki:

1. Skipasmíðaskirteini ásamt heimildarbræfi þess eða þeirra, sem vilja láta skrásetja skipið sem sína eign, ef eignaskifti hafa orðið síðan það var smíðað. Skulu skjöl þessi lögð fram í frumriti og eftirriti, og eftirritið geymt í skjalasafni skrásetningarskrifstofunnar.

2. Skýrsla eiganda eða eigenda skipsins um þau atriði, er með þarf, ásamt Yfirlýsing, að viðlögðum drengskap, um að þeir hafi skilyrði samkv. 1. gr. til að eiga skip, sem heimilt er að sigli með íslenskum fána, eða skrifleg yfirlýsing fjelagsstjórnar, ef skipið er eign hlutafjelds, einnig að viðlögðum drengskap um, að þeim skilyrðum sje fullnægt, sem sett eru í 1. gr. fyrir því að eiga íslensk skip. Í yfirlýsingum þessum skal einnig gefið drengskaparheit um, að þjóðernis- og skrásetningarskirteinið verði ekki notað til þess að útvega öðru skipi þau rjettindi, sem íslensk skip njóta, eða sama skipi í eigu þeirra, sem ekki hafa þau rjettindi. Yfirlýsingin skal annaðhvort vera undirskrifuð í viðurvist skrásetningarembættismanns eða undirskriftin staðfest af nótariusi. Verði ágreiningur um, hvort sá, sem beiðist skrásetningar, hafi rjett til að eiga skip, er sigli með íslenskum fána, verður hann að sanna rjett sinn með skirteini frá yfirvaldi sínu. Þegar sjerstaklega stendur á, getur stjórnin þó veitt undanþágu frá því að leggja fram skirteini þau öll, sem að framan greinir, ef fram koma á annan hátt svo að nægir, uppýsingar þær, er með þarf.

## 10. gr.

A skrásetningarskrifstofunni skal gera skýrslu um alt, sem með þarf um skrásetninguna og mælinguna, og senda hana ásamt fylgiskjölum til stjórnarráðsins. Skal þar athuga mælinguna og rannsaka skilríki þau, sem send hafa verið. Ef þess er þörf, getur stjórnarráðið krafist þess, að skipið sje mælt að nýju, eða látið mæla það, ef ástæða þykir til. Stjórnarráðið getur og krafist nýrra og frekari upplýsinga um atriði, sem óljós þykja. Sje ekkert því til fyrirstöðu, að skipið sje viðurkennt íslenskt, og öll nauðsynleg skilríki eru fengin og í lagi, skal skipið sett á aðalskrána samkvæmt þeim skilríkjum. Neiti skrásetningarstofan, þar sem skipið á heima, að skrásetja skipið, getur eigandi eða eigendur krafist þess, að hún sendi stjórnarráðinu rökstudda neitun sína ásamt skrásetningarskjölunum. Fallist stjórnarráðið ekki á neitunina, endursendir það skrifstofunni skjölun og leggur fyrir hana að framkvæma það, sem nauðsyn er á, til þess að skipið verði skrásett, en að öðrum kosti getur eigandi eða eigendur krafist, að hún rökstyðji neitunina skriflega, og má skjóta þeim úrskurði til dómstólanna. Skjóta má og til dómstólanna, ef stjórnarráðið synjar skrásetningar.

Nr. 70  
28. nóv.

## 11. gr.

Þegar skip hefir verið skrásett, gefur stjórnarráðið út þjóðernis- og skrásetningarskirteini; skal það gert eftir fyrirmynd þeirri, sem á hverjum tíma gildir fyrir íslensk skip; skal rita á það mælingarskirteinið og upplýsingar um öll þau atriði, sem greind eru í skránni samkv. 7. gr. Skirteinið ásamt skilríkjum þeim, sem send hafa verið, skal senda aftur skrásetningarskrifstofunni svo fljótt sem unt er, og skal þar bóka það, sem með þarf, í skrárnar á hverjum stað um sig (5. gr.), leiðrjetta smálestatalið o. fl., ef rangt er, og afhenda síðan skirteinið er nafn skipstjóra hefir verið ritað á það og greinargerð um heimild hans til að vera skipstjóri. Sje skip þegar skrásetning á að fara fram, ekki í umdæmi því, þar sem beðið er um að það sje skrásett, skal skrásetningarskrifstofa sú, sem hefir afhent þjóðernis- og skrásetningarskirteinið, senda skrifstofunni í umdæmi þar sem skipið á að eiga heima skilríki þau og aðrar upplýsingar, sem með þarf samkvæmt 9. gr., til þess að skipið geti komist á skrána í því umdæmi.

## 12. gr.

Skirteinið skal ávalt fylgja skipinu og sýnt bæði við tollafgreiðsluna og þegar þess er krafist af yfirvöldunum eða fyrirliðum landvarnarskipa eða íslenskum ræðismanni eða þeim, sem fer með slíkt starf fyrir hönd ríkisins. Ekkert má rita á skirteinið eða breyta neinu í því, nema það sje gert á einhverri skrásetningarskrifstofu í ríkinu eða af íslenskum ræðismanni eða þeim, sem fara með slíkt starf fyrir hönd ríkisins, og getur það varðað hegningu, ef út af þessu er brugðið, eftir atvikum jafnvel eins og fyrir fals.

## 13. gr.

Þegar skip hefir verið smíðað erlendis, og það hefir látið gera maður, sem rjett hefir samkv. 1. gr. til að vera eigandi íslensks skips, eða hann er orðinn eigandi að því, getur það ekki orðið skrásett, fyr en það er komið í íslenskt skrásetningarumdæmi.

Þó skal íslenskum ræðismönnum eða þeim, sem fara með slíkt starf fyrir hönd ríkisins, vera heimilt að gefa út þjóðernisskirteini til bráðabirgða, ef þeir hafa fengið í hendur þau skilríki, sem um ræðir í 9. gr. 1. og 2. tölulið, og skal það hafa sama gildi sem fullkomið þjóðernisskirteini þangað til skipið verður skrásett. Í þjóðernisskirteini til bráðabirgða skulu vera greind þessi atriði: 1) nafn skipsins og hver tegund skipa það sje; 2) hvenær og hvar skipið sje keypt og og nafn eiganda eða eigenda samkvæmt kaupbrjefi eða öðru heimildarskjali; 3) nafn skipstjóra; 4) eins nákvæmar upplýsingar og unt er að fá um smálestatal og lögun og lýsing skipsins; 5) hve lengi skirteinið gildi. Jafnskjótt sem ræðismaður hefir gefið út þjóðernis skirteini til bráðabirgða, sendir hann eftirrit af því til stjórnarráðs Íslands. Þjóðernisskirteini til bráðabirgða gildir þó ekki lengur en þangað til skipið kemur í fyrsta sinni inn á íslenska höfn, þar sem það skal þegar afhent á skrifstofunni, og aldrei lengur en í 2 ár frá því það er gefið út, nema stjórnarráðið veiti sjerstaklega leyfi til þess.

Ef skip, sem skrásett er á Íslandi, er smíðað upp aftur erlendis, getur Nr. 70 skipstjórinn krafist af næsta íslenskum ræðismanni, eða þeim, sem fer með slíkt 28. nóv. starf fyrir hönd ríkisins, að hann láti hann fá skirteini, er veiti honum heimild til að nota þjóðernis- og skrásetningarskirteini sitt eftir sem áður, þangað til hann kemur inn á íslenska höfn, þar sem má rannsaka, hvort skipinu hafi verið breytt svo mjög að gefa þurfi út nýtt þjóðernis og skrásetningarskirteini. Þó getur slíkt skirteini eigi gilt lengur en í 2 ár frá því, að það er gefið út, nema stjórnarráðið veiti leyfi til þess sjerstaklega.

## 14. gr.

Á hverju skrásettu skipi skal nafn þess og heimili vera ritað aftan til á því, þar sem auðveldlega verður komið auga á það; skal það vera ritað með greinilegu latnesku lettri, ljósleitu með dökkum undirlit eða dökku lettri með ljósleitu undirlit, þannig, að sje nafn skipsins tvö eða fleiri orð, þá skal ætíð vera að minsta kosti bil fyrir 1 bókstaf á milli orðanna. — Sigli skipið til annara ríkja, skal nafn þess enn fremur á líkan hátt lettra á báðar hliðar þess, og svo fljótt sem unt er, skal bæði framan og aftan markað á skipið, hve djúpt það risti, öðrum megin í »decimetrum«, en hinum megin í enskum fetum. — Ekki er leyfilegt að leyna nafni skipsins nje heimilis þess eða nema það burt, nema í ófriði, til þess að forða því frá hættu — Ekkert skip má nefna öðru nafni en því, sem það er skrásett með. — Ekki má breyta nafninu á skrásettu skipi, nema eigendaskifti verði, og skal samþykki stjórnarinnar þá koma til. Sje nafninu breytt, skal gefa út nýtt þjóðernis- og skrásetningarskirteini; skrásetningarstafirnir haldast óbreyttir.

## 15. gr.

Ef þess er farið á leit, getur stjórnarráðið í staðinn fyrir áður gefið þjóðernis og skrásetningarskirteini látið koma nýtt skirteini samhljóða, og skal þá skila hinu fyrra skirteini aftur.

Hafi þjóðernis- og skrásetningarskirteini glatast, getur stjórnarráðið einnig látið af hendi nýtt skirteini ef óskað er.

Hve nær sem nýtt skirteini er gefið út, án þess að skip um leið sje mælt á ný, skal ekkert gjald greiða fyrir það.

Ef þjóðernis- og skrásetningarskirteini glatast erlendis, getur næsti íslenskur ræðismaður eða sá, sem fer með slíkt starf fyrir hönd ríkisins, gefið út þjóðernisskirteini til bráðabirgða (13. gr.), og skal í því skýrt frá, hvers vegna það sje gefið út. Skal þá sá, sem biður um skirteinið, gefa skýrslu um, með hverjum atvikum hið fyrra hefir glatast.

## 16. gr.

Þegar skrásett skip ferst, er höggvið upp eða ónýtt á annan hátt, skal sá, sem átti skipið, þegar í stað skýra skrásetningarskrifstofunni, þar sem það

Nr. 70 var skrásett, skriflega frá því, til þess að skipið verði strikað út úr skipaskránni; 28. nóv. einnig skal hann skila þjóðernis- og skrásetningarskirteininu aftur, eða færa gildar ástæður fyrir, að það sje ekki unt. Hafi skipið farið erlendis, skal á sama hátt skýra íslenskum ræðismaðni eða þeim, sem fer með slíkt starf fyrir hönd ríkisins, frá því og skila honum skirteininu. Ræðismaðurinn sendir síðan stjórnarráðinu skilríki þessi ásamt nákvæmri skýrslu um skiptapann.

## 17. gr.

Þegar manni, sem ekki fullnægir skilyrðunum í 1. gr., er selt skip eða partur úr skipi, og skipið fyrir þá sök missir rjett sinn til að hafa íslenskan fána, skal sá, sem átti skipið, áður en 4 vikur eru liðnar frá því að hann fjekk að vita, að salan hafi farið fram, skýra skrásetningarskrifstofunni, þar sem skipið er skrásett, frá því og skila henni aftur skirteininu. — Hafi salan farið fram erlendis, skal þegar í stað skýra íslenska ræðismanninum, eða þeim, sem fer með slíkt starf fyrir hönd ríkisins, frá henni og skila honum skirteininu og hinum öðrum skjölum skipsins, og sendir hann stjórnarráðinu skilríki þau, sem hann þannig hefir fengið í hendur. Þar sem enginn íslenskur ræðismaður er, eða neinn, sem fer með slíkt starf fyrir hönd ríkisins, skal sá, sem átti skipið, eða skipstjóri, útvega vottorð, staðfest af nótariusi, um söluna, og senda stjórnarráðinu skilríki þessi ásamt skirteininu. — Þegar skrásett skip eða partur í því verður eign manns, sem ekki hefir rjett til að fá skip skrásett, annaðhvort við sölu opinberlega eða að erfðum, skal embættismaður sá, sem hefir látið söluna fara fram eða skift búinu, eða ef það verður erlendis, næsti íslenskur ræðismaður, eða sá, sem fer með slíkt starf fyrir hönd ríkisins, sjá um það, sem með þarf. — Þessar ákvarðanir eiga einnig við þegar skip, sem á heima á Íslandi, er dæmt upptækt erlendis, af því að það sje óhaffært.

## 18. gr.

Verði eigendaskifti á skipi, að nokkrum hluta eða öllu, en sú breyting sviftir það ekki rjetti til að hafa íslenskan fána, og eins verði breyting á einhverju af atriðum þeim, sem skrásett eru samkv. 7. gr., ber eigandanum áður en 4 vikur eru liðnar frá því, er breytingin varð, að skýra skrásetningarskrifstofunni frá því, og þurfi sannanir fyrir þessu samkv. 9. gr., að koma fram með þau skilríki, til þess að skráin verði leiðrjett eftir því. — Þó að eigendaskifti verði eða skipstjóraskifti, þá þarf ekki fyrir þá sök að gefa út nýtt þjóðerniskirteini, nema þess sje farið á leit, en þess skal að eins getið í skirteininu. Verði slíkar breytingar erlendis, skal næsti íslenskur ræðismaður, eða sá, sem fer með slíkt starf fyrir hönd ríkisins, rita þær á skirteinið, og verði eigendaskifti, senda skýrslu um þau. Sje þar á móti nokkru skrásettu skipi breytt svo, að það svari ekki lengur til þess, sem stendur í þjóðernis- og skrásetningarskirteininu um, hverskonar skip það sje, um smálestatil þess eða um lýsingu þess að öðru leyti, þá skal annaðhvort ritað á skirteinið um breytingu þessa á skrásetningarskrifstofunni, þar sem skipið var skrásett, eða sjá um, ef það þykir

hentara, að það sje skrásett að nýju og fái nýtt skirteini. Verði slíkar breytingar erlendis, skal næsti islenskur ræðismaður, eða sá, sem fer með slíkt starf fyrir hönd ríkisins, rita á skirteinið það, sem með þarf, og senda skýrslu um það (stkr. 13. gr.). — Sjerhver skrásetningarskrifstofa á Íslandi skal tafarlaust senda stjórnarráðinu skýrslu um hverja þá breytingu, sem nefnd er hjer að framan og orðið hefir á skipum þeim, er eiga heima í skrásetningarumdæminu.

Nr. 70  
28. nóv.

## 19. gr.

Vilji maður flytja skrásett skip úr einu skrásetningarumdæmi yfir í annað, þá má gera það, ef eigandinn eða eigendurnir senda skriflega beiðni um það skrásetningarskrifstofunni, þar sem skipið var skrásett. Skal þá skila þjóðernis- og skrásetningarskirteininu, sem fyr hefir verið gefið út, á skrásetningarskrifstofunni á hinu fyrra eða nýja heimili skipsins, undir eins og orðið getur, til þess að nýtt skirteini verði gefið út.

## 20. gr.

Sje þess farið á leit, má á hverri skrásetningarskrifstofu fá útdrátt úr skrásetningarbókinni, ef goldnar eru 2 kr. fyrir hvert skip, sem beiðst er upplýsinga um. Sömuleiðis má með sömu skilyrðum fá hjá stjórnarráðinu eftirrit af þjóðernis- og skrásetningarskirteinum þeim og mælingarskirteinum, sem þar eru gefin út. Skal rita á eftirritið vottorð um, að það sje samhljóða frumritinu, og skýra frá tilefni þess, að það var látið í tje.

## 21. gr.

Ef eigandi, sjerstakra orsaka vegna, æskir þess, að skip, sem á heima á Íslandi, megi áður en það er skrásett fara hjer hafna á milli, þá getur stjórnarráðið leyft það og gefið út leiðarbrjef eða skriflegt leyfi, sem hefir sama gildi hjer við land eins og þjóðernis- og skrásetningarskirteinið.

Enn fremur getur stjórnarráðið, eftir beiðni eiganda, veitt skipi bráðabirgðaskirteini til siglinga til útlanda, þegar það hefir fengið í hendur skrásetningarskjöl skipsins og eitthvað brestur á, að endanleg skrásetning geti farið þegar fram, en sjerstakar ástæður eru fyrir hendi til þess, að skipið þarf að fara til útlanda án tafar. Í bráðabirgðaskirteinum skulu tekin fram atriði þau öll, sem greind eru í 13. gr. 1—5. Skirteini þetta gildir þó aldrei lengur en 2 ár, og fæst sá frestur ekki framlengdur nema sjerstakar ástæður sjeu fyrir hendi, sem hamli skrásetningunni. Um leið og skip fær greint bráðabirgðaskirteini skal mörkuð á það smálestatala og skrásetningarstaflirnir samkvæmt 3. gr.

## 22. gr.

Sjerhver athöfn, sem lýtur að því að fá skip skrásett á svíksamlegan hátt, sem eigi hefir eftir lögum þessum rjett til þess að hafa íslenskan fána, varðar alt að 5 kr. sekt fyrir hverja smalest af nettó-smalestatali skipsins, ef slík athöfn er ekki svo vaxin, að önnur og þyngri refsing liggji við henni.

Nr. 70

28. nóv.

## 23. gr.

Ef það sannast, þegar þjóðernis- og skrásetningarskirteini hefir verið gefið út og látið af hendi, að það hefir verið fengið á sviksamlegan hátt handa skipi, sem ekki hefir rjett til þess, þá skal goldin alt að 10 kr. sekt fyrir hverja smálest af nettó-smálestatali skipsins, auk hegningarinnar fyrir verk, sem kunna að hafa verið unnin til þess að koma þessu fram og saknæm eru eftir hegningarlögunum. — Skal gefin út um það opinber auglýsing, að skirteinið sje ógilt, og skal það þegar gert upptækt.

## 24. gr.

Láti maður farast fyrir að skýra frá breytingum á skipi, er svifta það rjetti til að hafa íslenskan fána, þá varðar það sekt, alt að 100 kr., og sje þetta gert í því skyni að nota sjer þjóðernis- og skrásetningarskirteini, sem skipið á ekki rjett á að hafa, þá varðar það sekt, alt að 10 kr. fyrir hverja smálest af nettó-smálestatali skipsins.

## 25. gr.

Láti maður farast fyrir að skila aftur þjóðernis- og skrásetningarskirteini, eftir því, sem fyrir er mælt í 16. og 17. gr., án þess að færð verði nein gild ástæða fyrir því, þá varðar það alt að 2 kr. sekt af hverri smálest af nettó-smálestatali skipsins. — Skal þá, ef skipið er enn til, gefin út opinber auglýsing um, að skirteinið sje ógilt.

## 26. gr.

Bæjarfógeti eða sýslumaður ákveður upphæð sekta fyrir yfirsjónir þær, sem nefndar eru í 22.—25. gr., innan takmarka þeirra, sem þar eru sett; hann getur og gert á hendur mönnum sektir, alt að 50 kr., fyrir brot á ákvörðunum í lögum þessum, sem ekki er sjerstaklega lögð nein hegning við, svo og fyrir brot móti reglum umboðslegs efnis, sem gefnar eru út og auglýstar opinberlega samkvæmt lögunum.

## 27. gr.

Fyrir sektum þessum er eigandinn í ábyrgð eða eigendurnir, sem á skrána eru ritaðir, einn fyrir alla og allir fyrir einn. Ef skipið er eign hlutafjelags, eru allir þeir, sem eru í stjórn fjelagsins, á sama hátt í ábyrgð fyrir fjesektunum.

## 28. gr.

Ef nokkur, sem krafist er sekta af samkvæmt lögum þessum, fer þess á leit, að dómstólarnir dæmi um breytni hans, þá skal farið með málið sem almenn lögreglumál. Dómsmálaráðherrann ákveður, hvort málinu skuli skotið til æðra dóms af hálfu hins opinbera. Sektir allar renna í ríkissjóð.

29. gr.

Nr. 70  
28. nóv.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1920, og eru þá lög um skrásetning skipa frá 13. des. 1895 og lög nr. 50, 30. nóv. 1915, um breytingu á þeim lög- um, jafnframt numin úr gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

### Gefið á Amaliuborg, 28. nóvember 1919.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

**Christian R.**

(L. S.)

*Sig. Eggerz.*

# Lög

Nr. 71  
28. nóv.

um

## laun embættismanna.

**Vjer Christian hinn Tíundi**, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvik, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

*Gjörum kunnugt:* Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

### *I. Almenn ákvæði.*

1. gr.

Embættismaður, sem lagt er ókeypis húsnæði í húsi, sem að öðru leyti er notað í þarfir hins opinbera, skal um viðhald íbúðar sinnar sæta sömu kjörum sem leigendur alment.

Sje embættismanni fengin embættisjörð eða ábyli til afnota, skal hann greiða alla opinbera skatta, sem á býlinu hvila, en um meðferð og skil á býlinu fer eftir ábúðarlögunum.

2. gr.

Embættismenn skulu skyldir að láta sjer lynda breytingar þær og aukn-



Nr. 71 ingu á embættisstörfunum, sem síðar kann að verða mælt fyrir um, þótt eigi sje 28. nív. neitt um það áskilið í veitingabryjefum þeirra.

## 3. gr.

Hafi sami maður tvö embætti á hendi, hvort með ákveðnum launum, þá skal hann missa svo mikils af laununum samanlögðum, að svari helmingi minni launanna, eða, ef launin eru jafnhá,  $\frac{1}{4}$  af þeim samanlögðum.

## 4. gr.

Hver embættismaður er skyldur að gegna um stundarsakir endurgjalds-laust störfum æðra embættis en sjálfs hans, í sömu stjórnargrein.

Sje embættismaður settur í annað embætti og verði af þeirri sök að láta af að gegna sínu eigin embætti, má veita honum öll launin, sem embættinu fylgja, auk endurgjalds fyrir ferðakostnað, en þá verður hann að láta af hendi laun þau, er fylgja embætti hans sjálfs. Gegni hann báðum embættunum í einu, skal auka laun þeirra, er fylgja embætti hans sjálfs, veita honum þóknun, sem þó má ekki fara fram úr helmingi af launum þess embættis, er hann er settur í.

Nú er maður, sem ekki er í embætti, settur í embætti, og nýtur hann þá launa þeirra allra, er því embætti fylgja. Þó skal sá, sem biðlaun hefir eða eftirlaun, missa jafnmikils í og þeim nemur.

## 5. gr.

Allir þeir embættismenn, sem árlega taka fje úr ríkissjóði til endurgjalds embættiskostnaði, eru skyldir að senda stjórnarráð nu nægilega sundurliðaða skýrslu um kostnað þennan við lok hvers almanaksárs.

## 6. gr.

Nú flytst embættismaður úr embætti í lægra launaflokki í embætti í hærra launaflokki í sömu stjórnargrein, og skal hann þá taka laun á því launastigi í hinum nýja launaflokki, sem jafnhátt er eða næst fyrir ofan þá launapphæð, sem hann hefði náð í hinum lægra launaflokki.

## 7. gr.

Laun samkvæmt lögum þessum skulu allir embættismenn taka, þeir er veitingu fá fyrir embætti frá því er lögin öðlast gildi. Þeir embættismenn, sem þá sitja í embætti, skulu eiga kost á að taka laun eftir þessum lögum, eða sitja við sömu laun og áður, en segja skulu þeir til á ársfresti frá því, er lögin koma í gildi, hvorn kostinn þeir taka. Kjósi þeir að taka laun eftir þessum lögum, er þeim skylt að hlíta þeirri skipun, er sett kann að verða með lögum um geymdan lífeyri embættismanna og styrktrygging handa ekkjum þeirra.

Nú kýs embættismaður, er eftirlaunarjett á eftir eldri lögum, að taka Nr. 71 laun eftir þessum lögum, og heldur hann þá eftirlaunarjettinum, en ekki nær 28. nóv. sá rjettur til viðbótar þeirrar, er embættismaður þessi kann að njóta eftir þessum lögum. En greiða skal hann gjald í tryggingar- eða lífeyrissjóð embættismanna af viðbót þeirri, er hann kann að fá við laun sín eftir þessum lögum, enda fær hann lífeyri greiddan af þeirri upphæð, samkvæmt lögum um lífeyrissjóð embættismanna. Hafi embættismaður, sem svo er ástatt um, sem segir í þessari málsgrein, trygt ekkju sinni líffje, þarf hann ekki að kaupa nýja líftrygging, og eftirlaunarjettur ekkjunnar helst hinn sami sem áður, en launaviðbót, sem hann fær eftir þessum lögum, telst ekki til hækkunar hvorki á líffje nje eftirlaunum ekkju

Telja skal laun þeirra embættismanna, er laun taka samkvæmt lögum þessum, svo sem lögin hefðu verið í gildi, er þeir fengu fyrst veitingu fyrir embættinu, eða samkynja embætti, er samkynja eru hjer talin þau embætti í sömu stjórnargrein, er jöfn laun eru lögð í lögum þessum, svo og sýslumanna- og bæjarfógetaembætti.

Þá skal og talinn til þjónustuára þeirra embættismanna, sem hlut eiga að máli, sá tími, sem þeir hafa gegnt stunda- eða aukakennarastörfum við skóla ríkisins, með eigi minni stundafjölda á viku en krafist hefir verið af föstum kennurum.

Sömuleiðis skal telja til embættisára þau ár, sem prestar hafa gegnt sem aðstoðarprestar, læknaar sem aukalæknaar og núverandi vegamálastjóri sem aðstoðarverkfræðingur.

## II. Launaákvæði.

### 8. gr.

Skrifstofustjórar í stjórnarráðinu hafa og hagstofustjórinn að byrjunarlaunum 5000 kr. á ári, en launin hækka eftir 3, 6 og 9 ár í þessari röð um 300 kr., 300 kr. og 400 kr. upp í 6000 kr.

Fulltrúar í stjórnarráðinu, aðstoðarmaður í hagsto'unni og ríkisfjehirðir hafa að byrjunarlaunum 3500 kr. á ári, en launin hækka eftir 3, 6 og 9 ár í þessari röð um 300 kr., 300 kr. og 400 kr. upp í 4500 kr. Auk launanna hefir ríkisfjehirðir  $\frac{1}{5} \frac{0}{00}$  af öllum greiddum peningum og bankaseðlum í ríkissjóð eða úr, alt að 1000 kr. á ári.

Aðstoðarmenn í stjórnarráðinu hafa að byrjunarlaunum 2000 kr. á ári, en launin hækka á hverjum 3 ára fresti um 200 kr. upp í 3000 kr.

Skrifaraar í stjórnarráðinu hafa að byrjunarlaunum 1600 kr. á ári, en launin hækka á hverjum 3 ára fresti um 200 kr. upp í 2400 kr.

Dyravörðurinn í stjórnarráðinu hefir, auk ókeypis húsnæðis, hita og ljóss, 1500 kr. árslaun.

### 9. gr.

Forsetar Alþingis skipa skrifstofustjóra Alþingis í sameiningu. Skal hann

Nr. 71 hafa að byrjunarlaunum 4000 kr., en launin hækka eftir 3, 6 og 9 ár í þessari 28. nóv. röð um 300 kr., 300 kr. og 400 kr. upp í 5000 krónur.

## 10 gr.

Dómsþjóri hæstarjettar hefir að launum 10000 kr. á ári og hæstarjettar-dómarar 8000 kr. hver.

Hæstarjettarritari hefir að byrjunarlaunum 3500 kr. á ári, er hækki um 500 kr. á hverjum 3 ára fresti upp í 5000 kr.

## 11. gr.

Bæjarfógeti og lögreglustjóri í Reykjavík hafa að byrjunarlaunum 5000 kr., en launin hækka eftir 3, 6 og 9 ár í þessari röð um 300 kr., 300 kr. og 400 kr. upp í 6000 kr.

Sýslumennirnir í Ísafjarðarsýslu, Norðurmúlasýslu og Eyjafjarðarsýslu, sem einnig eru bæjarfógetar, hafa að byrjunarlaunum 4600 kr. á ári, en launin hækka eftir 3, 6 og 9 ár í þessari röð um 300 kr., 300 kr. og 400 kr. upp í 5600 kr.

Sýslumennirnir í Skaftafellssýslu, Rangárvallasýslu, Árnessýslu, Gullbringu- og Kjósarsýslu, Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, Barðastrandarsýslu, Dalasýslu, Strandasýslu, Húnavatnssýslu, Skaga-fjarðarsýslu, Þingeyjarsýslu, Suðurmúlasýslu og bæjarfógetinn í Vestmannaeyjum hafa að byrjunarlaunum 4200 kr. á ári, en launin hækka eftir 3, 6 og 9 ár í þessari röð um 300 kr., 300 kr. og 400 kr. upp í 5200 kr.

Lögreglustjórinn á Siglufirði hefir að byrjunarlaunum 2500 kr., sem hækka eftir 3, 6 og 9 ár í þessari röð um 300 kr., 300 kr. og 400 kr. upp í 3500 kr.

Kostnaðurinn við starfrækslu embætta þeirra, er um ræðir í þessari grein hjer að framan, greiðist sjerstaklega úr ríkissjóði, og ákveður dómsmálaráðherra fyrirfram fyrir hver 5 ár í senn, hve mikill kostnaður þessi skuli vera í hverju lögsagnarumdæmi um sig.

Allar aukatekjur, svo og lögmælt innheimtulaun af tollum og útflutningsgjöldum, sem þessir embættismenn hafa notið hingað til, falla til ríkissjóðs.

Fangavörður hefir að byrjunarlaunum 1800 kr., sem hækka eftir 3, 6 og 9 ár í þessari röð um 300 kr., 300 kr. og 400 kr. upp í 2800 kr. Auk þess hefir hann ókeypis húsnæði, ljós og hita.

## 12. gr.

Landlæknir hefir að byrjunarlaunum 6000 kr., en launin hækka eftir 3, 6 og 9 ár í þessari röð um 300 kr., 300 kr. og 400 kr. upp í 7000 kr.

Hjeraðslæknarnir í Reykjavík, Hafnarfjarðar, Keflavík, Eyrarbakka, Rangárvalla, Vestmannaeyja, Akureyrar, Svarfdæla, Sauðárkróks, Blönduóss, Miðfjarðar og Ísafjarðarhjeruðum hafa að byrjunarlaunum 2500 kr., hjeraðslæknarnir í Grímsness, Mýrdals, Fáskrúðsfjarðar, Reyðarfjarðar, Norðfjarðar, Hró-

arstungu, Seyðisfjarðar, Húsavíkur, Siglufjarðar, Hofsóss, Dala, Flateyrar, Þing-Nr. 71 eyrar, Patreksfjarðar, Hóls, Stykkishólms, Ólafsvíkur, Borgarness, Borgarfjarðar 28. nóv. og Skipaskagahjerudum 3000 kr., og hjeraðslæknarnir í Síðu, Hornafjarðar, Berufjarðar, Fljótsdals, Þistilfjarðar, Öxarfjarðar, Reykdæla, Höfðahverfis, Vopnafjarðar, Hólmavíkur, Reykjarfjarðar, Hesteyrar, Bildudals, Flateyjar, Nauteyrar og Reykhólahjerudum 3500 kr., en launin hækka eftir hver 5 ár í þessari röð um 400, 300 og 300 kr. upp í 3500, 4000 og 4500 kr.

Um borgun fyrir störf hjeraðslækna og ferðir þeirra fer eftir gjaldskrá þeirri, er nú gildir.

## 13 gr.

Heilsuhælislæknirinn á Vífilsstöðum og geðveikralæknirinn á Kleppi hafa að byrjunarlaunum 4000 kr. á ári, en launin hækka eftir 4 og 8 ár um 500 kr. í hvort sinn upp í 5000 kr. Auk hjer taldra launa njóta þeir ókeypiss húsnæðis, ljóss og hita.

Sömu laun hefir holdsveikralæknirinn. Auk þess hefir núverandi læknir 1000 kr. launauppbót árlega, enda hafi hann sama kenslustarf við háskólann og hingað til.

## 14. gr.

Dýralæknar hafa að byrjunarlaunum 2500 kr., en launin hækka eftir hver 5 ár um 400, 300 og 300 kr. í þessari röð upp í 3500 kr.

## 15. gr.

Aðalpóstmeistari hefir að byrjunarlaunum 6000 kr. á ári, en launin hækka eftir 4 og 8 ár um 500 kr. í hvort skifti upp í 7000 kr.

Póstmeistarinn í Reykjavík hefir að byrjunarlaunum 4000 kr. á ári, en launin hækka eftir 3, 6 og 9 ár í þessari röð um 300 kr., 300 kr. og 400 kr. upp í 5000 kr.

Póstmeistararnir á Akureyri og Ísafirði hafa að byrjunarlaunum 3000 kr. á ári, en launin hækka annaðhvert ár um 200 kr. upp í 4000 kr.

Póstmeistarinn á Seyðisfirði hefir að byrjunarlaunum 2400 kr. á ári, en launin hækka annaðhvert ár um 200 kr. upp í 3000 kr.

Póstritarinn í Reykjavík hefir að byrjunarlaunum 3500 kr. á ári, en launin hækka eftir 3, 6 og 9 ár um 300 kr. í hvert sinn upp í 4400 kr.

Póstfulltrúarnir í Reykjavík hafa að byrjunarlaunum 3000 kr. á ári, en launin hækka um 200 kr. annaðhvert ár upp í 4000 kr.

Póstafgreiðslumenn í Reykjavík hafa að byrjunarlaunum 2400 kr., en launin hækka á hverjum tveggja ára fresti um 200 kr. upp í 3000 kr.

Póstaðstoðarmenn í Reykjavík hafa að byrjunarlaunum 1600 kr. á ári, en launin hækka um 200 kr. annaðhvert ár upp í 2400 kr.

Landssímastjóri hefir að byrjunarlaunum 5000 kr. á ári, en launin hækka eftir 3, 6 og 9 ár um 500 kr. í hvert sinn upp í 6500 kr.

Símaverkfræðingur hefir að byrjunarlaunum 3500 kr. á ári, en eftir 3, 6 og 9 ár hækka launin um 300 kr. í hvert sinn upp í 4400 kr.

Stöðvarstjórinn í Reykjavík hefir að byrjunarlaunum 3000 kr., sem hækka á hverjum tveggja ára fresti um 200 kr. upp í 4000 kr. Auk þessara launa nýtur hann ókeypis húsnæðis, ljóss og hita, þegar landssíminn byggir hús með stöðvarstjóraibúð. Þangað til fær hann 500 kr. á ári í húsaleigustyrk.

Loftskeytastjóri, fulltrúi á aðalsímaskrifstofunni í Reykjavík og stöðvarstjórarnir á Ísafirði, Borðeyri og Akureyri hafa að byrjunarlaunum 2600 kr. á ári, en launin hækka á hverjum 2 ára fresti um 200 kr. upp í 3600 kr. Auk hjer taldra launa njóta loftskeytastjóri og stöðvarstjórar á aðalstöðvunm ókeypis húsnæðis, ljóss og hita.

Varðstjórar við ritsímann hafa að byrjunarlaunum 2200 kr, en launin hækka á hverjum 2 ára fresti um 200 kr. upp í 3200 kr.

Símritarar fyrsta flokks og skrifarar fyrsta flokks hafa að byrjunarlaunum 1800 kr. á ári, en launin hækka á hverjum 2 ára fresti um 200 kr. upp í 2800 kr.

Annars flokks símritarar hafa að byrjunarlaunum 1200 kr., en launin hækka eftir 2 ár um 200 kr. upp í 1400 kr.

Varðstjórar við skeytaafgreiðsluna og við langlínumiðstöðvar, kvensímritarar á stöðvum, þar sem ritsíma- og talsímaafgreiðsla er ekki sameiginleg, og annars flokks skrifarar hafa að byrjunarlaunum 1400 kr. á ári, en launin hækka á hverjum 2 ára fresti um 200 kr. upp í 2200 kr.

Talsímakonur við langlínumiðstöðvar, aðstoðarmenn við skeytaafgreiðslu og þriðja flokks ritarar hafa að byrjunarlaunum 1200 kr., en launin hækka á hverjum 2 ára fresti um 200 kr. upp í 1800 kr.

Varðstjórar við bæjarsímann í Reykjavík hafa að byrjunarlaunum 1200 kr., en launin hækka á hverjum 2 ára fresti um 200 kr. upp í 2000 kr.

Talsímakonur við bæjarsímann í Reykjavík hafa að byrjunarlaunum 900 kr. á ári, en launin hækka á hverjum 2 ára fresti um 200 kr. upp í 1500 kr.

Áhalda- og efnisvörður hefir að byrjunarlaunum 2400 kr. á ári, en launin hækka á hverjum 2 ára fresti um 200 kr. upp í 3000 kr

## 17. gr.

Vegamálastjóri, vitamálastjóri og húsameistari hafa að byrjunarlaunum 5000 kr. á ári, en launin hækka eftir 3, 6 og 9 ár í þessari röð um 300 kr., 300 kr. og 400 kr. upp í 6000 kr.

Aðstoðarverkfræðingar vegamálastjóra og vitamálastjóra hafa að byrjunarlaunum 3500 kr. á ári, en launin hækka á hverjum 3 ára fresti um 200 kr. upp í 4500 kr.

## 18. gr.

Vitavörðurinn á Reykjanesi hefir í árslaun 1500 kr., vitavörðurinn í Vestmannaeyjum 900 kr., vitavörðurinn á Siglunesi 900 kr., vitaverðirnir á Dalatanga og Garðskaga 600 kr. og vitavörður Gróttuvitans 500 kr., alt auk hlunninda þeirra, er nú njóta þeir.

## 19. gr.

Skógræktarstjóri, sem einnig er skógarvörður í Reykjavík, hefir að byrjunarlaunum 3200 kr. á ári, en launin hækka á hverjum 3 ára fresti um 200 kr. upp í 4400 kr.

Skógarverðirnir á Vöglum og Hallormsstað hafa 1200 kr. árslaun, auk hlunninda þeirra, er þeir njóta nú.

## 20. gr.

Fiskifyfirmatsmaðurinn í Reykjavík hefir í árslaun 3000 kr., fiskifyfirmatsmennirnir á Ísafirði, Akureyri og Seyðisfirði 2400 kr., og fiskifyfirmatsmaðurinn í Vestmannaeyjum 1800 kr.

## 21. gr.

Forstöðumaður löggildingarstofunnar fyrir mælitæki og vogaráhöld fær að byrjunarlaunum 3200 kr. á ári, en launin hækka á hverjum 3 ára fresti um 200 kr. upp í 4400 kr.

## 22. gr.

Biskup hefir að byrjunarlaunum 6000 kr., en launin hækka eftir 4 og 8 ár um 500 kr. í hvort skifti upp í 7000 kr.

Sóknarprestar hafa að byrjunarlaunum 2000 kr., en launin hækka á hverjum 3 ára fresti um 200 kr. upp í 3000 kr.

Prófastar hafa í laun: 200 kr. þeir, sem nú hafa 100 kr., og 400 kr, þeir, sem nú hafa 200 kr.

Auk þess halda prófastar vísitásiulaunum, eins og verið hefir.

## 23. gr.

Prófessorar við háskólann hafa að byrjunarlaunum 4500 kr. á ári, en launin hækka á hverjum 3 ára fresti um 500 kr. upp í 6000 kr.

Dósentar hafa að byrjunarlaunum 3500 kr., en launin hækka á sama hátt upp í 4500 kr.

## 24. gr.

Skólameistari hins almenna mentaskóla hefir að byrjunarlaunum 4000 kr. á ári, en launin hækka eftir 3, 6 og 9 ár í þessari röð um 300 kr., 300 kr. og

Nr. 71 400 kr. upp í 5000 kr. Auk þess nýtur hann ókeypis húsnæðis, ljóss og hita í 28. nóv. skólahúsinu.

Kennarar skólans hafa að byrjunarlaunum 3400 kr. á ári, en launin hækka á 4 ára fresti um 400 kr. upp í 5000 kr. Þeir kennarar skólans, er gegnt hafa embætti samfleytt í 16 ár, verða yfirkenningar.

Dyravörður hefir að árslaunum, auk ókeypis húsnæðis, ljóss og hita, 1500 kr.

## 25. gr.

Skólameistari gagnfræðaskólans á Akureyri og forstöðumaður kennarskólans í Reykjavík hafa að byrjunarlaunum 3200 kr. á ári, en launin hækka eftir 3, 6 og 9 ár í þessari röð um 300 kr., 300 kr. og 400 kr. upp í 4200 kr. Auk þess fá þeir ókeypis bústað, ljós og hita.

Kennarar við skóla þessa hafa að byrjunarlaunum 3000 kr. á ári, en launin hækka á hverjum 3 ára fresti um 200 kr. upp í 4200 kr.

## 26. gr.

Skólastjórinn á Eiðum hefir að byrjunarlaunum 2600 kr. á ári, en launin hækka á hverjum 3 ára fresti um 200 kr. upp í 3200 kr., auk ókeypis bústaðar, ljóss og hita.

Kennari við skóla þennan hefir að byrjunarlaunum 2000 kr. á ári, en launin hækka á hverjum 2 ára fresti um 200 kr. upp í 2600 kr. Auk þess nýtur hann ókeypis húsnæðis, ljóss og hita.

## 27. gr.

Enginn getur fengið veitingu fyrir kennaraembætti við skóla þá, er um ræðir í 24. og 25. gr., nema hann hafi verið settur til að þjóna embættinu að að minsta kosti 1 ár. Hafi hann ekki fengið veitingu fyrir embættinu innan tveggja ára, má hann ekki gegna því lengur.

## 28. gr.

Skólastjóri stýrimannaskólans og vjelstjóraskólans hafa að byrjunarlaunum 3200 kr. á ári, en launin hækka á hverjum þriggja ára fresti um 200 kr. upp í 4000 kr. Auk þess njóta þeir leigulauss bústaðar, ljóss og hita.

Kennarar við skóla þessa hafa að byrjunarlaunum 2000 kr. á ári, en launin hækka á hverjum 3 ára fresti um 200 kr. upp í 3000 kr.

## 29. gr.

Skólastjórar bændaskólanna hafa að byrjunarlaunum 2200 kr. á ári, en launin hækka á hverjum 3 ára fresti um 200 kr. upp í 3200 kr.

Kennarar við skóla þessa hafa að byrjunarlaunum 1600 kr. á ári, en launin hækka á hverjum 3 ára fresti um 200 kr. upp í 2600 kr.

Auk þess njóta bæði skólustjórar og kennarar ókeypis húsnæðis, ljóss Nr. 71 og hita. 28. nóv.

Reki skólustjórar bú skólans á skólajörðinni fyrir eigin reikning, skulu þeir hafa að byrjunarlaunum 1900 kr., sem hækka á sama hátt upp í 2800 kr.

### 30. gr.

Forstöðumaður málleysisgjaskólans hefir að byrjunarlaunum 1200 kr. á ári, en launin hækka á hverjum 2 ára fresti um 100 kr. upp í 2000 kr.

Kennari við skóla þennan hefir að byrjunarlaunum 900 kr., en launin hækka á hverjum 2 ára fresti um 100 kr. upp í 1500 kr.

Auk þess njóta bæði forstöðumaður og kennari ókeypis húsnæðis, ljóss og hita.

### 31. gr.

Fræðslumálastjórinn hefir að byrjunarlaunum 4000 kr., en launin hækka eftir 3, 6 og 9 ár í þessari röð um 300 kr., 300 kr. og 400 kr. upp í 5000 kr.

### 32. gr.

Landsbókavörður hefir að byrjunarlaunum 4500 kr. á ári, en launin hækka eftir 3, 6 og 9 ár í þessari röð um 300, 300 og 400 kr. upp í 5500 kr.

Fyrsti bókavörður hefir að byrjunarlaunum 3000 kr., er hækka á sama hátt upp í 4000 kr.

Annar bókavörður hefir að byrjunarlaunum 2000 kr., sem hækka á sama hátt upp í 3000 kr.

Ríkisskjalavörður hefir að byrjunarlaunum 4500 kr., hækki á sama hátt upp í 5500 kr.

Aðstoðarskjalavörður hefir að byrjunarlaunum 2500 kr., hækki á sama hátt upp í 3500 kr.

Þjófmenjavörður hefir að byrjunarlaunum 4500 krónur, en launin hækka eftir 3, 6 og 9 ár í þessari röð um 300, 300 og 400 kr. upp í 5500 krónur.

Dyravörður bókhöðunnar hefir að árslaunum, auk ókeypis húsnæðis ljóss og hita, 1500.

### 33. gr.

Auk hinna föstu launa fá allir embættis- og sýslunarmenn landsins, sem taldir eru í þessum lögum, og sömuleiðis allir þeir, sem eftirlauna njóta samkvæmt eftirlaunalögum, eða biðlauna, fyrst um sinn til ársloka 1925, launabót, sem miða skal við verðhækkun á helstu lífsnauðsynjum. Til þess að finna þá verðhækkun skal hagstofan á hverju hausti fyrir lok októbermánaðar gera verðlagsskrá, sem teknar eru upp í eftirfarandi vörur: Rúgmjöl, hveiti (besta tegund), smjör (islenskt), nýmjólk, kindakjöt nýtt (dilkakjöt í heilum kroppum), saltfiskur (nr. 3), kaffi (óbrent), sykur (högginn melis) Verðið skal tilfært eins og það er í Reykjavík að haustinu til í útsölu til almennings hjá hinum stærstu



Nr. 71 verslunum, er þessar vörur selja. Hagstofan skal á sama hátt útvega upplýs-  
28. nóv. ingar um verð á þessum vörum í Reykjavík haustið 1914. Skal hækka það um  
25% og er verðið í verðlagsskrá hvers árs borið saman við þetta hækkaða verð.  
Síðan skal með vísitölum sýnd verðhækkun sú, sem orðið hefir á hverri vöru-  
tegund frá hinu eldra hækkaða verði, en auk þess skal með allsherjarvísitölu  
sýna verðhækkun þá, sem orðið hefir á öllum þessum vöru tegundum í einu lagi.  
Þegar finna á allsherjarvísitöluna, er vísitölu hinna einstöku vara veitt mismun-  
andi gildi; vísitölunum fyrir rúgmjöl og hveiti skal deilt með 2 og vísitölunum  
fyrir fisk, kaffi og sykur deilt með 3, en hinar látnar halda sjer. Samtölunni af  
vísitölunum, þannig breyttum, er síðan deilt með 5, og kemur þá út allsherjar-  
vísitala. Verðlagsskráin skal vera staðfest af fjármálaráðherranum, og gildir hún  
fyrir næsta almanaksár á eftir. Fyrir árið 1920 gildir á þennan hátt verðlags-  
skrá, sem gerð er eftir verðlaginu haustið 1919

Launauppbót reiknast þannig, að hún nemi jafnmikilli hundradstölu af  
 $\frac{2}{3}$  launanna — þó aldrei af hærri fjárhæð en 3000 kr. á ári —, eins og alls-  
herjarvísitalan í gildandi verðlagsskrá það ár sýnir að verðhækkun hafi numið,  
þó ekki meira en svo, að laun og dýrtíðaruppbót nemi samtals 9500 kr., og engin  
uppbót á launum, sem hærri eru. Uppbótin greiðist samtímis laununum (mánað-  
arlega, ársfjórðungslega eða árlega). Prestar, sem eigi er skylt að búa í kaup-  
stað eða verslunarstað, fá  $\frac{2}{3}$  launauppbótar. Samanlögð laun og dýrtíðaruppbót  
dómenda í hæstarjetti mega nema 10500 krónum.

#### 34. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 14, 15. okt. 1875, lög nr.  
24, 14. des. 1877, lög nr. 23, 9. des. 1889, lög nr. 25, 13. sept. 1901, 4. og 5. gr.  
laga nr. 34, 16. nóv. 1907, um skipun læknishjaraða o. fl., 1. og 2. gr. laga nr.  
46, s. d., um laun sóknarpresta, 1. málsliður 2. málsgr. 11. gr. laga um þing-  
sköp Alþingis, nr. 29, 3. nóv. 1915, lög nr. 33, 22. nóv. 1918, um dýrtíðaruppbót  
handa embættis- og sýslunarmönnum landssjóðs, og öll önnur lagaákvæði, er  
fara í bága við þessi lög.

#### 35. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1920. Þó skal dýrtíðaruppbót fyrir síðara  
missiri 1919 teljast af núverandi launum eftir reglunum í 33. gr.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

**Gefið á Amaljuborg, 28. nóvember 1919.**

Undir Vorri kónunglegu hendi og innsigli.

**Christian R.**

(L. S.)

*Jón Magnússon.*

# Lög

um

stofnun lífeyrissjóðs fyrir embættismenn og um skyldur þeirra til að kaupa sjer geymdan lífeyri.

**Vjer Christian hinn Tíundi**, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvik, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettsmerski, Láenborg og Aldinborg,

*Gjörum kunnugt*: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Stofna skal sjerstakan sjóð til að tryggja embættismönnum, er láta af embætti sakir elli og vanheilsu, geymdan lífeyri. Sjóðurinn stendur undir umsjón landsstjórnarinnar, og annast hún reikningshald hans Ríkissjóður leggur sjóði þessum til stofnfje, 50000 kr. í eitt skifti fyrir öll.

2. gr.

Landsstjórnin kveður á með reglugerð um stjórn sjóðsins og skipulag.

3. gr.

Hver embættismaður, er laun tekur eftir hinum almennu launalögum, skal kaupa geymdan lífeyri í sjóði þeim, er ræðir um í 1. gr. svo sem fyrir er mælt í 4. gr.

4. gr.

Til þess að kaupa lífeyri þann, sem 3. gr. ræðir um, skal embættismaðurinn verja 5% af árslaunum sínum.

Nú nema árslaun meiru en 5000 kr., og greiðist þá ekkert gjald af því, sem fram yfir er þessa fjárhæð.

Iðgjöldum skal halda eftir af launum embættismanna.

5. gr.

Þegar embættismaður fær lausn frá embætti vegna elli eða vanheilsu, skal hann fá greiddan úr sjóðnum lífeyri, sem nemur 27% af launum þeim samanlögðum, sem embættismaðurinn hefir greitt iðgjöld af í sjóðinn.

Nr. 72 Eftirlaunin mega þó aldrei fara fram úr  $\frac{3}{4}$  hámarks launa þeirra, er  
28. nóv. embættismaðurinn hefir haft.

Ríkissjóður ábyrgist greiðslu lífeyrisins.

Lífeyririnn greiðist með  $\frac{1}{12}$  fyrirfram á hverjum mánuði.

6. gr.

Nú er embættismaður orðinn 70 ára að aldri, eða samanlagður aldur hans og þjónustutími er 95 ár, og á hann þá rjett á að fá lausn frá embætti, og lífeyri samkvæmt lögum þessum.

7. gr.

Nú er embætti lagt niður, og embættismaðurinn flytst eigi jafnframt í annað embætti; skal hann þá eiga rjett á að fá endurgreidd úr lífeyrissjóðnum, vaxtalaust og afdráttarlaust, iðgjöld þau, er hann hefir greitt í sjóðinn.

8. gr.

Með lögum þessum eru lög nr. 4, 4. mars 1904, um eftirlaun, lög nr. 5, s. d, um skyldu embættismanna til að safna sjer ellistryk, og lög nr. 48, 16. nóv. 1907, um ellistryk presta, úr gildi numin. Nefnd lög halda þó góðu gildi sínu fyrir þá embættismenn, sem sitja í embættum þegar þessi lög öðlast gildi og eftirlauna rjett eiga, svo og ekkjur þeirra og börn, þó með þeim takmörkunum, sem settar eru í 7. gr. launalaganna.

Eftir þessu eiga allir hlutadeigendur sjer að hegða.

**Gefið á Amalfuborg, 28. nóvember 1919.**

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

**Christian R.**

(L. S.)

*Jón Magnússon*

# Lög

Nr. 73  
28. röv.

um

## ekkjutrygging embættismanna.

**Vjer Christian hinn Tíundi**, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg.

*Gjörum kunnugt*: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

### 1. gr.

Skylt er hverjum embættismanni, sem laun tekur eftir almennum launalögum og kvænst hefir yugri en 50 ára, að tryggja ekkju sinni lífeyri, er ekki sje minni en  $\frac{1}{5}$  af byrjunarlaunum þess embættis, er hann á hverjum tíma situr í, eða kaupa lífsábyrgð er sje jafnhá og þreföld árslauin.

Ákvæði þessarar greinar taka þó ekki til þeirra, er sitja í embættum þegar lög þessi ganga í gildi og eldri eru en 50 ára.

### 2. gr.

Lífeyri eða lífsábyrgð samkvæmt 1. gr. skal kaupa hjá einhverju því lífsábyrgðarfjelagi, er landsjórnin tekur gilt. Skylt er hverjum embættismanni að hlíta þeim ákvæðum, er fjármálaráðherra setur til tryggingar því, að tryggingarfjeð komi ekkju hans að notum, og um greiðslu á iðgjöldum fyrir lífsábyrgðina.

### 3. gr.

Embættismannsekkja, sem lífeyris nýtur samkvæmt 1. gr., nýtur enn fremur úr rikissjóði árlega  $\frac{1}{10}$  af föstum lágmarkslaunum embættis þess, er maður hennar hafði, er hann ljest. Til fastra launa í þessu sambandi skal telja hlunnindi þau, er talin eru fylgja embættinu í launalögum.

Auk þess getur konungur í viðbót við líffje þetta veitt ekkjunni 50 til 100 kr. árlegan uppeldisstyrk handa hverju barni hennar og manns þess, er hún nýtur lífeyris eftir, þangað til barnið er fullra 16 ára. Skilyrði fyrir viðbót þessari er það, að ekkjan verði talin þurfa styrksins til að veita börnunum sæmilegt uppeldi.

Nr. 73

4. gr.

28. nóv.

Rjettur til líffjár eftir 3. gr. fellur burtu:

1. ef ekkjan giftist af nýju.
2. ef hún tekur sjer bústað utanríkis án samþykkis konungs.
3. ef hún hirðir ekki líffjeð í 3 ár samfleytt, án þess að sanna lögmæt forföll.
4. ef hún verður dæmd sek um einhvern verknað, er að almennings álitu er ósæmilegur.

Er ekkja missir eftirlaun af því að hún hefir gift af nýju, á hún rjett á að fá hið sama líffje, ef hún verður ekkja í annað sinn.

5. gr.

Föðurlausum og móðurlausum börnum þe rra embættismanna, er laun eiga að taka eftir launalögunum, getur konungur veitt hverju um sig 100 til 200 kr. uppeldisstyrk árlega, að svo miklu leyti og svo lengi sem þau þurfa, þó ekki lengur en þangað til þau eru 16 ára.

6. gr.

Ekkjur sem rjett eiga til hærri eftirlauna eftir eldri lögum en líffjeð nemur samkvæmt 3. gr., halda þeim rjetti.

7. gr.

Opið brjef 31. maí 1855 um skyldu embættismanna til að sjá ekkjum sínum borgið með fjárstyrk eftir sinn dag, lög nr. 28, 20. okt. 1905, um viðauka við nefnt opið brjef, og lög nr. 49, 16. nóv. 1907, um skyldu presta til að kaupa ekkjum sínum lífeyri, eru úr gildi numin.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

**Gefið á Amalfuborg, 28. nóvember 1919.**

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

**Christian R.**

(L. S.)

*Jón Magnússon.*

# Lög

Nr. 74  
28. nóv.

um

húsagerð ríkisins.

**Vjer Christian hinn Tíundi**, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,  
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,  
Láenberg og Aldinborg,

*Gjörum kunnugt*: Alþingi hefur fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1 gr.

Landsstjórninni er heimilt að láta reisa, svo fljótt sem því verður við komið:

1. Landsspítala.
2. Íbúðarhús á Hvanneyri.
3. Viðbót við geðveikrahælið á Kleppi.
4. Skólahús á Eiðum.
5. Húsmæðraskóla á Norðurlandi, samkvæmt lögum nr. 37, 26. okt. 1917.

2. gr.

Til húsagerða þeirra, sem umræðir í 1. gr, er stjórninni heimilt að taka á ábyrgð ríkissjóðs nægilega stórt lán, er endurgreiðist á 20—30 árum.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

**Gefið á Amalíbörg, 28. nóvember 1919.**

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

**Christian R.**

(L. S.)

*Jón Magnússon.*

# Lög

um

## skipun barnakennara og laun þeirra.

**Vjer Christian hinn Tíundi**, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvik, Holtsetalandi, Stórmæri Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

*Gjörum kunnugt*: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

### I. Skipun.

#### 1. gr.

Til þess að geta orðið skipaður kennari við barnaskóla eða farskóla, sem nýtur styrks af landssjóðsfje, er krafist:

- a. að umsækjandi hafi óflekkað mannorð.
- b. að hann hafi lokið kennaraprófi, eða stúdentsprófi, og auk þess prófi í uppeldisfræði og kenslufræði, eða stundað barnakenslu að minsta kosti 3 ár og hafi vottorð sóknarprests síns og fræðslunefndar eða skólanefndar, þar sem hann síðast kendi, um góða kennarahæfileika og árvekni í starfinu.
- d. að hann sýni læknisvottorð um gott heilsufar.
- e. að hann hafi að minsta kosti einn um tvítugt.

#### 2. gr.

Þegar kennarastaða er laus, skal skólanefnd eða fræðslunefnd, svo fljótt sem fært er, auglýsa hana til umsóknar í því blaði, sem flytur stjórnarauglýsingar, og í málgagni kennara, með umsóknarfresti, sem eigi má vera skemri en 2 mánuðir. Að umsóknarfresti liðnum kemur nefndin saman og ræður með sjer, hverjum umsækjanda hún vill mæla með til stöðunnar, og sendir síðan yfirstjórn fræðslumálanna meðmæli sín ásamt öllum umsóknum, sem fyrir liggja. Stjórnarráðið veitir stöðuna og auglýsir á venjulegan hátt.

#### 3. gr.

Umsókn um kennarastöðu skal senda formanni skólanefndar eða fræðslunefndar, og skal umsókninni fylgja:

- a. Prófvottorð frá kennaraskóla, eða afrit af því, staðfest af presti eða hreppstjóra.
- b. Umsögn skólanefndar eða fræðslunefndar eða einstakra manna, sem umsækjandi hefir síðast unnið hjá, hafi hann áður haft kenslustörf á hendi.

Skal í þeirri umsögn sjerstaklega geta um dagfar kennarans, hæfleiða hans Nr. 75 til að halda reglu og aga í skóla og aðra kennarahæfleiða. 28. nóv.

## 4. gr.

Nú sækir enginn, sem fullnægir skilyrðinu í 1. gr., í staflíð b., um auglýsta kennarastöðu áður en umsóknarfrestur er út runninn, og skal skólanefnd eða fræðslunefnd þá gera ráðstöfun til að útvega svo hæfan mann eða konu, sem kostur er á, til að hafa kensluna á hendi næsta skólaár, eða þangað til löglega skipaður kennari getur tekið við henni. Leita skal samþykkis yfirstjórnar fræðslumálanna til skipunar kennara til bráðabirgða.

## 5. gr.

Kennarastöðu skal veita frá þeim tíma, er ákveðið er á hverjum stað að kensla skuli byrja, og taka kennarar þá við þeim skólum, sem þeir hafa verið ráðnir til, nema öðruvísi um semjst.

Ef kennari getur ekki tekið til starfa á tilteknum tíma, ráðstafar skólanefnd eða fræðslunefnd kenslunni þangað til hann getur tekið við henni.

## 6. gr.

Nú segir kennari lausri stöðu sinni, eða hann hefir verið ráðinn kennari við annan skóla, og ber honum að tilkynna það þegar í stað skólanefnd eða fræðslunefnd þess skóla, sem hann fer frá.

## 7. gr.

Kennarar eiga í öllu dagfari sínu, utan skóla og innan, að vera góð fyrirmynd nemenda sinna og rækja skyldustörf sín með alúð og samvirkusemi samkvæmt því, er nánar verður tekið fram í erindisbrjefi er fræðslumála-stjórnin gefur þeim.

## 8. gr.

Ef kennari reynist óhæfur til að gegna skólakennarastarfinu, eða ef hann vanrækir skyldustarf sitt, eða vekur hneyskli með framferði sínu í daglegri hegðun og lætur ekki skipast við áminningu, ber skólanefnd eða fræðslunefnd að víkja honum úr kennarastöðunni um stundarsakir, ef nauðsyn þykir, fyrirvaralaust. Málinu skal síðan skotið undir úrskurð stjórnarráðsins.

## II. Lavn.

## 9. gr.

Kennarar, sem starfa við barnaskóla eða farskóla í 6 mánuði, eða 24 vikur af árinu, og kenna 30 stundir á viku — um kenslustundafjöldi forstöðu-



Nr. 75 manna kaupstaðaskóla og heimavistarskóla fer þó eftir samkomulagi við skóla-  
28. nóv. nefnd — skulu hafa árslaun sem hjer segir:

- a. Forstöðumenn barnaskóla í kaupstöðum 2000 kr., auk ókeypis húsnæðis eða jafngildis þess í peningum.
- b. Kennarar við kaupstaðaskóla hafa 1500 kr. árslaun
- d. Forstöðumenn barnaskóla utan kaupstaða 1600 kr., og kennarar við þá skóla 1300 kr.

Forstöðumenn heimavistarskóla utan kaupstaða hafa þar að auki ókeypis húsnæði, ljós og hita.

- e. Farskólakennarar og eftirlitskennarar við heimilafræðslu hafa í árslaun 300 kr., auk ókeypis fæðis, húsnæðis, ljóss, hita og þjónustu, þá 6 mánuði ársins, sem skólinn stendur.

#### 10. gr.

Nú stendur barnaskóli lengur en 6 mánuði á ári, og hækka launin þá í rjettu hlutfalli við tímalengd.

#### 11. gr.

Laun þau, sem talin eru í 9. gr. a. og b., greiðast að  $\frac{1}{3}$  af ríkissjóðsfje, en að  $\frac{2}{3}$  úr bæjarsjóði. Helmingur þeirra launa, sem talin eru í sömu grein, d. og e., greiðist af ríkissjóðsfje, en helmingur úr sveitarsjóði.

Eigi tekur ríkissjóður neinn þátt í kostnaðinum við þau hlunnindi, sem kennarar hafa samkvæmt lögum þessum, enda þótt þau sjeu greidd í peningum.

#### 12. gr.

Launaviðbót eftir þjónustualdri, talið frá þeim tíma, er þeir urðu fastir kennarar, fá kennarar sem hjer segir:

- a. Forstöðumenn og kennarar kaupstaðaskóla 200 kr. 3. hvert ár, upp að 1000 kr.
- b. Forstöðumenn og kennarar við barnaskóla, utan kaupstaða, 100 kr. 3. hvert ár, upp að 500 kr.
- d. Farskólakennarar og eftirlitskennarar við heimilafræðslu 50 kr. 3. hvert ár, upp að 300 kr.

Allar launaviðbætur eftir þjónustualdri greiðast úr ríkissjóði.

#### 13. gr.

Auk framantaldra launa njóta kennarar þeir, er laun taka eftir lögum þessum, dýrtíðaruppbótar úr ríkissjóði eftir sömu hlutföllum og starfsmenn ríkisins. Hlunnindi þau, er umræðir í 11. gr. 2. málsgrein, koma ekki til greina í þessu sambandi.

14. gr.

Nr. 75

28. nív.

Verði sú breyting gerð á fræðslu- eða skólahjeruðum eða fræðslumálunum yfirleitt, sem gerir stöðu kennarans óþarfa, skal hann eftir löglega uppsögn láta af henni endurgjaldslaust.

15. gr.

Öll ákvæði um kennara í lögum þessum eiga og við kenslukonur.

16. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin þau ákvæði laga nr. 59, 22. nív. 1907, um fræðslu barna, sem fara í bága við þessi lög, og enn fremur lög nr. 17, 24. september 1918, um breyting á þeim lögum.

17. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júní 1920. Og skulu þá allir, sem framvegis vilja vera kennarar, senda umsóknir um stöðurnar.

#### Ákvæði um stundarsakir.

Þeir kennarar, sem ráðnir eru af skólanefnd eða fræðslunefnd til kenslu veturinn 1919—1920, skulu njóta þeirra launa og dýrtíðaruppbótar, sem til eru tekin í lögum þessum.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

**Gefið á Amaliuborg, 28. nóvember 1919.**

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

**Christian R.**

(L. S.)

Jón Magnússon.

Nr. 76

28. nóv.

# Lög

um

breyting á yfirsetukvennalögum, nr. 14, 22. okt. 1912.

**Vjer Christian hinn Tíundi**, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,  
Vinda og Gauta, hertogi í Slesvik, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,  
Láenberg og Aldinborg,

*Gjörum kunnugt*: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru.

1. gr.

4. gr. yfirsetukvennalaga. nr. 14, 22. okt. 1912, hljóði svo:

Laun yfirsetukvenna skulu goldin að hálfu úr sýslusjóði og að hálfu úr rikissjóði, og fer greiðsla þeirra fram einu sinni á ári, á manntalsþingum.

Í kaupstaðaumdæmum greiðast öll launin úr bæjarsjóði, og gjaldast mán-  
aðarlega.

Launin í hverju umdæmi skal miða við fólkstal umdæmisins við síðustu áramót á þennan hátt:

1. Í þeim umdæmum, þar sem fólkstal er 300 eða minna, skulu árslaun yfirsetukonu vera 200 kr.

2. Í umdæmum þeim, sem hafa fleira en 300 manna, skulu árslaunin vera 200 kr., að viðbættum 10 kr. fyrir hverja fulla 5 tugi manna, sem fram yfir eru 300, þó svo, að launin fari aldrei fram úr 1000 kr.

3. Í kaupstaðaumdæmum, þar sem eru tvær eða fleiri yfirsetukonur, skal deila íbúatölu jafnt milli þeirra og því næst reikna þeim laun á sama hátt og öðrum yfirsetukonum, þó aldrei yfir 1000 kr.

Laun allra yfirsetukvenna skulu hækka fimta hvert ár um 25 kr. uns launabótin nemur 75 kr., og hafa þær þá náð hámarki launa sinna.

2. gr.

Aftan við 5. gr. bætist:

Eftirlaun greiða sömu aðiljar og launin greiða, í sama hlutfalli.

3. gr.

7. gr. laganna orðist þannig:

Yfirsetukonum ber sanngjörn þóknun fyrir yfirsetu og aðhjúkrun sængur-  
kvenna, og að auki ókeypis fararbeiðni báðar leiðir. Þessi þóknun skal vera eigi

minni en 7 kr. fyrir að sitja yfir og kr. 2,50 fyrir hvern dag, sem yfirsetukona Nr. 76 dvelur hjá sængurkonunni, nema þann dag, er hún tekur á móti barninu, en 1 28. nóv. kr. fyrir hverja vitjun í kaupstað eða kauptúni þar sem yfirsetukona býr.

Ef sængurkona þiggur af sveit eða er svo fátæk, að hún getur ekki borgað, þá á yfirsetukona heimtingu á, að sveitarsjóður greiði henni þóknunina fyrir yfirsetustarfið og nauðsynlega aðhjúkrun, og skal ekki telja þau gjöld sem veittan sveitarstyrk.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1920.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

**Gefið á Amalíuborg, 28. nóvember 1919.**

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

**Christian R.**

(L. S.)

*Jón Magnússon.*

**Lög**

um

sjerstakt læknishjerað í Hólshreppi í Norður-Ísafjarðarsýslu.

**Vjer Christian hinn Tíundi**, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvik, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenberg og Aldinborg,

*Gjörum kunnugt:* Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

Hólshreppur í Norður-Ísafjarðarsýslu skal vera sjerstakt læknishjerað.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

**Gefið á Amalíuborg, 28. nóvember 1919.**

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

**Christian R.**

(L. S.)

*Jón Magnússon.*

Nr. 77  
28. nóv.

Nr. 78  
28. nóv.

# Lög

um

## landhelgisvörn.

**Vjer Christian hinn Tíundi**, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,  
Vinda og Gauta, hertogi af Sljesvik, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,  
Láenberg og Aldinborg,

*Gjörum kunnugt:* Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

### 1. gr.

Landsstjórninni skal heimilt að kaupa eða láta byggja, svo fljótt sem verða má, eitt eða fleiri skip til landhelgisvarna með ströndum Íslands, og heimilast henni að taka lán til þess.

Fáist ekki hentugt skip til kaups, heimilast stjórninni að taka skip á leigu á meðan hún lætur byggja skip.

### 2. gr.

Kostnaður við útgerð strandvarnarskipsins greiðist úr rikissjóði.

### 3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

**Gefið á Amaluborg, 28. nóvember 1919.**

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

**Christian R.**

(L. S.)

---

*Jón Magnússon.*

# Lög

Nr. 79  
28. nóv.

um

heimild til löggildingar á fulltrúum bæjarfógeta til þess að gegna  
eiginlegum dómarastörfum, o. fl.

**Vjer Christian hinn Tíundi**, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,  
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,  
Láenberg og Aldinborg,

*Gjörum kunnugt*: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau  
með samþykki Voru:

1. gr.

Dómsmálaráðherra er, auk þess, sem áður hefir tíðkast, heimilt að lög-  
gilda menn, sem fullnægja lagaskilyrðum fyrir að hafa á hendi dómaraembætti  
hjer á landi, til þess að skipa dómaraæti í lögreglumálum og halda sakamáls-  
rannsóknir í kaupstöðum landsins í forföllum hins reglulega dómara og á hans  
ábyrgð.

2. gr.

Heimilt er lögreglustjóranum í Reykjavík og löggiltum fulltrúa hans að  
taka boði sökunauts um að greiða hæfilega sekt samkvæmt gildandi lögum, til  
þess að sleppa hjá dómi, og skal afplána þær sektir eftir reglum um afplánun  
fjesekta í öðrum málum en sakamálum.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

**Gefið á Amalíuborg, 28. nóvember 1919.**

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

**Christian R.**

(L. S.)

---

*Jón Magnússon.*

Nr. 80  
28. nóv.

# Lög

um

breyting á lögum nr. 39, 11. júlí 1911, um sjúkrasamlög.

**Vjer Christian hinn Tíundi**, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,  
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,  
Láenberg og Aldinborg,

*Gjörum kunnugt:* Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Stafiður e í 2. tölulið 3. gr. nefndra laga orðist svo:  
sje hann búsettur í kaupstað eða kauptúni, sem lækni er búsettur í, að hann hafi ekki árstekjur, er fari fram úr 3000 kr., að viðbættum o. s. frv.  
Fyrir »5000 kr.« í sömu gr. 2. d. komi:  
10000 kr.

2. gr.

Með lögum þessum er úr gildi numin 2. gr. laga nr. 35, 3. nóvember 1915.

3. gr.

Þá er lög þessi hafa öðlast staðfesting konungs, skal færa breytingar þær og viðauka, sem ræðir um í þeim, í lögum nr. 35, 3. nóv. 1915, 1. gr., og lögum nr. 32, 26. okt. 1917, 1.—3. gr., inn í texta laga um sjúkrasamlög nr. 39, 11. júlí 1911, og gefa þau út sem lög um sjúkrasamlög.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

**Gefið á Amalíuborg, 28. nóvember 1919.**

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

**Christian R.**

(L. S.)

*Jón Magnússon.*

# Lög

um

## sjúkrasamlög.

**Vjer Christian hinn Tfundí,** af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,  
 Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,  
 Láenborg og Aldinborg,

*Gjörum kunnugt:* Að Vjer samkvæmt 3 gr. laga, dags. í dag um breytingu á lögum nr. 39, 11. júlí 1911, um sjúkrasamlög, höfum látið færa breytingar þær og viðauka, sem ræðir um í fyrnefndum lögum, í lögum nr. 35, 3. nóv. 1915, 1. gr., og lögum nr. 32, 26. okt. 1917, 1.—3. gr., inn í texta laga um sjúkrasamlög nr. 39, 11. júlí 1911, og gefum þau hjer með út sem lög um sjúkrasamlög.

### 1. gr.

Það er sjúkrasamlag, ef menn bindast fjelagsskap í því skyni að tryggja hver öðrum gegn tilteknum iðgjöldum uppbót á því fjártjóni, sem veikindi valda.

### 2. gr.

Sjúkrasamlög eiga heimtingu á því, að þau sjeu lögskráð, ef þau fylgja fyrirmælum þessara laga, og ber þeim þá styrkur úr landssjóði, í kaupstöðum og kauptúnum, sem læknir er búsettur í, 2 krónur, en annarsstaðar 2 krónur 25 aurar árlega fyrir hvern fjelaga, sem árlangt hefir greitt iðgjald í samlagssjóð.

Auk þessa styrks fá sjúkrasamlögin endurgoldinn úr landssjóði fjórðung sjúkrahússkostnaðar, þó ekki meira en 75 aura á hvern samlagsmenn, miðað við meðaltal samlagsmanna á árinu.

Stjórnarráðið ræður lögskráningu sjúkrasamlaga og hefir allar þær gætur á þeim, sem því þykir þurfa.

### 3. gr.

Þessi eru skilyrðin fyrir því, að sjúkrasamlag geti orðið lögskráð:

1. Samlagið skal taka yfir tiltekið svæði, venjulega einu hrepp eða kaupstað.
2. Það skal veita viðtöku og full fjelagsrjettindi hverjum manni, jafnt karli sem konu, ef hann sannar:
  - a. að hann eigi heima í samlagshjeraðinu.
  - b. sje eigi yngri en 15 ára og eigi eldri en fertugur, er hann beiðist viðtöku.
  - c. sje hann búsettur í kaupstað eða kauptúni, sem læknir er búsettur í, að hann hafi ekki árstekjur, er fari fram úr 3000 kr. að viðbættum 100 kr. fyrir hvert barn innan 10 ára, sem hann framfleytir.



Nr. 81  
28. nóv.

- d. eigi ekki skuldlausar eignir, er nemi meiru en 10000 kr.  
e. hafi engan viðloðandi eða ólæknandi sjúkdóm, er skerði eða geti skert vinnuþol hans, enda sje hann fullhraustur er hann gengur í samlagið.
3. Lögskráð sjúkrasamlög mega og veita viðtöku mönnum, sem eru yfir fertugt, gegn hærri iðgjöldum. Þau mega einnig veita mönnum viðtöku, þó að þá bresti hin önnur skilyrði í 2. tölulið þessarar greinar, en ekki skulu slíkir fjelagar eiga tilkall til neinnar tryggingar eða nokkurs styrks úr samlagssjóði eða landssjóði; þeir eru hlutlausir en hinir hluttækir.
  4. Sjúkrasamlag verður því að eins lögskráð, að í því sje að minsta kosti 50 hluttækir fjelagar.
  5. Sjúkrasamlög skulu veita hverjum hluttækum fjelaga tryggingu fyrir ókeyp- is læknishjálpi, ef sjúkdóm ber að höndum, ókeyp- is sjúkrahúsvist, hvenær sem þess gerist þörf, og dagpeningum eigi minnum en 50 aurum á dag og eigi meirum en nemi  $\frac{2}{3}$  af venjulegum dagtekjum sjúklingsins. Þó skal fjelagi jafnan greiða sjálfur lyf þau að fjórðungi, er hann fær í heimahúsum eða utan sjúkrahúss.

Dagpeningatryggingin tekur þó til þeirra einna, sem eru 18 ára eða eldri.

Után kaupstaða og kauptúna, sem læknir er búsettur í, getur og stjórnarráðið leyft að dagpeningar falli niður með öllu, og einnig í kaupstöðum og kauptúnum, ef um giftar konur er að ræða, eða vistráðin hjú, eða aðra þá, sem halda kaupi sínu, þó að þeir sjeu frá verki vegna veikinda.

6. Iðgjöld hvers sjúkrasamlags skulu vera svo há, að stjórnarráðið telji þau nægja ásamt landssjóðsstyrknum fyrir þeirri tryggingu, sem samþykkt hvers samlags heitir samlagsmönnum.
7. Samlagið skal haga störfum sínum og stjórn eftir reglum, sem stjórnarráðið setur.

4. gr.

Stjórnarráðið semur fyrirmynd að samþykktum handa sjúkrasamlögum.

5. gr.

Ef sjúkrasamlag hættir að gegna þeim skilyrðum, sem sett eru í 3. gr., þá fellur niður styrkurinn úr landssjóði og afskifti stjórnarráðsins af sjúkrasamlaginu.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

**Gefið á Amaliuborg, 28. nóvember 1919.**

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

**Christian R.**

(L. S.)

*Jón Magnússon.*

# Opið brjef,

Nr. 82  
1. desbr.

er stefnir saman alþingi til aukafundar 5. febrúar 1920.

**Vjer Christian hinn Tíundi**, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,  
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,  
Láenberg og Aldinborg,

*Gjörum kunnugt:* Vjer höfum allramildilegast ákveðið, að Alþingi skuli koma saman til aukafundar fimtudaginn 5. febrúar 1920, og viljum Vjer um þing-tímamann allramildilegast kveða svo á, að aukaping þetta megi setu eiga meðan þarfnast.

Um leið og Vjer birtum þetta vorum kæru og trúu þegnum á Íslandi, bjóðum Vjer öllum þeim, er setu eiga að hafa á tjeðu Alþingi, að koma nefndan dag til Reykjavíkur, og verður þar þá sett Alþingi, eftir að guðspjónustugjörð hefir farið fram í dómkirkjunni.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

**Gefið á Amaluborg, 1. desember 1919.**

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

**Christian R**

(L. S.)

*Jón Magnússon.*

Nr. 83  
1. desbr.

# Konungsbrjef

um

setning Alþingis.

**Christian hinn Tíundi**, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvik, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Vjer veitum yður sem forseta ráðuneytisins hjer með vald til að setja, í Voru nafni, aukaping það, sem saman kemur fimtudaginn 5. febrúar 1920.

**Ritað á Amaluborg, 1. desember 1919.**

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

**Christian R.**

(L. S)

*Jón Magnússon*

Til

herra Jóns Magnússonar, komandör af Dannebrog og Dannebrogsmanns, forseta ráðuneytisins.

# Bráðabirgðalög

Nr. 84  
13. desbr.

um

ráðstafanir á gullforða Íslandsbanka og um heimild fyrir ríkisstjórnina til að banna útflutning á gulli.

**Vjer Christian hinn Tíundi**, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvik, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

*Gjörum kunnugt:* Ráðherrann í atvinnu- og samgöngumálum hefir tjáð Oss, að vegna sívaxandi gengismunar á peningum sje hætta á því, að gull verði flutt úr landinu til útlanda og að gullforði sá, sem til er í landinu og aðallega er í vörslum Íslandsbanka, verði allmikið skertur við það. Teljum Vjer því brýna nauðsyn að leysa Íslandsbanka með bráðabirgðalögum, samkvæmt 6. gr. stjórnarskipunarlags 19. júní 1915, undan þeirri skyldu að greiða handhafa seðla bankans með gullmynt og ennfremur teljum Vjer brýna nauðsyn til að heimila ríkisstjórninni að banna flutning á myntuðu eða ómyntuðu gulli úr landinn, Því bjóðum Vjer og skipum þannig:

## 1. gr.

Íslandsbanki skal, með samþykki bankastjórnarinnar, leystur undan þeirri skyldu að greiða handhafa seðla bankans með gullmynt, samkvæmt lögum nr. 66, 10 nóvember 1905, 4. gr, gegn því að hann afhendi ríkisstjórninni allan málmforða sinn, sbr. sömu lög, 5. gr. a og b, til ráðstöfunar, enda taki ríkisstjórnin fyrir ríkissjóðs hönd jafnframt að sjer ábyrgð á greiðslu jafnmikillar upphæðar af seðlum bankans, sem málmforðanum nemur.

Um leið og ráðstöfuninni um óinnleysanleik seðlanna verður af ljett, afhendir ríkisstjórnin bankanum aftur gullforðann.

## 2. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að leggja bann, að einhverju leyti eða öllu, við útflutning úr landinu á myntuðu eða ómyntuðu gulli, svo og að ákveða refsingar fyrir brot gegn hjer að lútandi ákvörðunum.

Nr. 84

3. gr.

13. desbr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað og má með konunglegri tilskipun fella þau úr gildi, þegar ekki þykir lengur þörf fyrir ákvæði þeirra.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða

**Gefið á Amalíuborg, 13. desember 1919.**

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli

**Christian R**

(L S)

*Sigurður Jónsson.*

# Samningur

Nr. 85  
28. okt.  
28. nóv.

um

póstsbandið milli Íslands og Danmerkur.

Póststjórnirnar á Íslandi og í Danmörku hafa, að fengnu umboði, komið sjer saman um eftirfarandi sjerstök ákvæði um beint póstsband milli nefndar landa.

## I. Póstflutningurinn.

1. gr.

1. Hvor póststjórnin um sig annast og kostar póstflutningana frá sjer til viðtökulandsins. Með sjerstökum samningi milli póststjórnanna geta þó póstflutningarnir orðið framkvæmdir eftir öðrum ákvæðum.

Póstflutning milli lendingarstaðar og hlutaðeigandi póshúss annast og kostar póststjórn viðtökulandsins.

2. Sem borgun undir póstsendingar frá öðru landinu til hins, er finnast í skipsbrjefakössum, án þess að póststjórnin hafi áður haft þau til meðferðar, gilda frímerki beggja landa.

## II. Millirikja brjefasendingar.

2. gr.

Burðargjald undir brjef, spjaldbrjef og sumar krossbandssendingar, í beinu sambandi.

1. Burðargjald undir brjef milli Íslands og Danmerkur er sem hjer segir:

Undir brjef er vega 20 gr eða minna . . . . . 15 aurar

— — — — yfir 20 gr. að 125 gr. . . . . 30 —

— — — — — 125 gr. — 250 gr. . . . . 45 —

Ákvæði alþjóðapóstsamningsins gilda um burðargjald undir þyngri brjef.

Verði þyngdarmörkunum fyrir brjef innanríkis breytt í öðruhvoru landinu, eða ef alþjóða breyting verður á þeim, geta póststjórnirnar samþykkt samsvarandi breytingar á þyngdartakmörkum þeim, er grein þessi ákveður.

2. Burðargjald undir einfalt spjaldbrjef er . . . . . 10 aurar og undir spjaldbrjef með fyrirfram greiddu svari . . . . . 20 —
3. Undir óborguð eða vanborguð brjef og spjaldbrjef skal heimta burðargjald

- Nr. 85 það er á vantar, ásamt 10 auru aukagjaldi fyrir hverja sendingu, þó eigi  
 28. okt. meira en tvöfalt burðargjald það, er á vantaði.  
 28. nóv. 4. Undir krossbandssendingar, sem eingöngu hafa að innihaldi upphleypta skrift með punktum og bókstöfum til notkunar fyrir blinda menn, er burðargjaldið 5 aurar fyrir hver 500 gr. eða minna.

Hámarksþyngd slíkra sendinga er ákveðin 3 kg.

5. Ábyrgðargjald fyrir brjefasendingu er 15 aurar.
6. Gjald fyrir viðtökukvittun er hið sama sem fyrir einfalt brjef.
7. Minsta gjald fyrir viðskiftaskjöl er hið sama sem burðargjald fyrir einfalt brjef.
8. Af milliríkja brjefapóstflutningum milli Íslands og Danmerkur þykir ekki ástæða til að reikna sjóflutningsgjald.

### 3. gr.

Brjef með tilgreindu verði.

Undir brjef með tilgreindu verði, er send eru milli Íslands og Danmerkur skal greiða, auk brjefburðargjalds samkv. 2. gr. og venjulegs meðmælingargjalds, ábyrgðargjald, er nemur 32 aurum fyrir hverjar 250 kr. eða minna.

Ábyrgðargjaldið skiftist þannig, að Ísland fær 20 auru, Danmörk 4 auru og það landið, er annast sjóflutninginn, 8 auru fyrir hverjar 250 kr. eða minna.

### 4. gr.

Póstávisanir.

Burðargjald undir póstávisanir milli Íslands og Danmerkur er svo sem hjer segir:

Fyrir upphæð alt að 25 kr.	. . . . .	15 aur.
— — yfir 25 — að 100 kr.	. . . . .	30 —
— — — 100 — — 200 —	. . . . .	45 —
— — — 200 — — 300 —	. . . . .	60 —
— — — 300 — — 400 —	. . . . .	75 —
— — — 400 — — 500 —	. . . . .	90 —
— — — 500 — — 600 —	. . . . .	105 —
— — — 600 — — 700 —	. . . . .	120 —
— — — 700 — — 800 —	. . . . .	135 —
— — — 800 — — 900 —	. . . . .	150 —
— — — 900 — — 1000 —	. . . . .	165 —

Póstávisunarburðargjaldið skiftist jafnt milli beggja landanna, á þann hátt er póststjórnirnar verða ásáttar um.

5. gr.

## Póstkröfur á brjefasendingum.

Hæsta póstkröfuupphæð, sem lögð verður á ábyrgðarbrjef og brjef með tilgreindu verði milli Íslands og Danmerkur, er ákveðin 1000 kr.

Innheimtugjaldið er 10 aurar.

Nr 85

28. okt.

28. nóv.

6. gr.

## Póstinnheimtur.

Hæsta upphæð í póstinnheimtuviðskiftunum milli Íslands og Danmerkur, er 1000 kr.

Innheimtugjaldið er 10 aurar.

## III. Millirikja póstbögglaendingar.

7. gr.

## Þyngdartakmörk böggla o. fl.

Bögglar milli pósthúsanna á viðkomustöðum póstskipanna á Íslandi mega vega alt að 5 kg., en bögglar þeir, sem ætlast er til að sendir verði áfram með íslenskum landpóstum mega aðeins vega 2,5 kg. Þeir mega ekki vera yfir 46 cm. á lengd og ekki yfir 23 cm. á hæð eða breidd.

Myntsendingar mega þó vega alt að 8 kg.

8. gr.

## Burðargjald undir böggla.

1. Burðargjald undir einstaka böggla milli landanna er svo sem hjer segir:

Undir böggla, er eigi vega meira en 1 kg. . . . .	100 aurar
— — - vega yfir 1 kg., en ekki yfir 3 kg. . . . .	150 —
— — - — — 3 — . — — 5 — . . . . .	180 —

Undir rúmfreka böggla skal greiða 50% meira,

Um það hvað sje rúmfrekir bögglar, gilda innanrikisákvæði afgreiðslu-landsins.

Undir myntsendingar, er vega yfir 5 kg., er burðargjaldið svo sem hjer segir:

Undir böggla, er vega yfir 5 kg., en ekki yfir 6 kg. . . . .	250 aurar
— — - — — 6 — — — — 7 — . . . . .	300 —
— — - — — 7 — — — — 8 — . . . . .	350 —

Undir böggla, er sendast eiga annað en á viðkomustaði póstskipanna, hefir póststjórnin íslenska rjett til að heimta af viðtakendum sjerstakt gjald, hið svo nefnda landburðargjald.



- Nr. 85 2. Burðargjald undir böggla skal að öðru leyti ætíð greiðast fyrirfram, um leið  
28. okt. og sendingar eru látnar í póst.  
28. nóv. 3. Burðargjaldið skiftist þannig:

	Ísland		Danmörk		Það landið, er annast sjóflutninginn	
	Alm.	Rúmf	Alm.	Rúmf	Almennir	Rúmfrekir
	Aur.	Aur.	Aur.	Aur.	Aur.	Aur.
1 kg.	50	75	20	30	30	45
1—3 —	54	81	24	36	72	108
3—5 —	56	84	26	39	98	147
5—6 —	65	—	35	—	150	—
6—7 —	75	—	45	—	180	—
7—8 —	85	—	55	—	210	—

4. Sje verð tilgreint, greiðist, er sendingin er látin í póst, auk ofangreinds burðargjalds, sama ábyrgðargjald sem undir brjef með tilgreindu verði.  
Ábyrgðargjaldið fyrir verðböggla skiftist á sama hátt sem ábyrgðargjald fyrir verðbrjef.

## 9. gr.

## Póstkröfur á bögglum.

Milli Íslands og Danmerkur má leggja á böggla póstkröfuupphæð, er nemur alt að 1000 kr.

Póstkröfugjaldið er sem hjer segir:

Fyrir upphæð alt að 15 kr . . . . .	15 aurar
— — yfir 15 kr. að 25 kr. . . . .	25 —
— — — 25 — — 100 — . . . . .	40 —
— — — 100 — — 200 — . . . . .	55 —
— — — 200 — — 300 — . . . . .	70 —
— — — 300 — — 400 — . . . . .	85 —
— — — 400 — — 500 — . . . . .	100 —
— — — 500 — — 600 — . . . . .	115 —
— — — 600 — — 700 — . . . . .	130 —
— — — 700 — — 800 — . . . . .	145 —
— — — 800 — — 900 — . . . . .	160 —
— — — 900 — — 1000 — . . . . .	175 —

Póstkröfugjaldið skiftist jafnt milli beggja landanna á sama hátt sem burðargjald fyrir póstávisanir.

## 10. gr.

## Reikningsskil.

Reikningsskil milli landanna, um innieign þeirra hvors hjá öðru, fara fram á þann hátt, er póststjórnirnar verða ásáttar um.

## 11. gr.

## Ábyrgð.

1. Auk skaðabóta þeirra eftir venjulegum alþjóðareglum, sem greiddar eru fyrir glataða ábyrgðarbrjefssendingu, hefir sendandi ábyrgðarbrjefssendingar, sem hefir verið innsigliuð samkvæmt gildandi fyrirmælum um verðbrjef, enn fremur rjett til, þegar innihald sendingarinnar er horfið að nokkru eða öllu leyti eða hefir orðið fyrir skemdum á annan hátt, meðan það var í vörslum póststjórnarinnar, að fá greiddar skaðabætur, er samsvari tjóni því, er hlotist hefir af áverkanum eða skemdunum, nema því að eins, að yfirsjón eða skeytingarleysi sendanda sje um að kenna, eða ásigkomulagi sendingarinnar.

Skaðabæturnar mega þó aldrei nema meiru en 36 kr.

2. Skaðabætur fyrir milliríkjaböggul án tilgreinds verðs, sem hefir glatast, innihaldið horfið úr að nokkru eða öllu leyti eða á annan hátt orðið fyrir skemdum, ákveðast eftir sanngildi áverkans eða skemdanna, að svo miklu leyti sem þær hafa ekki orsakast vegna yfirsjóna eða skeytingarleysis sendanda, eða eru afleiðingar af ásigkomulagi sendingarinnar.

Skaðabætur fyrir böggul geta þó eigi numið meiru en 20 krónum.

Fyrir glataða böggla og böggla með eyðilögðu innihaldi að nokkru eða öllu leyti, greiðist jafnframt — ef skaðabæturnar eru greiddar sendanda — burðargjald það eftir þyngd böggla, er greitt hefir verið undir þá fyrirfram.

3. Þó að ábyrgðarbrjef glatist eða verðbrjef eða böggull glatist eða skemmist vegna atvika, er stafa af ofurefni (vis major), þá losar það ekki póststjórnirnar við skaðabótaskyldu, að því er snertir milliríkjasendingar í beinu sambandi.

## 12. gr.

## Afgreiðslu-reglugjörð.

Póststjórnir beggja landanna hafa heimild til, í sjerstakri afgreiðslu-reglugjörð eða með skriflegu samkomulagi, að setja nánari ákvarðanir, er nauðsynlegar kynni að þykja til framkvæmdar samningi þessum og til að greiða fyrir póstviðskiftunum

Nr. 85

28. okt.

28. nóv.

13. gr.

Hvernig nota skuli alþjóða-ákvæðin.

Beri svo við um einhver atriði, að engin ákvæði um þau sjeu fyrir hendi, hvorki hjer að framan, nje í afgreiðslu-reglugjörð þeirri, sem 12. gr. ræðir um, eða að um þau hafi orðið samkomulag með brjefaskriftum, skal farið eftir alþjóðapóstsamningunum og afgreiðslureglugjörðunum, er þeim fylgja.

14. gr.

Gildi samningsins.

Samningur þessi öðlast gildi hinn 1. janúar 1920; samtímis eru afnumin núgildandi ákvæði.

Samningur þessi gildir um óákveðinn tíma. Hvor samningsaðili getur sagt honum upp fyrir sitt leyti með árs fyrirvara.

Saminn í tveim eintökum og undirskrifaður

í Reykjavík, hinn 28. nóv. 1919, og í Kaupmannahöfn, hinn 28. okt. 1919.

**S. Briem.**

(L. S.)

**Kiörboe.**

(L. S.)

# Afgreiðslu-reglugjörð.

Nr. 85  
28. okt.  
28. nóv.

við

samninginn um póstsambandið milli Íslands og Danmerkur.

Póststjórnirnar á Íslandi og í Danmörku eru orðnar ásattar um, að við póstflutningana milli Íslands og Danmerkur skuli gilda eftirfarandi sjerstök reglugjörðar-ákvæði.

## § 1.

Sjerstök fyrirmæli um nokkrar tegundir  
brjefapóstsendinga.

1. Sem umslag utan um brjef, sem hvorki er mælt með nje ábyrgð keypt á, má nota svo nefnd glugga-umslög, í samræmi við innanrikis ákvæði afgreiðslulandsins.
2. Utanáskrift á spjaldbrjefi má setja á pappírsræmu, sem límd er neðst á lengri hlið þess og fellur upp að henni, með því skilyrði, að breidd ræmunnar nemi eigi meiru en helming af breidd spjaldsins.
3. Svo nefnd góðgerðarmerki má láta á allar tegundir póstsendinga, nema ábyrgðarsendingar og sendingar með tilgreindu verði.
4. Krossbandssendingar, er eigi verður komið til skila, sem innihalda óverðunætt prentað mál og bera eigi áteiknun um, að endursendingar sje óskað, verða eigi endursendar til afgreiðslulandsins, heldur eyðilagðar.

Bækur, bæklinga og áskriftarrit skal þó ætíð endursenda.

## § 2.

Brjefa- og verðbrjefaskrár.

Í póstviðskiftunum milli Íslands og Danmerkur skal nota brjefa- og verðbrjefaskrár samkvæmt reglum þeim og fyrirmyndum, sem gefnar eru í alþjóða afgreiðslu-reglugjörðunum. Þó geta póststjórnirnar ráðið því, hvort þær hafa skrárnar á sinni eigin tungu eða frakknesku.

## § 3.

Fyrirspurnargjald.

Gjald undir fyrirspurn um ábyrgðarsendingu, verðbrjef eða böggul er jafnt lægsta brjefburðargjaldi.

Nr. 85  
28. okt.  
28. nóv.

## § 4.

## Hraðboðasendingar.

Hraðboðasendingar eru teknar til flutnings til þeirra pósthúsa í báðum löndunum, sem taka þátt í slíkum viðskiftum innanríkis.

Hraðboðagjaldið er 36 aurar fyrir böggla og 20 aurar fyrir allar aðrar sendingar.

## § 5.

## Afgreiðsla á bögglaþósti

1. Við skrásetning böggla, bæði milliríkja og við einstaka áframsenda böggla, skal nota skrár, er póststjórnirnar koma sjer nánar saman um.  
Skrásetning á áframsendum póstböggjum skal hagað í samræmi við hin almennu alþjóðaákvæði.
2. Landburðargjald það, er íslenska póststjórnin heimtar undir böggla, sem óskað er eftir, að sendir sje með landpóstum á Íslandi, er ákveðið 40 aur. fyrir hvert  $\frac{1}{2}$  kg. eða minna af þyngd böggulsins á tímabilinu frá 15. apríl til 14. október og 40 aur. fyrir hver 125 gr. eða minna frá 15. október til 14 apríl.

## § 6.

## Afhending póstflutningsins.

Afhending verðpóstpoka og bögglaþóstpoka fer fram gegn gildri kvittun frá viðtakanda til þess sem afhendir.

## § 7.

## Innritun á yfirlitsskrár o. fl.

Aðkomnar brjefa- og verðbrjefaskrár skal viðtökupósthúsið, að því er snertir brjef með tilgreindu verði, sem talin eru á skránum, innrita á sjerstaka yfirlitsskrá.

Yfirlitsskrár þær, er pósthúsin á Íslandi gera, ber að senda mánaðarlega ásamt póstsendingaskrám þeim, er þær [snerta, til aðalþóststjórnarinnar í Danmörku, sem annast um, að þær sje innritaðar á samandregna skýrslu. Upphæðir þeirrar skýrslu verða síðan teknar í aðalreikning þann, er § 8 ræðir um.

Á sama hátt skal farið með sjerhverja aðkomna bögglaþóstskrá.

## § 8.

## Reikningsskil.

Aðalreikningarnir milli beggja póststjórnanna skulu gerðir ársfjórðungslega af aðalþóststjórninni í Danmörku og sendir póststjórninni á Íslandi.

Reikningsmunurinn greiðist strax eftir sendingu eða viðtöku reikningsins. Nr. 85  
 Villur, sem fyrir kynni að koma, leiðrjettast í næsta aðalreikningi. 28. okt.  
 28. nóv.

Samin í tveim eintökum og undirskrifuð

í Reykjavík hinn 28. nóv. 1919 og í Kaupmannahöfn hinn 28. okt. 1919.

**S. Briem.**

**Kiðrbøe.**

## Uppprentun

# Leiðrjetting

Í lögum nr. 20, 6. okt. 1918 um dýrtíðar- og gróðaskatt, 1. gr. 2. málsgr.  
 á að standa:

Af tekjum frá 35000 kr. að 40000 kr.  $3\frac{1}{2}\%$  í stað  $3\frac{1}{4}\%$  sem er rangt.

*Ritstjórn Stjórnartíðindanna.*



## Úpprentun

# Leiðrjetting

Í lögum nr. 20, 6. okt. 1918 um dýrtiðar- og gróðaskatt, 1. gr. 2. málsgr.

á að standa:

Af tekjum frá 35000 kr. að 40000 kr.  $3\frac{1}{2}\%$  í stað  $3\frac{1}{4}\%$  sem er rangt.

*Ritstjórn Stjórnartíðindanna.*



